



# ÞINGEYJARSVEIT

## AÐALSKIPULAG 2010-2022



Unnið fyrir Þingeyjarsveit af MANNVITI hf.



**MANNVIT**  
VERKFRÆDISTOFA

- og af HORNSTEINUM ehf.

***hornsteinar***  
arkitektar ehf



## EFNISYFIRLIT

0: FORMÁLI .....	3	3.5 VEGIR, VEITUR, SKOLP OG SORP .....	38
Framsetning aðalskipulagsins		3.5.1 Vegakerfið [38]	
Afgreiðsla aðalskipulagsins		3.5.2 Veitur [40]	
		3.5.3 Skolp og sorp [41]	
1: INNGANGUR .....	5	3.6 ÍBÚAÞRÓUN OG BYGGÐAMÁL .....	42
1.1: Almenn um aðalskipulag (lög og reglugerðir)		3.6.1 Íbúáþróun Þingeyjarsveitar [42]	
1.2: Ferill gerðar aðalskipulags og breytingar á aðalskipulagi		3.6.2 Íbúáþróun almennt [43]	
1.3: Gildandi skipulög í Þingeyjarsveit		3.6.3 Framreikningur [43]	
1.4: Skipulagi frestað			
1.5: Vinna við aðalskipulag Þingeyjarsveitar			
1.6: Samantekt umhverfisskýrslu			
2: VIÐFANGSEFNI OG MEGINMARKMIÐ .....	11	4: AÐALSKIPULAG ÞINGEYJARSVEITAR 2009 - 2021	
2.1: Fólksfækkun í Þingeyjarsveit & meginmarkmið skipulags		4.1 FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ .....	46
2.2: Staða Þingeyjarsýslna og opinber stefna í byggðamálum		4.2 ÞÉTTBYLI .....	50
		4.2.1 Þéttbyli í Aðaldal [50]	
		4.2.2 Þéttbyli við Stórutjarnir [50]	
		4.2.3 Þéttbyli á Laugum [51]	
		4.3 ÍBÚÐARSVÆÐI .....	52
		4.4 SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR .....	53
		4.4.1 Þjónustustofnanir í Þéttbyli [53]	
		4.4.2 Þjónustustofnanir í dreifbyli [53]	
		4.5 VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI .....	55
		4.5.1 Almenn verslun og þjónusta [55]	
		4.5.2 Ferðaþjónusta [55]	
		4.6 SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ .....	57
		4.6.1 Sumarhúsasvæði [57]	
		4.6.2 Önnur svæði fyrir frístundabyggð [59]	
		4.6.3 Flatey á Skjálfanda [60]	
		4.7 IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI .....	61
		4.7.1 Laxárvirkjun og Árteigsvirkjun [61]	
		4.7.2 Þeistareykir og Gjástykki [62]	
		4.7.3 Iðnaðarsvæði fyrir tengivirki [63]	
		4.7.4 Önnur iðnaðar- og athafnasvæði [63]	
		4.8 LANDBÚNAÐARSVÆÐI .....	65
		4.8.1 Afmörkun landbúnaðarsvæðis [65]	
		4.8.2 Starfsemi á landbúnaðarsvæði [65]	
		4.8.3 Skógrækt á landbúnaðarsvæði [66]	
		4.9 ÓÞYGGÐ SVÆÐI .....	67
		4.9.1 Umfang óbyggðs svæðis [67]	
		4.9.2 Landgræðsla [67]	
		4.10 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA .....	68
3: HELSTU FORSENDUR			
3.1 FORSENDUR FRÁ NÁTTÚRUNAR HENDI .....	14		
3.1.1 Landslag og náttúruverðmæti [14]			
3.1.2 Jarðfræði [16]			
3.1.3 Jarðhiti [17]			
3.1.4 Vatnafar [18]			
3.1.5 Gróðurfar [19]			
3.1.6 Jarðvegsrof [21]			
3.1.7 Fugla- og dýralíf [22]			
3.1.8 Veðurfar [22]			
3.1.9 Náttúruvá [23]			
3.2 VERNDARSVÆÐI, FRIDUN O.FL. ....	24		
3.2.1 Náttúruvernd, friðun o.fl. [24]			
3.2.2 Þjóðminjavernd, friðun o.fl. [27]			
3.3 BYGGÐ OG ÞJÓNUSTA .....	31		
3.3.1 Bæir og íbúðir [31]			
3.3.2 Þjónustustofnanir [31]			
3.3.3 Verslun og þjónusta [33]			
3.3.4 Frístundahús [35]			
3.3.5 Sérstök útivistarsvæði [35]			
3.4 IÐNAÐUR O.FL. ....	36		
3.4.1 Vatnsaflsvirkjanir [36]			
3.4.2 Þeistareykir [36]			
3.4.3 Iðnaðar- og athafnastarfsemi [36]			

4.11 EFNISTÖKUSVÆÐI .....	70
4.11.1 Leyfi til efnistöku / umhverfismat [70]	
4.11.2 Efnistökusvæði [70]	
4.12 VEITUR .....	72
4.12.1 Rafveita [72]	
4.12.2 Hitaveita [73]	
4.12.3 Vatnsveita [74]	
4.12.4 Fráveita og förgun sorps [74]	
4.12.5 Fjarskipti [74]	
4.13 SAMGÖNGUR .....	75
4.13.1 Brú yfir Skjálfafljót [75]	
4.13.2 Vaðlaheiðargöng [75]	
4.13.3 Virkjanavegur [76]	
4.13.4 Hálendisvegir [77]	
4.13.5 Göngu- og reiðleiðir [77]	
4.13.6 Flugvöllur [77]	
4.13.7 Flateyjarhöfn [77]	
4.14 ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI .....	78
4.15 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI .....	80
4.16 HVERFISVERNDARSVÆÐI .....	82
4.16.1 Hverfisv. / svæði á náttúruminjaskrá [82]	
4.16.2 Hverfisv. / Þeistareykir o.fl. (náttúra) [84]	
4.16.3 Hverfisv. / Þeistareykir o.fl. (saga) [85]	
4.17 VATNSVERNDARSVÆÐI O.FL. ....	86
4.17.1 Verndarsvæði vegna neysluvatns [86]	
4.17.2 Verndun á vatnsviði Myvatns og Laxár	
4.17.3 Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns	
4.18 SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ .....	89
4.19 SAMENTEKT OG UMHVERFISÁHRIF .....	90
4.19.1 Breytingar á byggðum svæðum [90]	
4.19.2 Breytingar á miðhálandinu [90]	
4.19.3 Breytingar á háhitasvæðum [90]	

---

## 5 : UMHVERFISSKÝRSLA

---

5.1 INNGANGUR .....	92
5.1.1 Umfang áætlunar og líkleg þróun án framfylgdar áætlunar [92]	
5.1.2 Helstu stefnumið [92]	
5.1.3 Tengsl við aðrar áætlanir [92]	
5.1.4 Svæði sem hafa sérstakt Náttúruverndargildi [93]	
5.1.5 Umhverfisverndarmarkmið [93]	
5.1.6 Vinnulag og val á valkostum [94]	
5.2 MAT OG NIÐURSTAÐA .....	95
5.2.1 Flatey [95]	
5.2.2 Landnotkun á landbúnaðarsvæðum [96]	
5.2.3 Náttfaravíkur – Flateyjardalur [97]	

5.2.4 Skjálfafljót [98]
5.2.5 Vaðlaheiðargöng [99]
5.2.6 Nýting jarðhita [100]
5.2.7 Heildaráhrif [101]
5.2.8 Mótvægisáðgerðir [101]
5.2.9 Vöktun [101]

---

## 6 : VIÐAUKAR

---

I MÁLSMEÐFERÐ .....	104
Auglýsing aðalskipulagstillögunnar	
Athugasemdir og afgreiðsla þeirra	
II HEIMILDASKRÁ .....	129
III VIÐAUKI LAGA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	132
IV DRÖG ÚR SVÆÐISSKIPULAGI HÁHITASVÆÐA ....	135
LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ	
V HELSTU GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR .....	137
VI LÓÐIR OG MANNVIRKI (ÚR FASTEIGNASKRÁ) ....	149
VII SKÝRINGARUPPDRÆTTIR ( A3 ) .....	150
mkv. 1 : 500.000	
S-01 Hæðarkort	
S-02 Jarðfræði	
S-03 Náttúruvernd og friðun	
S-04 Vegakerfið	
S-05A Helstu göngu- og reiðleiðir	
mkv. 1 : 250.000	
S-05B Helstu göngu- og reiðleiðir	
S-06 Þéttbýliskjarnar, íbúðarbyggð, verslun og þjónusta	
S-07 Frístundabyggð og opin svæði til sérstakra nota	
S-08 Iðnaðar- og athafnasvæði, vatnsból, efnistökusvæði	
S-09 Veitur, stofnkerfi	
S-10 Þjóðminjavernd, friðun o.fl.	

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 er skipulagsáætlun sem nær til alls svæðis sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit í núverandi formi varð til árið 2008 við sameiningu tveggja sveitarfélaga Þingeyjarsveitar og Aðaldælahrepps. Í apríl 2008 var kosið um sameiningu sveitarfélaganna, var sú sameining samþykkt og 28. júní 2008 var kosið til sveitarstjórnar í nýja sveitarfélaginu, sem nefnist áfram Þingeyjarsveit.

Nýja sveitarfélagið er rúmlega 6.000 km<sup>2</sup> að stærð og íbúafjöldin er 941 (1. des. 2009).

\*\*\*

Tilurð aðalskipulags þessa hefur verið nokkuð hverfult og í rauninni er um að ræða tvö drög að aðalskipulögum – á mismunandi stigum – sem hafa sameinast í eitt:

Haustið 2005 ákvað sveitarstjórn þáverandi Þingeyjarsveitar að gert yrði aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og var Hornsteinar arkitektar ehf. í Reykjavík fengin til verkefnisins sem ráðgjafi. Árið eftir, haustið 2006, ákvað sveitarstjórn Aðaldælahrepps að gert yrði aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og var Tækniþing ehf. verkfræðistofa á Húsavík fengin til þess verks sem ráðgjafi. (Janúar 2008 voru eignaraðstæðum og nafni Tækniþings breytt og fyrirtækið er nú starfsstöð Mannvits hf. á Húsavík, en starfsmenn verkefnisins eru þeir sömu og áður).

Í júlí 2008 var tillaga að aðalskipulagi Aðaldælahrepps það langt komin að hún var kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi, og var hún send Skipulagsstofnun og ýmsum umsagnaradílum til athugunar og umsagnar.

Þar sem vinnu við aðalskipulagið var að mestu lokið áður en sameining sveitarfélaganna Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar öðlaðist gildi, var ákveðið að reyna að klára aðalskipulag Aðaldælahrepps á þeim forsendum sem hefði verið fram að sameiningunni. Skipulagstillagan gildi því ekki fyrir alla Þingeyjarsveit en aðeins það svæði sem nú svarar til gamla sveitarfélagsins Aðaldælahrepps.

Skipulagsstofnun hafnaði hins vegar að gefa umsögn um tillöguna og ákvað með vísun til skipulags- og byggingarlaga að ljúka þurfi gerð aðalskipulagstillögu fyrir allt land sveitarfélagsins, áður en hægt væri að auglýsa eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi fyrir Þingeyjarsveit.

Þá var unnið að heildstæðri tillögu að aðalskipulagi þar sem mörkuð er stefna um allt land sveitarfélagsins, og tóku bæði Mannvit verkfræðistofa og Hornsteinar arkitektar þátt í ljúka verkefninu fyrir sveitarstjórn Þingeyjarsveitar.

\*\*\*

Samsíða úrvinnslu aðalskipulaga þáverandi Þingeyjarsveitar og Aðaldælahrepps var unnið að svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum og sáu Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf, Náttúrustofa Norðausturlands og

VGK-Hönnun um það verkefni fyrir Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.

Megin viðfangsefni svæðisskipulagsins er orkuvinnsla og mannvirki, vegir, línur og aðrar lagnir ásamt verndun vegna náttúrufars og minja á svæði sem tekur m.a. yfir Þeistareyki og Gjástykki í Aðaldælahreppi, en einnig er ákveðið um flutningslínur rafmagns á stærra svæði.

Svæðisskipulagið var samþykkt í samvinnunefnd 08.11.2007 og staðfest af umhverfisráðherra 16.01.2008. Ákvarðanir svæðisskipulagsins eru komnar inn í aðalskipulag Þingeyjarsveitar þar sem við á.

\*\*\*

Meginmarkmið aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022 er að efla og styrkja sveitarfélagið, stöðva núverandi fólksfækkun og snúa þróuninni við – með því að bæta atvinnutækifæri á lögbylum og víðar og að veita svigrúm fyrir atvinnusköpun svo sem nýtingu háhita og orkuvinnslu – án þess að núverandi kostir sveitarfélagsins raskist.

Það er von sveitarstjórnar og skipulagsráðgjafa að aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010 – 2022, sem hér lítur dagsins ljós, muni koma að góðu gagni og styðja framtíðar þróun sveitarfélagsins með jákvæðum og sjálfbærum hætti.

## Framsetning aðalskipulagsins:

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 samanstendur af:

### Greinargerð:

- Kafli 0-3: Meginmarkmið, helstu forsendur o.fl. ( 43 bls )  
Kafli 4: Aðalskipulag Þingeyjarsveitar ( 45 bls )  
Kafli 5: Umhverfismat áætlunar ( 17 bls )  
Kafli 6: Viðaukar ( 23+ bls )

### Skipulagsuppdrættir:

- Sveitarfélagsuppdráttur / norður 1 : 100.000 ( A0 )  
Sveitarfélagsuppdráttur / suður 1 : 100.000 ( A0 )

- Þéttbýlisuppdrættir / Laugar / Stórutjarnir / lögurði o.fl.  
Framsettir á einu blaði 1 : 5.000 ( A1 )

### Skýringaruppdrættir:

- S-01: Hæðarkort 1 : 500.000 ( A3 )  
S-02: Jarðfræði 1 : 500.000 ( A3 )  
S-03: Náttúruvernd og friðun 1 : 500.000 ( A3 )  
S-04: Vegakerfi 1 : 500.000 ( A3 )  
S-05A Helstu göngu- og reiðleiðir 1 : 500.000 ( A3 )  
S-05B Helstu göngu- og reiðleiðir 1 : 250.000 ( A3 )  
S-06 Þéttbýliskjarnar, íbúðarbyggð,  
þjónustustofnanir, verslun o.fl. 1 : 250.000 ( A3 )  
S-07 Frístundabyggð / opin svæði  
til sérstakra nota 1 : 250.000 ( A3 )  
S-08: Iðnaðar- og athafnasvæði,  
vatnsból og efnistökusvæði 1 : 250.000 ( A3 )  
S-09: Veitur, stofnkerfi 1 : 250.000 ( A3 )  
S-10: Þjóðminjavernd, friðun o.fl. 1 : 250.000 ( A3 )

Ath: Skýringaruppdrættir eru ekki til staðfestingar.  
Sé ósamræmi milli skýringar- og skipulagsuppdráttar gilda skipulagsuppdrættir.

\*\*\*

Kortagrunnur skipulagsuppdráttar o.fl. er starfrænt kort "IS 50 V" frá Landmælingum Íslands. (Hreppamörk, vegir, vötn og lækir, rafínur, bæir o.fl. örnefni, 20 m hæðarlínur).  
Línusvæði, virkjanavegur og efnistökusvæði á Þeistareykjum o.fl. er teiknað eftir kortum frá Landsneti og Þeistareykjum hf.  
Landgræðslugirðingar eru staðsettar eftir upplýsingum frá Landgræðslu ríkisins.

\*\*\*

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðalinn EC-8 (ENV 1998) „Design provisions for earthquake resistance of structures“ ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1:1994 eru Laugar í Reykjadal á hönnunarhröðunarsvæði 0,20 g.

## Afgreiðsla aðalskipulagsins:

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, sem auglýst hefur verið samkvæmt 18.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/ 1997, var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

Pann

24. febrúar 2011  
Sveitarstjórn  
Þingeyjarsveit

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun samkvæmt 19.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 / 1997 til staðfestingar umhverfisráðherra

Pann

3. mars 2011  
Sveitarstjórn  
Þingeyjarsveit

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra

Pann

20. júní 2011 F.h.v.  
Sveitarstjórn  
Þingeyjarsveit

## 1.1 Almennt um aðalskipulag (lög og reglugerðir)

### Aðalskipulag:

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sem tóku gildi 1. janúar 1998, eiga öll sveitarfélög að gera *aðalskipulag* fyrir 1. janúar 2008. (62. gr.)

Um gerð aðalskipulags segja lög m.a. (úr 16. gr.):  
 "Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um *allt land* innan marka sveitarfélags".

"Í aðalskipulagi er sett fram *stefna sveitarstjórnar* um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst *12 ára tímabili*. Við gerð þess skal byggt á markmiðum laga þessara og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu." ...

"Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að *endurskoða* aðalskipulagið."

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er sett reglugerð (skipulagsreglugerð nr. 400 / 29.júní 1998), sem fjallar nákvæmar um gerð aðalskipulags.

### Mat á umhverfisáhrifum:

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana, nr. 105/2006, skal við gerð aðalskipulags vinna umhverfisskýrslu þar sem gerð er grein fyrir mati á áhrifum skipulagsáætlunar á umhverfið.

Umhverfisskýrslu skal kynna með tillögu að aðalskipulagi og skulu þær á auglýsingartíma aðalskipulagstillögunar (sjá kafa 1.2 hér á eftir) vera aðgengilegar á netinu og hjá skipulagsstofnun.

Auk þess eru sérstakar framkvæmdir matsskyldar eða tilkynningaskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000:

Í 1. viðauka laga eru skilgreindar "framkvæmdir sem *ávallt* eru háðar mati á umhverfisáhrifum".

Í 2. viðauka laga eru skilgreindar "framkvæmdir sem *kunna að hafa* í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum". Framkvæmdir í 2. viðauka eru *tilkynningaskyldar*, þ.e.a.s. að framkvæmdaraðila ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um *matsskyldu*.

Ofangreindir viðaukar laga fylgja greinargerð þessari sem viðauki III.

## 1.2 Ferill gerðar og breytingar aðalskipulags

Um feril gerðar aðalskipulags segir skipulagsreglugerðin m.a. (ágrip úr 6. gr.):

Um kynningu skipulagstillagna (úr gr. 6.1.2):

"Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal sveitarstjórn *kynna* skipulagstillöguna á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt." ...

"Einnig skal sveitarstjórn senda skipulagstillöguna sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga til kynningar."

Um auglýsingu skipulagstillagna (úr gr. 6.2.2):

"Að lokinni fyrri umræðu sveitarstjórnar um skipulagstillöguna skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun tillöguna *til athugunar*. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal sveitarstjórn auglýsa tillöguna óbreytta." ...

"Sveitarstjórn skal *auglýsa* tillögu sína að aðalskipulagi í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélagi og skal skipulagstillagan höfð þar *til sýnis* ásamt fylgigögnum í a.m.k. fjórar vikur." ...

"Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera *athugasemdir* við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmir en sex vikur frá birtingu auglýsingar." ...

Um afgreiðslu skipulagstillagna (úr gr. 6.3.2):

"Að liðnum fresti til að skila athugasemdum skal sveitarstjórn fjalla um skipulagstillöguna á nýjan leik. ... Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á skipulagstillögunni." ...

"Ákveði sveitarstjórn við síðari umræðu tillögu að aðalskipulagi að breyta henni í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik samkvæmt gr. 6.2.2."

"Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun það til afgreiðslu ... innan átta vikna frá því frestur til að gera athugasemdir samkvæmt gr. 6.2.2 rann út." ...

"Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að samþykkt aðalskipulag barst henni, gera tillögu til ráðherra um staðfestingu þess, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta." ...

Um gildistöku skipulagsáætlana (úr gr. 6.4):

"... aðalskipulag er samþykkt af sveitarstjórnnum og staðfest af umhverfisráðherra og er bindandi fyrir stjórnvöld og borgara. ... aðalskipulag tekur gildi þegar umhverfisráðherra hefur birt staðfestingu þess í B-deild Stjórnartíðinda." ...

\*\*\*

Eftir gildistöku aðalskipulags gæti auðvitað myndast þörf á breytingu skipulagsins vegna nýrra áætlana og framkvæmda, sem voru ekki fyrir hendi þegar aðalskipulagið var unnið. Ferill hennar er mjög mismunandi eftir því, hvort er um *verulegar* eða *óverulegar* breytingar að ræða: Um ferill breytingar á aðalskipulagi segir skipulagsreglugerðin m.a:

Um *verulegar breytingar* á aðalskipulagi (úr gr. 7.1):

“ Um verulegar breytingar á aðalskipulagi fer samkvæmt gr. 6.2, 6.3 og 6.4 ” (þ.e. sami ferill eins og um nýtt aðalskipulag væri að ræða).

Um *óverulegar breytingar* á aðalskipulagi (úr gr. 7.2.2):

“ Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar samkvæmt 6. kafla og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar.

Tillögunni skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni, innan viku frá því að tillagan barst henni. Fallist ráðherra á tillögunu skal sveitarstjórn auglýsa hana með áberandi hætti. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja vikna frá auglýsingu skoðast tillagan samþykkt. Komi fram athugasemdir við auglýsta tillögu skal fara fram ein umræða um þær í sveitarstjórn. Afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda ráðherra til staðfestingar. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. ”

---

### 1.3 Gildandi skipulög í Þingeyjarsveit

---

Ekki hefur áður verið gert aðalskipulag sem nær yfir allt svæði Þingeyjarsveitar, en til eru ýmis skipulög sem ná yfir deilissvæði, aðallega þéttbýli og sumarhúsasvæði, og einnig svæðisskipulög sem taka yfir stærra svæði en eitt sveitarfélag. Hér að neðan er gerð grein fyrir því hvaða skipulög eru nú í gildi í Þingeyjarsveit:

#### > Svæðisskipulag Miðhálandis:

Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015 var staðfest árið 1999. Skipulagið er unnið af Landmótun ehf. fyrir Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandis Íslands. Í nefndinni átti sæti einn fulltrúi frá hverri héraðsnefnd sem liggur að Miðhálandinu (12 að tölu) auk formanns nefndarinnar sem var skipaður af umhverfisráðherra. Fulltrúi Héraðsnefndar Suður-Þingeyjarsýslu var Stefán Skaptason Straumnesi í Aðaldal.

Í greinargerð skipulagsins segir m.a. frá sjónarmiði og aðalmarkmiði skipulagsins (kafla 1, bls. 13 fl.):

„ Náttúruvernd og nýting auðlinda þurfa ekki að vera ósættanlegar andstæður frekar en fögur náttúruumgjörð þurfi að þýða að þar megi ekkert byggja og engu raska. Aðalatriðið er að nýting sé á þann veg að ákvarðanir séu teknar að vel athuguðu máli, jafnvægi haldist og manngert umhverfi styrki frekar náttúrulegt umhverfi en eyðileggi það. Aðalmarkmið svæðisskipulags Miðhálandis Íslands er að tryggja skynsamlega nýtingu auðlinda og allra þeirra landkosta sem Miðhá-

landið býr yfir með hliðsjón af almannahagsmunum þjóðarinnar og að teknu tilliti til verndarsjónarmiða. ”

Í Svæðisskipulagi Miðhálandis er í hverri sýslu fyrir sig fjallað um eftirfarandi þætti: Verndarsvæði, hefðbundnar nytjar og landgræðsla, orkuvinnsla, samgöngur, ferðamál og byggingarmál.

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar er í samræmi við svæðisskipulag Miðhálandis, og í aðalskipulagi er eftir þörfum annaðhvort vitnað beint í svæðisskipulagið eða vísað til þess.

Aðalskipulagið gerir þó ekki ráð fyrir virkjun Skjalfandaffjöts við Hrafnabjörg, þó að svæðisskipulagið fjalli um orkuvinnslusvæði (virkjun og miðlunarlón) og hefur skilgreint landnotkunarsvæði samkvæmt því. Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar verður það svæði merkt „skipulagi frestað“.

#### > Svæðisskipulag háhitasvæða:

Samhliða vinnu að aðalskipulagi fyrrum Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar var unnið að svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 og sáu Teiknistofa arkitekta, Gyflí Guðjónsson og félagar ehf, Náttúrustofa Norðausturlands og VGK-Hönnun um það verkefni fyrir Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Samvinnunefndin samþykkti tillögu að svæðisskipulagi þann 8. nóv. 2007 og var svæðisskipulagið staðfest af umhverfisráðherra þann 16. janúar 2008.

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar er í samræmi við svæðisskipulag Háhitasvæða með þeim hætti, að í aðalskipulagi er vitnað beint til ákvarðana svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 hvað varðar iðnaðarsvæði / orkuvinnslusvæði, háspennulínur, vegi, verndarsvæði o.fl. í austurhluta sveitarfélagsins, og eru þær ákvarðanir einnig hluti aðalskipulagsins.

( Almennt á aðalskipulag að kveða nánar á um en gert er á svæðisskipulagsstigi, en þó að unnið hafi verið að mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda eftir staðfestingu svæðisskipulagsins hafa skipulagsforsendur á aðalskipulagsstigi varðandi orkunýtingu, afmörkun orkuvinnslusvæðis o.fl. ekki breyst miðað við forsendur svæðisskipulagsins. Kveðið verður nánar á í deiliskipulagi. – sjá kafla 4.7.2, neðanmálsgr.)

#### > Aðalskipulag Húsavíkurbæjar 2005-2025:

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 eru sveitarfélagsmörkin sýnd eins og þau eru samkvæmt álitum sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar.

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar og aðalskipulag Húsavíkurbæjar 2005-2025, sem staðfest var af umhverfisráðherra í desember 2006, skarast á tveimur svæðum: Annað er upb. 2,8 km<sup>2</sup> stórt svæði sem tekur yfir hluta af Húsavíkurflugvelli í Aðaldal og sumarbústaðabyggðina Laxárlund, hitt er upb 2,9 km<sup>2</sup> stórt svæði við Jónsnipu á Reykjaheiði.

Deila er milli sveitarfélaganna um það hvort svæðin tilheyra Þingeyjarsveit eða Norðurþingi og er nú annað málið til meðferðar hjá dómstólum. Vegna ágreinings um lögsögu á áður nefndum svæðum eru þau merkt inn á sveitarfélagsupprátt “sveitarfélagsmörk óviss”.


Svæðið við Húsavíkurflugvöll í Aðaldal er í aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025 (nú Norðurþingi) sýnt sem hluti af Húsavíkurbæ – í samræmi við sveitarfélagsmörkin eins og

þau koma fram á stafrænu korti IS 50 V frá Landmælingum Íslands og í samræmi við fasteignamat Ríkisins.

Þegar aðalskipulagstillagan var kynnt nágrannasveitarfélögum gerði Aðaldælahreppur athugasemdir við skipulagið og sagði í bréfi dags 09.03.2006: "Skipulagsuppráttur sýnir mörk skipulagssvæðisins og fylgja þau landamerkjum Laxamýrar þar sem þau liggja að sunnan í Aðaldalshrauni og á Hvammsheiði. Þar telur sveitarstjórn Aðaldælahrepps þessa línu ekki vera hreppamörkum. Hreppamörk eru glögg á upprætti af Íslandi, blaði nr. 72, sem unnið var 1931, útgefið af Landmælingum Íslands 1984." \*)

Bæjarstjórn Húsavíkurbæjar ákvað við afgreiðslu aðalskipulagsins að taka ekki tillit til athugasemda Aðaldælahrepps, m.a. af því að aðalskipulagstillagan staðfesti einfaldlega núverandi landnotkun á svæðinu og gerði ekki ráð fyrir neinum breytingum á því.

Mörk aðalskipulags Húsavíkurbæjar eru sýnd með skyggingu inni á svæði Þingeyjarsveitar, sjá myndina hér að neðan.



Umdeilt svæði við Húsavíkurlugvelli í Aðaldal  
mkv. 1 : 50.000

\*) Málið snýst um það að árið 1889 breytti eigandi jarðarinnar Laxamýrar merkjum milli jarðanna Laxamýrar, Núpa og Myrasels, og var breytingum þessum þinglýst árið 1890 (eigandi Laxamýrar var þá eigandi allra þessara jarða). Síðan hafa ýmsir opinberir aðilar litið á ný þinglýst löðarmörk sem hreppamörk, þ.a.m. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (á gróður- og jarðakorti), Fasteignamat ríkisins (sumarbústaðir og flugvöllur, sem er í landi Laxamýrar en sunnan upphaflega hreppsmarka eru skráðir í Reykjahreppi / nú Norðurþingi), Landmælingar Íslands (á nýjustu starfrænu korti IS V 50 fylgja hreppamörk landamerkjum – á prentuðu korti útgefnu 1990 eru hins vegar sýnd upphafleg hreppamörk óháð landamerkjabreytingum).

Hreppsnefnd Aðaldælahrepps sendi 19. Sept. 1986 bréf til félagsmálaráðuneytisins þar sem óskað var úrskurðar eða álitssgerðar ráðuneytisins varðandi hreppamörk milli Aðaldælahrepps og Reykjahrepps (nú Norðurþings). Hreppsnefnd Aðaldælahrepps

kveðst gera þá kröfu, að land það sem árið 1889 tilheyrði Núpum verði staðfest sem hluti af Aðaldælahreppi (og skráð sem slíkt í fasteignaskrá).

Í svörum félagsmálaráðuneytisins kemur fram að, að dómi ráðuneytisins eru stjórnsýsluleg mörk hreppana tveggja þau sömu og þau voru áður en landamerkjum var breytt (enda hefur þinglýsing landamerkja engin áhrif á mörk hreppa), en ráðuneytið bendir á að það hefur ekki vald til þess að úrskurða um það þegar tveir hreppir deila um mörk sín. Ágreiningsefnið virðist eiga undir úrskurðarvald dómstóla.

Ágreiningsefnið er nú til meðferðar hjá dómstólum.

Svæðið við Jónsnípu á Reykjaheiði: Deilt er um hvort 2,88 km<sup>2</sup> svæði á Jónsnípu tilheyrir Norðurþingi eða Þingeyjarsveit. Þingeyjarsveit telur að landamerki á svæðinu eigi að taka mið af gamalli landamerkjavörðu á Jónsnípu og það marki jafnframt sveitarfélagsmörk.

#### > Deiliskipulög:

Eftirfarandi deiliskipulög eru í gildi í Þingeyjarsveit.

(Skipulög hjá Skipulagsstofnun sem telja má til deiliskipulaga):

Arnstapi	(2007)
Árbót	(1992)
Einbúi	(1990)
Hróarsstaðir	(1996 / 2007)
Jóðisarsstaðir	(1987 / 1994)
Knútsstaðir	(1997)
Laugaskóli	(2001)
Lundur / Lundsskógur	(1998 / 2007 / 2008 / 2009)
Melgata við Stórutjarnir	(2004)
Nípa við Árteig, virkjun	(2009)
Reykir / Reykir 2	(1988 / 1994)
Staðarhóll	(1997)
Vaglaskógur	(1998 / 1999)
Vagllir	(1998)
Þéttbýlissvæði á Laugum	(2003)
Þéttbýliskjarni í Aðaldal	(1991 / 1996)

---

#### 1.4 Skipulagi frestað

---

Þar sem ágreiningur er um sveitarfélagamörk er skipulagi frestað, sbr. svæðin við Húsavíkurlugvöll og Jónsnípu hér að framan.

Þá er skipulagi frestað á svæði sem samkvæmt Svæðis- skipulagi Miðhálandis er gert ráð fyrir virkjun, þ.e. Hrafna- bjargarvirkjun en það er vilji sveitarfélagsins að því skipulagi verði breytt og ekki gert ráð fyrir virkjun.

---

## 1.5 Vinna við aðalskipulag Þingeyjarsveitar

---

Eins og sagt er frá í formáli (bls.3) er aðalskipulag þetta unnið sem samræming tveggja aðalskipulagsdraga sem unnin hafa verið af tveim aðilum áður en sveitarfélögin Aðaldælahreppur og Þingeyjarsveit sameinuðust árið 2008.

Hér að neðan er fyrst gerð grein fyrir vinnu að aðalskipulögum Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar fyrir sameiningu, og því næst fyrir ferli skipulagsvinnu fyrir nýja sveitarfélagið Þingeyjarsveit eftir sameiningu.

### > Þingeyjarsveit (gamla):

Vinna við gerð aðalskipulags Þingeyjarsveitar hófst árið 2006. Samningur við Hornsteina Arkitektar ehf. í Reykjavík um að vinna að verkinu fyrir Þingeyjarsveit þáverandi var undirritaður des. 2006, en vinna við gagnaöflun o.fl. hafi þó hafist fyrr.

Við gerð tillögu að aðalskipulagi hafa unnið starfsmenn Hornsteina Arkitekta. Sigríður Brynjólfssdóttir, landslagsarkitekt FÍLA hefur séð um alla kortagerð, en yfirumsjón verið í höndum Ragnhildar Skarphéðinsdóttur, landslagsarkitekt MLI FÍLA. Ásvaldur Þormóðsson var umsjónarmaður verksins fyrir hönd Þingeyjarsveitar og tengiliður við stjórnkerfi hreppsins.

Haustið 2005 var unnið að gerð verkáætlunar, uppsetning kortagrunnis, öflun grunnupplýsinga o.fl., og janúar 2006 var verk og tímaáætlun kynnt.

Gagnaöflun fór af stað í byrjun árs 2006 með tilkynningu til eftirfarandi stofnana: Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, Biskupsstofu, Umhverfisráðuneytis, Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar, Náttúruvísindastofnunar við Mývatn, Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík, Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Orkustofnunar, Rafmagnsveitna ríkisins, Byggingastofnunar, Landbúnaðarráðuneytis, Embættis veiðimálastjóra, Veiðimálastofnunar, Skógræktar ríkisins, Skógræktar ríkisins á Norðurlandi, Landgræðslu ríkisins, Hagþjónustu landbúnaðarins, Menntamálaráðuneytis, Fornleifaverndar ríkisins, Húsaríðunarnefndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands, Örnefnastofnunar Íslands, Samgönguráðuneytis, Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar Íslands, Flugmálastjórnar Íslands, Ferðamálaráðs Íslands í Reykjavík, Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri, Forsætisráðuneytis og Hagstofu Íslands. Tilkynning var einnig send til aðliggjandi sveitarfélaga: Skútustaðahrepps, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtu-bakkahrepps, Aðaldælahrepps, Skaftárhrepps og Ásahrepps.

Október 2006 lágu fyrir fyrstu drög að aðalskipulagi. Unnið var frekar í „Drög að framtíðarsýn og meginmarkmið“ og voru þau samþykkt í sveitarstjórn í ágúst 2007. Valdir kaflar úr fyrstu drögum voru sendir til yfirlestrar til ýmissa stofnana og til sérfræðinga

Janúar 2008 lágu fyrir önnur drög að aðalskipulagi og drög að sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1 : 100.000 og 30. maí 2008 var samþykkt skjal með stefnumörkun fyrir sveitarfélagið.

### > Aðaldælahreppur (gamli):

Vinna við gerð aðalskipulags Aðaldælahrepps hófst í október 2006 þegar gerður var samningur við verkfræðistofuna Tækniþing ehf. á Húsavík um að vinna að verkinu fyrir Aðaldælahrepp.

Við gerð tillögu að aðalskipulagi hafa unnið starfsmenn Tækniþings / Mannvits en yfirumsjón verið í höndum Per Langsöe Christensen, arkitekts FAI. Ólína Arnkelsdóttir, oddviti, var umsjónarmaður verksins fyrir hönd Aðaldælahrepps og tengiliður við stjórnkerfi hreppsins.

Við vinnu skipulagsins var leitast við að miðla upplýsingum og kynna starfið sem best fyrir íbúum sveitarfélagsins og láta ferlið fylgja leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.

Leitað var til ábúenda lögbyla o.fl. og til ýmissa fagaðila til að kanna hugmyndir og áform þeirra um framtíðar landnotkun í sveitarfélaginu og hófð var náin samvinna við sveitarstjórn með reglulegum samráðsfundum.

Desember 2006 lá fyrir fyrsta skýrsla í undirbúningsvinnu við gerð aðalskipulagsins, “Helstu forsendur og drög að meginmarkmiðum (umræðuefni til bráðabirgða)” og var hún afhent sveitarstjórn.

Á næstum mánuðum var unnið frekar við gagnasöfnun og grunnkort fyrir skipulagsuppdrætti o.fl. og skýrslan endurskoðuð. Í maí 2007 var hún afhent sveitarstjórn, ásamt spurningum sem mikilvægt var að taka afstöðu til.

September 2007 var sent bréf til allra ábúenda lögbyla í Aðaldælahreppi þar sem verkefnið var kynnt og landeigendur (ábúendur) hvattir til að gera grein fyrir hugsanlegum áformum sínum hvað varðar landnotkun o.fl. til framtíðar.

Þá var unnið áfram í drögum að aðalskipulagi og helstu atriði úr drögum að svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum tekið inn í aðalskipulagið þar sem við átti.

Apríl 2008 var tillaga að aðalskipulagi (greinargerð drög 03, sveitarfélagsuppdráttur, skýringaruppdrættir) og drög að kynningarefni rætt á fundi með sveitarstjórn og skipulagsráðgjafa. Þá var unnið að breytingum og frekari gagnasöfnun, og 2. júní 2008 var skipulagstillaga (greinargerð drög 04 o.fl.) ásamt tillögu að matslýsingu rædd á fundi með sveitarstjórn og skipulagsráðgjafa.

5. júní 2008 var matslýsing vegna aðalskipulagsins send Skipulagsstofnun og bærust svör hennar þann 24. júní 2008.

26. júní 2008 var skipulagstillaga (greinargerð drög 05 o.fl.) ásamt tillögu að umhverfismati áætlana rædd á fundi með sveitarstjórn og skipulagsráðgjafa.

7. júlí 2008 var í Ydölum haldinn almennur kynningarfundur um tillögu að aðalskipulagi og þar næst, 30. júlí 2008, voru tillögur að aðalskipulagi og matsskýrslu sendar Skipulagsstofnun og lögboðnum umsagnaraðilum til athugunar og umsagnar.

Umsagnir bærust frá sumum aðilum. Skipulagsstofnun hafnaði hins vegar að gefa umsögn um tillöguna og ákvað með vísun til skipulags- og byggingarlaga að ljúka þurfi gerð aðalskipulagstillögu fyrir allt land nýja sveitarfélagsins, áður en hægt

væri að auglýsa eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi fyrir Þingeyjarsveit.

Þetta var tilkynnt sveitarstjórn Aðaldælahrepps með bréfi dagsett 9. (16.) september 2008.

#### > Þingeyjarsveit (nýja sveitarfélagið):

Þá var unnið að heildstæðri tillögu að aðalskipulagi þar sem mörkuð er stefna um allt land sveitarfélagsins, og tóku bæði Mannvit verkfræðistofa og Hornsteinar arkitektar þátt í að ljúka verkefninu fyrir sveitarstjórn Þingeyjarsveitar. Ákveðið var að Mannvit verkfræðistofa í Reykjavík sæi um umhverfismat skipulagsáætlunar.

29. september 2008 var fyrsti fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar með skipulagsráðgjöfum frá Mannviti og Hornsteinum. Farið var yfir stöðu verkefnisins og í grófum dráttum hvernig ætti að ljúka því.

Október og nóvember 2008 var unnið að sófnun grunnupp lýsinga sem þörfuðust til að geta klárað skipulagið.

Einnig var unnið að matslýsingu og fundað með sveitarstjórn og skipulagsnefnd m.a. um þau mál og um samræmingu vinnuáætlunar aðalskipulagsins með áætlunum Þeistareykja, Landsnets o.fl. vegna umhverfismats á háhitanytingu.

2. desember 2008 var fundur sveitarstjórnar, Mannvits og Hornsteina um helstu þætti sem vantaði í skipulagstillögunni, m.a. skipulag á þéttbýlissvæðinu á Laugum. Í desember 2008 var matslýsing send skipulagsstofnun til yfirferðar.

29. janúar 2009 var vinnufundur skipulagsnefndar Þingeyjarsveitar og Mannvits vegna aðalskipulagstillaga og umhverfismats áætlunarinnar.

3. febrúar 2009 var kvöldfundur í Stórutjarnaskóla þar sem verkefnið var kynnt íbúum og kallað var eftir áformum landeigenda um landnýtingu o.fl. til framtíðar.

Febrúar og mars 2009 var áfram unnið að greinargerð, umhverfisskýrslu og uppdráttum. Önnur drög að skipulagstillögu (bráðabirgðaútgáfa) voru rædd á fundi með skipulagsráðgjafa og skipulagsnefnd þann 18. mars 2009 og voru þau lögð fyrir sveitarstjórn 20. mars 2009.

22. mars 2009 var í Ljósveitingabúð haldinn almennur kynningarfundur þar sem tillaga að aðalskipulagi (önnur drög, bráðabirgðaútgáfa) var kynnt íbúum.

Árið 2009 var áfram unnið að greinargerð, umhverfisskýrslu og skipulagsuppdráttum, fundað var 7 sinnum með skipulagsnefnd og skipulagsráðgjöfum, og 22. desember 2009 voru gögnin (greinargerð drög 08 með 11 skýringarkortum ásamt skipulagsuppdráttum) lagt fyrir sveitarstjórn.

28. janúar og 1. og 2. febrúar 2010 voru vinnufundir með sveitarstjórn og Mannvit. Þar var farið var yfir skipulagstillöguna og ýmsum atriðum breytt.

30. mars 2010 var tillaga að aðalskipulagi drög 11, með umhverfisskýrslu, kynnt nágrannasveitarfélögum\* og send lögboðnum umsagnaradilum\*\* og Skipulagsstofnun til athugunar

og umsagnar – og 14. apríl 2010 var haldinn almennur kynningarfundur á Stórutjarnaskóla þar sem tillagan var kynnt íbúum.

\*) *Nágrannasveitarfélög:* Ásahreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Norðurþing, Skaftárhreppur, Skútustaðahreppur og Svalbarðsstrandahreppur.

\*\*) *Umsagnaadilar:* Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit N-E, Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Náttúruverndarnefnd Þingeyinga, Norðurlandsskógur, Umhverfisstofnun, Vegagerðin og Skógrækt ríkisins.

Svör bárust í apríl / maí frá Norðurþingi og frá öllum umsagnaadilum nema Norðurlandsskógi og Umhverfisstofnun (svör Umhverfisstofnunar bárust þó seinna, 22. október 2010).

Umsagnir og athugasemdir gáfu tilefni til nokkurra breytinga og leiðréttinga, og var unnið að þeim breytingum í maí 2010.

1. júní 2010 var farið yfir tillögu að aðalskipulagi í skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar og 3. júní 2010 tók sveitarstjórn tillögu að aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 til formlegrar afgreiðslu. Þá var tillagan send Skipulagsstofnun til athugunar þann 9. júlí 2010.

Umsagnir Skipulagsstofnunar bárust þann 9. ágúst 2010 (dags. 30. júlí 2010) og var skipulagstillagan lagfærð í samræmi við helstu athugasemdir hennar.

28. október 2010 auglýsti sveitarstjórn Þingeyjarsveitar skipulagstillöguna í Lögbirtingablaðinu með áberandi hætti. Frestur til að gera athugasemdir var auglýstur til 9. desember 2010 (sex vikur eftir auglýsingu).

Athugasemdir frá umsagnaadilum og einkaadilum gáfu tilefni til nokkurra breytinga og leiðréttinga, og var unnið að þeim breytingum í desember og janúar.

24. febrúar 2011 tók sveitarstjórn Þingeyjarsveitar ákvörðun um framkomnar athugasemdir og var tillaga að aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 samþykkt í sveitarstjórn.

Þá var samþykkt aðalskipulag sent Skipulagsstofnun 3. mars 2011 til afgreiðslu skv skipulags- og byggingarlaga nr. 73 / 1997.

Gerð er grein fyrir kynningu, auglýsingu, athugasemdum og afgreiðslu þeirra í viðauka I, bls. 104

---

## 1.6 Samantekt umhverfisskýrslu:

---

Umfang aðalskipulagsins miðast við sveitarfélagamörk. Um er að ræða fyrsta aðalskipulagið fyrir allt sveitarfélagið Þingeyjarsveit. Einn helsti vandi sveitarfélagsins er sú fólksfækkun sem hefur átt sér stað undanfarin ár.

Ef áætlunin tekur ekki gildi mun ekki vera til staðar samþykkt stefnumörkun til leiðbeiningar um þróun landnotkunar í sveitarfélaginu. Slíkt gæti leitt til þess að verðmæti sem felast í ræktuðu landi og sérstæðri náttúru gætu ryrnað.

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að stuðla að fjölgun íbúa og fjölga atvinnutækifærum án þess að núverandi gæði sveitarfélagsins raskist.

Vinnulag umhverfismats var nýtt til stefnumótunar um landnotkun á völdum svæðum sem hafa að geyma náttúruauðlindir, sem ekki hefur verið mótuð stefna um með friðlýsingu eða annarri vernd. Byggt á niðurstöðum matsins gerði skipulags- og umhverfisnefnd tillögu að stefnu um landnotkun á svæðunum sem um ræðir: Skjálfafljót, Flatey, Náttfaravíkur- Flateyjardalur, og landbúnaðarsvæði. Einnig er í umhverfisskýrslu fjallað um nýtingu jarðhita, Vaðlaheiðargöng og Norðausturveg.

Við stefnumótun var tekið tillit til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda sem sett eru fram með friðlýsingu, lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999) og náttúruverndaráætlun ásamt því sem litið var til stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi og náttúrminjaskrár. Stefna um varðveislu góðs landbúnaðarlands er jafnframt í samræmi við markmið jarðalaga (nr. 81/2004).

Það er tillaga nefndarinnar að stefnt skuli að því að viðhalda því menningarlandslagi sem ríkir í Flatey með því að viðhalda núverandi mannvirkjum og leiðum um eyjuna. Til að skapa möguleika til aukinnar nýtingar til ferðaþjónustu þarf að vera svigrúm til að bjóða upp á aðstöðu og þjónustu fyrir ferðafólk m.a. snyrtiaðstöðu og veitingasölu.

Það er tillaga nefndarinnar að nýta skuli ræktað land áfram til landbúnaðarframleiðslu. Það samræmist markmiðum jarðalaga og styður við markmið sveitarfélagsins um að landbúnaður verði ein af kjölfestum byggðar í sveitarfélaginu.

Til að fjölbreytt landnotkun á landbúnaðarsvæðum þróist án þess að ganga á gæði landsins eru settar takmarkanir á uppbyggingu annarrar starfssemi og íbúðarhúsa. Jafnframt er lagt til að sett verði skilyrði um að skógræktaráætlanir skuli yfirfarnar og samþykktar af sveitarstjórn.

Það er tillaga nefndarinnar að viðhalda skuli landslagi og náttúruferðum á svæðinu Náttfaravíkur-Flateyjardalur í samræmi við meginmarkmið skipulagsins og stefnu stjórnvalda um náttúruvernd. Til að stuðla að því skal ekki stefnt að gerð nýrra slóða né annarra vegaframkvæmda en að viðhalda núverandi vegi yfir í Flateyjardal sem fjallvegi. Yst í Flateyjardal er tjaldsvæði með snyrtiaðstöðu fyrir ferðafólk og er talið

æskilegt að viðhalda slíkri þjónustu fyrir gesti sem fara um svæðið.

Lagt er til að ekki verði stefnt að virkjun Skjálfafljóts og hugað verði að hverfisvernd við sérstæð svæði þar sem hætta er talin á að verðmæti gætu annars raskast. Það er talið samræmast stefnu skipulagsins og stjórnvalda um að vernda sérstakar náttúru- og menningarminjar. Jafnframt styðji það við uppbyggingu ferðaþjónustu og útivistar sem byggir á upplifun sérstæðrar náttúru og styrki tengingu við Vatnajökulsþjóðgarð. Ekki var talið nauðsynlegt að takmarka landnotkun á öðrum svæðum við fljótið umfram þau ákvæði sem sett eru fram í aðalskipulaginu með hverfisvernd.

Vaðlaheiðargöng eru samgöngubót sem bætir umferðaröryggi vegfarenda, sérstaklega að vetrarlagi, og vegasamband við Akureyri þar sem íbúar sækja ýmsa þjónustu og atvinnu. Auk þess sem stytting vegalengda dregur úr mengun frá umferð.

Stefna um orkuvinnslu á Þeistareykjum og Gjástykki hefur verið samþykkt af sveitarstjórn með svæðisskipulagi háhitasvæða. Búast má við neikvæðum áhrifum á landslag, náttúrfar og upplifun ferðafólks verði af uppbyggingu virkjana og tengdum framkvæmdum.

Við val á efnistökusvæðum vegna nýtingar jarðhita var litið til efnisgæða, flutningsvegalengdar, verndargildis og sýnileika. Sú aðferðafræði samræmist stefnu sveitarfélagsins um að efnisþörf sé fullnægt án þess að spilla umhverfinu að öþörfu.

Með þeirri stefnumörkun sem sett er fram í skipulaginu er vonast til að jákvæðra áhrifa muni gæta á byggðapróun og lífsgæði íbúa. En mörkuð er stefna um landnotkun þar sem tækifæri eru til fjölbreyttra atvinnutækifæra fyrir íbúa sem styrkir byggð í sveitarfélaginu. Auk þess sem lífsgæði batni með öflugri þjónustu sveitarfélagsins og Vaðlaheiðargöngum.

Til að draga úr líkum á neikvæðum áhrifum á auðlindir sveitarfélagsins er mörkuð stefna um heimila uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum, sem er ríkjandi landnotkun í sveitarfélaginu. Einnig eru skilgreind hverfisverndarsvæði við Skjálfafljót, Flatey, á svæðinu Náttfaravíkur-Flateyjardalur og orkuvinnslusvæði á Þeistareykjum og í Gjástykki. Stefnumörkunin samræmist stefnu stjórnvalda og markmiðum skipulagsins um vernd og varðveislu góðs landbúnaðarlands.

Ekki er talin þörf á sérstakri vöktun vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Í 16. gr. skipulags- og byggingarlaga (nr. 73 / 1997) er kveðið á um að þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið.

## 2.1 Fólksfækkun í Þingeyjarsveit og meginmarkmið aðalskipulagsins

Helsti vandi Þingeyjarsveitar er án efa sú fólksfækkun sem átt hefur sér stað á síðustu árum: Á 10-ára tímabilinu 1997-2007 hefur íbúum á svæði núverandi Þingeyjarsveitar fækkað um 192 manns eða um 17% og hlutfall eldri íbúa er nú tiltölulega hátt miðað við landsmeðaltal.

Meginmarkmið aðalskipulags Þingeyjarsveitar verður að leita leiða og skapa aðstæður til að snúa þróuninni við hvað varðar fækkun íbúa og að fjölga atvinnutækifærum án þess að núverandi gæði sveitarfélagsins raskist.

Til að ná þessu markmiði þarf að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

> Að þróa þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, standa vörð um góða grunnþjónustu og bæta hana enn fremur, þannig að svæðin muni áfram laða að sér bæði fyrirtæki og fólk.

> Að styðja þróun í landbúnaði og jafnframt að veita svigrúm fyrir ýmsa aukastarfsemi á landbúnaðarsvæðum og víðar, sem nýttjar auðlindir og kosti svæðisins, t.d. í ferðaþjónustu.

> Að gefa svigrúm fyrir atvinnusköpun með nýtingu háhita og orkuvinnslu á Þeistareykjasvæðinu og víðar, til hagsbóta fyrir íbúa Þingeyjarsveitar og héraðsins alls.

> Að bæta umferðaröryggi og almenningssamgöngur árið um kring og að bæta fjarskiptakerfin þannig að allir íbúar og fyrirtæki geti nýtt sér internet o.fl. með nútímalegum hætti.

> Að varðveita sérstakar náttúru- og menningarminjar og kynna þær til gagns og gleði fyrir heimamenn og ferðamenn. Þess skal gætt að viðhalda landslagsheildum eins og framast er kostur.

> Að halda áfram landgræðslu og skógrækt til að vinna gegn jarðvegsrofi og fegra landið..

## 2.2 Staða Þingeyjarsveitar og opinber stefna í byggðamálum

Ljóst er hins vegar að framtíðarþróun Þingeyjarsveitar er ekki aðeins háð stefnu og skipulagi sveitarfélagsins, heldur að miklu leyti háð almennri þróun í Þingeyjarsýslum og Eyjafirði, ákvörðunum og fjárfestingum atvinnulífsins og síðast en ekki síst er hún háð stefnu ríkisvaldsins í byggðamálum.

Hér á eftir verður sagt örstutt frá mati Byggðarstofnunar á núverandi ástandi í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, og frá stefnu Alþingis í byggðamálum:

### > Ástandið á Norðausturlandi:

Í greinargerð frá Byggðastofnun, "Ástand og horfur í þróun byggðar. Byggðaaætlanir og byggðaaðgerðir" (Fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006-2009) er núverandi stöðu í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum lýst sem hér segir (bls. 33):

#### „Eyjafjörður

Nokkur íbúafjölgun hefur verið síðasta áratuginn á Akureyri, Grenivík, Svalbarðseyri og í Eyjafjarðarsveit. Íbúum hefur hins vegar fækkað í öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð, einkum út með firðinum að vestan. Störfum í iðnaði hefur fækkað, sjávarútvegur eflst en fyrst og fremst hefur störfum fjölgað í þekkingar- og þjónustugreinum. Akureyri hefur eflst sem skólabær á síðasta áratug með skólum á framhalds- og háskólastigi. Í Eyjafirði búa nú u.þ.b. 20 þúsund manns, í fjölmennasta og öflugasta þéttbýlissvæði utan Suðvesturlands og því sem líklegast er, ásamt Mið-Austurlandi, til þess að laða til sín fólk og fyrirtæki utan þess svæðis.

Gerður hefur verið vaxtarsamningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið, vinna er hafin í samræmi við hann og væntingar eru miklar um árangur af því starfi. Sameining sveitarfélaga og bættar samgöngur hafa í för með sér bætt búsetuskilyrði, starfskilyrði fyrirtækja, meiri samkeppnishæfni svæðisins og betri skilyrði til að flytja þangað verkefni frá ríkinu, t.d. tengd sjávarútvegi.

Sóknarfæri eru á flestum sviðum og byggjast á íbúafjölda, þéttbýli og þeirri fjölbreytni sem er að finna á Eyjafjarðarsvæðinu.“

#### „Þingeyjarsýslur

Íbúum hefur fækkað á Húsavík og atvinnulíf átt undir högg að sækja, bæði vegna tæknipróunar í fiskveiðum og –vinnslu og breytinga í vinnslu landbúnaðarafurða. Hins vegar hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu verið í sókn. Nálægð við ríkar orkulindir skapar sóknarfæri til framtíðar, í iðnaði, hátækni- og líftækni. Í þessu ljósi eru rannsóknir á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum mikilvægar.

Í Mývatnssveit hefur staðið umbrotatímabil í atvinnumálum og horfur eru óljósar. Ferðaþjónusta er öflug og þar eru sóknarfæri. Áhersla hefur verið á að lengja ferðamannatímamann, efla afþreyingarkosti, eins og jarðböðin eru gott dæmi um, og að nýta nálægðina við þjóðgarð norðan Vatnajökuls.

Í Norður-Þingeyjarsýslu hefur íbúum fækkað mikið undanfarin ár. Samgöngur eru erfiðar, vegalengdir langar, atvinnulíf er einhæft og tekjur lágar. Á svæðinu eru góð skilyrði til sauðfjárræktar og árstíðabundinnar ferðaþjónustu. Á Þórshöfn er staða útgerðar sterk og hefur leitt til nýsköpunar við veiðar og vinnslu á kúfiski. Samgöngubætur munu stækka atvinnu- og þjónustusvæði þéttbýlisstaðanna.

> Byggðaaætlun:

Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006-2009 sem samþykkt var í Alþingi 3. júní 2006 segir m.a:

“ Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2006–2009. Með byggðaaætluninni verði stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins.

Eftirfarandi meginmarkmið verði lögð til grundvallar:

- a. Að landshlutakjarnar verði eflir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
- b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.
- c. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva á landsbyggðinni.

Á gildistíma byggðaaætlunar skulu stjórnvöld hafa þrjú meginatriði að leiðarljósi:

- a. Að stórefla menntun á landsbyggðinni.
- b. Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.
- c. Að efla Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála.

### 3: HELSTU FORSENDUR

BLS. 14 FORSENDUR FRÁ NÁTTÚRUNNAR HENDI

BLS. 24 VERNDARSVÆÐI, FRIDUN O.FL.

BLS. 31 BYGGÐ OG ÞJÓNUSTA


BLS. 36 IÐNAÐUR O.FL.

BLS. 38 VEGIR, VEITUR, SKÓLP OG SORP

BLS. 42 ÍBÚAÞRÓUN OG BYGGÐAMÁL

## 3.1 FORSENDUR FRÁ NÁTTÚRUNNAR HENDI

### 3.1.1 Landslag og náttúruverðmætti



Aðeins 15 % Þingeyjarsveitar er láglendi < 300 m.y.sjávarmáli

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit í núverandi formi varð til árið 2008 við sameiningu tveggja sveitarfélaga Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar\*). Nýja sveitarfélagið sem nefnist áfram Þingeyjarsveit er rúmlega 6.000 km<sup>2</sup> að stærð og íbúafjöldinn er 941 (1. des. 2009).

\*) Þingeyjarsveit varð upphaflega til árið 2002 við sameiningu Hálsahrepps, Ljósavatnshrepps, Bárðdælahrepps og Reykdælahrepps.

Lengd Þingeyjarsveitar frá norðri til suðurs er tæpir 200 km, frá Flatey í Skjálfanda allt að Grímsvötnum á Vatnajökli, en breidd hennar er í mesta lagi um 60 km, frá Draflastaðafalli í vestri að fjallinu Eilífi í austri.

Aðliggjandi sveitarfélög eru Norðurþing og Skútustaðahreppur í austri en Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandahreppur og Eyjarfjarðarsveit að vestan. Að sunnan nær sveitarfélagið að Ásahreppi og Skaftárhreppi (að hluta til undir jökli).

Aðeins um 15 % sveitarfélagsins er láglendi < 300 m yfir sjávarmáli. Um er að ræða tiltölulega stórt samfelld svæði sem nær yfir m.a. Aðaldal, Reykjadal, Laxárdal og Kinn (milli Langavatnsheiðar / Geitafellsheiðar / Hólaheiðar í austri og Kinnarfjalla / Ljósavatnsfjalls í vestri) ásamt 2–3 km breiðum ræmum inn Bárðardal og Fnjóskadal, út Flateyjardal og í Ljósavatnsskarði. (sjá kort 3.1 A).

Nánast öll byggð í sveitarfélaginu er innan þessara svæða. Flestir bæir eru staðsettir neðan 100 m hæðarlínu yfir sjávarmáli en nokkrir bæir eru milli 100 og 200 m hæðarlína. Aðeins örfáir bæir efst í Reykjadal og Fnjóskadal og rúmur helmingur bæja í Bárðardal eru staðsettir ofan 200 m hæðarlínu.

Austan Aðaldals hækkar landið ört í 300 m.y.s. og nær yfir 500 m hæð austan til í sveitarfélaginu (Lambafjöll / Kistufjall 839 m). Til suðurs hækkar landið í allt að 1500 m (Trölladyngja 1460 m og Tungnafellsjökull 1540 m) og hæsti fjall norður í Viknafjöllum er Kambur (1210 m).


Um 85 % sveitarfélagsins er > 300 m yfir sjávarmáli, og er allt það svæði óbyggt að undanskildum gangnamannakofum og örfáum bæjum innst í Bárðardal.

\*\*\*

Hér á eftir er stutt lýsing á þeim svæðum / dölum í Þingeyjarsveit sem eru í byggð. Að miklu leyti er um að ræða ágríp úr bókinni „Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 2005“ (Búnaðarsamband S-Þ 2006) og er lýsingunni skipt miðað við gömlu sveitarfélögin eins og þau voru fyrir sameiningu 2002:

Aðaldalur [áður Aðaldælahreppur]  
Reykjadalur og Laxárdalur [áður Reykdælahreppur]  
Kinn og Ljósavatnsskarð [áður Ljósavatnshreppur]  
Bárðardalur [áður Bárðdælahreppur]  
Fnjóskadalur [áður Hálsahreppur] \*

\*) Vesturhluti Ljósavatnsskarðs er með Fnjóskadal



Pingeyjarsveit, láglandi þar sem er búð, mkv. 1 : 500.000

#### > Aðaldalur:

Aðaldalur liggur frá botni Skjálfandaflóa suður að Vestmannsvatni, Múlaheiði, Þorgerðarfjalli og Laxárdal. Að vestan er Skjálfandaflljót en Hvammsheiði að austan, Garðsnúpur gengur norður úr Fljótsheiði og klyfur dalinn í tvennt norður til miðs, Laxá rennur til sjávar austan til í Aðaldal.

Byggðin er næsta óregluleg og dreifð um sveitina af völdum heiða, hrauns og vatnsfalla en nokkurt þéttbýli við Laxárvirkjun og einnig við Hafralækjarskóla þar sem jarðhiti er nýttur. Norðan Garðsnúps er meginhluti dalsins hraun og sandar. Þar standa bæirnir í útjöðrum hraunsins við gróðurlendi meðfram Laxá og Skjálfandaflljóti og upp frá botni Flóans.

Aðaldalshraun er um 100 km<sup>2</sup> og þekur mikinn hluta dalbotnsins. Norðausturhluti hraunsins var lítt gróinn en þar var sett upp sandgræðslugirðing um miðja síðustu öld sem hefur breytt landinu til mikilla bóta. Annars er hraunið víðast vel gróið birki, eini, hrís og lyngi en er víða erfitt til smölunar og birkiskógur þekur stór svæði um mið- og suðurhluta hraunsins. Heiðar þær sem að dalnum liggja eru vel grónar. Þar eru beitolnd göð og berjalönd ágæt.

Í Aðaldal [áður Aðaldælahreppur] voru árið 2005 um 256 íbúar.

Bústofn á svæðinu var um 1092 nautgripir, 3641 kindur og 279 hross. Ræktað land um 1625 ha.

#### > Reykjadalur og Laxárdalur:

Reykjadalur gengur til suðurs frá Aðaldal og er í raun framhald hans þar sem engin glögg landfræðileg kennileiti skilja dalina að.

Nyrsti hluti Reykjadalssuður frá Vestmannsvatni er allbreiður, flatur og þurrlendur og beggja vegna hans eru lágur lyngmóaheiðar. Framan Breiðumýrar hækkar dalurinn nokkuð og þröngist. Um Reykjadal hefur ekkert hraun runnið líkt og er með nágrannadalina Bárðardal, Aðaldal og Laxárdal en lítilsháttar hraun hefur þó runnið að mynni dalsins. Land er hér vel gróið með mikið af lyngi og fjalldrapa og nokkur skógur er í Vatnshlíð sem er ofan Vestmannsvatns og í austanverðu Narfastaðafelli.

Eftir Reykjadal rennur Reykjadalssá, áin hefur aðdrætti sína úr mörgum smálækjum og mýrarflóum á Mývatnsheiði. Reykjadalssá fellur í Vestmannsvatn sem skiptir merkjum milli Reykjadalssá og Aðaldals, Eyvindarlækur rennur síðan úr Vestmannsvatni að norðan og í Laxá.

Jarðhita er að finna á Laugum sem nýttur er til fiskþurrkunar og upphitunar húsa. Byggðakjarni er við og í kringum Laugar en þar er rekinn framhaldsskóli á veturna og hótél á sumrin.

Laxárdalur gengur inn frá Aðaldal tæpa þrjátíu kílómetra upp til Mývatnssveitar og hann liggur allnokkru austan við Reykjadal. Landið er vel gróið, þar eru lyngmóar, kjarr og birkiskógar. Dalurinn er fremur þröngur og langur og í dalbotninum byltir Laxá sér meðfram hrauni sem þar hefur runnið ofan úr Mývatnssveit, síðast fyrir um 2000 árum síðan.

Í Reykjadal og Laxárdal [áður Reykdælahreppur] voru árið 2005 um 275 íbúar.

Bústofn á svæðinu var um 368 nautgripir, 2702 kindur og 138 hross. Ræktað land um 1625 ha.

#### > Kinn og Ljósavatnsskarð:

Ljósavatnshreppur náði frá miðju Ljósavatnsskarði allt norður í Náttfaravíkur við vestanverðan Skjálfandaflóa. Að vestan er hár fjallgarður, Kinnarfjöll, sem skilur á milli Kaldakinnar og Fnjóskadalssá, en að austan ræður Skjálfandaflljót. Kinnarfell klyfur svæðið, það er að mestu vaxið lynggróðri en suður með fellinu að austan er Fellsskógur sem var friðaður 1940.

Austan undir Kinnarfellinu rennur Skjálfandaflljót og þar fyllir Þingey mikinn hluta dalsins sem afmarkast af Fljótsheiði að austan en er opin til suðurs og norðurs. Norðan við Þingey breiðist fljótið um allan dalbotninn og á allöngum kafla eru víðlendur eyjar, þar er nú kominn birkiskógur. Kaldakinn er víða grösug en myrlend og hlíðar Kinnarfjalla eru vel grónar.

Að sunnan er Ljósavatnsskarð með allbreiðu láglandi. Þar er Ljósavatn, annað stærsta vatn í sýslunni, og úr því rennur Djúpá sem síðan fellur í Skjálfandafljót við Barnafoss. Vestan við Ljósavatn er Stórutjarnaskóli og þar er nokkurt Péttyli þar sem jarðhiti er nýttur. Goðafoss, ein þekktasta náttúruperla landsins, er í Skjálfandafljóti rétt við hringveginn. Allviða eru vatnsaflsvirkjanir sem nýta vatnsföll sem koma ofan úr fjöllum.

Í Kaldakinn og austurhluta Ljósavatnsskarðs [áður Ljósavatnshreppur] voru árið 2005 um 175 íbúar. Bústofn á svæðinu var um 1121 nautgripir, 2851 kindur og 117 hross. Ræktað land um 1208 ha.

#### > Bárðardalur:

Bárðardalur heitir efsti hluti vestasta dalsins sem gengur upp frá Skjálfandaflóa. Austan að Bárðardal liggur Fljótsheiði, flatlend lyngmóaheiði með ávolum fellum og ásum grónu lyngi og víði með myrarflákum inn á milli. Vestan Bárðardals gengur samfelldur fjallgarður sunnan frá Sprengisandi að Ljósavatnsskarði, víðast 500 – 700 metrar yfir sjó.

Bárðardalur er fremur mjór og langur með tiltölulega flötum botni og þakinn hrauni, víðast grónu. Um hann fellur Skjálfandafljót sem á upptök sín í Vonarskarði og undirhlíðum Bárðarbungu, í því eru margir fagrir og miklir fossir en þekktastir þeirra eru Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafossar.

Bárðardalur er talinn einn lengsti byggði dalur á landinu en um 45 km eru á milli neðsta og efsta bæjar. Neðsti bær er rúmlega 100 m.y.s. en efsti bær, Svartárkot, er um 400 m.y.s.

Í Bárðardal [áður Bárðdælahreppur] voru árið 2005 um 85 íbúar.

Bústofn á svæðinu var um 147 nautgripir, 4353 kindur og 67 hross. Ræktað land 782 ha.

#### > Fnjóskadalur:

Fnjóskadalur er langur en fremur þröngur dalur með nokkuð takmarkað undirlendi og liggur austan Vaðlaheiðar. Syðst greinast út frá honum þrjú dalir, austastur er Timburvalladalur, þá Hjaltadalur og Bleiksmýrardalur vestast. Að norðanverðu er Flateyrdalsheiði og norðan hennar Flateyrdalur sem er alllangur og gróðursæll og skammt utan hans liggur Flatey. Víðast er þurrhent í Fnjóskadal og lyngmóa og vallendisgróður er ríkjandi.

Um Fnjóskadal rennur Fnjóská sem á upptök sín suður á hálendinu í Bleiksmýradrögum á Sprengisandi og fellur þaðan niður Bleiksmýradal og til sjávar í Eyjafjörð, um Dalsmynni.

Birkiskógar eru allnokkrir í Fnjóskadal og er Vaglaskógar annar stærsti skógar landsins um 650 ha að stærð. Hann er mikið nýttur til útivistar og þar er góð aðstaða fyrir ferðafólk og margar merktar gönguleiðir.

Á Reykjum syðst í Fnjóskadal er verulegur jarðhiti og vatnsaflsstöðvar eru á nokkrum bæjum.

Í Fnjóskadal og vesturhluta Ljósavatnsskarðs [áður Hálshreppur] voru árið 2005 um 150 íbúar.

Bústofn á svæðinu var um 454 nautgripir, 4636 kindur og 46 hross. Ræktað land um 1161 ha.

## 3.1.2 Jarðfræði

Jarðfræði Þingeyjarsveitar er fjölbreytileg og um margt merkileg og er á fáum stöðum hægt að skoða jafnmargar landslagsheildir á jafnlitlu svæði. Um mitt sveitarfélagið liggja skil blágrýtissvæðisins og móbergsbeltisins sem sker landið þvert. Hér er að finna góð dæmi um jarðsögu Íslands, hvort sem er hina fornu jökulsorfnu blágrýtismyndun, einstaka móbergsmyndun eða landslag mótað af eldvirkni á nútíma. Víða má finna landslag og fyrirbæri sem mynduðust við framrás eða hopun jökla svo sem jökulsorfnu dali til láglandis, jökulmynduð vötn, jökulgarða og fleira. Annarsstaðar má sjá gosmyndanir s.s. víðáttumiklar hraunbreiður, gervigiga og fl. Sandar og melar þekja einnig stór svæði hálendisins.

#### > Blágrýtismyndunin:

Vesturhluti Þingeyjarsveitar liggur á jaðri blágrýtissvæðis landsins sem er frá Tertíertíma fyrir 3 til 15 milljónum ára og nær frá Bárðardal og allt suðvestur að Reykjanesskaga.

Í grófum dráttum mætti lýsa blágrýtissvæðinu í Þingeyjarsveit sem einum stórum fjallgarði sem gengur frá miðhálandinu og fram í sjó. Eftir endilöngum fjallgarðinum skera tveir þröngir dalir, Fnjóskadalur (Bleiksmýrardalur) og Flateyrdalur, hann í tvo fjallgarða, vestur- og austurfjallgarðinn, sem frekar eru skornir niður með þverdölum sem mynda mynni fjallgarða, fjallþyrpingar eða stök fjöll. Undirlendi er fremur lítið en báðir fjallgarðarnir eru með bröttum austurhlíðum en ávalari vesturhlíðum.

#### > Móbergssvæðið:

Fyrir austan Kinnarfjöll hefst móbergssigdæld mikil. Þó móbergið sé mjög áberandi í austari hluta Þingeyjarsveitar er þar sumstaðar grágrýti ofan á móbergslögnum. Einnig eru öræfin víða þakin blágrýtishraunum.

Skjálfandafljót liggur á mörkum blágrýtissvæðisins og móbergsmýrdunarinnar. Við Íshólsvatn er forn móbergshryggur með miklu blágrýtisváfi, sérstaklega við Hrafnabjörg, sem hvílir á gamalli grágrýtismyndun austan Skjálfandafljóts.

#### > Ísaldarskeið:

Síðustu þrjú milljónir ára hefur landslagið mótast af jöklu ísaldar og er í dag í stórum dráttum eins og jökla síðasta jökulskeiðs skildu við það.

Á ísöld hafa jöklarnir skilið eftir sig mikið magn jökulruðnings ofan á bergrunninum og er algengur í jarðvegi á svæðinu. Framburður jökulfljóta er einnig áberandi í jarðvegi og finnst jökulársetið víða sem malarhjallar (malarásar, melaöldur) á láglandi í dölunum. Melar við Illugastaði, Illugastaðaklif, og aðrir malarhjallar milli Illugastaða og Sellands í Fnjóskadal eru á Náttúruminjaskrá (sem aðrar náttúruminjar). Við Vestmanna- vatn (friðlýst 1977) eru merkar bergmyndanir m.a. hraun, gjallhólar, melhólar og malarhryggir og við Másvatn er einnig að finna merka malarhjalla.

### > Hlýindaskeið

Þegar hlýnaði í veðri fyrir um 10.000 árum og jökla tók að leysa, hafa árnar borið með sér óhemju af leir og leðu yfir jökluöðninginn út í Skjálfandaflóa og myndað þannig undirlendið fyrir mynni flóans. Í lok ísaldar náði sjór mun lengra inn í landið og skyldi eftir sig leirlög en þegar land tók að rísa að nýju urðu eftir lágland en votlend svæði.

Við ísaldarlok myndaðist Ódáðahraun í miklum gosum og runnu sum hraun alla leið niður í mynni flóans.

### > Hraun:

Laxá í Laxárdal fellur víðast í streng í fornri hrauntröð, og botn Bárðardals sem liggur beggja vegna Skjálfandafljóts, frá Goðafossi suður að mörkum Sprengisands og Ódáðahrauns er tiltölulega flatur og víða þakinn grónu hrauni, Bárðardalshrauni, sem er kvísl úr Ódáðahrauni. Upptök Ódáðahrauns eru í Trölladyngju úr gosi fyrir um 5000 árum. Aðaldalurinn einkennist fyrst og fremst af Aðaldalshrauni, sem er um 100 km<sup>2</sup>. Hraunið er raunar tvö hraun sem runnu úr Mývatnssveit, það eldra kom úr Ketilsdyngju og er um 3500 ára gamalt, það yngra kom úr Þrengslaborgum fyrir um 2000 árum.

Austast í sveitarfélaginu, við Þeistareyki o.fl. er mikið hraunsvæði en sagt er nánar frá því seinna (hér að neðan og í kafla 3.2.1 um náttúruvernd og friðun).

---

### 3.1.3 Jarðhiti

---

Í Þingeyjarsveit er töluvert af jarðhita, bæði háhitasvæði og lághitasvæði. Háhitasvæðin eru við Þeistareyki og Gjástykki allra austast í hreppnum, en lághitasvæðin eru dreifð í sveitarfélaginu. (Til háhitasvæða teljast svæði þar sem hitastig er 200°C eða meira á 1 km dýpi).

### > Lághitasvæði:

Helstu lághitasvæði í Þingeyjarsveit eru við innsta bæinn í Fnjóskadal, Reyki, en þar er jarðhiti 90°. Einnig er að finna jarðhitasvæði í Bárðardal, Köldukinn, Reykjadal (á Laugum), Laxárdal og Aðaldal.

Í landi Hafraflækjar í Aðaldal var boruð hola árið 1964 sem gefur 7 l/s af 70° heitu vatni sem notað er til hitunar skólahúsnæðis og nærliggjandi íbúðarbyggðar.

Á Laugum í Reykjadal er borhola sem gefur um 70 l/s af 65° heitu vatni og er hún tengd hitaveitu Reykdæla. Einnig eru heitar laugar í brekkunum fyrir ofan Lauga sem nýttar voru til húshitunar áður en borholan kom til.

Á Stóruleaugum, Laugvöllum og Hjalla í Reykjadal eru laugar 40 til 56° heitar sem notaðar eru til húshitunar.

Á Brúnn í Reykjadal er borhola sem gefur 4 l/s af 50° heitu vatni sem er notað til húshitunar.

Á Stórutjörnum eru tvær borholur sem gefa samtals 7 l/s af 65° heitu vatni sem notað er til húshitunar á íbúðarbyggð og skólahúsnæði við Stórutjarnir.

Á Reykjum í Fnjóskadal eru tvær borholur sem gefa um 20 l/s af 90° heitu vatni og eru þær tengdar Reykjaveitu.

Á Draflastöðum er borhola sem gefur um 1,5 l/s af 45° heitu vatni sem notað er til upphitunar húsnæðis á staðnum.

Auk þessara staða er að finna lághitalindir víða í Þingeyjarsveit svo sem við Brúa, Langavatn og í norðanverðum Laxárdal og í Þegjandadal, einnig í Landi Öndólfstaða, Littlulauga, Laugabóls, Víða og Stafns.

Á miðhálandinu eru lághitalaugar svo sem við Krossárgljúfur, Fljótsgil, Laufrönd og Hitalaug. Þessar lindir eru sagðar vera um 20 til 40° heitar.

### > Háhitasvæði:

Eftirfarandi er ágríp úr "Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025" sem segir nánar frá jarðfræði og jarðhita á Þeistareykjum og í Gjástykki. (Bl. 10-15, tilvísunar og heimildar í texta svæðisskipulagsins er sleppt, varðandi þær er vísað til svæðisskipulagsins í heild).

### ÞEISTAREYKIR:

"Þeistareykir er háhitasvæði í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu á sunnanverðri Reykjaheiði, 25 km suðaustur af Húsavík. Eins og önnur háhitasvæði tengjast Þeistareykri virkri megineldstöð sem liggur á sprungukerfi sem hefur stefnuna N-S og er kennt við Þeistareyki. Kerfið er um það bil 4-5 km að breidd frá austri til vesturs og nær allt frá Mývatni í suðri og norður til sjávar vestast í Keldukerfi. [ ... ] Sprungukerfið hnikast til vesturs um 2 km við Bæjarfjall og er jarðhitasvæðið á þeim hlykk sem þar myndast.

Túlkun viðnámsmælinga sem gerðar hafa verið á Þeistareykjasvæðinu benda til þess að háhitasvæðið sé um það bil 45 km<sup>2</sup> en áður var það talið um 19 km<sup>2</sup>. Þessar niðurstöður þarf þó að sannreyna með borunum. Á flatlandinu undir Bæjarfjalli, í um 300 m hæð yfir sjávarmáli, eru ummerki jarðhitans einna mest. Hitinn nær þó mun hærra á stöku stað eða 530 m hæð í Bæjarfjalli og tæplega 500 m hæð í Ketilfjalli.

### GJÁSTYKKI:

"Gjástykki er sigdalur norður af Kröflu og liggur í sama sprungukerfi og Krafla. [ ... ] Í Kröflueldum, sem stóðu frá 1975-1984, gliðnaði sprungusveimur frá Hverfjalli/-felli í suðri um Kröflu og til norðurs um Gjástykki og Kelduhverfi út í Öxarfjörð. Í þessum eldsumbrotum komu fram mörg gufuvæði í Gjástykki við stórar gjár á spildunni sem gliðnaði og seig. Á hitasvæðunum mynduðust fljótlega flög sem með tímanum urðu að hitaskellum með rauðum leir. [ ... ] Háhitasvæðið í Gjástykki er í um 400-500 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirboðsummerki eru helst á tveimur stöðum, annars vegar á milli Hrutáffjalla og Hituhóla og hins vegar suðaustur af Éthólum. Svæðið er þakið hraunum og elst þeirra er Gjástykkisbunga, meðalstór dyngja frá síðjökultíma. Gígurinn í henni er austan í syðri hitunum og hraunið úr henni er eflaust margra tuga metra þykkt. Gjárnar í Gjástykki eru hvað stærstar í þessu hrauni, en á hitasvæðinu hafa yngri hraun fyllt upp í. Éthólahraunið er um 2700 ára gamalt og svo Kröflueldhraunið frá 1975-1984."

### 3.1.4 Vatnafar

Vatnasvæði Þingeyjarsveitar nær yfir stórt svæði. Þar er að finna allar gerðir vatnsfalla; jökulár, dragár, lindár, stöðuvötn, tjarnir og læki. Ennfremur eru víðfeðm vottlendissvæði í sveitarfélaginu.



Vatnasvið er safnsvæði stöðuvatna, lindasvæða, og áa og er gjarnan markað af hrygglinum hæða. Líta má á vatnasvið og þær lífverur sem þar búa sem eitt vistkerfi og hafa viðstöðutími vatnsins og gerð vatnasviðsins (berggrunnur, landslag, gróðurfar og veðurfar) mest áhrif á lífsskilyrði í vatninu og hversu mikil lífræn framleiðsla á sér þar stað. Flokkun vatnasviðs helst í hendur við berggrunn landsins.

Í Þingeyjarsveit eru þrjár meginár; Skjálfafljót, Fnjóská og Laxá og liggja vatnasvið þeirra saman þó mjög ólík séu.

#### > Helstu fallvötn:

Skjálfafljót er fjórða lengsta á landsins, um 178 km langt. Vatnasvið þess er um 3.860 km<sup>2</sup> en þar af eru 140 km<sup>2</sup> jökull. Rennslí árinna er um 95 m<sup>3</sup>/sekúndu. Árstíðabundnar sveiflur einkenna Skjálfafljót og verða þar mikil vorflóð á tímabilinu apríl-júní. Upptök Skjálfafljóts eru í Vonarskarði norðaustan við Tungnafellsjökul, í um 1.000 m. y.s. Helstu þverár Skjálfafljóts eru Svartá, Suðurá, Hrauná, Djúpá, Mjóadalsá og Öxnadalsá. Úr Svartárvatni rennur lindáin Svartá þar til hún sameinast Skjálfafljóti neðan Bjarnastaða. Suðurá er lindá og á upptök sín í Suðarábotnum í Ódáðahrauni 10-12 km. suðaustur frá Svartábotni. Hún sameinast Svartá norðan Svartábotns. Eftir það verður Svartá þrefalt vatnsmeiri. Hrauná er lindá og fellur niður Hraunárdal, syðsta dal sem liggur að Skjálfafljóti við vesturrönd Ódáðahrauns. Djúpá rennur úr Ljósavatni í austur, síðan norður og fellur í Skjálfafljót austanvert við Kinnarfell. Mjóadalsá er dragá. Hún rennur eftir Mjóadal og sameinast Skjálfafljóti neðan við Myri. Öxnadalsá er dragá. Hún rennur niður Öxnadal og niður í Skjálfafljót.

Fnjóská er 117 km löng og lengsta dragá landsins. Vatnasvið hennar er 1.310 km<sup>2</sup> og liggur nær allt í blágrýtismynduninni. Upptök árinna eru í Bleiksmýrardrögum þar sem þau skarast við upptök Þjórsár. Áin rennur fyrst niður þröngan og langan Bleiksmýrardalinn sem neðar verður að Fnjóskadal (um 40 km) uns hún rennur út í Eyjafjörð í Höfðahverfi.

Á leið sinni til sjávar renna fjöldi smærri vatnsfalla og lækja í hana og eru þær helstu Bakkaá innst í Fnjóskadal sem myndast við samruna Timburvalladalsár og Hjaltadalsár og Árbugsá sem fellur í Fnjóská við Þverá. Fnjóská er mikil vorflóðá og koma fljóðin á tímabilinu apríl-júní. Þingmannalækur rennur um Ljósavatnsskarð í Fnjóská.

Laxá er 58 km löng og rennur úr Mývatni eftir Laxárdal þar sem hún fellur víða í hrauntröð á botni dalsins til sjávar í Skjálfaflóa. Vatnasvið Laxár er um 2.385 km<sup>2</sup>. Vatnið sem rennur í Laxá (Mývatn) er að stærstum hluta komið sem grunnvatn að sunnan frá Ódáðahrauni. Þrjár vatnsaflsvirkjanir eru við Brúarfossa um 33 km neðan við affallið.

Helstu þverár Laxár eru: Kráká, Eyvindarlækur og Mýrarkvísl. Reykjadalssá á upptök sín í Mývatnsheiði og rennur um 35 km leið í gegnum Reykjadal í Vestmannsvatn sem tæmist síðan í Eyvindarlæk og þaðan í Laxá. Múslækur er afrennislækur Músvatns og ein af upptakarkvíslum Reykjadalssár.

#### > Helstu stöðuvötn:

Helstu vötn í Þingeyjarsveit eru Miklavatn, Ljósavatn, Kálfborgaravatn, Svartárvatn og Íshólsvatn sem eru öll á vatnasviði Skjálfafljóts, - og Vestmannsvatn og Músvatn sem eru á vatnasviði Laxár.

#### > Fossar og flúðir:

Helstu fossar í Þingeyjarsveit eru allir í Skjálfafljóti:

Þekktastur þeirra er Goðafoss sem fellur fram af hraunbrúnni við bæinn Fosshól í mynni Bárðardals. Hann er um 12 metra hár, og einn af stærstu fossum landsins. Skammt neðan við Goðafoss er lítil foss er nefnist Geitafoss. Nyrstu fossar í Skjálfafljóti eru Ullarfoss og Barnafoss.

Fossarnir efst í Bárðardal sem falla fram þar sem Skjálfafljót fellur yfir Suðaráhraunið eru allir mjög myndarlegir fossar. Aldeyjarfoss í Skjálfafljóti er efst í Bárðardal við upphaf Sprengisandsleiðar. Fossinn er í sérkennilegu umhverfi stuðla-bergssúlna. Um 500 m fyrir ofan Aldeyjarfoss er Ingvararfoss og eftir fossanna eru síðan Hrafnabjargafossar.

\*\*\*

Áður voru einnig mjög myndarlegir fossar í Laxá, Brúarfossar, en þeir eru nú virkjaðir (Laxárvirkjun).

### 3.1.5 Gróðurfar

Gróðurfar í Þingeyjarsveit er afar fjölbreytilegt enda spannar sveitarfélagið um 6.000 km<sup>2</sup>, frá Flatey í norðri og allt suður að Grímsvötnum á Vatnajökli, frá sjávarmáli til allt að 1.500 metra hæð. Einnig eru mjög mismunandi aðstæður hvað varðar berggrunn, jarðveg og vatnafar.

Í grófum dráttum mætti skipta gróðurfari eftir þremur megin svæðum: miðhálandinu, blágrýtisgrunninum og móbergssvæðinum.

#### > Miðhálandið:

Stór hluti miðhálandisins er örfoka land með afar strjálán gróður (bersvæðisgróður). Samfelldur gróður nær óvíða hærra en í 700 m hæð og mjög dregur úr honum með vaxandi hæð. Víða í sunnanverðri sveitinni þar sem gróðurfar mætir auðnum er um talsvert jarðvegsrof að ræða. Einnig eru mikil rofabarðasvæði í inndölum Þingeyjarsveitar.

#### > Blágrýtissvæðið:

Blágrýtissvæði Þingeyjarsveitar einkennist af löngum og þröngum dölum með bröttum, skriðurunnum hlíðum og ávölum gróðri klæddum hlíðum t.d. suðurhlíðar Kinnarfjalla og vesturhlíðar Fnjóskadal.

Fnjóskadalur er langur en fremur þröngur dalur með nokkuð takmarkað undirlendi. Víðast er þurrlegt í Fnjóskadal og lyngmóa og vallendisgróður er ríkjandi en allnokkrir birkiskógar eru í dalnum, m.a. Vaglaskógur sem er annar stærsti skógur landsins. Flateyjardalur er tiltölulega gróinn, þó nokkuð sé um melhjalla í hlíðum.

Kinnarfjöll og Viknafjöll eru brattur og hrjóstrugur fjallgarður. Nyrst eru Náttfaravíkur, þar er land stórbrotið og hrikalegt en gróður víða mikill og fagur.

#### > Móbergssvæðið:

Móbergssvæðið er á heildina litið grónara en miðhálandið og blágrýtissvæðið en töluverður munur er þó á gróðurfari eftir byggðarlögum innan svæðisins:

Bárðardalur er fremur þröngur og grunnur, með grónum og klettalausum en bröttum hlíðum. Allur dalurinn er þurrlendir og gróður því einkum móagróður (víðir, lyng, fjalldrapi) eða vallendisgróður. Skógur er þar einnig allmikill aðallega í vesturhlíðum dalsins. Í hlíðum dalsins eru víða rofabarðasvæði, sérstaklega að austanverðu.

Reykjadalur er gróinn og mun þéttbýlli en Bárðardalur. Framan við malarásana í Reykjadal hækkar dalurinn verulega og þrengist. Var þar víða mýrlendi sem hefur verið ræst fram og tekið undir tún.

Í Laxárdal er gróðurfar mjög fjölbreytt og sérstakt einkum umhverfi Mývatns og Laxár.

Í Aðaldal þekur Aðaldalshraunið mikinn hluta dalbotnsins en hraunið er víðast vel gróið birki, eini, hrís og lyngi og birkiskógur þekur stór svæði um mið- og suðurhluta þess. Suður í Aðaldal er nokkuð mýrlent en heiðar þær sem að dalnum

liggja eru vel grónar. Þar eru beitolnd góð og berjalönd ágæt. Kaldakinn markast af Kinnarfjöllum að vestan og Skjálfandafljóti að austan. Hlíðar Kinnarfjalla eru víðast vel grónar og töluvert undirlendi er að fljótinu, en mýrlent. Kinnarféllið afmarkar miðhluta sveitarinnar og myndar þröngan dal, Þingdal. Austurhlíð fellsins er skógi vaxin

Fljótshéiði er víðáttumikið en fremur láglent heiðaflæmi milli Bárðardals og Reykjadal. Mestur hluti Fljótshéiðar er gróinn og skiptast þar á ásar vaxnir víði og lyngi og mýrarflóar vaxnir ljósastór eða broki. Að sunnanverðri heiðinni skiptast á mel-áasar og mýrasund. Uppblástur og rofabarðasvæði er helst að finna á jaðri heiðarinnar.

Austan Langavatnsheiðar / Geitafellsheiðar er víða frekar ógróið en grösug vin eru hér og þar, m.a. hjá Þeistareykjum. Mikill uppblástur er á Hólasandi, þar er eitt af stærstu landgræðslusvæði landsins þar sem lúpínu eru sáð í stórum stíl.

#### > Sjaldgæfar jurtir:

Samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir plöntur (útg. 1996) er 51 tegund plantna á Íslandi í útrýmingarhættu. Eftirfarandi 10 af þessum 51 tegund finnast í Þingeyjarsveit. (Tegundir sem eru friðlýstar skv. náttúruverndarlögum eru merktar með \*) :

Tegundir í bráðri hættu: \*Skeggburkni (*Asplenium septentrionale*).

Tegundir í hættu: \*Trjónustór (*Carex flava*).

Tegundir í yfirvofandi hættu: \*Heiðastór (*Carex heleonastes*).

Tegundir í nokkurri hættu: \*Klettburkni (*Asplenium viride*), \*Eggvívilaðka (*Listera ovata*), \*Ferlaufungur (ferlaufasmári) (*Paris quadrifolia*), \*Hreistursteinbrjótur (*Saxifraga foliolosa*), Hjartafíll (*Crepis paludosa*), Naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*), Fjallkrækil (*Sagina caespitosa*).

\*\*\*

Í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 er sagt frá gróðri á Þeistareykjum og í Gjástykki:

Naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*) hefur fundist við Þeistareyki. Naðurtunga hefur hátt verndargildi og er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (1996) yfir plöntur. Plantan finnst eingöngu þar sem jarðhita gætir. Á Þeistareykjum finnst hún á hverasvæðinu en útbreiðsla hefur ekki verið könnuð nákvæmlega.

Klettburkni (*Asplenium viride*) hefur fundist í Grísatungum á Reykjaheiði og við rætur Hrutafjalla að vestanverðu. Klettburkni er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (1996) yfir plöntur þar sem hann er flokkaður sem háplanta í nokkurri hættu. Klettburkni er friðuð planta.

#### > Náttúrulegir birkiskógar:

Birkið er eina trjategundin sem myndar náttúrulegt skóg- eða kjarllendi en það er talið telja um 1% af samfelldri gróðurþekju landsins sem er um þriðjungur landsins. Hinir tveir þriðju eru lítt grónir sandar, melar, vötn eða jöklar. Talið er að við landnám hafi um tveir þriðju hlutar verið algrónir og að um einn fjórði hluti landsins hafi verið vaxnir skóg- eða kjarllendi.

Helstu náttúrulegu birkiskógar á skipulagssvæðinu eru:

Vaglaskógur, Lundsskógur og Þórðarstaðaskógur í Fnjóskadal [ í skýrslu Umhverfisstofnunar, Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008; aðferðafræði, er lagt til að unnið verði að friðlýsingu Vaglaskógs og nágrennis. Svæðið var þó ekki tekið með á náttúruverndaráætlun og er ekki á náttúruinjasrá ]

Reykjaskógur og Tunguskógur í Bleiksmýradal suður úr Fnjóskadal. [ eru á náttúruinjasrá (515) ]

Varastaðaskógur í Laxárdal, milli Ljósstaða og Brettingsstaða. [ Er á náttúruinjasrá (523) og að hluta friðlyst skv. lögum um verndun Mývatns og Laxár ].

Fellsskógur og Fremstafellsskógur austan í Kinnarfelli og Fossselsskógur og Glaumbæjarselsskógur vestan í Fljótsheiði. [ Er að hluta til á náttúruinjasrá (522) ]

Þar að auki eru náttúrulegir birkiskógar:

Í Aðaldal: í Aðaldalshrauni og í Vatnshlíð austan við Vestmannsvatn.

Í Reykjadal innarlega í Narfastaðafelli, Narfastöðum og Stafni. Í Bárðardal er töluvert af náttúrulegum birkiskögum, þ.á.m. talið Halldórsstaðaskógur og Sandhaugaskógur.

Í Ljósavatnsskarði: Sigríðarstaðaskógur og Hálsskógur.

Í Fnjóskadal og Dalsmynni: Belgsárskógur, Bakkaselsskógur, Mela- og Skuggabjargaskógur og Þverárskógur.

## > Skógrækt:

Í Þingeyjarsveit eru mikil skógræktartækifæri og mikil verkþekking í ræktun og nýtingu skóga. Skógrækt hófst á Norðurlandi um aldamótin 1900 og má því víða finna 40-60 ára gamla skógarreiði eða trjáþyrpingar heima við hús.

Miðstöð Skógræktar ríkisins á Norðurlandi er á Vöglum í Fnjóskadal. Allt frá upphafi skógræktar hefur Skógrækt ríkisins haft mikilvægu hlutverki að gegna við verndun náttúrulegra birkiskóga og verið brautryðjandi á sviði nýskógræktar. Dregið hefur úr nýskógrækt á vegum stofnunarinnar en hún hefur áfram umsjón með skóglendum í eigu ríkisins, rannsóknunum, fræðslu og ráðgjöf.

Nytjaskógrækt á bújörðum með framlögum frá Skógrækt ríkisins hófst á Norðurlandi árið 1983 og segja má að það sé undanfari Norðurlandsskóga, sem er landshlutabundið skógræktarverkefni. Norðurlandsskógar hafa nú tekið við hlutverki Skógræktar ríkisins að stuðla að aukinni skógrækt og veita framlög til skógræktar á bújörðum og skjólbeltaræktunar.

\*\*\*

Eignarlönd Skógræktar ríkisins í Þingeyjarsveit eru:

Þórðarstaðar-, Belgsár- og Bakkaselsskógar (þjóðskógur), eru stórvaxið birkiskóglendi sem ásamt Lunds- og Vaglaskógi eitt mesta samfellda skóglendi á Íslandi. Hér má finna eldri gróðursetningar af rauðgreni og stafafuru og dafna þessar tegundir vel. Skógarnir eru opnir almenningi.

Vaglaskógur í Fnjóskadal (þjóðskógur) er annar stærsti skógur landsins, um 300 hektarar. Árið 1905 keypti Ríkissjóður bæinn Vagla gagngert til þess að friða skóginn og hefur skógarvörður setið þar frá árinu 1908. Í gegnum tíðina hafa margar erlendar trjátegundir verið reyndar á Vöglum og allmiklu af barrtrjám

verið plantað þar á síðustu árum. Þar er skógarvarðarhús og nokkur sumarhús. \*

Sigríðarstaðaskógur í Ljósavatnsskarði (þjóðskógur) er allmikið skóglendi aðgengilegt almenningi. Þetta er birkiskógur að mestu, hér er einnig gróðursett fura, greni og lerki.

Hálsskógur í Ljósavatnsskarði,

Mela- og Skuggabjargaskógur í Dalsmynni (þjóðskógur) er stórt birkiskóglendi opið almenningi. Nyrsti hlutinn er gróðursettur skógur með lerki, furu og fleiri tegundum.

Sandhaugaskógur í Bárðardal.

Ennfremur hefur Skógrækt ríkisins eftirfarandi umsjónar- og leigulönd:

Fellsskógur í Köldukinn (þjóðskógur) er stórvaxinn birkiskógur í austurhlíðum Kinnarfells. Þar hafa einnig verið gróðursett nokkur þúsund grenitré. Fellsskógur var friðaður árið 1940 og hefur tekið örum vexti síðan. Hluti skógarins er í umsjón Skógræktar ríkisins, og er partur af 22 þús. ha friðlands. Tiltölulega fáir heimsækja skóginn í samanburði við marga aðra skóga, enda aðkomuleið torfær.

Lundsskógur í Fnjóskadal

Hálsmelar

\* Vaglaskógur er einn af fáum íslenskum skögum þar sem skógarhögg er stundað og eru afurðir þess einkum notaðar í eldivið og smíðavið.

\*\*\*

Skógrækt er nú á eftirfarandi bújörðum o.fl., langflest í samvinnu við Norðurlandsskóga:

Í Fnjóskadal: Végeirsstaðir 120-140 ha, Hallgilsstaðir 18 ha, Selland 400 ha, Hróarsstaðir: 63 ha, Tungunes: 63 ha, Hrísgarði 40 ha, Viðivellir 40 ha, Viðifell 49 ha, Draflastaðir 86 ha, Hjarðarholt 105 ha.

Einnig: Háls, Vaglí, Lundur: Lundsskógur, Þórðarstaðir/ þjóðskógur, Reykir, Illugastaðir og Hallbjarnastaðir.

Í Kinn og Bárðardal: Hjaltastaðir 40 ha, Hrafnstaðir, Engidalur 38 ha, Engi 24 ha, Sandvík 120 ha og Lundarbrekka 110 ha.

Einnig: Hólsgerði: Skóglendi syðst, innan girðingar Skógrækt ríkisins, Ystafell: gamall og stórvaxinn skógur, Fellsskógur, Sandhaugar > að hluta til gefin Skógræktar ríkisins 1946. Halldórsstaðir: syðst er nokkuð stórvaxinn skógur.


Í Reykjadal og Laxárdal: Laugafell 18 ha, Laugaból 14 ha, Breiðanes 10 ha, Hjalli 47 ha, Fellshlíð II 47 ha, Narfastaðir 200 ha, Kárhóll 45 ha, Breiðamýri 31 ha, Pálmholt 68 ha.

Einnig: Hjalli: Skógr.félag Suður-Þingeyinga á 640 ha. í leigu.

Í Aðaldal: Jódisarstaðir 54 ha, Núpar: 27 ha, Knútsstaðir 46 ha, Lindahlíð 25 ha.

Einnig: Ytra-Fjall: (60 ha skógur í austurhlíð Fjallshnjúks) Geitafell: Vestan þjóðvegur á Skógræktarfélag Þingeyinga 36 ha. lands í Berhólabrekku.

### 3.1.6 Jarðvegsrof



Jarðvegsrof í Þingeyjarsýslum:

Grænn litur táknar lítið eða nokkurt rof (einkunn 0-2), gulur táknar talsvert rof (einkunn 3), appelsínugulur og rauður táknar mikið eða mjög mikið rof (einkunn 4 og 5). Kort eftir Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins ([www.rala.is/kvasir](http://www.rala.is/kvasir))

Jarðvegsrof í Þingeyjarsveit er lítið í Aðaldal og Reykjadal en töluvert í austur- og suðurhluta hreppsins. Um þetta segir Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins. (Hér að neðan er bein tilvitnun til RALA, sem miðar við gömlu hreppanöfnin).

**99 Hálsahreppur (425 km<sup>2</sup>):** Mikið rof (4 og 5) er á um 11% landsins, en bróðurpartur þess svæðis er brattar urðir (25 km<sup>2</sup>). Um helmingur landsins hlýtur rofeinkunn 3 (46%), en þar er að stórum hluta um að ræða mela (101 km<sup>2</sup>), en einnig rofabarðasvæði (24 km<sup>2</sup>), vatnsrásir (25 km<sup>2</sup>) og rofdílasvæði (36 km<sup>2</sup>). Athygli vekja stór rofabarðasvæði með rofeinkunn 4 (10 km<sup>2</sup>) og vatnsrásir (6 km<sup>2</sup>). Á minna en helmingi landsins telst rof lítið (0, 1 og 2).

**101 Flateyjardalsheiði (231 km<sup>2</sup>):** Á Flateyjardalsheiði er mikið um gróurlendi þar sem rof telst lítið (48% svæðisins). En rofeinkunn 3 er mjög algengt mat á landinu (45%) og rof sem veldur tapi á gróðurhulu (3, 4 og 5) er á 50% landsins. Fjalllendi er stór hluti landsins (107 km<sup>2</sup>) og því eru auðnir og fjallendi samtals 51% landsins. Talsvert er um rof í grónum hliðum (jarðsil), eða á samtals 58 km<sup>2</sup> (3 og 4), en einnig eru vatnsrásir algengar (26 km<sup>2</sup>). Jarðvegur er því viðkvæmur og huga þarf vel að gróðri og jarðvegi

**102 Ljósavatnshreppur (367 km<sup>2</sup>):** Hreppurinn er sæmilega vel gróinn en land sem hlýtur rofeinkunn 3 er 45% lands utan fjallendis. Mikið rof (4 og 5) er aðeins á litlum hluta hreppsins.

Mest ber á melum (96 km<sup>2</sup>) og jarðsili (29 km<sup>2</sup> í rofflokkum 3 og 4) en athygli vekur að einnig er mikið er um rofabörð í hreppnum, eða 32 km<sup>2</sup> í rofflokkum 3 og 4, auk þess sem vatnrásir eru útbreiddar (20 km<sup>2</sup> í rofflokkum 3 og 4). Jarðvegur á svæðinu er viðkvæmur, sérstaklega í hliðunum og þar þarf að huga vel að gróðri og jarðvegi.

**103 Víknaönd (57 km<sup>2</sup>):** Þetta svæði telst að langmestu leyti vera fjöll og auðnir (72%), en 10 km<sup>2</sup> af bröttum, ógrónum urðarhliðum skýra hátt hlutfall lands með rofeinkunnir 4 og 5. Auk þess eru jarðsilssvæði og vatnsrásir með rofeinkunn 3 samtals um 20 km<sup>2</sup>. Jarðvegur í hliðum er því viðkvæmur og svæðið hálent og illa gróið.

**104 Bárðdælahreppur (470 km<sup>2</sup>):** Hreppurinn er víða vel gróinn, sérstaklega heiðalönd austur af dalnum, enda teljast 53% landsins fremur vel gróið land á gróðurmynd og á 54% landsins er lítið rof (0, 1 og 2). Hins vegar er mikið rof (4 og 5) á 14% landsins og er því eyðingin mikil í hreppnum þótt víða sé gott ástand. Einkum er um að ræða rofabarðasvæði (61 km<sup>2</sup> í flokkum 4 og 5). Melar eru einnig nokkuð útbreiddir.

**105 Vesturafreittur Bárðdæla (1153 km<sup>2</sup>):** Aðeins um 6% landsins telst í góðu ástandi með tilliti til jarðvegsrofs, enda afrétturinn að langmestu leyti auðnir ein, hvort sem skoðuð er gróðurmynd eða lagðar saman auðnir við kortlagningu á rofi. Rofof er mikið því 36% landsins hlutu rofeinkunnir 4 og 5. Þetta land er ekki fallið til sauðfjárbeitar.

**106 Austurafreittur Bárðdæla (949 km<sup>2</sup>):** Sömu sögu er að segja um Austurafreittinn og Vesturafreittinn, nánast ekkert land telst í góðu ástandi, enda afrétturinn nánast eintóm auðnir. Mikið rof telst vera á 57% afréttarins, en auðnir og fjöll teljast 92%. Gróður sem heldur velli í lægðum er mjög viðkvæmur og þarf frið til þess að styrkjast og breiðast út. Þetta land er á engan hátt fallið til sauðfjárbeitar.

**110 Reykdælahreppur utan Hólasands (330 km<sup>2</sup>):** Hreppurinn er vel gróinn og rof víðast hvar lítið. Á 90% landsins telst jarðvegsrof lítið.

**111 Hlatur Reykdælahrepps í Hólasandi (59 km<sup>2</sup>):** Hólasandur hefur nú verið tekinn til landgræðslu. Hann var kortlagður áður en ráðist var í stórfellda uppgræðslu. Þetta svæði er meðal verstu rofsvæða landsins því 99% þess hlutu rofeinkunnir 4 og 5. Svæðið er að langmestum hluta sendinn melur (rofeinkunn 4, 56 km<sup>2</sup>), en einnig gengur á gróið land á jöðrum. Sandurinn hefur borist langt í norður og líklega alla leið inn í land Húsvíkinga. Sandurinn á sér þó ekki upptök í jökulsandi Ódádahrauns heldur á hann mun takmarkaðri uppruna í setlögum og því er auðveldara að græða upp slíkt svæði þar sem stöðva má sandinn við upptök hans.

**112 Aðaldælahreppur (260 km<sup>2</sup>):** Hreppurinn er vel gróinn, á stærstum hluta hans er lítið rof (82%). Mikið rof (4 og 5) telst vera á 9% lands í hreppnum, að mestu leyti sandsvæði innan landgræðslugirðinga úti við sjó, en einnig 16 km<sup>2</sup> rofabarðasvæði.

**113 Þeistareykjaland utan LR-girðinga (235 km<sup>2</sup>):** Lítið rof telst vera á um 67% landsins en land með rofeinkunn 3 er nokkuð víða (26%), einkum sandsvæði sem ekki eru innan landgræðslugirðinga (45 km<sup>2</sup>) og rofdílasvæði (25 km<sup>2</sup>).

**114 Þeistareykjaland innan LR-girðingar (39 km<sup>2</sup>):** Land innan LR-girðinganna er illa gróið og þar á sér stað mikið rof, 91% landsins flokkast með rofeinkunnir 4 og 5. "

(heimildir: RALA – [www.rala.is/kvasir](http://www.rala.is/kvasir))

---

### 3.1.7 Fugla- og dýralíf

---

Þingeyjarsveit er auðug af dýralífi. Ríkuleg votlendissvæði, mólendi og skógar skapa fuglum kjöraðstæður til búsetu og ár og vötn eru rík af fiski.

#### > Fuglar:

Algengir fuglar á heiðum, móum og velgrönu landi eru heiðlóa, lóupræll, stekkur, spói, hrossagaukur, jaðrakan, skógarþröstur og þúfuttillingur + rjúpa, en snjótittlingur og steindepill eru algengir í urðum og giljum.

Á skógarsvæðum í Fnjóskadal og víðar er mjög þétt varp skógarþræstar, auðnutittlings og músarrindils.

Á votlendi og við vötn og tjarnir verpa álft, grágæs og heiðagæs ásamt fjölda af andategundum (m.a. stökkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, toppönd, skúfönd, duggönd, straumönd) + einnig flórgóði, lómur, himbrimi og óðinshani hrafnsönd, skeiðönd og þórshani.

Við ströndina verpa lundi, kría, æður, fyll, rita og hettumáfur + kjói

Í Þingeyjarsveit er mikið af rjúpu og gæs. Ránfuglar á svæðinu eru fálki, smyrill, brandugla.

Samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla og þekktu varp- eða dvalarstaði eru 32 af 76 tegundum varpfugla á Íslandi í útrýmingarhættu. Eftirfarandi 19 af þessum 32 tegundum eiga sér dvalarstað í Þingeyjarsveit (Þorleifsson 2006):

Tegundir í bráðri hættu: skutulönd og snæugla.

Tegundir í hættu: helsingi, húsönd, skeiðönd og þórshani.

Tegundir í yfirvofandi hættu: brandugla, fálki, flórgóði, gargönd, gulönd, himbrimi, hrafn og hrafnsönd.

Tegundir í nokkurri hættu: grafönd, stormmáfur og straumönd.

\* \* \*

Helstu fuglasvæði í Þingeyjarsveit eru:

> Votlendið norður með Skjálfandaflljóti nyrst í Aðaldal og Kinn, þ.e. lónið sjálft ásamt Bjargavatni, Miklavatni og Síla-lækjarvatni og tjörnnum þar í kring. Þar verpir mikið af önd og sjaldgæfum tegundum, svo sem hrafnsönd, skeiðönd og þórshani.

> Vestmannsvatn með sínum hólum og tjörnum umhverfis. Þarna er eitt þéttasta varp flórgöða á landinu og einnig verpir himbrimi við vatnið. Hundruð anda af ýmsum tegundum verpa við vatnið og varp vaðfugla er þétt.

> Einnig ber að geta að mikið er af fuglalífi við Laxá, þar er eitt helsta varpsvæði straumandar hér á landi.

Laxá hefur verið friðuð. Sama á við um Vestmannsvatn. Vötnin við Sand og Síla-læk eru talin alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og eru votlendissvæði þar á náttúruminjasrá.

\* \* \*

Í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 er sagt frá dýralífi á Þeystareykjum og í Gjástykki:

Alls er talið að 14 tegundir fugla verpi á Þeystareykjasvæðinu, þar af tvær á valista, fálki (*Falco rusticolus*) og hrafn (*Corvus corax*). Tvö hrafnsóðul eru flest ár í ábúð á svæðinu. Einnig eru tvö fálkaóðul þekkt á Þeystareykjasvæðinu og hafa þau verið í ábúð í um 60% og 80% tilfella síðustu 20 ár. Í Gjástykki er eitt þekkt fálkaóðal í nágrenni fyrirhugaðs orkuvinnslu-svæðis.

#### > Fiskar:

Fiskframleiðsla í ám og vötnum fer eftir eðlislægum þáttum vatnakerfisins:

Lindavatnakerfi eru t.d. framleiðslurík og hafa góða veiðistofna. Séu lindár fiskgengar er lax að finna í þeim, t.d. Laxá en hún þykir góð lax- og urriðaveiðiá og þar er einnig að finna bleikju. Í styttri og þar með kaldari lindám er urriði oft ríkjandi.

Dragár á móbergssvæðum t.d. Skjálfandflljót (að hluta) eru oft svalar þar sem þær hitna seint í giljunum og vatnsrennsli sveiflast mjög mikið eftir veðráttu. Í lengstu ánum er lax að finna, en oftar er urriði aðalfisktegundin.

Blágrýti er yfirleitt nokkuð þétt jarðmyndun sem þýðir að vatn rennur ofan á berginu. Á þessum svæðum eru því dragár ríkjandi t.d. Fnjóská. Dragárnar hafa viðvarandi snjóleysingu og eru því venjulega efnasauðar, kaldar og oft brattar og standa undir lítilli lífrænni framleiðslu. Rennsli sveiflast mikið með veðráttu og verða þær oft afar litlar að vetrarlagi. Ríkjandi fisktegund í þessum ám er bleikja, oft sjóbleikja þar sem aðstæður leyfa.

#### > Spendýr:

Vilt spendýr eru refir, minkur, mys og selir á landi og hvalir úti fyrir ströndinni. Stefnt er að útrýmingu minks í sveitarfélaginu og fjölda refs haldið í skefjum.

Fjallað er um húsdýr í kafla 3.3.1, Bæir og íbúðir, bls. 37.


---

### 3.1.8 Veðurfar


---

Sveitarfélagið er víðfeðmt og veðurfarsleg skilyrði misjöfn. Mikil veðurbliða gerir hinsvegar búsetu, útivistar- og frístundadvöl í sveitarfélaginu eftirsóknarverða.

Veðurstöðvar eru m.a. á Sandi nyrst í Aðaldalshrauni og á Staðarhóli í Aðaldal, og frá þessum stöðum eru til veðurfarsgögn frá 1961/1962 og fram. Eftirfarandi er sagt um veðurfar í Þingeyjarsveit miðað við gögn veðurathugana á Sandi og Staðarhóli til 30 ára (hitafar og úrkoma, ársmeðaltal 1961-91).



Meðalhitastig °C



Meðalúrcoma mm

Ársmeðalhitastig á Sandi er 2,3 °C og á Staðarhóli 2,1 °C, sem er upp. einu stigi lægra en á Akureyri (3,2 °C) og tveim stígum lægra en í Reykjavík (4,3 °C).

Hljásti mánuður ársins er júlí með 9,5 °C á Sandi og 9,6 °C á Staðarhóli, en kaldast er í janúar með mínus 3,0 °C á Sandi og mínus 3,4 °C á Staðarhóli.

Hæsta hitastig sem mælt hefur verið á Staðarhóli á tímabilinu 1961-1991 er 29,0 °C en lægsta hitastig er -28,9 °C. Ystu mörk á Sandi eru aðeins lægri: Hitamet á Sandi er 24,6 °C en lágmark er -28,9 °C.

Meðalársúrcoma á Sandi er 564 mm og á Staðarhóli 633 mm, sem er meira en á Akureyri (490 mm) en töluvert minna en í Reykjavík (799 mm).

Votasti mánuður ársins er á Sandi september með 81 mm úrkomu og á Staðarhóli október með 74 mm úrkomu, en þurrast er í maí með 25 mm úrkomu á Sandi og 33 mm á Staðarhóli. Úrkomumet á Staðarhóli er 99 mm á einum sólarhring, en á Sandi 85 mm á einum sólarhring.

(heimildir: Veðurstofa Íslands – [www.vedur.is](http://www.vedur.is))

\*\*\*

Til að útskýra aðeins nánar veðurfarið í Þingeyjarsveit er hér bætt við ýmsum veðurfarstólum frá Lerkihlíð í Fnjóskadal og frá Mýri í Bárðardal – og þær miðaðar við tölur frá Sandi og Staðarhóli. (Ath. að hér er um að ræða tímabilið 1971-2000).

Sandur er nyrst í Aðaldal (5 m.y.s.)  
 Staðarhóll er syðst í Aðaldal (42 m.y.s.)  
 Lerkihlíð er í Fnjóskadal við Vaglaskóg (175 m.y.s.)  
 Mýri er efst í Bárðardal (295 m.y.s.)

Veðurstöð	hljásti mánuður	kaldasti mánuður
Sandur	9,9 °C (júlí)	- 3,0 °C (jan)
Staðarhóll	10,1 °C (júlí)	- 3,2 °C (jan)
Lerkihlíð	10,4 °C (júlí)	- 3,5 °C (jan)
Mýri	9,6 °C (júlí)	- 4,3 °C (jan)

Veðurstöð	þurrasti mánuður	votasti mánuður
Sandur	26 mm (maí)	83 mm (sept)
Staðarhóll	32 mm (maí)	79 mm (okt)
Lerkihlíð	30 mm (maí)	102 mm (okt)
Mýri	21 mm (maí)	55 mm (ág)

### 3.1.9 Náttúruvá

Helstu gerðir náttúruvára eru jarðskjálftar, eldvirkni s.s. hraunflóð og gjóskufall, flóð af ýmsum gerðum s.s. snjóflóð, flóð undan jöklum, flóð í ám og flóð frá sjó, skriðuföll og aurflóð, hafískoma og lagnaðaris og loks fárviðri.

Jarðskjálftar. Flatey stendur á mjög virku jarðskjálftabelti, Flateyjar-Húsavíkurmisgengi, og geta snarpir skjálftar orðið á þessu svæði. (Árið 1755 voru á Flatey fjórir bæir sem allir hrundu í jarðskjálfta. Árið 1872 kom harður kippur yfir eyjuna og hrundu þá flest hús.)

Eldvirkni / hraunflóð og gjóskufall. Engar virkar megineldstöðvar eru á skipulagssvæðinu en svæðið er á jaðri virks gosbeltis og þar af leiðandi á áhrifsvæði gosbeltisins og virkra megineldstöðva við m.a. Kröflu og Öskju.

Árflóð. Ekki er talið að veruleg árflóðahætta sé í Þingeyjarsveit, þó að minniháttar flóð geti orðið í leysingum eins og víða um land. Fnjóská og Skjálfaflót eru miklar vorflóðaár og koma fljóðin á tímabilinu apríl-júní.

Snjóflóð og skriðuföll. Snjóflóðahætta nálægt byggð og á þjóðvegum er mest í austanverðum Fnjóskadal og Dalsmynni, í Ljósavatnsskarði og austanverðum Laxárdal.

Í heimildum er getið um snjóflóð sem hafa valdið manntjóni á bæjunum Miðgerði í Dalsmynni og Belgsá í Fnjóskadal (nú báðir í eyði) og í Sellandi í Fnjóskadal. Síðasta mannskæða snjóflóð var í Laxárdal 1999. Stundum valda snjóflóð skaða á raflinum og skógum.

\*\*\*

Náttúruvá í sveitarfélaginu tengist einna helst jarðskjálftavirkni á norðurhluta svæðisins og snjóflóðahættu ásamt virkum eldstöðvum utan marka sveitarfélagsins.

Ekki er talin yfirvofandi hætta á náttúruvá á byggðum svæðum í Þingeyjarsveit, sem þarf að taka tillit til í aðalskipulagi. Að sjálfsögðu er ekki hægt að útiloka algerlega hættu á hraunflóði – eins og Aðaldalshraunið o.fl. ber í raun vitni um – en þess konar ofsalegar náttúruhamfarir munu eiga við öll láglandi hreppsins og ekki er hægt að taka tillit til þeirra við skipulagsgerð.

3.2.1 Náttúruvernd, friðun o.fl.

Náttúruverndarsvæði eru samkvæmt skilgreiningu í 3.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd:

- 1) friðlýst svæði, það eru þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti,
- 2) önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruinjaskrá, og
- 3) afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

> Friðuð svæði:

Í Þingeyjarsveit eru þrjú friðlýst svæði, þ.e. Mývatns- og Laxársvæðið, Vatnajökull og Vestmannsvatn.

\*\*\*

Stór hluti Þingeyjarsveitar fellur undir lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (Lög nr. 97 / 2004):

Laxá og 200 m breiður bakki meðfram ánni báðum megin er friðaður. Laxá er vernduð samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar). Í lögum segir m.a. (2. og 3.gr.):

*" Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. [...] Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr.*

Þá er upp. 575 km<sup>2</sup> stórt svæði eða tæp 10 % alls svæðis Þingeyjarsveitar skilgreint sem "Verndarsvæði vatnasviðs Mývatns og Laxár". Svæðið tekur m.a. yfir Aðaldal, Reykjadal, Laxárdal og þann hlut Reykjahverfis sem heyrir til Þingeyjarsveitar. Um verndarsvæðið segir í lögum (4. gr.):

*" Forðast skal, að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinna samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns. Umhverfisráðherra setur í reglugerð, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórna,*

*nánari ákvæði um varnir gegn hvers konar mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár, þar á meðal á grunnvatnskerfi. ..."*

Þjóðgarður norðan Vatnajökuls:

Vatnajökull er friðlýstur með sérstökum lögum nr. 60/2007. Friðlýsing Vatnajökulsþjóðgarðs tók gildi við setningu reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008.

Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarmínjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnst og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.

Samkvæmt 12. gr. laganna skal unnin sérstök verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Í henni verður gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstigum, göngu- brúm og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings, aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum.



*Þjóðgarður norðan Vatnajökuls, mörk sýnd með gulu*

Friðland við Vestmannsvatn:

*" Vestmannsvatn, Aðaldælahreppi, Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 30/1977. Stærð 600 ha. "*


Vestmannsvatn var lýst friðland árið 1977. Friðlandið er um 600 ha og um það gilda eftirfarandi reglur:

Ekki má breyta landslagi á svæðinu og gildir það einnig um strendur vatna og tjarna, vainsfarvegi og vatnsborð. Mannvirkjagerð og hvers konar jarðrask er óheimilt á friðlandinu. Gildir það um allar byggingar, vegi skurði o.s.frv. Heimilt er þó að halda við þeim byggingum sem nú eru á svæðinu og nauðsynlegar teljast. Heimilar eru allar hefðbundnar nýttar af friðlandinu, svo sem heyskapur, beit, veiði í vötnum, berjatínsla, skógarhögg o. fl., svo framalega sem ekki er um að ræða ofnýtingu að dómi umsjónaraðila. Þó getur [Umhverfisstofnun] sett nánari reglur um friðun fyrir beit á takmörkuðum svæðum í samráði við landeigendur. Öll meðferð skotvopna er stranglega bönnuð í friðlandinu nema til eyðingar meindýra. Bannað er að granda fuglum eða skemma hreiður þeirra. Eggjataka er aðeins heimil ábúendum í samræmi við fuglafriðunarlög. Við bergmyndunum (hrauni, gjallhólum) má ekki hrófla og varast ber alla skerðingu á melhólum og hryggjum. Öll umferð vélknúinna öku- eða siglinga-tækja utan vega er því aðeins leyfileg að hún sé í sambandi við eðlilega nýtingu (sbr. 3. gr.) Notkun hraðbáta á vötnunum er bönnuð. Umsjón með framkvæmd friðlýsingarinnar hefur náttúruverndarnefnd Suður - Þingeyjarsýslu sem getur sett nánari reglur og veitt undanþágur frá ákvæðum 2. - 5. gr., ef bryn ástæða þykir til, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

#### > Svæði á Náttúruverndaráætlun:

Í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008, samþykkt á Alþingi í maí 2004, var ákveðið að unnið skyldi að friðlýsingu 14 svæða á landinu, og er eitt þeirra í Þingeyjarsveit:

#### 512. Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda / Grytubakka-hreppi, Hálsahreppi, Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu.



Í tillögu að friðlýsingu svæðisins sem friðlands segir m.a:

„ Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 604 km<sup>2</sup> að stærð og tilheyrir Grytubakkahreppi og Þingeyjarsveit. Svæðið er á náttúruminjaskrá (svæði 512) fyrir fjölbreytilegt landslag og ríkulegan gróður og fyrir útivistargildi þess. Talið er mikilvægt að vernda svæðið sem friðland á grundvelli gróðurfars,

en þar finnst fjöldi sjaldgæfra tegunda háplantna sem hafa takmarkaða útbreiðslu, jafnframt vegna gildis svæðisins fyrir útivist og ferðaþjónustu.“

„ Svæðislýsing: Mjög fjölbreytilegt landslag með fjalllendi, láglandi og strandsvæðum. Nokkrar eyðijarðir eru á Látraströnd, í Fjörðum og á Flateyjardal. Kjörð útivistarsvæði til gönguferða og náttúruskoðunar. Fjölbreytt búsvæði með ríkulegum gróðri, svo sem gras- og vottlendi við sjó og upp í fjallseggar í meira en 1.000 m hæð. Þarna er sérstætt og óvenju-fjölbreytt gróðurfar og margar sjaldgæfar og fremur sjaldgæfar háplöntutegundir. Gömul megineldstöð er á svæðinu með rhyólítmyndunum og tilheyrandi jarðhitaummyndun. Við ströndina norðaustan til gættir áhrifa frá Húsavíkur – Flateyjar-þverbrotabeltinu. Fornminjar og eyðijarðir tengdar sögnum. Eignarhald: Eyðibýggð, mikið í einkaeign. Núverandi landnotkun: Beit, útivist og ferðaþjónusta.

Ný þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 var samþykkt í Alþingi 2. febrúar 2010. Í henni er ekki ákveðið um ný svæði í Þingeyjarsveit, en sagt að áfram verði unnið að friðlýsingu svæða sem eru á fyrra náttúruverndaráætlun.

#### > Önnur svæði á Náttúruminjaskrá:

Þá eru í Þingeyjarsveit 18 aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá. Flestar eru staðsettar á eða nálægt byggðum svæðum og eru þær nokkuð aðgengilegar frá þjóðvegakerfi landsins, en sjö þeirra eru utan alfaraleiða: Um er að ræða tvö svæði allra nyrst í hreppnum, þrjú svæði á miðhálandinu syðst í hreppnum og tvö austan til á Þeistareykjasvæðinu. Hér að neðan er sagt frá „öðrum minjum á náttúruminjaskrá“, fyrst frá 11 svæðum nálægð byggð og síðan frá sjö svæðum utan alfaraleiða. \*

\*) Í náttúruminjaskrá er miðað við hreppaskiptingu eins og hún var fyrir sameininguna 2002 og er sú greining varðveitt hér, þó að allar nefndar náttúruminjar séu nú í Þingeyjarsveit:

#### 514. Melar við Illugastaði, Hálsahreppi, S-Þingeyjarsýslu.

(1) Illugastaðaklif og aðrir melhjallar milli Illugastaða og Selands í Fnjóskadal. (2) Leifar af framburðareyrum í svonefndu Fnjóskadalsvatni, sem fyllti dalinn í lok isaldar.

#### 515. Bleiksmýrardalur, Hálsahreppi, S-Þingeyjarsýslu.

(1) Dalurinn upp að fjallsbrúnum frá Reykjum að Skarðsöxl sunnan Gönguskarðs. (2) Fjölbreytilegt landslag, berglaup, jarðhiti er við Reyki og birkiskógur í hlíðum.

#### 519. Ingvararfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss,

#### Bárðdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu.

(1) Skjálfandafjót ásamt bökkum, frá og með Hrafnabjargafossi og norður fyrir Ingvararfoss. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar nærri fjölfarinni leið.

#### 520. Ljósavatn, Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu.

(1) Ljósavatn og umhverfi upp að brúnum Krossaxlar að norðan og Stóradalsfjalls að sunnan, milli hreppamarka að vestan og Geitár og bæjarins Kross að austan. (2) Fjölbreytt

landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökuldrárhólar, hraun og skógur.

521. Goðafoss, Ljósavatnshreppi, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Fossinn og gljúfríð neðan hans og næsta nágrenni. (2) Goðafoss er einn tilkomumesti foss landsins.

522. Þingey, Ljósavatnshreppi, Reykdælahr, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Þingey og nálægar eyjar í Skjálfandaflljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvaði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótshéiðar við Þingey. (2) Óbyggður skógvaxinn dalur. Fallegir fossar og gljúfur, gróðurrikar eyjar. Söguhelgi

523. Varastaðaskógur, Reykdælahreppi, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Skóglendi milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. (2) Fallegur birkiskógur. Svæðið er að hluta friðlýst skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár.

524. Halldórsstaðir, Reykdælahreppi, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Jörðin Halldórsstaðir I í Laxárdal. (2) Fjölbreytt landslag neðan frá Laxá og upp á heiði.

525. Gervíggar við Knútsstaði í Aðaldal, Aðaldælahreppi, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Gervíggar vestan Laxár í Aðaldalshrauni. (2) Fjölbreyttar gervíggamyndanir í Laxárhrauni yngra.

526. Gervíggaþyrpingar í Aðaldal, Aðaldælahreppi, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Gjallgígar og borgir í miðjum Aðaldal við bæina Haga, Nes, Hafalæk, Garð, Jarlsstaði og Tjörn. (2) Fjölbreyttar gervíggamyndanir í Laxárhrauni yngra.

527. Votlendi á Sandi og Sílalæk, Aðaldælahreppi, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Miklavatn í Aðaldal og mýrlendi umhverfis það milli Aðaldalshrauns, Sjávarsands og Skjálfandaflljóts, í löndum Sands og Sílalækjar. (2) Stórt og gróðurmikið vatn, víðáttumikil flæði-lönd með miklu fuglalífi.

540. Flatey á Skjálfanda, Hálsahreppi, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Eyjan öll. (2) Lág og flatlend eyðieyja, aðeins nokkrir metrar yfir sjó með lönnum fyrir innan malarkamba. Grösug eyja með fjölbreyttu fuglalífi. Sögumínjar.

512. Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda / Grytubakka-hreppi, Hálsahreppi, Ljósavatnshreppi, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Látraströnd, Fjörður, Flateyjardalur og Náttfaravíkur. Suðurmörk eru um Kaldbak, Leirdalsöxl, Blámannshatt, Skessuskálarfjall og Bakranga. (2) Mjög fjölbreytilegt landslag og ríkulegur gróður. Kjöríð útivistarsvæði til náttúruskoðunar. [ Ath: svæðið er á Náttúruverndaráætlun, sjá fyrri blaðsíðu ]

516. Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur) (702), S-Pingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu.

(1) Jökullinn ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga, Nýjadal og jarðhitasvæði í Vonarskarði. (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum.

517. Gæsavötn við Gæsaahnjúk, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Vötn við suðurjaðar Ódáðahrauns vestur undir Gæsaahnjúk og umhverfi þeirra. (2) Lindavötn og hálendisvin, um 920 m h.y.s.

518. Laufrönd og Neðribotnar, S-Pingeyjarsýslu.

(1) Gróðurlendi í vesturjaðri Ódáðahrauns milli Laufrandar og Hraunár sunnan frá Steinfelli norður fyrir Neðribotna. (2) Gróðursælt umhverfi tjarna og lindavatna, 700-800 m h.y.s. Sérstætt fuglalíf.

533. Þeistareykir, [Aðaldælahreppi], S-Pingeyjarsýslu.\*

(1) Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. (2) Fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gufu- og leirhverir, útfellingar í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við Bónðhól. Jarðhitaplöntur.

534. Vitiin á Reykjaheiði, [Aðaldælahreppi], S-Pingeyjarsýslu.\*

(1) Stóra- og Litla-Viti á Þeistareykjabungu ásamt nánasta umhverfi. (2) Merkar jarðeldamyndanir, formfagur hraungígur frá nútíma og fallgígur.

\*) Í Náttúruvinnjaskrá eru Þeistareykir og Vitiin ranglega skráð í Reykjahreppi, leiðrétt hér að ofan í hornklofa)

> Náttúruverndarsvæði í svæðisskipulagi miðhálandis:

Í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 er gert grein fyrir tvenns konar verndarsvæði. Annað er nefnt „náttúruverndarsvæði“ en hitt „almenn verndarsvæði“:

Náttúruverndarsvæðin ná yfir mikilvægustu og merkustu náttúruvinnjar hálendisins. Í Suður-Pingeyjarsýslu eru stærstu náttúruverndarsvæðin á gosbeltinu; fagurformaðar dyngjur, stapar og gígaraðir og víðáttumestu hraun Íslands. Svæðin ná yfir stórar landslagsheildir og óroskuð víðerni, s.s. stóra samfellda hluta gosminja á gosbeltinu. Innan náttúruverndarsvæða eru friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum og ýmis önnur svæði sem mikilvægt er að vernda með einum eða öðrum hætti. Sum þessara svæða lúta stjórn náttúruverndaryfirvalda en umsjón með öðrum verður í höndum sveitarfélaga. Eitt slíkt svæði er í Þingeyjarsveit:

- Tungnafellsjökull-Vonarskarð og Trölladyngja sem tilheyrir Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, Ásahreppi og Djúpárhreppi. Svæðið er á vatnaskilum milli Norður- og Suðurlands. Mörk liggja umhverfis Tungnafellsjökul með Jökuldal, Tómasarhaga, Vonarskarði, Gæsavötnum og á Dyngjuháls þar sem það tengist Skútustaðahreppi. Ennfremur Laufrönd og Neðribotnar. Fjölbreytt og stórbrotið landslag nálægt miðju landsins við jaðar Vatnajökuls. Tungnafellsjökull og Jökuldalur (Nýidalur) eru á náttúruvinnjaskrá (516/702), einnig Laufrönd og Neðribotnar (518).

Almenn verndarsvæði fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruvinnja, þjóðminja og mikilvægustu lindasvæða. Ennfremur svæði með miklu útivistargildi, þar á meðal jaðarsvæði að byggð.

Verndarsvæði í S.-Þingeyjarsýslu eru þessi:

- Drög Fnjóskár-Íshólsvatn. Afdalir Fnjóskadals og Bårðardals vestan Sprengisandsleiðar. Landsvæði sem er að mestu mótað af jökli. Daladrög sem teygja sig inn í hálendið. Minjar um byggð og fornar samgönguleiðir. Landsvæði sem lítið hefur verið rannsakað.

- Drög Skjálfandaflljóts austan Sprengisandsleiðar frá Fjörðungsvatni norður að Íshólsvatni austur að Sandá um Sandmúladalasá og suður á Dyngjuháls. Daladrög sem teygja

sig inn undir jökul, að mestu mótað af jökli. Rík lindasvæði og minjar um byggð.

- Vatnajökull, Bárðarbunga-Kverkfjöll. Einn hálandasti hluti Vatnajökuls, háhitasvæði í jökli. Svæðið var friðlýst árið 2007.

> *Verndarsvæðin eru sýnd á sveitarfélagsupprætti og á skýringarupprætti S-03, skv. afmörkun Umhverfisstofnunnar.*

> Sérstök vernd jarðmyndana og vistkerfa:

Í 37.gr. laga um náttúruvernd (nr. 44/1999) segir:

"Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- eldvörp, gervígígar og eldhraun,
- stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> og stærri,
- mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> eða stærri,
- sjávarfítjar og leirur. ... "

\*\*\*

Eftirfarandi er ágríp úr "Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025" sem segir nánar frá sérstökum jarðmyndunum á Þeystareykjum og í Gjástykki. (Bl. 12 og 15, tilvísunar og heimildar í texta svæðisskipulagsins er sleppt, varðandi þær er vísað til svæðisskipulagsins í heild).

#### ÞEISTAREYKIR:

"Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum er á náttúruminjasrá vegna fjölbreyttra jarðmyndana, gufu- og leirhvera og útfellinga og hefur því nokkuð verndargildi.

Jarðhitaummerki eru á um 19 km<sup>2</sup> svæði og eru þau greinilegust við norðanvert Bæjarfjall. Auk þess er ummyndað svæði austan Lambafjalla. Þessi jarðhitaummerki falla undir 37. gr. laga nr. 44 /1999 um náttúruvernd. Í tengslum við rammaáætlun um mat á virkjunarkostum lét Orkustofnun gera tillögur að flokkun jarðhitafyrirbæra á háhitasvæðum til þess að auðvelda mat á náttúruverndargildi þeirra. Í skýrslunni kemur fram að þær jarðhitamyndanir sem finnast á svæðinu séu annars staðar á landinu aðdráttarafl fyrir ferðamenn, til dæmis á Hverarönd í Mývatnssveit.

Hraun sem runnin eru eftir ísaldarlok, fyrir um 10 þúsund árum, kallast nútímahraun eða eldhraun. Eldhraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þeistareykjasvæðið er þakið nútímahraunum samkvæmt fyrirbyggjandi jarðfræðikorti. Þeistareykjahraun er þeirra lang yngst (2700 ára) og sker sig úr hvað verndargildi varðar vegna þess að yfirborðseinkenni annarra hrauna eru að mestu horfin. Nýjustu rannsóknir benda til þess að hraun á Þeistareykjasvæðinu, að Þeistareykjahrauninu undanskildu, séu frá lokum ísaldar eða 10-13 þúsund ára gömul.

Í Þeistareykjahrauni, eru nokkrir hellar þar á meðal dropsteinahellar. Dropsteinar eru friðlýst náttúruvætti skv. auglýsingu nr. 120/1974. [...]

Stóra-Víti er toppgígur Þeistareykjabungu. Frá honum rann Stóra-Vítishraun fyrir um 11.400 árum yfir heiðafákann upp af Kelduhverfi, Þeistareykjasvæðið og allt Gjástykki norðan Hrutafjalla. Nokkru sunnan við Stóra-Víti er Litla-Víti sem er svonefndur fallgígur. Slík fyrirbæri eru einkennandi fyrir dyngjur og myndast þegar þakið yfir hraunrás hrynur. Norðan í dyngjunni er Langavíti, aflangur eldgígur sem frá rann hraun

sem er talsvert yngri en dyngjan sjálf. Stóra- og Litla-Víti eru á náttúruminjasrá "

#### GJÁSTYKKI:

"Austur- og vesturmörk sigdalsins í Gjástykki einkennast af nokkurra tuga metra háum klettaveggjum sem myndast við misgengishreyfingar. Í botni dalsins má finna ótal sprungur og gjár.

Innan skipulagssvæðisins er hraunið sem rann í Kröflueldum 1975-1984 á tveimur stöðum. Annars vegar rann hraunið norður í Gjástykki og hins vegar rann tunga austan við Gæsa-fjöll. Hraunið er úfið ógróið apalhraun og fellur undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. U.þ.b. tveim km. sunnan Hituhóla hefur vegslóði, girðingarslóði, verið ruddur þvert yfir meginhraunið og hrauntunguna við Gæsafjöll.

Samkvæmt flokkun, sem gerð var á jarðhitafyrirbærum á háhitasvæðum, eru slík fyrirbæri ekki fjölbreytt í Gjástykki. Þar kemur fram að helstu ummerki séu leirhverir og gufa frá heitu grunnvatni. "

---

### 3.2.2 Þjóðminjavernd, friðun o.fl.

---

> Friðuð hús:

Átta kirkjur í Þingeyjarsveit eru friðaðar skv. lögum um húsafríðun / skv. aldursákvæði 1. mgr. 26. gr. Þjóðminjalaga ( þ.e. kirkjur reistar fyrir 1918) og eru þær:

Hálskirkja (1860),  
Illugastaðakirkja (1861),  
Einarsstaðarkirkja (1862),  
Grenjaðarstaðarkirkja (1865),  
Þverárkirkja (1878),  
Lundarbrennukirkja (1881),  
Ljósavatnskirkja (1892),  
Neskirkja (1903).

Eitt hús er friðað skv. lögum um húsafríðun / skv. aldursákvæði (þ.e. hús reist fyrir 1850) og er það:

Gamli bærinn á Þverá í Laxárdal. Torfhús reist 1849-1870 og fjárhús og hlaða reist 1845-1850. Í vörslu Þjóðminjasafns.

> Friðlystar fornleifar:

Í Þingeyjarsveit eru 22 friðlystar fornleifar samkvæmt friðlýsingaskrá frá Fornleifavernd ríkisins, og eru þær taldar upp hér að neðan. (Ýmsum tilvitnunum friðlýsingaskráa er sleppt):

Eyri, Flateyjardal: Fornar girðinga- og tóftarleifar í graslendi í Eyra-urð.

Hof, Flateyjardal: a. Hoftóft, er svo er nefnd, á túninu norðaustur frá bænum. b. Aðrar fornar tóftir um túnið, m.a. ein hringmynduð tóft.

Háls. Fnjóskadal: Allar fornar leifar á Leiðarness-þingstað, en hann er vestur við Fnjóská, þar er hún gjörir bug vestur á við og myndar á þann hátt nes.

Þórðarstaðir, Fnjóskadal: Leifar Fjósatunguþingstaðar; þær eru gegnt Fjósatungu við Fnjóská.

Flausturbalar, Bleiksmýradal: Afréttarland. Fornar rústir á þrem stöðum, þar sem Flausturbalar heita, nálægt miðri norðurhlíð Bleiksmýrardals.

Reykir, Bleiksmýrardal: a. Fardísartóftir, svo nefndar, á Bleiksmýrardal. b. Rústir Kárasels, nokkru utar. c. Gamlar réttir, á grund litlu ofar.

Tunga, Bleiksmýrardal: a. Rúst eyðibýlisins Klaufakots, nálægt mynni Bleiksmýrardals. b. Grænutóftir, svo nefndar, langt suður í dalnum.

Steinagerði, Hjaltadal: Rúst eyðibýlisins Steinagerði, við landamæri Snæbjarnarstaða.

Sörlastaðir, Timburvalladal: a. Rústir hins forna eyðibýlis Timburvalla, vestanmegin í Timburvalladal. b. Rústir hins forna eyðibýlis Tungufells, undir múlanum milli Timburvalladals og Hjaltadals..

Fornastaðir, Ljósavatnsskarði: Forn rúst, er Finnastaðir heitir, skammt norðvestur frá túninu.

Ljósavatn, Ljósavatnsskarði: a. Hoftóft í túninu, um 100 metra fyrir austan kirkjuna. b. Gamlar bæjartóftir suðaustur frá bænum, á dálitlum hól fyrir utan túnið.

Hlíðarendi (Geitagerði), Bárðardal: Gamlar girðingar og tóftir, þar sem heitir Geitagerði. (Ath: Fornleifum þessum er friðlýst á jörðina Sandhauga, minjarnar eru eigi að síður í landi Hlíðarenda).

Stóru-Vellir, Bárðardal: Fornleifar Söxólfstaða.

Viðiker við Svartá: a. Fornar rústir Litla-Viðikers, í halla fyrir austan Svartá. b. Fornar rústir, þar sem heitir Viðigerði; það er spólkorni sunnar en Litla-Viðiker, í litlum halla, nál. 400 álnum fyrir austan Svartá.

Afréttarland, við Íshólsvatn. a. Leifar hins forna eyðibýlis Hrauntungu, í norðurjaðri Óðáðhrauns, við upptök Suðurár. b. Leifar hins forna eyðibýlis Hofgarða, við suðurenda Íshólsvatns, austanmegin. c. Fornar bæjarrústir, í tungunni milli Fiskiár og Mjóadalsár.

Rauðaskriða, Skriðuhverfi: Kirkjugarður forn vestur frá bænum.

(Ath: Nýjustu rannsóknir sýna að hér er þó ekki um kirkjugarð að ræða. Í „Fornleifaskráning á Rauðaskriðu og hjáleigum“, Fornleifastofnun Íslands 2006, segir m.a. (bls.17-18): „Bænhús eða hálfkirkja var á Rauðaskriðu. Lengi var haldið að það hafði verið fast sunnan við Kvíaból 025 þar sem enn sést ferhyrnt gerðið sem friðað var og lýst er í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1906. Sumarið 2003 var hins vegar grafið í gerðið og kom þá í ljós að ekki gat verið um bænhús að ræða en líklegast að á þeim stað hafi verið kálgarður. Því er staðsetning bænhússins óþekkt“.

Bergsstaðir, Skriðuhverfi: Mánagerði, dálítil tungirðing, forn, fyrir vestan heimatúnið, og í henni bæjarrúst..

Fliótsbakki, Þingey: a. Öll mannvirki á hinum forna Þingeyjarþingstað í Þingey. b. Allar fornar búðatóftir í Skuldaþingsey.

Helgastaðir, Reykjadal: Öll mannvirki á hinum forna þingstað, Leiðarhóli; hann er uppi undir fjallinu vestur frá bænum.

Stóru-Laugar, Reykjadal: "Valhóll", er svo heitir, forn hringur, eða stór tóft, suðaustantil í túninu.

Halldórsstaðir, Laxárdal: Gömul steinþró, ferhyrnd, 56-58 cm. að þvermáli, og um 65 cm. að dýpt, í kjallara undir íbúðarhúsi.

Þverá, Laxárdal: Fornar tóftir tvær; önnur sunnanvert við tröðina, efst í túninu, hin niðri í túninu, nær ánni.

#### > Fornleifaskráning:

Til eru ýmis konar fornleifaskráningar á svæði Þingeyjar-sveitar. Við gerð aðalskipulagsins er ekki farið í nýjar rannsóknir en stuðst er við þau gögn sem eru þegar fyrir hendi, og þá einkum við eftirfarandi:

#### Svæðisskráning:

> *Meningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal.* Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 2001 / Hildur Gestsdóttir & Sædis Gunnarsdóttir. (FS129-00111).

> *Meningarminjar í Hálsþreppi.* Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 2002 / Birna Lárusdóttir & Guðrún Alda Gísladóttir. (FS165-01031).

- Um eru að ræða samtals 530 blaðsíðna skýrslur og skráðar eru upplýsingar um samtals 3.855 fornleifar. Í svæðisskráningum er greint frá ýmsum heimildum og staðsetningu minjanna er lýst í texta, en þær eru ekki hnitsettar eða sýndar á kortum.

#### Fornleifaskráning á deilissvæðum:

> *Þeistareykir í Suður-Þingeyjarsýslu, fornleifakönnun.* Fornleifastofnun Íslands 2001 / Orri Vésteinsson (FS151-01161).

> *Fornleifaskráning á Narfastöðum í Reykjadal.* Fornleifastofnun Íslands 2005 / Birna Lárusdóttir & Elin Ósk Hreiðarsdóttir (FS261-04151)

> *Fornleifaskráning í Þeistareykjalandi.* Fornleifastofnun Íslands 2006 / Orri Vésteinsson. (FS326-05211).

> *Fornleifaskráning á Rauðuskriðu og hjáleigum.* Fornleifastofnun Íslands 2006 / Elin Ósk Hreiðarsdóttir (FS332-05211).

> *Fornleifaskráning á Þegjandadal 2005-2006.* Fornleifastofnun Íslands 2007 / Elin Ósk Hreiðarsdóttir (FS344-05122).

> *Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línustæði og orkuvinnslustöðvar. Krafla Gjástykki, Þeistareykir, Bakki.* Fornleifastofnun Íslands 2007 / Uggi Ævarsson (FS366-07211).

- Í þessum skýrslum er greint frá veltvangskönnun á svæðunum og eru minjarnar staðsettar með hnitum og sýndar á kortum / loftmyndum.

#### Annað:

> *Forn Gardlög í Suður Þingeyjarsýslu / A system of earth-works in NE Iceland.* Fornleifast. Íslands 2007 / Oscar Aldred, Elin Ósk Hreiðarsdóttir, Birna Lárusdóttir, (FS349-04263).

## > Helstu fornminjar í Þingeyjarsveit:

Eins og áður er sagt er staðsetning minjastaðar í svæðisskráningu aðeins lýst í texta með mismunandi hætti, en þær ekki hnitsettar eða sýnt á kortum. Þegar ekki er farið í frekari vettvangsrannsóknir við gerð aðalskipulagsins er aðeins hægt að merkja minjastaði inn á skipulagsupprætti / skýringarupprætti í þeim tilfellum þar sem gerð hefur verið ytarleg fornleifaskráning, þ.e. á Narfastaðum, Rauðuskriðu og Þeistareykjum, í Þegjandadal og að hluta til á Miðhálandinu.

Helstu minjastaðir á þessum svæðum eru upptaldir hér að neðan og sýndir á sveitarfélagsupprætti / skýringarupprætti S-09. Einkum er gerð grein fyrir fornum bæjarstæðum o.fl. en heimildum um útihús, landamerki, vöð o.fl. er sleppt.

Samkvæmt 10. grein Þjóðminjalaga eru hins vegar allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: *“Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.”*

Í því sambandi er vísað til fornleifaskráninganna í heild.

### Rauðaskriða:

258-001	Rauðaskriða, bæjarhóll	[ Sp-258 Rauðaskr. ]
258-009	Skálholt, bæjarstæði	[ Sp-258 Rauðaskr. ]
258.010	Steinsstaðir, bæjarstæði	[ Sp-258 Rauðaskr. ]
258-017	Þorsteinsstaðir, bæjarstæði	[ Sp-258 Rauðaskr. ]
258b-001	Skriðusel, bæjarhóll	[ Sp-358b Skriðusel ]
259-001	Skriðuland, bæjarhóll	[ Sp-259 Skriðuland ]

### Þegjandadalur:

224b-001	Þjarnastaðir / Gíslastaðir	[ Sp-224 Grenjaðarst. ]
224c-001	Hrísakot, bæjarstæði	[ Sp-224 Grenjaðarst. ]
250b-001	Skárastaðir, bæjarstæði	[ Sp-250 Múli ]
250c-001	Hólkot	[ Sp-250 Múli ]
250d-001	Þjarkarstaðir	[ Sp-250 Múli ]
250e-001	Ingríðarstaðir	[ Sp-250 Múli ]
250f-001	Einarsstaðir	[ Sp-250 Múli ]

### Þeistareykir:

250b-001	Þeistareykir, bæjarstæði	[ Sp-250b Múli/Þeist. ]
250b-002	Þeistareykjanámur, brennist.	[ Sp-250b Múli/Þeist. ]
250b:042	Mælifell, bæjarstæði	[ Sp-250b Múli/Þeist. ]

### Narfastaðir:

Sp-282:001	Narfastaðir
Sp-283:001	Narfastaðasel

Í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru nefnd eftirfarandi bæjarstæði í Mjóadal, Króksdal o.fl.:

Sp-171:001	Mjóidalur í Mjóadal
Sp-171:002	Hólkot í Mjóadal
Sp-171:006	Engimyri í Mjóadal
Sp-172:001	Íshóll í Íshólsdal
Sp-159b:001	Helgastaðir í Króksdal
Sp-159b:002	Smiðjuskógur
Sp-644.003	Hafurstaðir
Sp-644:004	Undir Sandmúla
Sp-644:011	Öxnadalur
Sp-644:015	Grafarlönd

Tölusetning minjastaða er samsett af þriggja stafa jarðarnúmeri (miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Jóhnsens frá 1847) og þriggja stafa kennitölu sem hengd er við jarðarnúmerið. Skammstafirnir Sp tákna Suður-Þingeyjarsýslu.

## > Fornleifar í Þeistareykjalandi og við Gjástykki:

Eftirfarandi er ágríp úr “Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025” sem segir nánar frá fornminjum á Þeistareykjum og í Gjástykki. (Bl. 13 og 16):

### ÞEISTAREYKIR:

“ Samkvæmt fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands, sem fór fram sumrin 2001 og 2006, eru 58 þekktir fornleifastaðir í Þeistareykjalandi. Þar af eru langflestir eða 35 í Þeistareykjatúni og þrír til viðbótar í næsta nágrenni sem tengjast búskap þar.

Síðsumars árið 2006 var frekari fornleifaskráning unnin í Þeistareykjalandi utan Þeistareykjatúns. Þá kom í ljós að umtalsverðar mannvistarleifar eru aðeins á einum stað, í Mælifelli / Reykjasei. Í Þeistareykjalandi fundust fjórar grjóthlaðnar réttir, flestar líklega frá 20. öld. Einnig eru á svæðinu vörður og ýmiskonar vísbendingar um leiðir um Þeistareykjalandi, þó fáar hafi verið fjölfarnar. Samkvæmt Orra Vésteinsyni (2006) er bæjarstæði Þeistareykja einstakur minjastaður og er nauðsynlegt að gera áætlanir til að tryggja varðveislu hans.

Enn eru stórir hlutar Þeistareykjalands ókannaðir, sérstaklega eystri hluti landsins, austan við Bæjarfjall. Þar eru aftur á móti ekki þekktar neinar vísbendingar um fornleifar og staðhættir ekki þesslegir að þar geti verið mikið um mannvistarleifar. ”

### GJÁSTYKKI:

“ Helstu fornminjar í nágrenni við Gjástykki eru vörður og leiðir tengdar landamerkjum og samgöngum um svæðið. Þar má til dæmis nefna leiðir um Draugagrundir norðan undir Gæsa-fjöllum. ”

## > Sérstakar rannsóknir:

Auk svæðisskráningar og fornleifaskráninga er rétt að nefna hér sérstaklega þrjú rannsóknarverkefni sem eru í gangi í Þingeyjarsveit, þ.e. rannsóknir á Þingey í Skjálfanda, fornum garðlögum í Suður-Þingeyjarsýslu og rannsóknir á Litlu Núpum í Aðaldal.

### Þingey í Skjálfandafljóti:

Einn merkasti en jafnframt minnst þekkti og óaðgengilegasti sögustaður á landinu er án efa minjar vorþingstaðarins í Þingey, í miðju Skjálfandafljóti norðan Goðafoss. Hún mun hafa verið einn hinna föstu vorþingstaða sem talið er að hafi verið ákveðin er stjórnskipun á Íslandi komst í fast horf. Fornfræðingar á 19. og 20. öld sýndu þingstaðaminjum mikinn áhuga og a.m.k. tveir þeirra heimsóttu Þingey: Kristian Kálund og Brynjúlfur Jónsson. Búið var í Þingey um tíma á 19. öld og þar sjást því rústir bæjar auk þingstaðarrústanna. Segja má að sýnilegar töftir í Þingey skiptist í tvo flokka. Annarsvegar eru misstórar töftir, misjafnar að lögun og gerð,

sem liggja óreglulega hér og þar, og hinsvegar eru aflangar tóftir sem liggja í beinum röðum, með lengdarstefnu N-S, og skiptast niður í regluleg, vel afmörkuð hólf. Tóftir í síðarnefnda flokknum hafa fyrri athugendur talið vera leifar þingbúða, og er freistandi að taka undir þá skoðun.

Rannsóknir í Þingey eru unnar í samstarfi við Hið Þingeyyska fornleifafélag.

(heimild: Fornleifastofnun Íslands / [www.instarch.is](http://www.instarch.is))

Árið 2004 voru minjar í Þingey skoðaðar og mældar upp. Sumarið 2005 var gerður uppröfður á fjórum stöðum í eyrni. Tilgangur rannsókna var annarsvegar að leita vísbendinga um hvers eðlis þær tóftir væru sem taldar eru tilheyra þinghaldi, hvort þar væru t.a.m. minjar um tímabundna veru fólks, eða minjar af öðrum toga. Þá var leitast við að kanna tímatalfræðilegt samhengi staðarins í heild og grafnir profuskurðir í ytra og innra garðlag kringum staðinn sem og áfasta tóft við innra garðlag.

Til rannsókna meintum þingbúðum á staðnum var valin nyrsta tóftin. Í ljós kom vel varðveitt, mannvirkir úr torfi, með lágum veggjum hlöðnum úr streng. Mannvirkið liggur undir gjóskulagi frá 1300 og 1477, en ofan á forsögulegum lögum sem og landnámsstyrpunni svokölluðu. Engir gripir fundust, engin bein, kol eða aska og ekkert eiginlegt gólfslag. Niðurstaða uppgrafsarins fellur því mjög vel að þeirri skoðun að hér sé um þingbúð að ræða.

Grafnir voru skurðir í gegnum garðlögin í kringum staðinn. Ljóst er að þeir eru frá miðöldum, en á þessu stigi verður ekki fullyrt hvort þeir séu frá sama tíma og þingbúðir eða ekki.

(Ágrip úr bráðabirgðaskýrslu, júní 2006)

(heimild: Hið Þingeyyska fornleifafélag / [www.fornleifafelag.is](http://www.fornleifafelag.is))

#### Forn garðlög:

Einar elstu og án efa umfangsmestu fornleifar í Þingeyjarsveit eru mikil garðlög sem mynda kerfi vörslu- og landamerkjagarða. Í Þingeyjarsveit má greina part af samfeldu og kerfisbundnu garðakerfi sem nær allt frá Hofstöðum í Myvatnssveit norður á ystu strendur Tjörnness. Garðlögin ná yfir stórt svæði og umfang þeirra sýnir að óhemju mikil vinna hefur verið lögð í hleðsluna og hefur til þess þurft mikið vinnuafli. Þannig geta þau ekki einungis gefið vísbendingu um beitarstjórnun og landnýtingu til forna heldur einnig verið ómetanleg heimild um samfélagsgerð og samvinnu manna á milli.

Í rannsóknarverkefninu „Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu“ hefur Fornleifastofnun Íslands kortlagt garðlög sem eru samtals 275 km að lengd, og er stór hluti þeirra í Þingeyjarsveit. Álitin er að langflesta garðlaganna séu gerð fyrir árið 1300 og um helmingurinn fyrir 1200. Verkefninu er ekki lokið en nýjustu niðurstöður eru birtar í skýrslunni „Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu, a system of earthworks in north-east Iceland“, Fornleifastofnun Íslands 2007.

Á skýringarupprætti S-09 með aðalskipulagi þessu eru garðlögin sýnd eins og þau koma fram í gögnum frá Fornleifastofnun Íslands. Rétt er þó að benda á fyrirvara Fornleifastofnunar, sem segir: „Þetta kort sýnir stöðu kortlagningarinnar eins og hún er nú. Á þessu eru ýmsir fyrirvarar. Þannig á eftir að bera niðurstöður saman við loftmyndir, teknar úr flugvél og fara á marga staðanna til að vera viss um hvort þar séu garðar eða ekki. Það er því ágætt að hafa í huga að hugsanlega eru til fleiri garðar sem við vitum ekki um og sömuleiðis er möglegt að sumt af því sem hefur verið kortlagt séu í raun ekki garðlög.“

#### Fornleifar / kuml á Litlu Núpum í Aðaldal:

Rústirnir á Litlu-Núpum eru fyrir margra hluta sakir merki- legar. Þær eru umluktar tveimur, miklum garðlögum og túnin sem garðarnir afmarka eru óvenjustór. Innan túngirðingar er að finna fjölmargar tóftir og gerði sem eru að mestu leyti óhreyfð.

Árið 1915 fannst kuml við ytri túngarðinn á Litlu Núpum og Matthías Þórðarson, þáverandi þjóðminjavörður rannsakaði kumlið sama ár og í ljós kom að þar hafði verið heygð fullorðin kona, með höfuð til norðurs. Skammt frá kumlinu voru uppblásin bein úr tveimur hrossum. Adolf Friðriksson fornleifafræðingur kom á Litlu Núpa árið 2004 og tókst að staðsetja kumlið frá 1915 að nýju og frekari athuganir leiddu í ljós tvö önnur kuml, fast við mikla götuslóða sem liggja út úr túninu. Staðsetningin kemur að heim og saman við rannsóknir sem gerðar hafa verið undanfarin ár á staðsetningu kumla sem hafa sýnt að algengast hefur verið að forfeður okkar hafa verið heygðir við leiðir (reiðleiðir/götur), ýmist í túnjaðri eða í jaðri landareigna. Því má leiða að því líkum að bæði vallargarður og götuslóðarnir hafi þegar verið fyrir hendi þegar kumlin voru sett niður og það bendir til þess að á Litlu Núpum sé að finna búsetuleifar frá fyrstu öldum byggðar.

Fornleifaskráning var gerð á Litlu Núpum sumarið 2003 og leiddi í ljós að ytri túngarðurinn afmarkar svæði sem er allt að 24 ha að stærð. Innan garðsins eru a.m.k. 13 tóftir og þrjú stór gerði og allar eru tóftirnar fornlegar og signar að undanskilinni beitarhúsaftóftinni en beitarhúsin voru byggð um aldamótin 1900. Rannsóknir sumarsins 2006 miðuðu að því að aldurstetta rústirnir með því að gera könnunarskurði og kanna einnig um leið hvaða mannvistarleifar væri þar að finna og hve lengi búið hafi verið á Litlu Núpum.

(heimild: Hið Þingeyyska fornleifafélag / september 2006 / [www.fornleifafelag.is](http://www.fornleifafelag.is))

#### Staða fornleifaskráninga í Þingeyjarsveit:

Lögformleg skráning fornleifa hefur ekki farið fram í Þingeyjarsveit og tekur vinna við aðalskipulag sveitarfélagsins því mið af fyrirbyggjandi gögnum.

Það er stefna sveitarfélagsins að formleg fornleifaskráning fari fram hið fyrsta þó ekki verði af því samhliða þessari aðalskipulagsvinnu. Markmiðið hér fellst hinsvegar fyrst og fremst í því að sjá til þess að gerð verði áætlun um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu, þar sem skráning á þéttbýliskjörnum og öðrum þeim svæðum sem skipulag gerir ráð fyrir framkvæmdum á, verði sett í forgang.

Stefnt er að því að áætlun um skráningu verði unnin innan árs frá staðfestingu aðalskipulagsins og mun forgangsroðun hennar byggja á ofangreindu.

Skráning / aðalskráning mun þá fara fram í samræmi við forgangsroðun áætlunar, en framgangur hennar er háður efnahag sveitarfélagsins.

Rétt er að benda á að ekki verður hægt að samþykka deiliskipulagstillögur nema að lögbundin fornleifaskráning hafi farið fram á svæði deiliskipulagsins.

### 3.3 BYGGÐ OG ÞJÓNUSTA

#### 3.3.1 Bæir og íbúðir



Lækjarhvammur í Aðaldal

Samkvæmt Fasteignaskrá ríkisins (fasteignaskrá des. 2007) eru í Þingeyjarsveit rúmlega 400 íbúðir. Um 60% þeirra eru staðsettar á jörðum en 40% á íbúðarhúsalóðum o.fl. (sjá viðauka VI, jarðir, lóðir og mannvirki).

Íbúðir eru langflestar staðsettar í dreifbýli, á svæði sem í aðalskipulagi þessu verður skilgreint sem landbúnaðarsvæði, en tæp 20% eru á öðrum svæðum, aðallega á svæðum sem í aðalskipulagi þessu verða skilgreind sem þéttbýlissvæði:

Á þéttbýliskjarna á Laugum eru um 50 íbúðir (40 á íbúðarhúsalóðum auk 8 íbúða í skólum o.fl.). Á þéttbýlissvæði í Aðaldal / við Hafralækjarskóla eru 9 íbúðir en 8 eru í og við Stórutjarnaskóla. Þá eru upb. 9 íbúðir við Laxárvirkjun.

Hefðbundinn landbúnaður, þ.m.t. kúabú, fjárbú, hrossabú og blönduð bú, hefur ætíð verið meginlandnotkun í sveitarfélaginu. Nýjar búgreinar svo sem skógrækt og ferðaþjónusta (sjá kafla um ferðaþjónustu) hafa verið að ryðja sér til rúms í sveitarfélaginu ásamt heimilisiðnaði ýmiskonar.

Upb. 130 bæir eru með búfé, og þó að búfjárhaldi hafi verið hætt víða á síðustu 20 árum er það áfram töluvert. Á 20 ára tímabilinu 1985-2005 hefur nautgripastofn á því svæði sem nú er Þingeyjarsveit minnkað um tæp 20% og sauðfjárstofn um tæp 40%, en hrossum hefur fjölgað um rúmlega 25%. Til viðmiðunar er hér að neðan sýnt hvernig bústofn á því svæði sem nú er Þingeyjarsveit hefur breyst á síðustu öld.

(heimild: Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 2005)

Árið	hross	nautgr.	sauðfé
1920	862	597	19847
1940	660	793	20120
1960	390	2446	29986
1985	509	3941	29970
2005	647	3182	18183

#### 3.3.2 Þjónustustofnanir



Laugaskóli í Reykjadal

Helstu þjónustustofnanir í Þingeyjarsveit – burtséð frá kirkjum – eru staðsettar við Lauga, Stórutjarnir og á skipulögðu þéttbýlissvæði í Aðaldal. Um er að ræða eftirfarandi:

> Skólar og leikskólar:

Í Þingeyjarsveit eru einn framhaldsskóli og þrjár grunnskólar:

Framhaldsskólinn á Laugum útskrifar stúdenta af félags- og náttúrufræðibraut, auk þess nemendur á íprótta- og almennri námsbraut. Um 100 nemendur stunda nám í skólanum.

Á Laugum hefur verið samfleytt skólalald frá árinu 1925 en Framhaldsskólinn á Laugum varð til með sameiningu Hús-mæðraskóla Þingeyinga og Héraðsskólans árið 1988. Skólinn rúmar um 130 nemendur á heimavist, auk íbúða fyrir kennara og starfsfólk. Einnig eru við skólann ípróttahús og 25 m sundlaug sem opin er almenningi. Land skólans er 32 ha.

Yfir sumartímann er starfrækt sumarhótel og veitingaþjónusta. [ í fasteignaskrá skilgreint sem „annað land“, 32 ha. Ásamt Tröllasteinn heimavist sem „viðskipta- og þjónustulóð 0,19 ha ]

Litlulaugaskóli er grunnskóli með 1.- 10. bekk byggður 1963-1965. Í skólanum er sérstök leikskóladeild, Krillabær, og tónlistarskóli, Tónlistaskólinn á Laugum. Veturinn 2008-2009 voru 33 nemendur í grunnskólanum og 12 börn í leikskólanum.

Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 1,40 ha, ásamt „lóð“, 0 ha.]

Stórutjarnaskóli í Ljósavatnsskarði er grunnskóli með 1.-10. bekk fyrir nemendur úr Fnjóskadal, Ljósavatnsskarði, Bárðardal og Kinn, byggður 1969-1971. Í skólanum er einnig leikskóla- og tónlistardeild fyrir íbúa á starfssvæði skólans. Þá er sundlaug við skólann. Veturinn 2008-2009 voru 51 nemandi í grunnskólanum, en í leikskólanum Tjarnaskjóli voru 11 börn.

Skólinn er um 3.800 m<sup>2</sup>, á lóð sem er upb. 2,8 ha að stærð. Í skólanum eru 3 íbúðir. Yfir sumarmánuðina er rekið hótél í húsnæði skólans og yfir vetrartímam er húsið nokkuð notað til funda og félagsstarfsemi.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 2,79 ha o.fl.]

Leikskólinn Bárðargil í Bárðardal er starfræktur í tengslum við Stórutjarnaskóla, þar eru 5-7 börn.

Ath; staðsett í Kiðagili, sjá nánar kafla 3.3.3, ferðaþjónustu.

Hafralækjarskóli í Aðaldal er grunnskóli með 1.-10. bekk, sameiginlegur með Tjörneshreppi og hluta Norðurþings. Skólinn var settur í fyrsta skipti árið 1972 og tónlistarskóli var stofnaður 1978. Sundlaug er við skólann. Veturinn 2008-2009 voru 62 nemendur við Hafralækjarskóla (þar af 6 frá meðferðarheimilinu Árbót samkvæmt samstarfssamningum).

Lóð skólans er 13,7 ha. Í Hafralækjarskóla eru 4 íbúðir og við skólann eru þar að auki 4 íbúðir (eitt parhús og tvö einbylishús).

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „lóð“. Ásamt etv. „annað land“, 2 ha (Hlégarður land 153872 ???)]

Leikskólinn Barnaborg er við lögugerði í Aðaldal. Leikskólinn rúmar um 20 börn og er með breytilegan vistunartíma. Veturinn 2008-2009 voru 18 börn í leikskólanum.

Húsið er byggt 1998 og var tekið í notkun 1. maí 1999. Húsið er 155 m<sup>2</sup> að stærð og stærð lóðar upb. 0,3 ha.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 0,28 ha.]

> Íþróttahús, félagsheimili o.fl.:

Íþróttahús á Laugum er með öllum búnaði til slíkrar starfsemi. Húsið er 1.723 m<sup>2</sup> að stærð og byggt 1977. Ný 25 metra sundlaug sunnan við íþróttahúsið var tekin í notkun árið 2005. Þá er einnig íþróttavöllur með gerviefni á upphituðum hlaubaum o.fl.

[ Ath: staðsett á lóð Framhaldsskólans]

Ýdalir eru íþróttahús og félagsheimili Aðaldæla og stendur skammt austan Hafralækjarskóla. Húsið var tekið í notkun að hluta til árið 1976 og var það vígt árið 1981. Húsið kom í staðinn fyrir Þinghúsið á Hólmavaði sem hafði þjónað hlutverki sínu í hálföld. Húsið er 1.572 m<sup>2</sup> að stærð.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „jörð“.]

Þinghúsið að Breiðumýri, félagsheimili í Reykjadal, var upphaflega byggt 1904-05 en hefur síðan verið stækkað mikið og endurbætt oftar en einu sinni. Hér er nú 595 m<sup>2</sup> bygging sem er samkomuhús.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „lóð“.]

Ljósveitningabúð, félagsheimili í Kinn, var formlega tekið í notkun 1967, en byggt var við árið 1981. Hér er nú 762 m<sup>2</sup> bygging á lóð sem er 21 ha að stærð.

[ Í fasteignamatí skilgreint sem „lóð“, 21,0 ha.]

Skógar í Fnjóskadal var áður íbúð, símstöð, heimavistarskóli o.fl. Byggt 1908, 265 m<sup>2</sup> bygging. Er að hluta til í eigu Þingeyjarsveitar og nýtt til funda- og samkomuhalds

[ Í fasteignamatí skilgreint sem „jörð“.]

Kiðagil var áður Barnaskóli Bárðdæla og miðstöð félagslífs í Bárðardal. Nú er öflug ferða- og gistiþjónusta á staðnum, vísað er í kafla 3.3.3 verslun og þjónusta.

Samkomuhús Laxdæla (Auðnir lóð), 110 m<sup>2</sup> byggt 1934, er nú frístundahús. [ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 0,25 ha.]

> Kirkjur:

Í Þingeyjarsveit eru 13 kirkjur og bænhús.

7 þeirra eru sóknarkirkjur og eru þær eftirfarandi:

Neskirkja í Aðaldal er timburkirkja, turnlaus, en með krossi. Kirkjan er reist 1903 og friðuð. Kirkjugarður er við kirkjuna.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“.]

Grenjaðarstaðarkirkja í Aðaldal stendur suðaustur af horni gamla bæjarins sem er nú byggðasafn. Kirkjan er timburkirkja með hvelvingu og loftpalli. Hún var stækkuð árið 1965 og turni m.a. bætt við. Kirkjan er reist 1865 og friðuð. Kirkjugarðar eru tveir, annar umhverfis kirkjuna en hinn nokkuð vestan við staðarhúsið.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“.]



Grenjaðarstaðarkirkja í Aðaldal

Einarsstaðarkirkja í Reykjadal er timburkirkja með turni, stendur innan kirkjugarðs beint austur af íbúðarhúsinu á Einarsstöðum. Kirkjan tekur um 120 manns í sæti. Hún er reist 1862 og friðuð.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“.]

Þóroddsstaðarkirkja í Kinn er byggð 1984. Hún kom í staðinn fyrir gömlu Þóroddsstaðarkirkjuna frá 1885 og er byggð að mestu í sama formi og gamla kirkjan, en þó stærri.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“.]

Lundarbrekkukirkja í Bárðardal austan Skjálfandaflljóts er hlaðin steinkirkja með turni, vígð 1881 og friðuð.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „jörð“.]

Hálskirkja í Fnjóskadal er timburkirkja, turnlaus, en með krossi. Kirkjan er byggð 1859-1863, vígð 1860 og friðuð.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „lóð“.]

Þorgeirskirkja er ný kirkja í landi Ljósavatns, vígð árið 2000, reist í minningu Þorgeirs Ljósveitingagoða og 1000 ára kristnitöku.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „annað land“, 5,0 ha.]

\*\*\*

Þá eru 5 kirkjur sem eru ekki sóknarkirkjur – og eitt bænhús:

Þverárkirkja í Laxárdal stendur á hlaðinu suðaustur af gamla bænum á Þverá. Kirkjan er byggð úr höggnu móbergi og hefur turn. Hún var vígð 1878 og er friðuð. Í einkaeign.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „lóð“.]

Illugastaðakirkja í innanverðum Fnjóskadal er timburkirkja, turnlaus, en með krossi. Hún er reist 1860-1861 og friðuð.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „jórð“.]

Ljósavatniskirkja (eldri) á Ljósavatni er timburkirkja, turnlaus, en með krossi. Kirkjan er byggð 1892 og friðuð.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“.]

Draflastaðakirkja í utanverðum Fnjóskadal er úr steinsteypu, byggð 1927, en predikunarstóll og altariстаfla eru frá upb. 1700.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „íbúðarhúsalóð“.]

Flateyjarkirkja í Flatey á Skjálfanda er upphaflega Brettingsstaðakirkja á Flateyjardal frá 1893, sem var flutt út í Flatey og vígð að nýju árið 1960.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „annað land“.]

Bænhúsið á Végeirsstöðum er í einkaeign.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „sumarbústaðaland“.]

> Söfn o.fl:

Grenjaðarstaður, safn (gamli bærinn) stendur rétt við kirkjuna. Gamli torfbærinn er í eigu Þjóðminjasafnsins og hýsir hluta Byggðasafns Suður-Þingeyinga sem er að öðru leyti staðsett á Húsavík. Safnið er opið frá 1. júní til loka ágúst mánaðar.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „lóð“.]



Grenjaðarstaður í Aðaldal

Samgönguminjasafnið Ystafelli var stofnað 1998 en opnað fyrir almenning árið 2000. Þar er að finna flestar tegundir farartækja frá 20. öldinni.

Byggingar eru um 1670 m<sup>2</sup> á lóð sem er 0,46 ha að stærð.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 0,46 ha.]

Þverá í Laxárdal. Þar er unnið á vegum Þjóðminjasafnsins að endurgerð gamalla húsa. Þar er einnig kirkja í einkaeign

[ Í fasteignaskrá er lóðarnar skilgreint sem „lóð“.]

Þá eru nokkur bókasöfn í Þingeyjarsveit, staðsett í skólum og félagsheimilum.

> Annað / ýmislegt:

Iðjurgerði 1 við Hafnalækjarskóla: Slökkvi- og björgunarstöð, einnig skrifstofu- og fundaraðstaða. Húsið er byggt 1992 og er það 290 m<sup>2</sup> að stærð, á upb 0,3 ha lóð.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 0,30 ha.]

Melgata 11 við Stórutjarnaskóla: Slökkvistöð og björgunarstöð [ Í fasteignaskrá skilgreint sem „iðnaðar- og athafnalóð“, 0,17 ha.]

[ Slökkvi- og björgunarstöð er einnig á Laugum (lönbær), hún er staðsett á athafnasvæði. ]

Þá er meginhluti flugvallarins í Aðaldal innan sveitarfélagsmarka Þingeyjarsveitar og má skilgreina það svæði sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

---

### 3.3.3 Verslun og þjónusta

---

Í eftirfarandi kafla er gerð grein fyrir núverandi starfsemi í verslun og þjónustu í Þingeyjarsveit og henni skipt í tvennt:

Almenn verslun og þjónusta við íbúa svæðisins árið um kring, er aðallega staðsett í þéttbýli.

Ferðaþjónusta, hótélrekstur o.fl. sem sinnir fyrst og fremst ferðafólki, er aðallega staðsett á eða nálægt fögurum náttúrusvæðum og veiðiam.

> Almenn verslun og þjónusta:

Almenn verslun og þjónusta er aðeins á tveimur stöðum í Þingeyjarsveit, þ.e. á Laugum og við Fosshóll:

Á Laugum er Dalakofinn, dagvöruverslun og veitingastaður með bensínsölu.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 0,50 ha.]

Kjarni: Þar er Skrifstofa Þingeyjarsveitar ásamt Sparisjóði S-Þingeyinga og Póstútíbú. Húsið er 364 m<sup>2</sup>.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 0,29 ha.]

Við Fosshól er verslun (Goðafossveitingar ehf.) og handverksmarkaður („Handverkskonur milli heiða“).

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóðir“, 0,40 ha og 0,03 ha.]

Þar að auki eru litlar sumarverslanir á Illugastöðum og í Vaglaskógi, sem munu þó ekki teljast til verslunar og þjónustu í aðalskipulagi þessu, heldur sem aukþjónusta á sumarmúsa- eða tjaldsvæðum.

#### > Ferðaþjónusta, hótélrekstur o.fl.:

Í þessum kafla er sagt frá gististöðum með þjónustu, og verða þeir aðallega skilgreindir sem „verslunar- og þjónustusvæði“ í aðalskipulagi.

Í næsta kafla er gerð grein fyrir helstu sumarmúsa- og tjaldsvæðum og verða þau skilgreind sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

Sumarhótel eru rekin í tveimur skólum, þ.e.:

Framhaldsskólinn á Lauqum (með 72 herbergjum) og

Stóruþjarnaskóli (með 44 herbergjum).

Sagt er frá þeim skólum áður í kafla 3.3.2 Þjónustustofnanir.

Veðiús við Árnes í Aðaldal er með umfangsmikla þjónustu fyrir veiðimenn. Húsið er samtals 353 m<sup>2</sup> að stærð.

[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 2,07 ha.]

Þinghúsið Hraunbær í Aðaldal (við Hólmavað) er gistihús með 12 rúmum. Var áður þingstaður Aðaldælahrepps, byggt 1927. Þar er nú rekið gistihús með þjónustu fyrir ferða- og veiðimenn. Húsið er 188 m<sup>2</sup>.

[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 0,37 ha.]

Gistipjónustan Staðarhóli í Aðaldal samstendur af sex stökum gistihúsum ásamt gistiaðstöðu og veitingasal í eldra íbúðarhúsi Staðarhóli. Samtals eru um 15 herbergi og veitingasalurinn tekur um 40 manns.

[ Í fasteignaskrá er ekki skilgreind sérstök lóð undir gistihúsi o.fl. - þau eru staðsett í landi Staðarhóls á „jörð“.]

Hótel Rauðaskriða í Aðaldal er sveitahótel með 20 herbergjum og veitingastofu. Opíð 15.01-20.11.

[ Í fasteignaskrá er ekki skilgreind sérstök lóð undir hótelinu – það er staðsett í landi Rauðaskriðu 3 á „jörð“.]

Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn er sjálfseignarstofnun sem býður upp á sumardvöl, fermingar barnanámskeið og ýmsa kirkjulega starfsemi. Búðirnar eru aðallega byggðar um 1965, samtals eru 584 m<sup>2</sup> byggingar á lóð sem er 4,50 ha að stærð.

[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „annað land“, 4,50 ha.]

Fosshóll í Bárðardal er gisti- og veitingahús með 40 rúmum / 26 herbergjum. Einnig Tjaldstæði. Veitingahúsið rúmar um 50 manns.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „jörð“.]

Kiðagil í Bárðardal er veitinga- og gistipjónusta með 11 herbergjum, opíð allt árið. Einnig tjaldstæði. Á veturna starfrækir Kiðagil skólubúðir. [ Í fasteignaskrá skilgreint sem „lóð“, 10,00 ha.]



Narfastaðir í Reykjadal

Gistihúsið Narfastöðum í Reykjadal er sveitahótel með 95 rúmum, opíð 16.01-30.11. Í húsunum eru 43 gistiharbergi ásamt veitingasal o.fl. Rúmlega 1900 m<sup>2</sup> gistihús o.fl.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „annað land“, 10,30 ha.]

Stóru-Laugar í Reykjadal er gistihús með 24 rúmum / 11 herbergjum, opíð allt árið. Einnig tjaldstæði. Rúmlega 300 m<sup>2</sup> bygging.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 0,10 ha.]

Rauðhólar, veiðiheimili í Laxárdal er í landi Kasthvamms. 420 m<sup>2</sup> veiðihús. Í eigu Veiðifélags Laxár og Krákár. Í húsinu eru 12 tveggja manna gistiharbergi, setustofa o.fl.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „viðskipta- og þjónustulóð“, 0,56 ha.]

Sveitasetrið Draflastöðum nyrst í Fnjóskadal er með 32 rúmum / 10 herbergjum, svefnpokagistingu og tjaldsvæði. Um 330 m<sup>2</sup> bygging.

[ Í fasteignaskrá skilgreint sem „jörð“ ásamt „íbúðarhúsalóð 0,45 ha“.]

\*\*\*

Þá eru félagsheimilið á Breiðumýri og Ljósveitningabúð leigð út sem svefnpokapláss fyrir hópa á sumrin.

Sagt er frá þeim stofnunum áður í kafla 3.3.2, Þjónustustofnanir.

Heimagingisting o.fl. er í Aðalda á Hafralæk, Garði, Klambarseli og Haga I, í Fnjóskadal á Hjarðarholli og í Bárðardal í Stóru-tungu.

Ekki verður skilgreind sérstök landnotkun vegna þeirrar starfsemi enda er hún á landbúnaðarsvæði

\*\*\*

Tjaldsvæði eru flest í Fnjóskadal: Í Vaglaskógi er rekið vandað tjaldsvæði, lítil verslun er á staðnum. Tjaldsvæðið Systragil er við bæinn Hróarsstaði, beint á móti versluninni í Vaglaskógi. Íþróttavöllurinn Bjarmavöllur í Fnjóskadal er leigður út sem tjaldstæði á sumrin fyrir stærri hópa, s.s. ættarmót.

Þá eru tjaldsvæði á Sigríðarstöðum í Ljósavatnsskarði og Jónasarvelli í Aðaldal.

---

### 3.3.4 Frístundahús

---

Samkvæmt Fasteignaskrá Íslands eru upb. 270 sumarhústaðir o.fl. í Þingeyjarsveit, og er um helmingur þeirra staðsettur í Fnjóskadal. (sjá viðauka VI, jarðir, lóðir og mannvirki). Stök sumarhús eru á einstaka jörðum, en sérstök sumarhústaðasvæði – með fleiri en þrjú sumarhús – eru sem hér segir:

#### Í Fnjóskadal:

- í landi Víðifells (4 sumarhús)
- í landi Skóga (20 hús + 4 lausar lóðir)
- í landi Hróarsstaða (3 hús + 10 lausar lóðir)
- í landi Lundar: Höfðabyggð (36 hús + 24 lausir lóðir)
- í landi Kotungsstaða (4 sumarhús)
- í landi Þórðarstaða (5 sumarhús)
- í landi Illugastaða (31 orlofshús o.fl.)
- í landi Reykja 1 (6 hús + 1 laus lóð)



Illugastaðir í Fnjóskadal

#### Í Ljósavatnsskarði og Bárðardal:

- í landi Arnstapa (4 hús + 6 lausar lóðir)
- í landi Einbúa (4 sumarhús, 7 lóðir)

#### Í Aðaldal:

- í landi Laxamýrar (14 sumarhús) \*
- í landi Núpa (25 sumarhús)
- í landi Knútsstaða (4 sumarhús)
- í landi Árbótar (8 sumarhús)
- í landi Jódísarstaða (5 sumarhús + 2 lausar lóðir).

\*) Frístundahúsabyggðin "Laxárlundur" rétt austan Húsavíkurflugvallar er í landi Laxamýrar. Í fasteignaskrá ríkisins eru húsín skráð í Norðurþingi, en samkvæmt Þingeyjarsveit eru þau innan marka Þingeyjarsveitar (sjá nánar kafla 1.3 (3) Aðalskipulag Húsavíkurbæjar).

\*\*\*

Þá eru ýmsir gangnamannakofar o.fl. í óbyggðum, sem munu teljast til frístundabyggðar, þ.e:

Urðarkot á Flateyjardal, Heiðarhús á Flateyjardalsheiði, Sörlastaðir í Fnjóskadal, Staupasteinn í Hjaltadal, Bleikur a Bleiksmýradal, Bleiksblúð í Bleiksmýradalsdrögum, Réttarkot á

Réttartorfu, Slakki á Hraunárdal, Kvíaskáli syðst á Krókdal, Mosakofi syðst í Mjóadal, gangnamannaskáli á Þeistareykjum og fjallaskáli á Naustavík.

---

### 3.3.5 Sérstök útivistarsvæði

---

Þingeyjarsveit hefur uppá að bjóða marga áfangastaði fyrir ferðamenn og heimamenn.

Meðal vinsælustu áningarstaða í Þingeyjarsveit eru Vaglaskógur í Fnjóskadal sem hefur upp á að bjóða fjölbreytt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa og eitt stærsta skógar svæði á landinu. Fellsskógur, Halldórsstaðaskógur og fleiri skógar eru einnig eftirsóknarverðir.



Vaglaskógur í Fnjóskadal

Goðafoss í Skjálfafljóti þykir einn fegursti foss landsins og er aðeins örfáa metra frá þjóðvegi nr. 1, rétt hjá Fosshóli. Einnig eru Þingey, Barnafoss, Ullarfoss og Aldeyjafoss í Skjálfafljóti eftirsóknarverðir ferðamannastaðir, þó að þeir séu ekki eins aðgengilegir.

Þeistareykjahraunið, hverasvæðið við Þeistareyki og Stóra- og Litlavíti bjóða upp á alveg sérstök náttúrufrirbrigði, og friðuð svæði við Vestmannsvatn og meðfram Laxá eru rómuð fyrir náttúrufergurð og ríkt fuglalíf.

Flateyjardalsheiði, Flateyjardalur og Náttfaravíkur eru í auknum mæli vinsælir áfangastaðir sökum náttúrufergurðar og menningarlandslags. Flatey á Skjálfa er einstakur staður sögu og menningar.

Samkvæmt Svæðisskipulagi miðhálandisins eru nokkrar stórar landslagsheiðir í Þingeyjarsveit sem skilgreina má sem samfelld ferðamannasvæði. Um þau liggja mikilvægustu göngu- og reiðleiðir sem tengja saman skálasvæði þar sem eru gönguskálar og/eða aðstaða fyrir hestamenn. Sum þessara svæða henta einnig vel fyrir vetrarnot. Á nokkrum þessara svæða hefur þegar verið byggð upp aðstaða fyrir ferðamenn. Þau liggja í námunda við meginvegi og á flestum þeirra er vísir að innra neti merktra gönguleiða með gönguskálum.

### 3.4.1 Vatnsaflsvirkjanir

Í Þingeyjarsveit eru tvö iðnaðarsvæði tengd vatnsaflsvirkjun, þ.e. Laxárvirkjun í Aðaldal og Árteigsvirkjun í Nípá í Kaldakinn.

#### > Laxárvirkjun:

Laxárvirkjun samstendur af Laxárstöð I, II og III. Afl stöðvarinnar er samtals 27,5 MW og orkuframleiðslan er 180 GWst á ári. Laxárvirkjun er í eigu Landsvirkjunar



Laxárvirkjun, stöðvarhús og þrýstivatnsturn

Laxárstöð I er elsta virkjunin í Laxá og nýtir hún efri hluta fallsins við Brúar. Í stöðinni eru tvær vélasamstæður og var sú fyrri tekin í notkun árið 1939 en hin síðari árið 1944. Framleiðslugeta virkjunarinnar er 5 MW.

Laxárstöð II nýtir neðri hluta fallsins við Brúar. Byggingin var reist á árunum 1950 til 1952. Hún hýsir einu vatnsvél stöðvarinnar sem tekin var í notkun árið 1953. Afl hennar er 9 MW.

Laxárstöð III er nýjasta virkjunin í Laxá og nýtir sama fall og Laxá I. Frá stíflu Laxár I er vatnið leitt í jarðgöngum í austari gljúfurveggnum að stöðvarhúsi um 60 m inni í berginu skammt frá stöðvarhúsi Laxár I og þaðan um frárennslisgöng út í Laxá. Í stöðinni er ein vélasamstæða sem tekin var í gagnid árið 1973. Afl hennar er 13,5 MW.

Auk tæknimannvirkja eru íbúðir og ýmsar þjónustubyggingar við Laxárvirkjun.

#### > Árteigsvirkjun:

Árteigsvirkjun samstendur af Árteigsvirkjun 4 og 5. Afl stöðvarinnar er samtals um 1,25 MW. Hún er í eigu Raflækjar ehf.

Árteigsvirkjun 4 (um 500 kW) var byggð 2005. Inntaksþró er í Nípá um 265 m y.s. og þaðan liggur þrýstipípa að stöðvarhúsi við Granastaði sem er um 20 m y.s.

Árteigsvirkjun 5 (um 750 kW) var bætt við árið 2009. Inntaksþró hennar er í Nípá um 500 m y.s. og þaðan liggur 2,75 km löng þrýstipípa að stöðvarhúsi sem er byggt ofan á inntaksþró Árteigsvirkjunar 4, í um 265 m y.s. Orkan er leidd um jarðstreng meðfram þrýstipípu að stöðvarhúsi virkjunar 4.

### 3.4.2 Þeistareykir



Háhitasvæði á Þeistareykjum, í fjarska sést borhola

Á Þeistareykjum hafa síðustu árin farið fram rannsóknaboranir til að kanna háhitasvæðin og möguleika þeirra í orkuframleiðslu, m.a. vegna áforma um uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík.

Búið er að bora sex rannsóknarholur á þremur borplönum.

### 3.4.3 Iðnaðar- og athafnastarfsemi

Í Fasteignaskrá Íslands eru – auk Laxárvirkjunar og Árteigsvirkjunar – 10 lóðir skilgreindar sem „iðnaðar- og athafnalóðir“, og eru flestar þeirra á þéttbýlissvæði á Laugum. (sjá viðauka V, jarðir, lóðir og mannvirki).

#### > Þéttbýli:

Á þéttbýlissvæði á Laugum er lítið samfelld iðnaðar- og athafnasvæði rétt austan við þjóðveg 1:

Iðnbær, 333 m<sup>2</sup> iðnaðarhús á lóð sem er 0,30 ha að stærð.  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „iðnaðar- og ath.lóð“, 0,30 ha.]  
Smáragrund, vélaverkstæði / trésmíðaverkstæði o.fl. (Norðurpóll), 326 m<sup>2</sup> byggingu á 0,50 ha lóð.  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „iðnaðar- og ath.lóð“, 0,50 ha.]  
Kvíhólsmyri 1 a – Iðnbær ehf. – 392 m<sup>2</sup> bygging (byggð 2007)  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „iðnaðar- og ath.lóð“, 0,14 ha.]  
Kvíhólsmyri 1 b – engin mannvirki.  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „iðnaðar- og ath.lóð“, 0,14 ha.]  
Laugafiskur, fiskpurkkun. Stærsta iðnfyrirtækið á Laugum í 2.780 m<sup>2</sup> byggingu á 1,40 ha lóð.  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „iðnaðar- og ath.lóð“, 1,40 ha.]  
Þá á Laugafiskur einnig land suðaustan við verksmiðjuna, um 9,93 ha án mannvirkis.  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „annað land“, 9,93 ha.]

Þá er stök lóð nyrst á þéttbýlissvæðinu, við Laugabrekku, með trésmíðaverkstæði, „Norðurpóll“. Þar er 247 m<sup>2</sup> bygging á lóð sem er 0,16 ha að stærð.  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „iðnaðar- og ath.lóð“, 0,16 ha.]

#### > Dreifbýli:

Í dreifbýli er rekin ýmis iðnaðar- og athafnastarfsemi. Oft er um að ræða fyrirtæki / verktaka þar sem starfsemi er staðsett á bæjum / lögbýlum en í einstökum tilfellum eru í fasteignaskrá skilgreindar sérstakar iðnaðar- og athafnalóðir undir starfseminum:

Árteigur – vélaverkstæði o.fl. 323 m<sup>2</sup> bygging.  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „iðnaðar- og ath.lóð“, 0,50 ha.]

Stóru-Tjarnir – vélaverkstæði, 319 m<sup>2</sup> bygging.  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „iðnaðar- og ath.lóð“, 0,74 ha.]

Sandur 3 – fjárhús og iðnaður, 385 m<sup>2</sup> bygging.  
[ Í fasteignaskrá skilgreind sem „iðnaðar- og ath.lóð“, 0,23 ha.]

### 3.5.1 Vegakerfið

Þjóðvegakerfi landsins er skipt í fjóra vegflokka og eru þeir skilgreindir sem hér segir (drög úr skilgreiningu Vegagerðarinnar):

Stofnvegir (S) eru vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. ... Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. ...

Tengivegir (T) eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið ... vegir að þjóðgörðum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. ...

Héraðsvegir (H) eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. ... Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Landsvegir (L) eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

#### > Stofnvegir:

Stofnvegir í Þingeyjarsveit eru sex (fimm almennir stofnvegir og einn stofnvegur um hálendi / fjallvegur):

Hringvegurinn (nr. 1). Vegarlengd hringvegarins innan sveitarfélagsmarka er um 54 km. Umferðin er mest vestan til: Í Ljósavatnsskarði er ársdagsumferðin um 1.000 (sumar 1.650 og vetur 550). Um Fljótsheiði er ársdagsumferðin um 660 (sumar 1.150 og vetur 340), en austan til, við Másvatn, er hún aðeins um 490 (sumar 920 og vetur 210).

Norðausturvegur (nr. 85) liggur frá Þjóðvegi 1 við Ljósavatn að Húsavík og þaðan um Tjörnes og áfram austur. Vegarlengd innan marka Þingeyjarsveitar er um 33 km. Ársdagsumferð er að mestu leyti um 530 (sumar 770 og vetur 370) en nyrst, norðan Tjarnar, er hún þó nokkuð meiri eða um 660 (sumar 1020 og vetur 430).

Kísilvegur (nr. 87) liggur frá Þjóðvegi 1 við Reykjahlíð að Þjóðvegi 85 við Laxamyri. Vegarlengd innan marka Þingeyjar-

sveitar er um 21 km. Ársdagsumferð er um 240 (sumar 360 og vetur 170).

Bárðardalsvegur vestri (nr. 842) liggur frá Þjóðvegi 1 suður í Bárðardal vestan megin. Vegarlengd er um 37 km og ársdagsumferð er um 80 (sumar 140 og vetur 50).

Aðaldalsvegur (nr. 845) liggur frá Þjóðvegi 1 við Einarstaði að Þjóðvegi 85 við Tjörn. Vegarlengd er um 17 km. Ársdagsumferð er að mestu leyti um 260 (sumar 370 og vetur 180) en nyrst, norðan Staðarbrautar er hún þó nokkuð meiri eða um 360 (sumar 520 og vetur 250).

Sprengisandsleið (F-26) liggur frá Myri efst í Bárðardal, suður um Kiðagil og suðvestur yfir Miðhálandið. Vegarlengd innan sveitarfélagsins er um 96 km. Ársdagsumferð er um 10 (sumar 30, vetur 1)

#### > Tengivegir:

Tengivegir í Þingeyjarsveit eru sex að tali:

Illugastaðavegur (nr. 833) sem liggur frá Þjóðvegi 1 í Ljósavatnsskarði og suður í Fnjóskadal vestan megin. Vegarlengd samtals um 15 km (fyrsti 5 km kafli er tengivegur en 10 km kafli innst í dal er héraðsvegur). Ársdagsumferð er um 150 (sumar 250 og vetur 90).

Fnjóskadalsvegur eystri (nr. 835) sem liggur frá Þjóðvegi 1 í Ljósavatnsskarði og norður í Fnjóskadal austan megin. Vegarlengd er um 16 km og ársdagsumferð er um 70 (sumar 110 og vetur 40).

Vaglaskógavegur (nr. 836) sem liggur frá Þjóðvegi 1 í Ljósavatnsskarði og suður í Fnjóskadal austan megin. Vegarlengd er um 6 km og ársdagsumferð er um 80 (sumar 130 og vetur 50)

Lundarbrekkuvegur (843) sem liggur frá Bárðardalsvegi eystra að Svartárkotí. Vegarlengd samtals um 22 km (12 km kafli er tengivegur en 10 km kafli næst Svartárkot er héraðsvegur). Ársdagsumferð er um 20 (sumar 30 og vetur 10)

Bárðardalsvegur eystri (nr. 844) sem liggur frá Þjóðvegi 1 suður í Bárðardal austan megin. Vegarlengd er um 23 km og ársdagsumferð er um 60 (sumar 100 og vetur 40).

Goðafossvegur (883) sem liggur frá Hringveginum að Goðafossi. Hann er aðeins um 0,3 km að lengd. Ársdagsumferð er um 80 (sumar 130, vetur 50)

#### > Héraðsvegir:

Héraðsvegir í Þingeyjarsveit eru tæp 200, aðallega er um að ræða stuttar heimreiðar, að jafnaði styttri en 1 km.

Tveir héraðsvegir eru þó með umtalsverða umferð (ársdags-umferð > 50 / umferðatölur 2007) og voru þeir skilgreindir sem tengivegir áður en nýju vegalög tók gildi jan. 2008. Þ.e:

Hvammavegur (nr. 853) sem liggur frá Aðaldalsvegi sunnan við Hólmavað að Kísilvegi við Langavatn. Vegarlengd er um 8 km og ársdagsumferð um 120 (sumar 180 og vetur 70).

Staðarbraut (nr. 854) sem liggur frá Aðaldalsvegi sunnan við Syðra-Fjall, um Staðina að Hvammavegi við Klömbur. Vegarlengd er um 7 km og ársdagsumferð er um 100 (sumar 150 og vetur 60).

#### > Landsvegir:

Landsvegir í Þingeyjarsveit eru fimm að tölu og eru fjórir þeirra skilgreindir sem fjallvegir. Um er að ræða:

Vaðlaheiðarvegur (832) sem liggur frá Fnjóskadal vestur yfir Vaðlaheiði að sveitarfélagsmörkum Svalbarðsstrandahrepps. Vegarlengd innan sveitarfélagsins er um 8,5 km og ársdags-umferð er um 5 (sumar 14, vetur 0)

Skagafjarðarleið (F-752) sem liggur frá Sprengisandsleið við Fjórðungsvatn og vestur að sveitarfélagsmörkum. Vegarlengd innan sveitarfélagsmarka er um 7 km og ársdagsumferð er um 4 (sumar 11, vetur 0)

Dragaleið (F-881) sem liggur frá Sprengisandsleið við Kiðagilsdrög og vestur að sveitarfélagsmörkum. Vegarlengd innan sveitarfélagsmarka er um 8 km og ársdagsumferð er um 2 (sumar 6, vetur 0)

Flateyjardalsvegur (F-899) sem liggur frá Þverá í Fnjóskadal og norður í Flateyjardal, Vegarlengd er um 33 km og ársdags-umferð er um 3 (sumar 8, vetur 0)

Austurleið (F-910) sem liggur frá Sprengisandsleið að Gæsavatnaleið og þaðan til norðausturs að sveitarfélagsmörkum. Vegarlengd innan sveitarfélagsmarka er um 64 km og ársdagsumferð er um 4 (sumar 10, vetur 0). Leiðin er illfær á köflum en liggur miklu lægra en Gæsavatnaleið og því opin lengri tíma ársins.

[ Gert er ráð fyrir að unnið verði að endurbótum vegarins. ]

Heimildir umferðatalna (2009) er [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

\*\*\*

Í skipulagsáætlun fyrir miðhálandið segir frá nokkrum einkavegum og öðrum ökuleiðum á miðhálandinu, sem eru ekki hluti af þjóðvegakerfi landsins, fremur fáfarnar leiðir að fjallaseljum, s.s. ýmsir afrétta-, veiði- og línuvegir. Eftirfarandi vegir eru í Þingeyjarsveit:

Gæsavatnaleið syðri liggur af Austurleið (F910) um Urðarháls á Austurleið (F910) sunnan Öskju að Drekaelli. Slóð sem ekki er fær fyrr en líður á sumar og þá jafnvel aðeins til austurs. [ Lagt er til að slóð þessi verði áfram til en viðhald hennar verði í samræmi við álag. ]

Afréttavegur frá Svartáarkoti upp með Skjálfafljóti að austan á Austurleið (F910). Sæmleg slóð sunnan til en nokkur erfið hraun er nær dregur byggð.

#### > Almenningsgöngur og snjósmokstur:

Áætlunarferðir með hópferðabílum fara um Þingeyjarsveit á tveimur leiðum:

Milli Akureyrar og Húsavíkur – um Háls, Kross og Tjörn í Þingeyjarsveit – fer rúta fram og tilbaka fjórum sinnum á dag (virka daga / vetraráætlun).

Milli Akureyrar og Mývatns/Egilsstaða – um Háls, Kross, Fosshóll og Laugar í Þingeyjarsveit – fer rúta fram og tilbaka fjórum sinnum í viku (vetráætlun).

Snjósmokstur í Þingeyjarsveit fer fram samkvæmt reglum Vegagerðarinnar. Mokað er alla daga á flestum stofnvegum, þ.e. á Hringveginum (nr.1), á Norðausturvegi (nr.85) og Aðaldalsvegi (nr.845). Á Kísilveginum (nr.87) er þó aðeins mokað fimm daga í viku.

Þá er einn tengivegur með takmarkaðri vetrarþjónustu: Á upb. 5 km kafla Illugastaðavegar (nr.833) frá Þjóðvegi 1 að Vagla-skógavegi er mokað tvo daga í viku.

Það kemur fyrir að Víkurskarðið lokast til skamms tíma í mikilli snjókomu / skafrenningi, og búast má við að Þingeyjarsveit sé stundum án vegasambands til Akureyrar (með Fjórðungs-sjúkrahús og flugvöll). Árin 1994-1998 var vegurinn um Víkurskarð lokaður að meðaltali 1-2 daga á ári, og mokstursdagar að jafnaði um 80. Snjóvandamál eru einkum á tillölulega stuttum kafla eða rúmum einum km.

#### > Brýr og jarðgöng:

Brýr í Þingeyjarsveit eru í misjöfnu ástandi og misgamlar. Einbreiðar brýr á stofnvegum eru sex að tölu:

Hringvegurinn: yfir Skjálfafljót við Fosshóll (breidd 4,03 m), Norðausturvegur: yfir Rangá hjá Ófeigisstöðum (breidd 3,4 m) og yfir Skjálfafljót (breidd 2,83 m, lengd 196 m), Bárðardalsvegur vestri: yfir Öxará (breidd 4 m), yfir Eyjardalsá (breidd 4 m) og yfir Halldórsstaðaá (breidd 3,4 m).

Ný brú yfir Skjálfafljót í Kinn er á samgönguáætlun 2003-2014.

Engin jarðgöng eru í Þingeyjarsveit en stefnt er að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði á skipulagstímabilinu.

#### > Flugvöllur, höfn o.fl:

Enginn áætlunarflugvöllur er í Þingeyjarsveit, helstu flugsamgöngur eru til og frá Akureyrarflugvelli.

Góður flugvöllur, Húsavíkurflugvöllur, er í Aðaldal u.þ.b. 10 km norðan við Hafralækjarskóla / Ýdali. Áætlunarflug um völlinn lagðist niður árið 2000 en hann er þó áfram í rekstri fyrir sjúkraflug o.fl., og sér Vegagerðin nú um reksturinn.

Flugvöllurinn er með 1600 m langri upplýstri flugbraut með bundnu slitlagi, og þar er stór og vel búin flugstöð ásamt 400 m<sup>2</sup> tækjageymslu. Völlurinn er að hluta til í landi Þingeyjar-sveitar en norðurhluti hans er í Norðurþingi.

Aðeins ein höfn og einn viti er á skipulagssvæðinu; höfnin í Flatey á Skjálfanda og Flateyjarviti.

Ekki er búið í Flatey og er hlutverk hafnarinnar einkum tengd sumardvöl og útivist eins og er. Höfnin samanstendur af smábátahöfn og bátabryggju. Höfnin í Flatey hefur verið um árabíl í umsjón Húsavíkurhafnar.

#### > Göngu- og reiðleiðir / gamlar þjóðleiðir:

Göngu- og reiðleiðir eru margar í Þingeyjarsveit. Sumar fylgja gömlum þjóðleiðum yfir fjöll og heiðar, og eru helstu þeirra:

- milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals, yfir Vaðlaheiði um Bíldsárskarð, (frá Kaupangi í Eyjafjarðarsveit að Illugastöðum í Fnjóskadal).
- milli Eyjafjarðar og Bleiksmýrardals, um Garðsárdal og Gönguskarð (frá Garðsá í Eyjafjarðarsveit að eyðibylinu Skarðselli í Bleiksmýrardal).
- milli Fnjóskadals og Bárðardals, yfir Vallafjall um Hellugnúpskarð, (frá Sörlastöðum í Fnjóskadal að Stóruvöllum í Bárðardal). Einnig um Eyjardal að Hlíðarenda í Bárðardal.
- milli Bárðardals og Mývatnssveitar, yfir Fljótshéiði og Mývatnshéiði, (frá Sandvík í Bárðardal að Stöng í Skútustaðahreppi).
- milli Bárðardals og Reykjadals, yfir Fljótshéiði, (frá Arndísarstöðum í Bárðardal að Laugaseli í Reykjadal).
- milli Bárðardals og Reykjadals, yfir Fljótshéiði, (frá Fosshóli í mynni Bárðardals að Einarstöðum í Reykjadal).
- milli Reykjadals og Laxárdals, yfir Laxárdalshéiði, (frá Stóru-laugum í Reykjadal að Þverá í Laxárdal).
- milli Skriðuhverfis og Aðaldals, yfir Fljótshéiði (frá Rauðskriðu í Skriðuhverfi að Mýlaugsstöðum í Aðaldal).
- milli Fnjóskadals og Kinnar, yfir Kinnarfjöll (frá Garði í Fnjóskadal um Gönguskarð að Hálsi í Kinn). Einnig frá Fnjóskadal/Flateyjarðalshéiði um Uxaskarð að Nípá í Kinn.
- milli Kinnar og Náttfaravíkna (frá Nípá að Naustavík)

Aðrar liggja langsum eftir dölum og heiðum og fylgja stundum núverandi vegakerfi.

---

### 3.5.2 Veitur

---

#### > Hitaveita:

Í sveitarfélaginu er starfandi hitaveita í Aðaldal og Kinn sem er í eigu Orkuveitu Húsavíkur og fær orku frá hverunum við Hveravelli í Norðurþingi og úr borholu í landi Haftralækjar. 70 hús eru tengd veitunni og dreifikerfið er afar viðfermt, lagnir veitunnar eru yfir 50 km að lengd.

Auk þess hefur Norðurorka nýverið lagt hitaveitu um Fnjóskadal, svonefnda Reykjaveitu, sem liggur frá Reykjum og að Grenivík í Grýtubakkahreppi. Þingeyjarsveit á hlut í Norðurorku. Þá rekur Þingeyjarsveit hitaveitur í Reykjadal og við Stórutjarnir. Um 80 hús eru tengd veitunum og lagnir þeirra eru um 50 km að lengd.

Borholur vegna heitavatnsöflunar er m.a. að finna á Brún í Reykjadal (625 m), Draflastöðum (63 m), Laugum í Reykjadal (687 m), Reykjum í Fnjóskadal (650 m) og Stórutjörnum (458m). (Orkustofnun 2006):

#### > Rafveita:

Langflestir bæir tengjast raforkukerfinu í gegnum dreifikerfi RARIK, en þó nokkrir bæir eru með einkaveitur.

Helstu raforkuframleiðendur í Þingeyjarsveit er Laxárvirkjun, 27,5 MW, og Árteigsvirkjun, um 1,3 MW. (sjá kafla 3.4.1) Í sveitarfélaginu er einnig nokkuð um smávirkanir sem fyrst og fremst eru nýttar til heimilisnota. Um er að ræða upb. 30 heimarafstöðvar / vatnsaflsrafstöðvar og er afl þeirra samtals um 1 MW.

Samkvæmt Landsneti eru fjórar háspennulínur í Þingeyjarsveit sem teljast til flutningskerfis raforku:

Þrjár þeirra tengjast Laxárvirkjun, þ.e:

Laxárlína (LA1, 66 KV), sem liggur frá Laxárvirkjun til suðvesturs yfir Múlaheiði og Fljótshéiði, þá eftir Ljósavatnsskarði og upp Vaðlaheiði að sveitarfélagsmörkum og til Akureyrar.

Kópaskerslína (KS1, 66 KV), sem liggur frá Laxárvirkjun til norðausturs yfir Langavatnshéiði að sveitarfélagsmörkum, og þaðan til Kópaskers.

Húsavíkurlína (HU1, 33 KV), sem liggur frá Laxárvirkjun til norðurs meðfram Kísilvegi að sveitarfélagsmörkum, og þaðan til Húsavíkur.

Ein lína, Króflulína 1 (KR1, 132 KV) gengur þvert yfir sveitarfélagið. Hún liggur frá Kröflu í Skútustaðahreppi, vestur yfir Fljótshéiði og Bárðardal um Hellugnúpskarð niður í Fnjóskadal, eftir honum til norðvesturs og um Bíldsárskarð yfir í Eyjafjarðarsveit.

#### > Vatnsveita:

Þingeyjarsveit annast kaldavatnsveitur á þéttbýlissvæði kringum Laugar í Reykjadal, við Stórutjarnir í Ljósavatnsskarði og Garðsveitu í Aðaldal að hluta. Þá er sameiginleg vatnsveita í Vaglaskógi og í Lundi.

Að öðru leyti sjá landeigendur um vatnsveitur í dreifbýlinu, aðallega frá einkaveitum. Miðað við það hvað byggðin er dreifð og miðað við landslag og vatnafar í Þingeyjarsveit eru þær aðstæður metnar fullnægjandi.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra er sá fagaðili sem fer með eftirlit á gæðum neysluvatns.

#### > Fjarskipti:

Allir íbúar eiga kost á nettengingu.

Ljósleiðarar hafa verið lagðir þvert á Vaðlaheiði um Ljósavatnsskarð, um Fljótshéiði að Laugum og þaðan annarsvegar í norður eftir Laxár- og Aðaldal og hinsvegar í suðaustur eftir Reykjadal að Mývatni. Annar leggur liggur frá Laxárstöðvum í suðaustur yfir Hólasand.

Helstu fjarskiptamöstur eru á Hrútey í nágrenni Goðafoss, á Skollahnjúk og á Geitafellshnjúk í Aðaldal.

---

### 3.5.3 Skolp og sorp

---

#### > Fráveita:

Fráveita í Þingeyjarsveit er með hefðbundnum hætti (rotþró og siturlögn / síubeð).

Árið 2005 hófu sveitarfélögin átaksverkefni í samvinnu við heilbrigðiseftirlit og ráðuneyti til þess að öll heimili, fyrirtæki og sumarhús í hreppnum uppfylli ákvæði laga og reglugerða um hreinsun skólps og er það verkefni langt komið.

#### > Sorphreinsun:

Þingeyjarsveit er aðili að Sorpsamlagi Þingeyinga, og er allt sorp brennt í nýrri sorpbrennslustöð félagsins sunnan Húsa-  
víkur og óvirkur úrgangur urðaður á þess vegum.

Sorpgámar / móttökustaðir fyrir sorp eru staðsettir á eftir-  
farandi stöðum: við Veisu, Fnjóskárbrú, Vaglaskóg, Lund og  
Illugastaði í Fnjóskadal, við Stórutjarnaskóla og Kross í Ljósa-  
vatnsskarði, við Fosshól og Kiðagil / Stóruvelli í Bárðardal, við  
Ófeigsstaði og Árteig í Kaldakinn, við Breiðumyri Laugar og  
Narfastaði í Reykjadal og við Jónasarvöll, Hafralækjarskóla,  
Laxárvirkjun o.fl. í Aðaldal. Losun er vikulega yfir sumrið en á  
2-3 vikna fresti yfir veturinn. Gámar fyrir rúlluplast eru víða við  
bæi.

Ekki er sorpförgunarstöð í sveitarfélaginu, nema samþykkt  
svæði fyrir urðun seyru í landi Húsabakka, í landi Helgastaða /  
Pálmholts og á Hálsmelum.

## 3.6 ÍBÚAÞRÓUN OG BYGGÐAMÁL

### 3.6.1 Íbúáþróun í Þingeyjarsveit

Í Þingeyjarsveit búa nú 941 manns, 495 karlar og 446 konur. (1.des. 2009).

Árið 1997 voru 1134 íbúar á því svæði sem nú er Þingeyjarsveit en árið 2007 bjuggu 942 í sveitarfélaginu. Á 10-ára tímabilinu 1997-2007 hefur íbúum þannig fækkað um 192 manns eða um 17%.


Sé eingöngu lítið til byggðakjarnans á Laugum kemur hins vegar í ljós að þar hefur íbúum fjölgað um 27% á sömu tímabili (úr 94 árið 1997 í 119 árið 2007).

Fólksfækkun er þó ekki sérstakt einkenni fyrir Þingeyjarsveit, hún hefur verið í flestum nágrennasveitarfélögum á síðustu tíu árum: 15 % fólksfækkun í Skútustaðahreppi, 12 % í Norðurþingi og 5 % í Grýtubakkahreppi – en þó fólksfjölgun næst Akureyri: 9 % fjölgun í Eyjafjarðarsveit og 13 % í Svalbarðsstrandarhreppi.


Hlutfall barna og unglunga í Þingeyjarsveit er aðeins undir landsmeðaltali en hlutfall eldri borgara er töluvert yfir landsmeðaltali: 27,3 % íbúa í Þingeyjarsveit eru yngri en 20 ára (28,4 % á landsvísu), 58,7 % eru 20-69 ára (63,1 % á landsvísu) og 14,0 % eru 70 ára og eldri (8,5 % á landsvísu).

Mest áberandi er frávikið í aldurshópnum 25-34 ára, sem að öllum líkindum skiptir miklu með tilliti til þróttar samfélagsins (nýsköpun, fjölskyldustofnun, húsbýgging o.m.fl.)


Aðeins 8,0 % íbúa í Þingeyjarsveit eru 25-34 ára, á móti 15,0 % á landsvísu. Þannig „vantar“ tæpan helming í þennan aldurshóp í Þingeyjarsveit miðað við landsmeðaltal.




Íbúáþróun 1997-2007 á svæði núverandi Þingeyjarsveitar (Háls-, Ljósavatns-, Bäröðæla- og Reykdælahreppur + Aðaldælahreppur)



Hlutfall aldurshópa 2007, Þingeyjarsveit miðað við landið allt



Aldursdreifing íbúa í Þingeyjarsveit 2007 (5-ára aldurshópar)



Aldursdreifing íbúa á Íslandi 2007 (5-ára aldurshópar)  
(Heimild: Hagstofa Íslands - Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 1997-2007, o.fl.)

Fólksflutningur frá dreifbyli í þéttbyli og frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins / suðvesturhorn landsins er einkenni núverandi samfélagsþróunar, en sumt bendir þó til þess, að hún hafi hægt á sér eftir síðustu aldamót:

### 3.6.2 Íbúápróun almennt

Byggðastofnun segir m.a. frá þessari þróun í skýrslu "Ástand og horfur í þróun byggðar. Byggðaaætlanagerðir" (Fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006-2009). Hér á eftir er stutt ágríp úr skýrslunni. (Ath: Bein tilvitnun er skáletruð en [ texti í svigum ] er viðbót við skýrsluna).

*" Fólksflutningar til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum landshlutum hafa haldið áfram síðustu ár eins og alla síðustu öld. Tímabilið frá 1.12 1995 til 1.12. 2004 fjölgaði landsmönnum úr 267.809 í 293.291 eða um 25.482 sem samsvarar 9,5%. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði á þessu tímabili um 16,0%, á Reykjanesi um 9,4%, á Vesturlandi um 1,9%, á Suðurlandi um 5,0% og á Norðurlandi eystra um 0,8%. Á tímabilinu fækkaði íbúum á Vestfjörðum um 14,6%, á Norðurlandi vestra um 12,0% og á Austurlandi um 2,7%. ...*

*... Þegar tölur um íbúápróun á landinu á tímabilinu 1996 til 2000 og svo aftur 2000 til 2004 eru skoðaðar þá kemur í ljós að á fyrri tímabilinu fækkaði íbúum landsbyggðar um rúmlega 2000 en fjölgaði um tæplega 1500 á síðara tímabilinu. 1996 til 2000 fækkaði í öllum gömlu kjördæmunum utan höfuðborgarsvæðisins nema á Reykjanesi og Suðurlandi. Á tímabilinu 2000 til 2004 hefur þróunin breyst á þann veg að nú er einungis fækkun í tveim gömlu kjördæmum, það er Vestfjörðum og Norðurlandi vestra ... "*

[ Sé lítið til Norðurlands eystra kemur í ljós að íbúum fækkaði um 300 manns frá 1995 til 1999, en fjölgaði aftur um 400 manns frá 2000 til 2004 ]

[ Sé lítið til Suður Þingeyjarsýslu kemur í ljós að hér var fólksfækkun 5,5% í tímabilinu 1995-1999 en aðeins 0,4% á tímabilinu 2000-2004 ]

*" Sé skoðað hvernig atvinnuleysi hefur þróast á undanförunum árum þá var atvinnuleysi meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu árið 2001. Árin síðan og það sem af er árinu 2005 hefur atvinnuleysi verið meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Rétt er þó að hafa í huga að atvinnuleysi er mjög lítið um þessar mundir.*

*... Hvað meðalvinnutekjur varðar þá hefur þróunin verið sú á milli árunna 2001 og 2004 að á höfuðborgarsvæðinu hafa meðaltekjurnar hækkað um rúm 16% en utan höfuðborgarsvæðisins um rúm 12%. Árið 2001 voru meðallaun utan höfuðborgarsvæðisins rúmlega 13% lægri en meðallaun á*

*höfuðborgarsvæðinu. Árið 2004 er þetta hlutfall komið í 16%. ... "*

[ Sé lítið til Norðurlands eystra kemur í ljós að árið 2001 voru meðallaun hér um 13% lægri en meðallaun á höfuðborgarsvæðinu en árið 2004 er þetta hlutfall komið í 15% ]

*" Íbúápróunin hefur verið hagstæðari fyrir landsbyggðina en áður. Atvinnuleysið er minna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar hafa atvinnutekjur verið og eru lægri á landsbyggðinni og dregur raunar heldur í sundur. "*

### 3.6.3 Framreikningur

Hagstofa Íslands hefur gert mannfjöldaspá 2008-2050 á grundvelli meðalævilengdar, fæðingartíðni, búferlaflutninga til og frá landinu o.fl. Sú spá gerir ráð fyrir 13,8 % fólksfjölgun á landsvisu fram til lok skipulagstímabilsins árið 2022 (eða að meðaltali 1,0% fjölgun á ári).

Slíkur framreikningur getur verið nytsamur á landsvisu en hann segir hins vegar lítið sem ekkert um framtíðarþróun fólksfjölda á einstökum landssvæðum eða sveitarfélögum. Þegar öllu er á botninn hvolft er framtíðaríbúápróun sveitarfélags aðeins að litlu leyti háð þeim íbúafjölda og -skiptingu sem verið hefur yfir ákveðið tímabil. Íbúápróun í víðasta skilningi er aðallega háð þeim atvinnutækifærum og þeirri þjónustu sem eru fyrir hendi eða verður í sveitarfélaginu til framtíðar. Og þróun þeirra þátta er að miklu leyti háð almennri samfélagsþróun, stefnu ríkisvaldsins í byggðamálum og síðast en ekki síst fjárfestingu atvinnulífsins til framtíðar.

Miðað við íbúápróun síðustu 10 ára væri varla raunhæft að gera ráð fyrir fólksfjölgun í Þingeyjarsveit á næstu árum. Miðað við núverandi horfur í atvinnuuppbyggingu héraðsins má hins vegar vænta verulegrar fólksfjölgunar í Þingeyjarsveit á skipulagstímabilinu 2010-2022. Tengist það tilkomu nýrra atvinnutækifæra – ekki síst í nýtingu jarðhita Þeistareykjarsvæðisins, uppbyggingu á stóriðju í sýslunni og tilkomu Vaðlaheiðargangar.

Sé mannfjöldaspá Hagstofunnar notuð sem spá fyrir framtíðar íbúápróun Þingeyjarsveitar (með 941 íbúa) ætti að gera ráð fyrir 13,8% eða 130 manna fólksfjölgun fram til ársins 2022. Það er álit sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar að aðalskipulagið skuli gera ráð fyrir talsverðri fólksfjölgun umfram þá spá:

Forsendur aðalskipulagsins eru að íbúum Þingeyjarsveitar muni fjölga um a.m.k. 200 manns á skipulagstímabilinu, eða að meðaltali 1,5% á ári, sem er töluvert meira en Hagstofan gerir ráð fyrir á landsvisu. Með þeirri fjölgun mun íbúafjöldi sveitarfélagsins verða um 1140 árið 2022.

Sú fjölgun samsvarar rúmlega þeirri íbúafækkun sem orðið hefur á svæði sveitarfélagsins á síðustu 10 árum.



BLS. 46	FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ
BLS. 50	ÞÉTTBÝLI
BLS. 52	ÍBÚÐARSVÆÐI
BLS. 53	SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
BLS. 55	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
BLS. 57	SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ
BLS. 61	IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI
BLS. 65	LANDBÚNAÐARSVÆÐI
BLS. 67	ÓÞYGGÐ SVÆÐI
BLS. 68	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
BLS. 70	EFNISTÖKUSVÆÐI
BLS. 72	VEITUR
BLS. 75	SAMGÖNGUR
BLS. 78	ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI
BLS. 80	NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI
BLS. 82	HVERFISVERNÐARSVÆÐI
BLS. 86	VATNSVERNÐARSVÆÐI
BLS. 89	SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ
BLS. 90	SAMANTEKT OG UMHVERFISÁHRIF

## 4.1 FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið aðalskipulags Þingeyjarsveitar er að snúa þróuninni við hvað varðar fækkun íbúa, og að fjölga atvinnutækifærum án þess að núverandi gæði sveitarfélagsins raskist. Að ná fram betri lífsgæðum í sveitarfélaginu og nýtingu landsins gæða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Hvatt er til fastrar búsetu og eflingar byggðar innan sveitarfélagsins en jafnframt staðinn vörður um þá landnýtingu sem nú er til staðar.

Við skipulagningu landsvæða svo sem vegna hugsanlegs þéttbýlis, frístundabyggða, skógræktar og annarrar landnýtingar verði tekið tillit til varðveislu náttúruminja og menningarverðmæta, og ekki síst til varðveislu góðs landbúnaðarlands en landbúnaður skal vera ein af kjölfestum byggðar í sveitarfélaginu.

Nýting náttúruauðlinda skal vera í sátt við náttúru og umhverfi en þó á þann hátt að eigi verði gengið á rétt íbúanna og komandi kynslóða til skynsamlegra framkvæmda og nýtingar lands og náttúruauðlinda. Það er stefna sveitarfélagsins að leitast við að skila landinu í betra ástandi til komandi kynslóða og skal sú viðleitni setja mark sitt á ákvarðanir sem varða nýtingu lands og landsins gæða. Ekki skal ganga á náttúrugæði sem kunna að hafa mikið gildi fyrir komandi kynslóðir.

Stefna sveitarfélagsins er að leitast við að gera öllum íbúum þess jafn hátt undir höfði án tillits til búsetu eða annarra félagslegra þátta. Efla þarf grunnþjónustu við íbúa, fjölga atvinnutækifærum, bæta samgöngur og fjarskipti.

Stuðla skal að virkri þátttöku íbúa í stefnumótun og ákvörðunartöku á öllum skipulagsstigum, um mál er varða lífsgæði þeirra.

### > Íbúar og íbúðarsvæði:

Markmið sveitarfélagsins er að fjölga íbúum jafnt og þétt á næstu árum eða að lágmarki um 200 manns á skipulagstímabilinu 2010-2022.

Tryggja þarf nægt framboð lóða fyrir íbúðarhúsnæði auk landssvæða fyrir frístundabýli og frístundahús. Mikilvægt er að framtíðaruppbygging nýti og taki mið af þeim þjónustumannvirkjum sem til staðar eru í sveitarfélaginu, áfram verður unnið að uppbyggingu þéttbýlissvæða á Laugum, við Stóru-tjarnaskóla og við Hafraðækjarskóla / Ýdali.

Við skipulagningu byggðar skal taka tillit til hagrænna þátta, félagslegra þátta, umhverfisins og upplifunar mannsins. Lögð skal áhersla á það að halda íbúðar- og frístundabyggðum eins aðskildum og kostur er.

### > Atvinna:

Fjölbreytt atvinnulíf er ein af meginforsendum blómlegs mannlífs þar sem afkoma íbúanna stendur á traustum grunni. Þekking á auðlindum og möguleikum sveitarfélagsins er for-

senda þess að hægt sé að laða einstaklinga og fyrirtæki til starfa í sveitarfélaginu.

Stefna sveitarfélagsins er að hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem fyrir er í sveitarfélaginu og skapa hvetjandi aðstæður til nýsköpunar. Auka skal svigrúm til nýbreytni og þróunar í atvinnuuppbyggingu en jafnframt standa vörð um auðlindir jarðar og eignarrétt landeigenda.

Stefnt skal að fjölgun starfa í opinberri þjónustu, þekkingaríðnaði, menningartengdri ferðaþjónustu, þróun og framleiðslu ýmskonar handverks, úrvinnslu landbúnaðarafurða, smáíðnaði, nytjaskógrækt og úrvinnslu skógarafurða svo eitthvað sé nefnt. Einnig er stefnt að atvinnusköpun með nýtingu háhita og orkuvinnslu á Þeistareykjasvæðinu og víðar.

Stutt verður eftir fongum við frumkvöðla og nýbreytni. Áhersla verður lögð á samstarf við atvinnuþróunarfélög og nýsköpunarmiðstöðvar sem og háskóla með það að markmiði að efla framboð og fjölbreytni í atvinnuháttum.

### > Landbúnaður:

Gert er ráð fyrir að hefðbundinn landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem henta slíkum svæðum t.d. jarðrækt, ylraekt, lífræn ræktun, uppgræðsla, heimilisiðnaður og ferðaþjónusta. Stefnt er að eflingu skógræktar á til þess heppilegum svæðum í samráði við þar til bærar stofnanir.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að landbúnaðarjarðir verði áfram nýttar til landbúnaðar og að leitað verði leiða til styrkingar hefðbundins landbúnaðar en um leið að hvetja bændur til að nýta ýmis sóknarfæri í landbúnaði. Haft skal í huga að varðveita ræktanlegt land til matvælaframleiðslu.

Fyrirliggjandi eru landbótaáætlanir fyrir hluta afrétta og skulu þær vera í stöðugri endurskoðun. Bændur og aðrir landeigendur verði hvattir til að gera landnýtingaráætlanir fyrir jarðir sínar. Við mögulega friðun lands skulu m.a. hagsmunir bænda hafðir að leiðarljósi enda fari hagsmunir þeirra ekki gegn stefnu sveitarfélagsins um sjálfbæra þróun.

### > Iðnaður:

Styrkja þarf þann iðnað sem fyrir er og hvetja til nýsköpunar og uppbyggingar nýs iðnaðar í sveitarfélaginu. Áhersla er lögð á að skapa vaxtarskilyrði fyrir uppbyggingu athafnasvæða léttis iðnaðar fyrir núverandi starfsemi og ný fyrirtæki. Það verði gert með nægu og fjölbreyttu framboði lóða, öflugum veitukerfum, góðum samgöngum og góðum fjarskiptum.

Stefnt skal að uppbyggingu þrífalegs iðnaðar sem ekki hefur hættu á mengun (hvorki loft, vatns- eða hljóðmengun) í för með sér og lögð áhersla á gæði umhverfis við uppbyggingu á athafnasvæðum, þannig að ásýnd þeirra falli sem best að heildarmynd, hreinleika og sérkennum hvers svæðis. Áhersla er lögð á að útlit og umhverfi þessara iðnaðarsvæða sé sem snyrtilegast. Á iðnaðarsvæðum sem eru í nálægð við

íbúðarbyggð eða í bland við opin svæði til sérstakra nota verður að leggja sérstaka áherslu á umhverfsgæði í deiliskipulagi þeirra og við frágang lóða.

Þá er það stefna sveitarfélagsins að við stærstu vatnsaflsvirkjanir og á háhitasvæðum verði skilgreind sérstök iðnaðarsvæði sem eru sérhæfð fyrir orkuvinnslu og þjónustu tengda henni en óheimilt er að nýta til annarrar iðnaðarstarfsemi sem annars að jafnaði er heimil á iðnaðarsvæðum.

#### > Ferðaþjónusta:

Þingeyjarsveit mun á sviði ferðamála leggja áherslu á að efla hefðbundna ferðaþjónustu og nýsköpun í jarðferðaþjónustu (geo-túrisma) \*. Tækifæri til uppbyggingar heilsutengdrar ferðaþjónustu eru einnig til staðar þar sem við er heitt vatn og jarðhiti sem og ómetanleg þekking á jurtum og lækningarmætti þeirra.

Stefnan er að efla og þróa allar greinar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu öllu.

Sérstök tækifæri í jarðferðaþjónustu eru á hálendinu og óbyggðum svæðum, m.a. gönguferðir þar sem ferðamenn eru í fylgd leiðsögufólks með sérþekkingu á svæðinu og fá fræðslu um jarðfræði, landfræði, náttúrufræði, líffræði, sögu og menningu svæðisins svo dæmi séu tekin. Þegar hefur vísir af þess konar fræðatengdri jarðferðaþjónustu litið dagsins ljós í tengslum við Svartárkot menning-náttúru í Bárðardal. Það er stefna sveitarfélagsins að á skipulagstímabilinu verði kannaðir möguleikar á að setja á fót jarðfræðigarð (geo-park) á hálendissvæði sveitarfélagsins.

\* Jarðferðaþjónusta (geo-túrismi) er m.a. fræðitengd ferðaþjónusta er tekur til náttúru sveitarfélagsins, atvinnustarfsemi sem byggir á sjálfbærri nýtingu jarðarinnar, frumframleiðslu og úrvinnslu landbúnaðarvara ásamt þeirri sögu og menningu er á sér rætur í sambúð og nýtingu íbúa sveitarfélagsins á landsins gæðum.

Vöxtur frístundabyggðar hefur verið mikill á umliðnum árum. Áfram verður horft til eflingar frístundabyggðar. Þess verður hins vegar sérstaklega gætt að hún sé afmörkuð og falli sem best að yfirbragði sveitarinnar. Frístundabyggð verði ekki heimiluð á svæðum sem eru sérstaklega verðmæt vegna sögu, menningar, náttúrufræðis og/eða almenns útivistargildis. Einnig skal forðast að leggja verðmæt ræktarlönd innan sveitarfélagsins undir frístundabyggð.

#### > Verslun og þjónusta:

Stefna Þingeyjarsveitar er að styrkja þjónustu- og verslunarkjarna innan sveitarfélagsins, þ.e. á Laugum og við Fosshól.

#### > Þjónusta við íbúa; félags og velferðamál:

Það er stefna sveitarfélagsins að Þingeyjarsveit verði eftirsótt svæði til búsetu vegna góðrar og fjölbreyttrar þjónustu við íbúana.

Nýta skal þá landfræðilegu sérstöðu sem felst í því að liggja á milli Akureyrar, Mývatns og Húsavíkur með tilliti til nálægðar

við þessa staði og horfa þar sérstaklega til ferðaþjónustu, menntunar, atvinnu og þjónustu.

Menntamál. Standa ber vörð um og stuðla að framgangi Framhaldsskólans á Laugum eftir fongum. Þá er það stefna sveitarfélagsins að geta boðið íbúum sínum upp á aðstöðu til ástundunar fjarnáms. Boðið verði upp á leikskólarymi fyrir öll börn á leikskólaaldri.

Málefni aldraðra. Veita þarf öldruðum góða grunnþjónustu sem m.a. felst í að gera öldruðum kleift að búa heima eins lengi og frekast er kostur með góðri heimilisþjónustu og auknu samstarfi við heimahjúkrun. Huga skal að gerð íbúða sem henta öldruðum íbúum.

Sveitarfélaginu standi ennfremur til boða vistunarrými á dvalar- og hjúkrunarheimilum á heilsugæslusvæðum Akureyrar og Húsavíkur.

Íþrótt- og tómstundaaðstaða. Stefnt er að frekari uppbyggingu fjölbreyttrar íþrótt- og útivistaraðstöðu í þéttbýliskjörnum, frístundabyggðum og við skóla. Skal sú íþrótt- og útivistaraðstaða taka mið af þörfum notenda á öllum aldri.

#### > Opin svæði:

Stefna sveitarfélagsins er að stuðla að verndun og/eða uppbyggingu mikilvægra útivistarsvæða og skapa þannig möguleika á ákjósanlegum aðstæðum til útivistar, en þar gegna svæði sem tengjast sögu eða sérkennum svæðisins mikilvægu hlutverki. Gera þarf helstu útivistarsvæði aðgengileg fyrir alla.

Opnum svæðum er skipt í eftirfarandi tvo megin flokka:

Opin óbyggð svæði: Þingeyjarsveit hefur upp á mikla möguleika að bjóða hvað varðar opin óbyggð svæði. Landslag er afar fjölbreytt og telja m.a. strandsvæði, hraun, fjalllendi, jökla, vötn og votlendi. Um helmingur landsvæðisins er innan marka miðhálandisins.

Stefna sveitarfélagsins er að varðveita náttúrulegt landslag og óspillta náttúru. Stefna skal að því að bæta umhverfisástand með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands, m.a. til að auka frjósemi og viðnám jarðvegs, bæta vatnsmiðlun lands og fyrirbyggja frekara rof.

Á skipulagstímabilinu er stefnt að því að huga að samfelldum svæðum (minni og stærri), útivistargildi svæða, aðgengi og vistfræði.

Opin svæði til sérstakra nota: Eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins er að skapa svigrúm fyrir fjölbreytta starfsemi í íþróttum, útivist og afþreyingu, sem geti þróast til framtíðar, til gagns og ánægju fyrir heimamenn og ferðamenn. Um er að ræða bæði skipulagða starfsemi sem og ýmsa óformlega útivistarstarfsemi.

Markmið Þingeyjarsveitar er að opin svæði til sérstakra nota í sveitarfélaginu séu fjölbreytt og höfði til breiðs hóps einstaklinga þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi varðandi hreyfingu og útivist. Þingeyjarsveit vill styðja við uppbyggingu þeirra svæða sem eru í sveitarfélaginu fyrir sem og að koma nýjum svæðum á laggirnar.

### > Samgöngur og þjónustukerfi:

Þingeyjarsveit er víðfeðmt og dreifbýlt sveitarfélag og eru samgöngur, í lofti sem á láði, eitt brýnasta hagsmunamál íbúa og ráða miklu um mögulega fólksfjölgun og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Stefna sveitarfélagsins er að stuðla að bættum samgöngum innan sveitarfélagsins og skapa þannig forsendur fyrir betri þjónustu og auknum atvinnutækifærum.

Sérstök áætlun um samgöngur og þróun umferðar í Þingeyjarsveit hefur ekki verið gerð en stefna sveitarfélagsins er að stuðla að frekari endurbótum á vegum innan sveitarfélagsins. Lögð verði áhersla á góða vetrarþjónustu, hvort heldur sem er af hálfu Vegagerðarinnar eða sveitarfélagsins.

Mikilvægt er að vinna að auknu umferðaröryggi s.s. með bundnu slitlagi á vegum, breikkun brúa og gerð jarðgangna. Bætur á Hringvegi og veggöng um Vaðlaheiði eru sérstakt forgangsmál sem og breikkun brúar yfir Skjálfandaflljót við Fosshól. Einnig bætur á Norðausturvegi, breikkun brúar yfir Skjálfandaflljót milli Kaldakinnar og Aðaldals og breytt veglína til norðurs í Aðaldal.

Almenningssamgöngur: Huga að bættum almenningssamgöngum, sérstaklega tengingu við Akureyri og Húsavík og huga að betri nýtingu Húsavíkurflugvallar.

Helstu reið- og gönguleiðir: Vinna þarf áfram að uppbyggingu göngu- og reiðleiða í sveitarfélaginu, kortleggja þær og kynna fyrir almenningi. Gera þarf gönguleiðir-, hjóleiða- og reiðstígakerfi þannig úr garði að þau þjóni jafnt íbúum, gestum og ferðaþjónustu og séu vel merkt.

### > Veitur:

Þjónusta við íbúa er eitt meginhlutverk sveitarfélags, þetta á ekki sist við um uppbyggingu veitukerfa sveitarfélagsins en við uppbyggingu þeirra ber að leggja áherslu á vistvæna kosti eftir föngum.

Sveitarfélagið er viðáttumikið og því ljóst að erfitt getur verið að byggja upp heildstætt veitukerfi fyrir alla íbúa þess. Stefna sveitarfélagsins er að vinna að uppbyggingu veitukerfa þar sem það hentar.

Hitaveita, vatnsveita: Þingeyjarsveit stefnir að því að gera sem flestum íbúum sveitarfélagsins kleift að tengjast hitaveitu og stuðla þannig að auknum búsetugæðum og fjölbreytni í atvinnuuppbyggingu.

Stefna sveitarfélagsins er að veitur skuli tryggja nægjanlegt framboð af góðu vatni til neyslu og skal tryggt að þeim auðlindum verði ekki spillt.

Fráveita: Stefnir er að því að fráveitumálum verði þannig fyrir komið að ekki valdi skaða á umhverfinu og í samræmi við ákvæði mengunaryrnarreglugerðar. Stefnir skal að því að samnýta rotþrær eftir því sem við verður komið.

Sveitarfélagið hefur staðið fyrir átaki í fráveitumálum. Fylgja þarf verkefninu eftir með góðu eftirliti. Ennfremur annast sveitarfélagið skipulega tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu og er seyrinni fargað á viðurkenndum losunarsvæðum.

Rafveita: Möguleikar sveitarfélagsins til orkuvinnslu eru miklir með tilliti til landfræðilegra staðhátta.

Huga skal að nýtingu gufu- og vatnsafls til raforkuframleiðslu í sem mestri sátt við náttúru og samfélag. Það er stefna sveitarfélagsins að nýta / virkja háhitasvæðin á Þeistareykjum o.fl. í samræmi við stefnu Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Lagnir og línur: Framtíðarstefna sveitarfélagsins er að vernda ásynd lands eins og frekast er unnt með því að leggja lagnir í jörð og vanda vel til staðarvals háspennulína sem liggja um sveitarfélagið þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst.

Fjarskipti: Góð fjarskipti eru ein forsenda byggðar og atvinnu, þar er átt við háhraða gagnaflutning í gegnum nettengingar, farsímasamband og móttökuskilyrði sjónvarps- og útvarps-sendinga.

Þessum atriðum er áfátt í Þingeyjarsveit í dag og því þarf að þrýsta á ríkisvaldið um að fylgja fjarskiptáætlun sinni eftir og að komið verði á háhraðatengingum um allt sveitarfélagið sem allra fyrst en slíkt ræður miklu varðandi samkeppnishæfni sveitarfélagsins. Eitt meginatriði fjarskiptaáætlunar er, að allir landsmenn sitji við sama borð í þessum efnun óháð búsetu.

Það er stefna Þingeyjarsveitar að dreifkerfi GSM-símkerfisins sé þannig að það virki sem víðast í sveitarfélaginu og nýttist eins og kostur er sem öryggistæki fyrir dreifðar byggðir sveitarfélagsins sem og hálendið.

### > Umhverfismál:

Jarðvegur og gróður: Stefna Þingeyjarsveitar er að þær auðlindir sem felast í jarðvegi og gróðri, þar með töldum skógi, verði nýttar á sjálfbærnan hátt samkvæmt bestu visindalegri vitneskju hverju sinni. Stuðla skal að áframhaldandi greiningu mikilvægra gróðursvæða og sjaldgæfra tegunda og stuðla að afmörkun frekari verndar- og uppgræðslusvæða. Jafnframt er stefnt að því að endurheimta náttúrulega birkiskóga.

Stefnt er að frekari uppbyggingu nytjaskóga með það að markmiði að efla byggð og atvinnu í dreifbýli, en einnig til að binda kolefni og hefta jarðvegsrof. Áhersla er lögð á að skógar falli sem best að landslagi og að með skógrækt sé mikilvægum búsvæðum, náttúruminum og þjóðminjum ekki raskað. Á skipulagsstigi landgræðslu- og skógræktaraðgerða skal taka tillit til fjölnytja s.s. útivistarsvæða, jarðvegsverndunar, að viðhalda eða skapa búsvæði fyrir lífverur og vernda eða stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika. Notkun innfluttra tegunda skal vera með þeim hætti að hún ógni ekki náttúrulegum vistkerfum.

Ennfremur stefnir sveitarfélagið að því að efla landrækt, landgræðslu og hefta frekari gróðureyðingu. Beitarstýring búfjár skal notuð samhliða uppgræðslu vangróinna svæða og skal beit ætíð taka mið af ástandi gróðurþekju.

Efnistaka: Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum og afmörkuðum námasvæðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Áhersla er lögð á að nýta áfram þau efnistökusvæði sem fyrir eru.

Vatnafar: Stefna sveitarfélagsins er að vernda vatnasvið innan Þingeyjarsveitar m.t.t. neysluvatnsbúskapar og vistverndar en að sama skapi stuðla að því að ár og vötn verði áfram nýtt á skynsamlegan hátt. Halda skal ám og vötnum hreinum og hlúa að lífríki í og við ár, sjó, vötn og á votlendissvæðum.

Það er stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun. Þingeyjarsveit telur eftirsóknarvert að kanna frekar framtíðarmöguleika á og kosti þess að byggja fleiri virkjanir til einkanota sem og orkusölu á frjálsum raforkumarkaði, en sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandaflljót.

Hreint og ferskt vatn til neyslu er náttúruauðlind sem fara þarf vel með. Unnið hefur verið að úttekt á vatnsbúskap innan sveitarfélagsins og verið er að vinna að úttekt á litlum vatnsveitum vegna atvinnurekstrar. Stefna sveitarfélagsins er að unnin verði heildstæð úttekt á vatnsbólum í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu og að frágangur þeirra verði í samræmi við þau lög og reglur sem um þau gilda.

Virkjun háhitasvæða: Stefna sveitarfélagsins er að nýta / virkja háhitasvæðin á Þeistareykjum og etv. í Gjástykki, í samræmi við stefnu Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Við hönnun og staðsetningu mannvirkja er leitast við að halda neikvæðum áhrifum þeirra á umhverfið í lágmarki og að spilla náttúru og landslagi sem allra minnst, og þess verði gætt að viðhalda landslagsheildum eins og framast er kostur. Hefðbundnar nýtlar verða áfram á svæðinu (afréttir, veiðilönd) og þess verði gætt að mannvirki takmarki þær ekki.

Við mannvirkjagerð o.fl. á háhitasvæðum verður í öllu farið eftir þeim meginmarkmiðum sem greint er frá í svæðisskipulagi háhitasvæða, og þá sérstaklega eftirfarandi:

„ Við alla mannvirkjagerð og framkvæmdir skal taka mið af sérstöðu svæðisins og þess gætt að ekki verði raskað sérstökum jarðmyndunum eða náttúruminum, fágætum tegundum dýra og plantna og búsvæðum þeirra. “

„ Þess skal gætt að viðhalda landslagsheildum eins og framast er kostur. “

„ Fullt tillit skal tekið til minjastaða, fornra þjóðleiða og annarra fornleifa á svæðinu. Forðast skal eftir fongum að þeim eða næsta nágrenni þeirra verði raskað. “

„ Við efnistöku skal gæta umhverfissjónarmiða sérstaklega. Nýta skal eftir fongum þær námur sem þegar eru opnar þar sem aðstæður leyfa. “

#### > Náttúruvernd:

Sérstaða Þingeyjarsveitar felst ekki síst í fjölbreytilegri og mikilfenglegri náttúru en í henni eru fólgin fjölmörg tækifæri. Í sveitarfélaginu eru nú þegar þrjú friðlyst svæði, eitt svæði er á náttúruverndaráætlun og fjöldi svæða eru á náttúruminjaskrá. Stefna sveitarfélagsins er að vernda sérstök náttúruyrirbæri og svæði sem eru talin hafa sérstakt verndargildi með því að setja hverfisvernd á svæðin.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að unnið verði að frekari greiningu og kortlagningu náttúrugæða og stuðla þannig að verndun og/eda friðun annarra mikilvægra staða og svæða

## 4.2 ÞÉTTBÝLI

[ Þéttbýli er ] þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra ...

... Það á einnig við um staði sem ekki ná lágmarksíbúafjölda samkvæmt skilgreiningu þéttbýlis en auðkenndir eru sem þéttbýli á sveitarfélaguppdrætti aðalskipulags.

(Skipulagsreglugerð 4.1.1 og 4.1.2)


Meginmarkmið aðalskipulagsins er að skapa forsendur fyrir því að þéttbýlissvæði geti þróast á þrem stöðum í Þingeyjarsveit, þ.e. á Laugum í Reykjadal, við löggerði/Viðigerði í Aðaldal og við Stórutjarnir í Ljósavatnsskarði, þar sem þjónusta sveitarfélagsins s.s. skóli o.fl. ásamt flestum vinnustöðum utan landbúnaðargeirans eru í nágrenninu.

Á þéttbýlissvæðum þessum skal gera ráð fyrir íbúðarhúsalóðum sem mæta megninu af þeirri fjólsfjöldun sem búast má við á skipulagstímabilinu.

### 4.2.1 Þéttbýli í Aðaldal

Þéttbýlissvæðið í Aðaldal er staðsett meðfram þjóðvegi 845 vestanmegin, frá heimtroð að Garði og suður fyrir lóð Hafnalækjaskóla, og er það um 30,5 ha að stærð.

Nyrst á svæðinu er svæði í eigu Þingeyjarsveitar. Á því svæði sem er um 6 ha að stærð er til deiliskipulag með 20 lóðum fyrir einbýlishús og etv. parhús (20-24 íbúðir), ein lóð fyrir stofnanir og þrjár athafnalóðir meðfram þjóðvegi. Þá er opið svæði til sérstakra nota / útivistarsvæði innan íbúðarsvæðis og í norðvestur horni reitsins.



Þéttbýlissvæði í Aðaldal – mkv. upb. 1 : 15.000  
Sjá einnig Þéttbýlisuppdrátt aðalskipulags í mkv. 1 : 5.000

Hús eru komin á tvær íbúðarhúsalóðir en íbúðarsvæði samsvarandi 18 lóðum í deiliskipulaginu er áfram óbyggt. Athafnasvæðið er líka óbyggt eins og er.

Sýðst á svæðinu eru stofnanir, Hafnalækjarskóli og Ýdalir ásamt íþróttavelli. Þá eru átta íbúðir tengdar skólanum, þ.e. fjórar íbúðir í skólanum, eitt parhús og tvö einbýlishús. Allt svæðið, um 15,3 ha, er skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

Svæðið þar á milli er að mestu óráðstafað og er það í einkaeign. (Upphaflega í landi Hlégarðs en nýlega var hluti svæðisins – upb. 1,2 ha lóð undir íbúðarhúsi – skipt út úr landi Hlégarðs og gert að sjálfstæðri eign).

Aðalskipulagið er svipað eldra skipulagi "Þéttbýliskjarni í Aðaldælahreppi" unnið af Skúla Norðdahl, arkitekt og staðfest þann 25. nóvember 1991 - nema að nýja lóðin umhverfis Hlégarði er skilgreind sem "svæði fyrir íbúðarbyggð" og að skólalóðin er stækkuð til vesturs í samræmi við eignarskiptingu / breytingu sem gerð var um 1992.

Í skipulaginu frá 1991 segir m.a. að þróun þéttbýliskjarnans byggist á að til framtíðar tengist saman eignarland sveitarfélagsins og skólalóðin, og var svæðið þar á milli skilgreint sem "svæði til síðari notkunar" (íbúðarsvæði og athafnasvæði). Í aðalskipulagi þessu er íbúðarsvæðið til síðara notkunar hins vegar skilgreint sem landbúnaðarsvæði, ekki er fyrir séð þörf á uppbyggingu á því svæði á skipulagstímabilinu. Svæðið er í einkaeign og ekki gert ráð fyrir breyttri nýtingu þess.

### 4.2.2 Þéttbýli við Stórutjarnir

Þéttbýlissvæðið við Stórutjarnir er staðsett sunnan þjóðveggar 1 og er það um 36,8 ha að stærð.

Auk skólans og slökkvistöðvar er hér gert ráð fyrir íbúðarsvæðum með samtals 20-25 íbúðum og litlu athafnasvæði.



Þéttbýlissvæði við Stórutjarnir – mkv. upb. 1 : 15.000  
Sjá einnig Þéttbýlisuppdrátt aðalskipulags í mkv. 1 : 5.000

Eitt einbýlishús (Melhús) er sunnan skólans og 5 hús / 6 íbúðir eru nú við Melgötu vestan hans. Gert er ráð fyrir upb 15 íbúðum til viðbótar í einbýlis-/parhúsum, með aðkomu frá heimreiðinni að bænum Stórutjörnum.

Tvær lóðir eru skilgreindar undir þjónustustofnanir, þ.e. lóð Stórutjarnaskóla og lóð við Melgötu, en þar er í dag slökkvi-stöð.

Athafnasvæði er vestast á svæðinu með aðkomu frá þjóðvegi 1. Gert er ráð fyrir að svæðið muni skiptast í þrjár lóðir. Véla-verkstæði er komið á eina lóð en að öðru leyti er athafna-svæðið óbyggt eins og er.

Landið er í einkaeigu fyrir utan lóð Stórutjarnaskóla og landið undir Melgötu, sem er í eigu sveitarfélagsins.

\*\*\*

Þéttbýlisuppdrátturinn er í samræmi við deiliskipulagið "Íbúðarbyggð á Stórutjörnum, Þingeyjarsveit" dagsett. 13. mars 2004, samþykkt sama ár.

#### 4.2.3 Þéttbýli á Laugum

Þéttbýlissvæðið á Laugum í Reykjadal er helsta þjónustu-svæði sveitarfélagsins, og er það um 110 ha að stærð. Þar eru núna upb 45 íbúðir í einbýlis- og parhúsum (um 25 vestan þjóðvegjar, 15 austan Reykjadalárs og 5 stökum einbýlis-húsum milli þjóðvegjar og Reykjadalárs (á landbúnaðarsvæði) Gert er ráð fyrir að á skipulagstímabilinu muni koma 30-45 íbúðir til viðbótar (20-30 á íbúðasvæði vestan þjóðvegjar og 10-15 á íbúðasvæði austan Reykjadalárs).

Ein lóð fyrir lónað er við veginn að Laugaskóla en þar er í dag fiskpurkunarfyrirtækið Laugafiskur hf.

Athafnasvæði er austan þjóðvegjar 1 með aðkomu frá þjóðveginum. Gert er ráð fyrir samtals 8 athafnalóðum og eru 3 þeirra þegar byggðar.

Verslunar- og þjónustusvæði er skilgreint vestan þjóðvegjar 1 milli tveggja íbúðarbyggða. Þar er í dag verslun, sparisjóður, póstafréiðsla og skrifstofa Þingeyjarsveitar.

Svæði fyrir þjónustustofnanir er austan Reykjadalárs en þar er skólasetur með tilheyrandi byggingum, þ.m.t íþróttahús og sundlaug. Einnig er svæði umhverfis Litlulaugaskóla skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

Opíð svæði til sérstakra nota er milli Reykjadalárs og Torfdals og skal það nýtt sem íþróttasvæði.

Land í þéttbýliskjarnanum er ýmist í einkaeign eða í eigu sveitarfélagsins.


\*\*\*

Þéttbýlisuppdrátturinn er unninn í samræmi við deiliskipulagið "Land Hóla og Lauta", dagsett 10.07.2006 og deiliskipulagið "Laugaskóli í Reykjadal", dagsett 11.07.2000.

Ofangreind þrjú þéttbýlissvæði eru merkt á sveitarfélagsuppdrætti mkv. 1:100.000 með rauðum lit.

Landnotkunarflokkar innan þéttbýlissvæða eru sýndir á sérstökum þéttbýlisuppdráttum í mkv. 1:5.000

Sagt er nánar frá landnotkun innan þéttbýlissvæðanna í eftirfarandi köflum.



Þéttbýlissvæði á Laugum – mkv. upb. 1 : 15.000 / Sjá einnig Þéttbýlisuppdrátt aðalskipulags í mkv. 1 : 5.000

## 4.3 ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lykta, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. (Skipulagsreglugerð 4.2.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að skapa aðstæður til að þjóna sem best íbúum sveitarfélagsins í nútíð og framtíð með tilliti til mismunandi þarfa og áhuga þeirra.

Við staðsetningu venjulegs íbúðarsvæðis á að leggja áherslu á nálægð við þjónustu, sameiginlega nýtingu á veitum, samgöngum o.fl. Ber að hafa í huga að fólk á öllum aldri sem þarf að ferðast gangandi þarf greiðan og auðveldan aðgang að ýmis konar þjónustu sem er fyrir hendi í sveitarfélaginu.

Forsendur aðalskipulagsins eru að íbúum Þingeyjarsveitar muni fjölga um að minnsta kosti 200 manns á skipulagstímabilinu (sjá kafla 3.6.3). Sú fólksfjölgun samsvarar þörf á 80 nýjum íbúðum á skipulagstímabilinu, miðað við meðal fjölskyldustærð 2,5.

### 4.3.1 Íbúðarsvæði í þéttbýli

Eins og greint er frá í kafla 4.2 er það stefna Þingeyjarsveitar að nýjar íbúðir skulu fyrst og fremst koma á skipulögðu þéttbýlissvæðin á Laugum, í Aðaldal og við Stórutjarnir.

Á þéttbýlissvæði á Laugum er gert ráð fyrir 30-45 nýjum íbúðum.

Á þéttbýlissvæði í Aðaldal er gert ráð fyrir upb. 18 nýjum íbúðum.

Á þéttbýlissvæði við Stórutjarnir er gert ráð fyrir 13-18 nýjum íbúðum.

Á þéttbýlissvæðum munu þannig koma um 60-80 nýjar íbúðir.

### 4.3.2 Íbúðarsvæði í dreifbýli

Í aðalskipulaginu eru skilgreind þrjú íbúðarsvæði til viðbótar í dreifbýli, þ.e. í Brekkutúni í Aðaldal, við Nes í Fnjóskadal og íbúðarsvæði tengt Laxárvirkjun.

Íb-01: Í Brekkutúni í Aðaldal er þegar skipulagt íbúðarsvæði rétt norðvestan við bæinn Brekku. Íbúðarsvæðið er upb. 6,4 ha að stærð, með 14 stórum lóðum, flest um 2.500 – 4.500 m<sup>2</sup>. Ein lóð er þegar byggð en 13 lóðir eru lausar.

Íb-02: Við Nes í Fnjóskadal er skilgreint nýtt íbúðarsvæði, um 2,2 ha að stærð. Þar er gert ráð fyrir allt að 10 íbúðum á upb. 2.000 m<sup>2</sup> lóðum.

Íb-03: Við Laxárvirkjun er skilgreint íbúðarsvæði innan iðnaðarsvæðisins (því samkvæmt skipulagsreglugerð eru íbúðir ekki heimilar á iðnaðarsvæðum, sjá kafla 4.7).

Íbúðarsvæðið er upb. 1.8 ha að stærð, þar er gert ráð fyrir allt að 10 starfsmannaíbúðum, sem eru að mestu leyti þegar til. Þar geta komið allt að 4 nýjar íbúðir.

Á skilgreindum íbúðarsvæðum í dreifbýli munu þannig koma um 25 nýjar íbúðir.

Samtals munu á skilgreindum íbúðarsvæðum koma allt að 105 nýjar íbúðir sem samsvara ríflega þeirri fólksfjölgun sem gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu.

Þar að auki leyfir aðalskipulag þetta allt að þrjár íbúðir á hverju lögbýli / á landbúnaðarsvæði, sjá nánar kafla 4.8.2.

Ofangreind íbúðarsvæði í dreifbýli (tölusett) eru merkt á sveitarfélagsupprætti mkv. 1:100.000 með fjólubláum lit / hringtákn.

Íbúðarsvæði í þéttbýli eru sýnd á þéttbýlisupprættum mkv. 1:5.000.

Varðandi staðsetningu íbúðarsvæða, sjá einnig viðauka VII, skýringarupprætt S-06.

\*\*\*

Við gerð deiliskipulags á íbúðarsvæðum skal miða við hámarks nýtingarhlutfall lóða upb. 0,2-0,3 í þéttbýli en upb. 0,1-0,2 í dreifbýli. Þar að auki verða í deiliskipulagi ákvæði um byggingarskilmála o.fl.

## 4.4 SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

(Skipulagsreglugerð 4.3.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að gefa svigrúm til að núverandi þjónustustofnanir geti þróast og aukist samkvæmt þörfum til langs tíma.

Góð aðstaða fyrir þjónustustofnanir, sérstaklega fyrir skóla og tómstundalíf, er afar mikilvæg fyrir stöðu Þingeyjarsveitar til framtíðar, bæði hvað snertir þjónustu og atvinnutækifæri svæðisins.

### 4.4.1 Þjónustustofnanir í þéttbýli

> Þjónustustofnanir á þéttbýlissvæði í Aðaldal :

Eins og greint er frá í kafla 3.3.2 eru helstu þjónustustofnanir í Aðaldal staðsettar á skipulögðu þéttbýlissvæði við Iðjugerði / Hafralækjarskóla: Grunnskóli (Hafralækjarskóli) ásamt íþróttahúsi og félagsheimili (Ydalir) eru á suðurhluta þéttbýlissvæðisins en leikskóli (Barnaborg), björgunar- og slökkvistöð ásamt skrifstofuhúsnæði er í norðurhluta þess.

> Í Aðalskipulagi er öll skólalóðin og lóð undir Yðolum skilgreind sem eitt samfellt svæði fyrir þjónustustofnanir en þar eru einnig stök íbúðarhús tengt skólanum. Svæðið er rúmlega 15 ha að stærð og gert er ráð fyrir að þörf stofnananna fyrir stækkun á skipulagstímabilinu geti rúmast innan þess svæðis.

> Sama á við um lóð undir slökkvistöð og skrifstofuhúsnæði, Iðjugerði 1 (áður hreppsskrifstofa Aðaldælahrepps) á norðurhluta þéttbýlissvæðisins. Hér er 0,30 ha stórt svæði skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

> Þjónustustofnanir á Laugum :

Eins og greint er frá í kafla 3.3.2 eru helstu þjónustustofnanir á Laugum Framhaldsskólinn og Litlulaugaskóli.

> Í aðalskipulagi eru allar lóðir undir Framhaldsskólanum á Laugum, þ.m.t. Álfasteinn, Húsmæðraskóli, Gamliskóli, Fjall, Dvergasteinn, íþróttahús, Þróttó ásamt Tröllasteini heimavist skilgreint sem eitt samfellt svæði fyrir þjónustustofnanir. Svæðið er um 9,4 ha að stærð og gert er ráð fyrir að hugsanleg þörf skólans fyrir stækkun á skipulagstímabilinu geti rúmast innan þess svæðis.

> Sama á við um lóð undir Litlulaugaskóla. Hér er 1,40 ha stórt svæði skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

> Þjónustustofnanir við Stórutjarnir :

Eins og greint er frá í kafla 3.3.2 er Stórutjarnaskóli í Ljósavatnsskarði með helstu þjónustustofnunum í Þingeyjarsveit. Hér er grunnskóli með leikskóla- og tónlistardeild ásamt sundlaug. Við skólann er gistihús.

> Í aðalskipulagi eru lóðir undir skóla og gistihús skilgreint sem eitt samfellt svæði fyrir þjónustustofnanir. Svæðið er um 6,0 ha að stærð og gert er ráð fyrir að hugsanleg þörf skólans fyrir stækkun á skipulagstímabilinu geti rúmast innan þess svæðis.

> Sama á við um lóð undir slökkvi- og björgunarstöð, Melgötu 11. Hér er 0,17 ha stórt svæði skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir. [Ath: Í fasteignaskrá skilgreint sem iðnaðar- og athafnalóð].

### 4.4.2 Þjónustustofnanir í dreifbýli

Eins og greint er frá í kafla 3.3.2 eru helstu þjónustustofnanir í dreifbýli félagsheimili, kirkjur og söfn:

> Félagsheimili :

Í aðalskipulagi eru þrjú félagsheimili í dreifbýli skilgreind sem „svæði fyrir Þjónustustofnanir“, þ.e. Breiðamyri, Ljósvetningabúð og Skógar. Kiðagil er hins vegar skilgreint sem „verslun og þjónusta“ vegna aðalhlutverks þess í ferðaþjónustu, sjá kafla 4.5

Þ-01: Breiðamyri: í Reykjadal (595 m<sup>2</sup> bygging).

Þ-02: Ljósvetningabúð: í Kinn (762 m<sup>2</sup> bygging),

Þ-03: Skógar: í Fnjóskadal (265 m<sup>2</sup> bygging).

> Kirkjur og söfn:

Í aðalskipulagi eru 7 sóknakirkjur og 4 aðrar kirkjur ásamt tveimur söfnum tengdum þeim skilgreint sem „svæði fyrir Þjónustustofnanir“. Kirkjugarður umhverfis eða rétt við kirkju er skilgreindur með kirkjunni sem svæði fyrir Þjónustustofnanir:

Þ-04: Við Grenjaðarstað í Aðaldal er sóknarkirkja, friðuð. Kirkjugarður er umhverfis hana. Þar er einnig safn (gamli

bærinn) sem er hluti Menningarmiðstöð Þingeyinga ásamt safnaðarheimili.

Þ-05: Neskirkja í Aðaldal er sóknarkirkja, friðuð. Kirkjugarður er umhverfis hana.

Þ-06: Við Þverá í Laxárdal er kirkja í einkaeign, friðuð. Kirkjugarður er umhverfis hana. Þar er einnig gamli Þverárþærinn, friðaður og í vörslu Þjóðminjasafns.

Þ-07: Einarstaðarkirkja í Reykjadal er sóknarkirkja, friðuð. Kirkjugarður er umhverfis hana.

Þ-08: Þóroddsstaðarkirkja í Kaldakinn er sóknarkirkja. Kirkjugarður er umhverfis hana.

Þ-09: Lundarbrekkukirkja í Bárðardal er sóknarkirkja, friðuð. Kirkjugarður er við kirkjuna.

Þ-10: Ljósavatnskirkja (eldri) í Ljósavatnsskarði er friðuð. Kirkjugarður er við kirkjuna.

Þ-11: Þorgeirskirkja í Ljósavatnsskarði er ný sóknarkirkja, vígð árið 2000.

Þ-12: Hálskirkja í Fnjóskadal er sóknarkirkja, friðuð. Kirkjugarður er umhverfis hana.

Þ-13: Illugastaðarkirkja í Fnjóskadal er friðuð. Kirkjugarður er umhverfis kirkjuna.

Þ-14: Draflastaðarkirkja í Fnjóskadal. Kirkjugarður er umhverfis hana.

[ Flateyjarkirkja í Flatey á Skjálfanda er aflögð. (Í fasteignamati skilgreint sem „annað land“). Í aðalskipulagi er ekki skilgreind sérstök landnotkun undir kirkjunni, hún er á blönduðu svæði fyrir frístundabyggð og opnu svæði til sérstakra nota, sjá nánar kafla 4.6.3 ].

[ Bænhúsið á Végeirsstöðum er í einkaeign. (Í fasteignamati skilgreint sem „sumarbústaðaland“) Í aðalskipulagi er ekki skilgreind sérstök landnotkun undir kirkjunni, hún er á opnu svæði til sérstakra nota, sjá kafla 4.10 ]

Sagt er frá söfnunum við Grenjaðarstað og Þverá (gamli bær) hér að ofan. Þá er enn eitt safn í Þingeyjarsveit:

Þ-15: Samgönguminjasafnið Ystafelli í Kaldakinn. Byggingar eru um 1670 m<sup>2</sup> á lóð sem er 0,46 ha að stærð.

> Í aðalskipulagi er lóð undir Samgönguminjasafninu skilgreind sem svæði fyrir þjónustustofnanir, 0,46 ha að stærð. Ætlunin er að byggja þriðja salinn á næstu árum, hann verður þá hugsaður sem geymsluhúsnæði."

> Annað / ýmislegt:

Þ-16: Flugvöllurinn í Aðaldal er að mestu innan sveitarfélagsmarka Þingeyjarsveitar og má skilgreina það svæði sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

> Í aðalskipulagi er skilgreint svæði fyrir þjónustustofnanir, um 45 ha að stærð.

[ Meðferðarheimili er í Árbót í Aðaldal.

Í aðalskipulagi er ekki skilgreint sérstakt svæði fyrir þjónustustofnanir enda er það á skilgreindu landbúnaðarsvæði ]

\*\*\*

Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á félagsheimilum, kirkjum og söfnum, nema etv. á Samgönguminjasafninu Ystafelli.

Ofangreind svæði fyrir þjónustustofnanir í dreifbýli (tölusett) eru merkt á sveitarfélagsupprætti mkv. 1:100.000 með appelsínugulum lit / hringtákn.

Svæði fyrir þjónustustofnanir í þéttbýli eru sýnd á þéttbýlisupprættum mkv. 1:5.000.

Varðandi staðsetningu svæða fyrir þjónustustofnanir, sjá einnig viðauka VII, skýringarupprátt S-06.

## 4.5 VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

(Skipulagsreglugerð 4.5.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að skilgreina svæði þar sem starfsemi í verslun og þjónustu – og þá sérstaklega í ferðaþjónustu – geti þróast með skipulögðum hætti til langs tíma.

### 4.5.1 Almenn verslun og þjónusta

Eins og greint er frá í kafla 3.3.3 er verslunar- og þjónustusvæði í þrengstu merkingu hugtaksins aðeins til á tveimur stöðum í Þingeyjarsveit, þ.e. á þéttbýlissvæði á Laugum og við Fosshól:

Á Laugum er dagvöruverslun og veitingastaður með bensín-sólu. Einnig Kjarni rétt norðar, þar er Skrifstofa Þingeyjar-sveitar ásamt Sparisjóði S-Þingeyinga og póstútíubú. Núverandi lóðir undir þeirri starfsemi eru samtals 0,79 ha.

> Í aðalskipulagi er um 3,0 ha stórt svæði, sem m.a. nær yfir ofangreint, skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

- Gert er ráð fyrir viðbyggingu við Kjarna og verslunina og einnig tveimur byggingareitum sunnan þeirra sbr. gildandi deiliskipulag samþykkt 2003.

V-01: Við Fosshól er verslun, veitinga- og bensínsala ásamt handverksmarkaði.

> Í aðalskipulagi er um 0,43 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

- Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á svæðinu.

### 4.5.2 Ferðaþjónusta o.fl.

Eins og greint er frá í kafla 3.3.3 er á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu rekin starfsemi tengd ferðaþjónustu sem líkja má við hótellektur. Í aðalskipulagi þessu verður hún skilgreind sem verslun og þjónusta:

V-02: Veðiþús við Árnes í Aðaldal: Veðiþús, samtals 353 m<sup>2</sup>.

> Í aðalskipulagi er um 2,07 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

V-03: Þinghúsið Hraunbær í Aðaldal (við Hólmað): Gistihús, 188 m<sup>2</sup>.

> Í aðalskipulagi er um 0,37 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar og þjónustusvæði.

- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

V-04: Ferðaþjónusta við Brekku í Aðaldal: Hér eru nú þrjú hús til ferðaþjónustu. Skv. deiliskipulagi í vinnslu er gert ráð fyrir sex húsum til viðbótar og þar að auki tjaldsvæði með ýmsum þjónustuhúsum. Íbúðarhúsið í Brekku og gömul útihús eru á svæðinu og verða einnig að hluta til nýtt í ferðaþjónustu.

> Í aðalskipulagi er um 10,0 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

V-05: Gistipjónustan Staðarhóli í Aðaldal: Sex stök gistihýsi ásamt gistiaðstöðu í eldra íbúðarhúsi Staðarhóli.

> Í aðalskipulagi er um 7,1 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Á svæðinu eru núna 6 gistihýsi, ásamt bæjunum Staðarhóli og Staðarbæ.

- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

V-06: Hótel Rauðaskriða í Aðaldal: Þriggja stjörnu sveitahótel.

> Í aðalskipulagi er um 5,38 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

V-07: Kirkjumiðstöðin v. Vestmannsvatn: Sumarbúðir, samtals 584 m<sup>2</sup>.

> Í aðalskipulagi er um 4,50 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

- Íhugað er að bæta við starfsemina þannig að svæðið verði ekki eingöngu nýtt yfir hásumarið.

V-08: Einarstaðir í Reykjadal: Rétt norðan við bæjarstæðið er skilgreint svæði fyrir ferðaþjónustu. Engin mannvirki eru á svæðinu eins og er, en í vinnslu er tillaga að deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir að hér muni koma tvö gistihús (200 m<sup>2</sup> hvert), eitt aðstöðuhús með eldhúsi, borðsal, þvottahúsi o.fl (300 m<sup>2</sup>) og allt að 30 frístundahús til útleigu (25-40 m<sup>2</sup>). Einnig er gert ráð fyrir einu heilsárshúsi á svæðinu (að hámarki 240 m<sup>2</sup>).

> Í aðalskipulagi er um 9,1 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

V-09: Gistihúsið Narfastöðum í Reykjadal: Sveitahótel, rúmlega 1.900 m<sup>2</sup> gistihús o.fl.

> Í aðalskipulagi er um 10,30 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

V-10: Stóru-Laugar í Reykjadal: Gistihús, rúmlega 300 m<sup>2</sup> bygging. Einnig tjaldstæði.

> Í aðalskipulagi er um 0,10 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

V-11: Rauðhólar, veiðiheimpli í Laxárdal: Veiðiheimpli í landi Kasthvamms. Bygging um 420 m<sup>2</sup>.

> Í aðalskipulagi er um 0,56 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.  
- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

V-12: Fosshóll við Goðafoss: Gistihús með 26 herbergjum og veitingasal.

> Í aðalskipulagi er um 2,5 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.  
- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

V-13: Kiðagil í Bárðardal: Gistiþjónusta hjá Stóruvöllum. Á veturna starfrækir Kiðagil skólalabúðir. Einnig er leikskóli starfræktur í húsinu. Bygging um 822 m<sup>2</sup>.

> Í aðalskipulagi er um 10,0 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.  
- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

V-14: Sveitarsetrið Draflastöðum er í Fnjóskadal, þar er rekið gistiheimili og tjaldsvæði. Um 330 m<sup>2</sup> bygging.

> Í aðalskipulagi er um 0,45 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.  
- Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.

[ Sumarhótel eru rekin í tveimur skólum, Framhalds-skólanum á Laugum og Stórutjarnaskóla. Einnig er sumargisting á Breiðumýri og í Ljósveitningabúð. Áður er sagt frá þeim í kafla 3.3.2, skilgreind sem svæði fyrir þjónustustofnanir.]

[ Heimagisting o.fl. er í Aðaldal á Hafralæk, Garði, Klambreseli og Haga I. Í Fnjóskadal í Hjarðarholti og í Bárðardal í Stórutungu. Ekki er skilgreind sérstök landnotkun vegna ofangreindrar starfsemi, hún er á landbúnaðarsvæði.]

[ Veiðihús á Laugum, í landi Lauta, er án þjónustu. Bygging 126 m<sup>2</sup> á lóð sem í fasteignaskrá er skilgreind sem: „viðskipta- og þjónustulóð 1,00 ha“. Í aðalskipulagi þessu er ekki skilgreind sérstök landnotkun, húsið er á svæði fyrir íbúðarbyggð.]

Ofangreind verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli (tölusett) eru merkt á sveitarfélagsuppdrætti mkv. 1:100.000 með gulum lit, annaðhvort í kvarða eða með hringtákni (fer eftir stærð svæðis).

Verslunar- og þjónustusvæði í þéttbýli eru sýnd á þéttbýlisuppdráttum mkv. 1:5.000.

Varðandi staðsetningu verslunar- og þjónustusvæða, sjá einnig viðauka VII, skýringaruppdrátt S-06.

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli.

(Skipulagsreglugerð 4.11.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að í sveitarfélaginu verði nægileg frístundabyggð af ýmsum tegundum, sem varðandi staðsetningu og gerð taka tillit til mismunandi þarfa og áhuga fólks. Stefnt skal að því að frístundahús verði einkum á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð til þess að sameiginleg þjónusta s.s. vegir, veitur o.fl. nýtist sem best og ósnortin náttúra spillist sem minnst.

Heimilt er þó að reisa allt að þrjú frístundahús á hverju lögbýli / á landbúnaðarsvæði án þess að um sérstök svæði fyrir frístundabyggð sé að ræða, sjá kafla 4.8.2.

#### 4.6.1 Sumarhúsasvæði

Eins og greint er frá í kafla 3.3.4 eru nú þegar 15 sumarhúsasvæði með fleiri en 3 sumarhúsum í Þingeyjarsveit, og eru flest þeirra í Fnjóskadal:

Í Aðaldal (5): í landi Laxamýrar, Núpa, Knútsstaða, Árbótar, Jódísarstaða.

Í Ljósavatnsskarði og Bárðardal (2): í landi Arnstapa og Einbúa.

Í Fnjóskadal (8): í landi Viðifells, Skóga, Hróarsstaða, Lundar/Höfðabyggð/Stekkarbyggð, Kotungsstaða, Þórðarstaða, Illugastaða og Reykja 2

Fleiri sumarhúsasvæði eru skipulögð til viðbótar. Hér að neðan segir frá öllum sumarhúsasvæðum sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar.

> Í Aðaldal og Skríðhverfi:

F-01: Í landi Silalækjar eru nú þegar þrjú frístundahús á lóðum sem eru 10.000 – 15.000 m<sup>2</sup> að stærð.

Í aðalskipulagi er um 10,8 ha stórt svæði í landi Silalækjar skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Deiliskipulag er í vinnslu og í því er gert ráð fyrir tveim frístundahúsalóðum til viðbótar, 6.000 og 7.600 m<sup>2</sup> að stærð.

[ F-02: Í landi Laxamýrar rétt austan Húsavíkurflugvallar er sumarhúsabyggðin Laxárlundur. Samkvæmt Þingeyjarsveit er hún innan marka Þingeyjarsveitar, en skv. Norðurþingi / Aðalskipulagi Húsavíkurbæjar er hún í Norðurþingi (sjá kafla 1.3). Sumarhúsabyggðin Laxárlundur er því ekki inni í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar eins og er. ]

F-03: Í landi Núpa er samfelld sumarhúsabyggð rétt austan við flugbraut Húsavíkurflugvallar og upb. 350 m vestan við Laxá. Hér eru um 25 sumarhús, aðallega byggð 1980-1990. Húsin eru tiltölulega lítil, um 40 m<sup>2</sup>, og lóðirnar eru flestar um 1.000 m<sup>2</sup>. Núverandi svæði er um 15 ha að stærð, en gert er ráð fyrir að það geti á skipulagstímabilinu stækkað um 150 m til austurs – að 200 m frá vatnsbakka Laxár.

> Í aðalskipulagi er um 24,9 ha stórt svæði í landi Núpa skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Gert er ráð fyrir að hér muni koma um 10 – 15 lítil sumarhús til viðbótar, svipuð og núverandi sumarhúsabyggð.

F-04: Í landi Knútsstaða er sumarhúsasvæði, 21,9 ha að stærð. Deiliskipulag er á svæðinu (samþykkt þann 16. júní 1997). Í því skipulagi eru skilgreindar 11 sumarhúsalóðir um 2.500 m<sup>2</sup> að stærð ásamt svæði fyrir sex hjólhysi. Á vesturhluta svæðisins eru ekki skilgreindar lóðir en þar er merkt „fyrirhugað sumarhúsasvæði“. Að svo stöddu er aðeins fáum lóðum skipt úr landi Knútsstaða, þar eru nú komin þrjú hús, um 30-60 m<sup>2</sup> að stærð á 2.500 m<sup>2</sup> lóðum.

> Í aðalskipulagi er um 21,9 ha stórt svæði í landi Knútsstaða skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Gert er ráð fyrir að hér muni koma allt að 20 frístundahús á upb. 2.500 m<sup>2</sup> lóðum

F-05: Í landi Árbótar er sumarhúsasvæði vestan og norðvestan við bæinn, upb. 200 m austan við Laxá. Hér eru 8 sumarhús, flest byggð um 1990. Lóðir eru að jafnaði um 3.500 m<sup>2</sup>. Deiliskipulag er á svæðinu (samþykkt 1992).

> Í aðalskipulagi er um 10,0 ha stórt svæði í landi Árbótar skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“. Fjarlægð frá vatnsbakka Laxár er 200 m.

- Hér munu koma upb. 5 sumarhús til viðbótar, hvert um 50-70 m<sup>2</sup> að stærð, á svipuðum lóðum og þau sem eru nú til á svæðinu.

F-06: Í landi Hafralækjar er um 5,8 ha svæði skilgreint sem „sumarhúsadal“ skv. fasteignamat Ríkisins. Engin mannvirki eru á svæðinu eins og er, en til er staðfest deiliskipulag sem gerir ráð fyrir að hér muni koma 9 frístundahúsalóðir, að meðaltali um 6.000 m<sup>2</sup> að stærð.

F-07: Í landi Rauðuskriðu verður um 30 ha stórt svæði vestan í Garðsnúp skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Hvorki mannvirki né deiliskipulag eru á svæðinu eins og er, en gert er ráð fyrir að hér muni koma um 30 frístundahús á upb. 1 ha stórum lóðum.

F-08: Í landi Jódísarstaða, rétt austan við Skjálfandafliót eru 7 sumarhúsalóðir / 5 sumarhús, flest byggð um 1990. Húsin eru tiltölulega lítil, um 45-50 m<sup>2</sup>, en lóðirnar eru um 10.000 m<sup>2</sup>. Húsin sem eru staðsett hátt í brekku eru innan við 100 m frá vatnsbakka Skjálfandaflióts. Deiliskipulag er á svæðinu (samþykkt 1987 / 1994).

> Í aðalskipulagi er um 7,0 ha stórt svæði í landi Jódísarstaða skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Ekki er gert ráð fyrir fleiri en 7 sumarhúsum á svæðinu.

## > Í Reykjadal, Bárðardal og Ljósavatnsskarði:

**F-09:** Í landi Hjalla er rekin ferðapjónusta. Þar er núna um 2,0 ha tjaldsvæði við svonefnda Vaðshóla, með 35 m<sup>2</sup> þjónustuhús. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að byggja allt að 50 smáhýsi á tjaldreitnum

> Í aðalskipulagi er um 2,0 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

**F-10:** Í landi Arnstapa, rétt vestan við Ljósavatn eru nú þegar 5 sumarhús, en í fasteignaskrá eru 10 lóðir skilgreindar sem „sumarbústaðaland“.

Deiliskipulag er á 10,9 ha stóru svæði. (samþykkt 1993 og 1998, breyting samþykkt 2007). Í því eru skilgreindar 10 frístundahúsalóðir, upp. 0,5-1 ha að stærð, og gert er ráð fyrir að á hverri lóð mun koma eitt hús, allt að 100 m<sup>2</sup> að grunnfleti.

> Í aðalskipulagi er um 10,9 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“

**F-11:** Í landi Einbúa eru 4 sumarhús rétt norðan við Kálfborgarána. Húsin eru upp. 45 m<sup>2</sup> að stærð, flest byggð 1991-1994 á lóðum sem eru um 0,3 – 0,5 ha að stærð. Deiliskipulag er á 2 ha stóru svæði (samþykkt 1990)

> Í aðalskipulagi er um 2,0 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“

- Gert er ráð fyrir tveimur sumarhúsum til viðbótar.

**F-12:** Í landi Stórutungu, rétt austan við bæinn, eru tvö frístundahús og ein óbyggð frístundahúsalóð. Lóðarstærð er um 2.000 m<sup>2</sup>.

> Í aðalskipulagi er um 3,5 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Gert er ráð fyrir að hámarki þremur sumarhúsum (tveim lóðum) til viðbótar.

## > Í Fnjóskadal:

**F-13:** Í landi Mela er eitt frístundahús á upp. 8.300 m<sup>2</sup> lóð.

> Í aðalskipulagi er um 21 ha stórt svæði skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. (tvískipt: norður um 14 ha og suður 7 ha).

**F-14:** Í landi Viðifells eru 4 sumarhús á lóðum sem eru um 0,5-2 ha að stærð. Húsin er á mismunandi stærð frá upp. 40 m<sup>2</sup> upp í 120 m<sup>2</sup>, byggð 1991-1998.

> Í aðalskipulagi er um 5,5 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“. (Samsvarar að mestu yfirlitsuppdrátt frá júní 1998).

- Ekki er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa á svæðinu.

**F-15:** Í landi Ness er gert ráð fyrir rúmlega 26 ha sumar- bústaðasvæði (13,5 ha + 8,2 ha + etv. 4,6 ha) staðsett um 1 – 1,7 km norðan við munna fyrirhugaðra Vaðlaheiðarganga í Fnjóskadal. Svæðin eru óbyggð eins og er.

> Í aðalskipulagi er samtals um 26,3 ha skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi húsa sé tvö hús á hektara.

**F-16** í landi Skóga eru 14 frístundahús / 15 lóðir við Selgil (9 lóðir neðan vegar og 6 ofan hans). Lóðir eru flestar um 0,2-0,4 ha að stærð. Ekki er til deiliskipulag á svæðinu.

> Í aðalskipulagi er um 25,1 ha svæði (14,5 ha neðan vegar og 10,6 ha ofan hans) skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Gert er ráð fyrir allt að 38 lóðum á þessu svæði (um 22 lóðum neðan vegar og um 16 ofan vegar) sem nánar verður útfært í deiliskipulagi.

**F-17:** í landi Skóga eru einnig 6 frístundahús / 9 lóðir við Grófargil landamerki við Hróastaði. (5 lóðir neðan vegar og 4 ofan hans). Lóðir eru flestar um 0,3-0,5 ha að stærð.

Deiliskipulag er á rúmlega 6 ha stóru svæði (samþykkt 1990)

> Í aðalskipulagi er um 6,1 ha svæði (3,2 ha neðan vegar og 2,9 ha ofan hans) skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Gert er ráð fyrir 9 frístundahúsum, í samræmi við deiliskipulag.

**F-18:** Í landi Skóga er þar að auki ætlað að koma upp frístundahúsum á upp. 7,8 ha stóru svæði rétt norðan við munna fyrirhugaðra Vaðlaheiðarganga

> Í aðalskipulagi er um 7,8 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“

- Gert er ráð fyrir allt að 5-6 húsum á þessum reit.

**F-19:** Í landi Hróarsstaða eru 3-4 sumarhús á 7,0 ha stóru svæði nefnd Hróarstunga/Hafragil/Merkjagröf. Deiliskipulag er á svæðinu, samþykkt 1996 / 2007. Í því eru skilgreindar 13 lóðir, um 0,25-0,75 ha að stærð, og gert er ráð fyrir að á hverri lóð mun koma eitt hús, allt að 250 m<sup>2</sup> hús + bílgeymsla. í deiliskipulagstillögu segir um húsin „annað hvort íbúðarhús eða frístundahús“.

> Í aðalskipulagi er um 7 ha stórt svæði skilgreint sem „blandað svæði, íbúðarsvæði og svæði fyrir frístundabyggð“

**F-20:** Í landi Hróarsstaða eru einnig 3 sumarhús á 11 ha stóru svæði sunnan Systragils.

> Í aðalskipulagi er 11 ha stórt svæði skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Svæðinu verður skipt í fimm hluta og gert er ráð fyrir amk. einum sumarbústað á hverjum hluta. Fjöldi húsa og stærð einstakra lóða skal útfært í deiliskipulagi.

**F-21:** Í landi Markar er um 10,2 ha svæði suðaustan við bæinn skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð.

Lóðir skulu eigi vera minni en 0,5 ha og því skal hámarks fjöldi frístundahúsa ekki vera fleiri en 20. Leyfilegt er að koma upp þjónustu innan svæðsins. Fjöldi húsa og stærð einstakra lóða skal útfært í deiliskipulagi.

**F-22:** Í landi Lundar eru skipulögð frístundahúsa svæði (Lundsskógur / Höfðabyggð / Stekkjarbyggð) með 88 lóðir fyrir frístundahús, svæði fyrir 8-10 smáhýsi og reit fyrir golfskála. Deiliskipulög er á 86,7 ha stóru svæði (samþykkt 1998 / 2007 / 2008). Lóðir eru flestar um 0,5 – 1,0 ha að stærð og er um helmingur þeirra byggðar eins og er.

> Í aðalskipulagi er um 87 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á svæðinu.

**F-23:** Í landi Fjósatungu er 61,2 ha skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið er óbyggt eins og er. Lóðir skulu eigi vera minni en 0,5 ha (staðf. 30.09.2012 – augl. 15.10.2012 nr.834) og því skal hámarks fjöldi frístundahúsa ekki vera fleiri en 60. Leyfilegt er að koma upp þjónustu innan svæðisins Fjöldi húsa og stærð einstakra lóða skal útfært í deiliskipulagi.

F-24: Í landi Kotungsstaða eru nú þegar 4 frístundahús. Deiliskipulag er ekki til.

> Í aðalskipulagi er um 40 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“

- Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði alls 16 frístundahús.

F-25: Í landi Illugastaða er orlofsbyggð með upp. 30 húsum, þjónustumiðstöð, sundlaug o.fl. Orlofshúsin eru flest 45-50 m<sup>2</sup> að stærð, byggð 1968-2005. Á svæðinu eru einnig eitt íbúðarhús og kirkja. Í fasteignaskrá er ekki skilgreint sérstakt sumarbústaðaland, byggðin er á jörðinni Illugastöðum. Ekki er til deiliskipulag á svæðinu.

> Í aðalskipulagi er um 19,7 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“

- Gert er ráð fyrir að bæta við frístundahúsum, aðstöðu fyrir húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna. Áætlað er að nota syðsta og nyrsta hlutann undir þessar framkvæmdir. Við breytingu á svæðinu skal útfæra deiliskipulag.

F-26: Í landi Þórðarstaða er lítið svæði fyrir frístundabyggð: 5 hús 59 m<sup>2</sup> að stærð byggð 1979 á sameiginlegri lóð sem er 6 ha. Ekki er deiliskipulag á svæðinu.

> Í aðalskipulagi er um 6,0 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Ekki er gert ráð fyrir fjölgun frístundahúsa.

F-27: Í landi Reykja 2 eru nú þegar tvö sumarhús á lóðum sem eru 1,5 ha að stærð (byggð 1988).

> Í aðalskipulagi er um 8,8 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Gert er ráð fyrir að hér muni koma 5 - 7 frístundahús til viðbótar, á lóðum sem eru um 1 ha að stærð.

Auk ofangreindra svæða fyrir frístundabyggð eru nokkrar stærri lóðir / svæði sem skv. fasteignaskrá ríkisins eru „sumarbústaðaland“ en verða þó ekki skilgreind sem svæði fyrir frístundabyggð í aðalskipulaginu:

[ Í landi Þórðarstaða eru tvö frístundahús (Viðigrund og Garðshorn) á sameiginlegri lóð, sem í fasteignaskrá er skilgreind sem „sumarbústaðaland, 9,2 ha“. Í aðalskipulagi þessu hluti af landbúnaðarsvæði. ]

[ Í landi Reykja 1 eru 4 sumarhús á lóðum sem eru 0,5 – 2,7 ha að stærð. Um er að ræða stök sumarhús dreifð á landbúnaðarsvæði, ekki sérstakt svæði fyrir frístundabyggð. ]

[ Végeirsstaðir í Fnjóskadal er skógræktarjörð án búsetu, girt svæði um 40 ha að stærð. Eigandi jarðar er Háskólinn á Akureyri. Í fasteignaskrá skilgreint sem „nytjað til landgræðslu“, með 4 sumar-bústöðum.

Í aðalskipulagi þessu skilgreint sem opin svæði til sérstakra nota / trjáræktarsvæði, ekki svæði fyrir frístundabyggð. Sjá nánar kafla 4.10.

Auk eiginlegra sumarhúsvæða eru einnig stök frístundahús á bújörðum eða á lóðum skiptum úr landi þeirra, sem í fasteignamati eru skilgreind sem „sumarbústaðaland“:

> Í aðalskipulagi eru þær lóðir þó ekki skilgreindar sérstaklega sem svæði fyrir frístundabyggð því samkvæmt aðal-

skipulagi þessu mega koma allt að þrjú frístundahús á hverju lögbýli / á landbúnaðarsvæði, án þess að skilgreind séu sérstök svæði fyrir frístundabyggð. (sjá kafla 4.8.2).

#### 4.6.2 Önnur svæði f. frístundabyggð

S-01: Skátaskáli Hraunholt er í landi Knútsstaða, skáli á 2 ha lóð. Eigandi er Skátafélagið Víkingur. Í fasteignamati skilgreind sem „sumarbústaðaland“, 2,0 ha.

Þá eru ýmsir gangnamannakofar o.fl. í öbyggðum:

S-02 Urðarkot á Flateyjardal, S-03 Heiðarhús á Flateyjardalsheiði, S-04 Sörlastaðir í Fnjóskadal, S-05, Staupasteinn í Hjaltadal, S-06 Bleikur á Bleiksmýradal, S-07 Bleiksbúð á Bleiksmýradalsdrögum, S-08 Réttarkot á Réttartorfu, S-09 Mosakofi syðst í Mjóadal, S-10 Gangnamannakofi(rúst) í Sandmúladal norðanverðum, S-11 Kvíaskáli syðst á Krókdal, S-12 Blómsturvellir í Öxnadal, S-13 Slakki á Hraunárdal, S-14 Gæsavatnaskáli við Gæsavötn, S-15 gangnamannaskáli á Þeistareykjum, S-16 Naustavík (Fjallaskáli).

> Í aðalskipulagi eru svæði undir þessa starfsemi skilgreind sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

- Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim svæðum.

Þar að auki er í svæðisskipulagi Miðhálandis gert ráð fyrir að gístiskáli verði byggður í Kiðagili og gönguskáli í Heilagsdal. Hugmyndir eru einnig uppi um að koma upp gönguskála í Vonarskarði, um miðja veginni milli Hraunárdals og Krossár, og á svæðinu milli Marteinsflæðu og Vatnajökuls.

Ekki er hægt að afmarka staðsetningar þessara skála nákvæmt eins og er, en samkvæmt aðalskipulagi þessu er leyft að koma upp skála á þessum svæðum. Þá skal afmarka svæðin á skipulagsupprætti þegar aðalskipulagið verður tekið til endurskoðunar.

Ofangreind svæði fyrir frístundabyggð (tölusett) eru merkt á sveitarfélagsupprætti mkv. 1:100.000 með ljósfjólubláum lit, annað hvort í kvarða eða með hringtákn (fer eftir stærð svæðis).

Varðandi staðsetningu svæða fyrir frístundabyggð, sjá einnig viðauka VII, skýringarupprátt S-07.

\*\*\*

Við gerð deiliskipulags á sumarhúsvæðum skal miða við hámarks nýtingarhlutfall lóða upp. 0,05. Þar að auki verða í deiliskipulagi ákvæði um byggingarskilmála o.fl.

Gæta skal þess að ekki sé byggð nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m (skv. Skipulagsreglugerð gr. 4.16.2). Einnig skal gæta þess að ekki sé byggð nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim (skv. Skipulagsreglugerð gr. 4.15.2).

Virða skal helgunarsvæði háspennulína og tryggja að byggingarreitir verði ekki skipulagðir innan þess, einnig að greiður aðgangur verði að línunum vegna eftirlits og viðgerða. Ennfremur skal helgunarsvæði sýnt á deiliskipulagsuppráttum (skv. Skipulagsreglugerð gr. 5.17.2).

---

#### 4.6.3 Flatey á Skjálfanda

---

Flatey er um 1,5 mílu NA út af Flateyjardal, tæpir 3 km<sup>2</sup> að stærð. Hér var áður blómleg byggð og útgerð en fólk hætti að hafa vetursetu í eyjunni árið 1967. Flatey er þó áfram vinsæll sumardvalarstaður, ekki síst meðal brotfluttra Flateyinga og afkomenda þeirra.

Flatey er ríkiseign (Ríkissjóður Íslands) en langflest hús eru í einkaeign. Eyjan er skilgreind sem „önnur svæði á náttúru-minjaskrá“ vegna fjölbreytts fuglalífs og söguminja.

Í Flatey eru samkvæmt fasteignamati ríkisins fjórar jarðir, Krosshús, Uppibær, Útibær og Neðribær, einnig Flateyjarkirkja (fmr: annað land), Félagsheimili (fmr: viðskipta- og þjónustulóð) og skólalóð (fmr: íbúðarhúsalóð). Þar að auki eru 13 íbúðarhúsalóðir og ein lóð sem skilgreind er sem sumar-bústaðaland. Þá er höfn og viti í Flatey.

> Í aðalskipulagi þessu er litið á Flatey sem eina heild og eyjan skilgreind með sameiginlegri landnotkun, þ.e. blönduðu svæði fyrir frístundabyggð og opnu svæði til sérstakra nota / útivistarsvæði. Þó er höfnin skilgreint sem hafnarsvæði (sjá bls. 77).

- Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á svæðinu. Þvert á móti er í aðalskipulagi sett hverfisvernd á Flatey með því markmiði að varðveita landslag og náttúru eyjunnar og reyna jafnframt að laða fram byggðamynd fyrri tíma.

Varðandi hverfisvernd í Flatey, sjá kafla 4.16.1.

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

(Skipulagsreglugerð 4.7.1)

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnu- starfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum.

Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsvæði.

(Skipulagsreglugerð 4.6.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að afmarka iðnaðarsvæði þar sem virkjun fer fram eða áætlað er að fari fram, þ.e. vatnsvirkjanir Laxárvirkjun og Árteigsvirkjun, og virkjunarsvæði jarðhita á Þeistareykjum og etv. í Gjástykki.

Einnig að skilgreina iðnaðarsvæði og athafnasvæði í þéttbyli og dreifbyli sem samsvarar núverandi og fyrirhugaðri starfsemi í Þingeyjarsveit.

#### 4.7.1 Laxárvirkjun og Árteigsvirkjun

Í Aðaldal er iðnaðarsvæði við Laxárvirkjun sem samstendur af Laxárstöð I, II og III. Afl stöðvarinnar er samtals 27,5 MW. Auk tæknimannvirkja eru íbúðir og ýmsar þjónustubyggingar við Laxárvirkjun.

Í Útkinn er iðnaðarsvæði við Árteigsvirkjun sem samstendur af Árteigsvirkjun 4 og 5. Afl stöðvarinnar er samtals 1,25 KW.

##### > Laxárvirkjun:

Ið-01: Svæði Laxárvirkjunar er um 27,2 ha að stærð, að mestu staðsett innan við 200 m frá bökkum Laxár. Í aðalskipulagi þessu er skilgreint iðnaðarsvæði, um 25,4 ha, sem nær yfir öll tæknimannvirki og þjónustubyggingar Laxárvirkjunar.

Iðnaðarsvæðið er sérhæft fyrir orkuvinnslu og þjónustu tengda henni, og óheimilt er að nýta það til annarrar iðnaðarstarfsemi sem annars er að jafnaði heimil á iðnaðarsvæðum.

Þar sem íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum er svæði undir starfsmannaíbúðir skilgreint sem sérstakt íbúðarsvæði og er það upb. 1,8 ha að stærð. Íbúðarsvæðið er eingöngu ætlað starfsmönnum virkjunarinnar og fjölskyldum þeirra.


Hjá Landsvirkjun hafa lengi verið hugmyndir um að hækka stífluna við Laxárvirkjun, aðallega til að bæta úr þeim vanda-

málum sem stafa frá klakamyndun og aur í hverflunum. Árið 2003 vann Landsvirkjun drög að tillögu að matsáætlun hækkunar Laxárstíflu.

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er þó ekki gert ráð fyrir hækkun á stíflu / stækkun uppistöðulóns, þar sem Laxá er friðuð samkvæmt sérstökum lögum (nr. 97 / 2004) og óheimilt er að breyta vatnsborði hennar nema til verndunar og ræktunar (sjá kafla 3.2.1).

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar vísar ekki á bug þörf á breytingum á stíflu og/eda aðrennsli að Laxárvirkjun og er hlynnt því að rannsakað verði hvort hægt sé að finna viðhlítandi lausn á rekstrarvanda Laxárvirkjunar án þess að ganga of nærri lífríki Laxár í Þingeyjarsýslu.

Náist samkomulag milli Landsvirkjunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns um að breyta rennsli Laxár / hækka stíflu þarf fyrst að breyta lögum og síðan að breyta aðalskipulagi þessu áður en áætlanir gætu farið í umhverfismat og komið til framkvæmda.



Laxárvirkjun, yfirlitsmynd mkv.1:15.000. 25,4 ha iðnaðarsvæði og 1,8 ha íbúðarsvæði, samtals 27,2 ha

##### > Árteigsvirkjun:

Ið-02: Svæði Árteigsvirkjunar er um 80 ha að stærð. Um 12 ha eru leigulóðir Raflækjar ehf. undir Árteigsvirkjun 4, en um 68 ha hefur verið bætt við undir Árteigsvirkjun 5.

Í aðalskipulagi þessu er skilgreint iðnaðarsvæði, um 80 ha, sem nær yfir öll tæknimannvirki Árteigsvirkjunar. Iðnaðarsvæðið er sérhæft fyrir orkuvinnslu og þjónustu tengt henni, og óheimilt er að nýta það til annarrar iðnaðarstarfsemi, sem annars er að jafnaði heimil á iðnaðarsvæðum.

## 4.7.2 Þeistareykir og Gjástykki


Áætlað er að virkja háhitasvæðin á Þeistareykjum og etv. Gjástykki til að stuðla að atvinnuuppbyggingu í héraðinu. Þeistareykir eru að fullu innan sveitarfélagsmarka Þingeyjarsveitar, en Gjástykki allra austast í sveitarfélaginu nær einnig í Skúta- staðahrepp og Norðurþing.

Árið 2008 var staðfest svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Megin viðfangsefni svæðisskipulagsins eru væntanleg orkuvinnsla og virkjanamannvirki, vegir, línur og aðrar lagnir, verndarákvæði vegna náttúrufars og minja og önnur viðeigandi landnotkunarákvæði á svæði, sem nær yfir land Þeistareykja, í Gjástykki, Kröflu og Bjarnaflagi, auk hugsanlegs línustæðis að Bakka norðan Húsavíkur.

Í svæðisskipulaginu eru skilgreind tvö iðnaðarsvæði fyrir orkuvinnslu innan sveitarfélagsmarka Þingeyjarsveitar: Annað er við Þeistareyki, um 35 km<sup>2</sup> að stærð, hitt er við Gjástykki, um 2,7 km<sup>2</sup> að stærð.

Í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum segir:

„Ekki verður virkjað í Gjástykki nema hin svæðin [ þ.e. Krafla, Bjarnaflag og Þeistareykir ] gefi ekki nægjanlega orku fyrir starfsemi og atvinnuuppbyggingu á skipulagssvæðinu.“ Þessi ákvæði gilda einnig í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022.“



Orkuvinnslusvæði á Þeistareykjum og í Gjástykki  
Mkv. 1 : 200.000

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar eru orkuvinnslusvæðin skilgreind eins og í svæðisskipulaginu \*) og eftirfarandi er vitnað beint til texta svæðisskipulagsins:

IÐ-03 [IP 1]: Orkuvinnslusvæði á Þeistareykjum er alls um 35 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Ytri mörk þess eru afmörkuð á grófan hátt út frá niðurstöðum yfirborðsmælinga og rannsókna þannig að mestar líkur séu á því að hugsanleg orkuvinnsla verði innan þeirra. Á hverasvæðinu á Þeistareykjum og bæjarstæðinu þar eru mörkin hins vegar dregin með nokkurri nákvæmi vegna nálægðar við hvergi og búsetuminjar.

Orkuvinnslusvæðið skiptist í grófum dráttum í austur- og vestursvæði um apalhraunið í Þeistareykjahrauni. Austursvæðið nær upp Bóndhólsskarð og austur fyrir Ketilfjall og Bæjarfjall. Vestursvæðið er að mestu leyti á Þeistareykjahrauni.

Hverfisverndarsvæði HÞ3 og HÞ4 ná inn á orkuvinnslusvæðið og skal þar gætt varúðar við mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði, sem sett eru um þau.

[ sjá nánar kafla 4.16, Hverfisverndarsvæði ]

IÐ-04 [IG 1]: Orkuvinnslusvæði í Gjástykki er 2,7 km<sup>2</sup>. Þar af eru um 0,9 km<sup>2</sup> inni á Leirhnjúkshrauni sem að öðru leyti nýtur hverfisverndar. Orkuvinnslusvæði inni á hrauninu er frávik frá almennum ákvæðum 37. greinar náttúruverndarlaga. Hluta orkuvinnslusvæðisins hefur þegar verið raskað með girðingu og vegslóða þvert yfir hraunið frá austri til vesturs og miðast afmörkun svæðisins við að nýta megi það svæði vegna hugsanlegra virkjanaframkvæmda.

Hverfisverndarákvæði eiga við gjár og sprungur á orkuvinnslusvæðinu og í nágrenni þess [ ... ] Þar sem hluti orkuvinnslusvæðisins er inni á landslagsgerð, sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 37. grein náttúruverndarlaga skal vanda sérstaklega til hönnunar mannvirkja með það í huga að laga þau sem best að landi og fara með nærfærni um svæðið.

[ sjá nánar kafla 4.16, Hverfisverndarsvæði ]

Um nýtingu svæðanna og frekara skipulag þeirra er einnig farið eftir ákvörðun svæðisskipulagsins:

Orkuvinnslusvæði eru iðnaðarsvæði sem sérhæfð eru fyrir orkuvinnslu, virkjanir og veitumannvirki þeim tengd, og er óheimilt að nýta þau til annarrar iðnaðarstarfsemi, sem annars er að jafnaði heimil á iðnaðarsvæðum.

Innan svæðanna og í tengslum við önnur mannvirki, t.d. stöðvarhús og aðkomuvegi, er þó heimilt að gera ráð fyrir aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn og útivistarfólk auk upplýsingaskilta, og skal umfang slíkrar starfsemi og mannvirkja hennar vegna skilgreint í deiliskipulagi. Sveitarfélagin geta afmarkað í deiliskipulagi svæði fyrir ferðaþjónustu innan orkuvinnslusvæða aðalskipulagsins, án þess að því þurfi að breyta.

Á orkuvinnslusvæðum eru heimilar rannsóknarboranir, borun vinnsluhola, gerð nauðsynlegra vega og lagna og bygging stöðvarhúsa og annarra tilheyrandi mannvirkja sem gerð verður grein fyrir í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og deiliskipulagi. Í samræmi við stefnu áætlunarinnar skulu borholur vera á svo nefndum borteigum þannig að lágmarkað verði það land sem fer undir vinnsluholur virkjunar. Einnig skal samþætta vegi og lagnir eins og kostur er, þ.e. að lagnaleiðir fylgi vegum og vegslóðum.

Framkvæmdir skulu vera í samræmi við deiliskipulag og með mati á umhverfisáhrifum. Við hönnun og undirbúning fram-

kvæmda skal leitast við að halda neikvæðum áhrifum þeirra á umhverfið í lágmarki. Framkvæmdir, sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla skipulags- og byggingarlaganna um byggingarleyfi, eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sbr. gr. 9.1 í skipulagsreglugerð.

Ath: Sveitarfélagið leggur mikla áherslu á að orkuvinnslan á svæðinu verði ætíð sjálfbær, jafnt út frá vistfræðilegum og fjárhagslegum forsendum. Það áskilur sér rétt til að tryggja að svo verði og ekki verði gengið á rétt komandi kynslóða í þeim efnum.

\*) Í aðalskipulagi þessu er afmörkun orkuvinnslusvæðanna óbreytt miðað við afmörkun þeirra í svæðisskipulagi háhitasvæða.

Í svæðisskipulaginu segir almennt um afmörkun orkuvinnslusvæðanna (bls. 100):

*"Þótt orkuvinnslusvæðin við Kröflu og á Þeistareykjum séu umfangsmikil verður stór hluti þeirra að öllum líkindum ósnert land. Frekari rannsóknir á svæðunum eru forsenda framkvæmdaáætlana og deiliskipulags en í deiliskipulagi verða orkuvinnslusvæðin afmörkuð nánar og hugsanlega þrengra í samræmi við niðurstöður rannsókna og framkvæmdaáætlana. Þar verður einnig gerð grein fyrir stöðvarhúsum, borteigum, vegum og lagnaleiðum en utan þeirra verður landið óhreyft opið óbyggt land sem nýttist til almennrar útivistar."*

Rétt á eftir segir hins vegar sérstaklega um afmörkun orkuvinnslusvæðis á Þeistareykjum:

*„Ytri mörk orkuvinnslusvæðisins taka mið af líklegri stærð jarðhitasvæðisins út frá þeim yfirborðsrannsóknum, sem gerðar hafa verið. Þegar nákvæmari niðurstöður liggja fyrir, byggðar m.a. á niðurstöðum rannsóknarborana, skal endurskoða afmörkun orkuvinnslusvæðisins í aðalskipulagi með hliðsjón af þeim með það að markmiði að takmarka umfang mannvirkja. Skal þá sérstaklega litið til þess hvort unnt verði að minnka orkuvinnslusvæði austan Ketilfjalls og á Þeistareykjahrauni."*

Óljóst er hvort svæðisskipulag háhitasvæða gerir ráð fyrir að orkuvinnslusvæðin verði afmörkuð nánar í aðalskipulagi eða í deiliskipulagi, en samt segir skýrt að nánari afmörkun er háð frekari rannsóknum / nákvæmari niðurstöðum miðað við forsendur svæðisskipulagsins.

Þó að unnið hafi verið að umhverfismati framkvæmda o.fl. eftir að svæðisskipulagið var staðfest 2008 eru rannsóknir á svæðinu ekki það langt komnar að hægt sé að ákveða um þrengri / öðruvísi afmörkun – og orkuvinnslusvæðin því skilgreind óbreytt miðað við svæðisskipulagið.

Etv. munu svæðin seinna afmarkast þrengri á deiliskipulagsstigi og þá gæti komið til greina að breyta aðalskipulagi þessu til samræmis við það.

---

### 4.7.3 Iðnaðarsvæði fyrir tengivirki

---

Í aðalskipulagi eru skilgreind tvö litil iðnaðarsvæði fyrir hugsanleg tengivirki. Um eru að ræða:

Ið 05 í Hellugnúpsskarði á Vallnafjalli, og

Ið 06 á Suðurárhraun í landi Svartárkots.

Bæði tengivirkin varða fyrirhugaða Sprengisandslínu (Búrfellslínu 4) sem ákveðið er um í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 og í sérstöku svæðisskipulagi Fljótisdalslínu 1 (sjá kafla 4.12.1, bls. 73).

Ath: Eins og fram kemur í kafla 4.12.1 er það álit Þingeyjarsveitar að þegar og ef sýnt verður fram á nauðsyn þess að leggja þessar línur, Sprengisandslínu (Búrfellslínu 4) og Fljótisdalslínu 1, skuli lega þeirra og hönnun endurmetin frá því sem gert er ráð fyrir í Svæðisskipulagi Miðhálandis – og þar með skuli endurskoða staðsetningu tengivirkja.

---

### 4.7.4 Önnur iðnaðar- og athafnasvæði

---

> **Þéttbýli:**

Á Þéttbýlissvæði á Laugum er nú – eins og fram kemur í kafla 3.4.3 – litið samfellt iðnaðar- og athafnasvæði rétt austan við þjóðveg, sem er um 2,5 ha að stærð. Þar er verksmiðja Laugafisks og ýmis iðnaðarhús o.fl. Til að Laugar geti þróast í öflugan þéttbýliskjarna til framtíðar er brýn þörf á því að þar verði boðið upp á lóðir fyrir ýmsa notkun – einnig lóðir fyrir hreinlegan iðnað.

> Í aðalskipulagi er aðeins lóðin undir Laugafisk, um 1,4 ha að stærð, skilgreind sem iðnaðarsvæði.

> Þá er í aðalskipulagi um 2,1 ha stórt svæði rétt austan við þjóðveg skilgreint sem athafnasvæði. Þar eru ýmis verkstæði, slökkvistöð o.fl. en hluti af svæðinu er óbygður eins og er. Hér er gert ráð fyrir hreinlegri atvinnustarfsemi sem truflar ekki íbúðarbyggð o.fl. í nágrenninu.

[ Í fasteignaskrá er Laugabrekka lóð 1 skilgreind sem iðnaðar- og athafnalóð, þar er trésmiðaverkstæði Norðurlágs. Í aðalskipulagi þessu er lóðin hins vegar hluti af íbúðarsvæði og ekki er gert ráð fyrir stækkun iðnaðarhúsnæðis umfram það sem nú er ].

Á þéttbýlissvæði í Aðaldal er upb. 1,4 ha svæði rétt vestan við þjóðveg skilgreint sem athafnasvæði.

Svæðið er óbyggt eins og er. Hér er gert ráð fyrir lóðum fyrir hreinlega atvinnustarfsemi sem truflar ekki íbúðarsvæðið í vestri.

Á þéttbýlissvæði við Stórutjarnir er upb. 1,64 ha stórt svæði skilgreint sem athafnasvæði. Þar er nú vélaverkstæði, 319 m<sup>2</sup> að stærð á lóð sem er 0,74 ha, en hluti af svæðinu er

öbyggður eins og er. Hér er gert ráð fyrir lóðum undir hreinlega atvinnustarfsemi sem trufar ekki íbúðarbyggð o.fl.

[ Melgata 11, lóð undir slökkvi- og björgunarstöð við Stórutjarnaskóla er í aðalskipulagi þessu skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir þó að hún sé í fasteignamati skilgreind sem „iðnaðar- og athafnalóð“.]

#### > Dreifbýli:

Í dreifbýli er nú þegar rekin ýmis iðnaðar- og athafnastarfsemi. Aðallega er um að ræða fyrirtæki / verktaka þar sem starfsemin er staðsett á bæjum / lögbýlum.

Í einstaka tilfellum eru þó í fasteignamati ríkisins skilgreindar sérstakar iðnaðar- og athafnalóðir undir starfseminum, og í þeim tilfellum er einnig skilgreind sérstök landnotkun í aðalskipulagi. Um er að ræða:

A-01: Árteigur land (bifreiðaverkstæði o.fl.) Í fasteignamati skilgreind sem „iðnaðar- og athafnalóð“, 0,50 ha.

> Í aðalskipulagi er um 0,50 ha stórt svæði skilgreint sem athafnasvæði.

A-02: Sandur 3 land (fjánhús og iðnaður). Í fasteignamati skilgreind sem „iðnaðar- og athafnalóð“, 0,23 ha.

> Í aðalskipulagi er um 0,23 ha stórt svæði skilgreint sem athafnasvæði.

[ Þar að auki er ýmis minni atvinnustarfsemi, verktakar o.fl. í dreifbýli. Í aðalskipulaginu eru ekki skilgreind sérstök athafnasvæði fyrir þessa starfsemi, lítið er á þetta sem starfsemi á landbúnaðarsvæði.]

Ofangreind iðnaðarsvæði og athafnasvæði (tölusett) eru merkt á sveitarfélagsuppdrætti mkv. 1:100.000 með tvenns konar gráum litum, og eru þau sýnd annaðhvort í kvarða eða með hringtákn (fer eftir stærð svæðis). Iðnaðarsvæði og athafnasvæði í þéttbýli eru sýnd á þéttbýlisuppdráttum mkv. 1:5.000.

Varðandi staðsetningu iðnaðarsvæða og athafnasvæða, sjá einnig viðauka VII, skýringaruppdrátt S-08.

#### > Virkjun skjálfandaflljóts:

Eins og fram kemur í kafla 4.1, Framtíðarsýn og meginmarkmið, er það almenn stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enn frekar, en sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandaflljót.

Í Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015 segir hins vegar m.a. (bls 125):

*„Í S.-Þingeyjarsýslu eru til ótímasettar hugmyndir um orkuvinnslu á vatnasviði Skjálfandaflljóts og byggingu Fljótsdalslínu og Sprengisandslínu: Skjálfandaflljót, með miðlunarlónum við Íshólsvatn og í farvegi Skjálfandaflljóts ofan Hrafna-bjarga. Orkuvinnslugeta allt að 550 Gwst/ári og lón 42 km<sup>2</sup>. Hugsanleg áhrif á Ingvararfoss, Aldeyjarfoss, og Hrafnabjargafoss og bakka Skjálfandaflljóts sem eru á náttúruminjaskrá nr. 519. Merk minjasvæði eru m.a. í Króksdal og Íshólsdal. Því eru gerðir fyrirvarar um lónastærðir og tilhögun virkjunar vegna náttúru- og menningarminja. Hugsanlegt lónasvæði er því auðkennt með blandaðri landnotkun á skipulagsuppdrætti; orkuvinnsla / almennt verndarsvæði. Matsskyld framkvæmd skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.“*

Í aðalskipulagi þessu er ekki skilgreint iðnaðarsvæði / orkuvinnslusvæði við Hrafnabjörg – eða svæði með blandaðri landnotkun (orkuvinnsla / almennt verndarsvæði) eins og gert er í svæðisskipulagi.

Svæðið er skilgreint sem „skipulagi frestað“. Það er stefna sveitarfélagsins að óska eftir breytingu á svæðisskipulaginu sem feli í sér að iðnaðarsvæðið verði fellt burt. Sveitarfélagið hefur lýst vilja sínum um að kanna möguleika á að þróa umrætt svæði fyrir jarðtengda ferðaþjónustu ( Geo-túrismi ).

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar.

Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni. (Skipulagsreglugerð 4.14.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að skilgreina þau svæði þar sem eiginlegur landbúnaðarrektur fer fram eða kann að fara fram og þar sem mannvirki tengd rekstrinum geta komið – aðskilin frá þeim svæðum sem eru og skulu til framtíðar vera óbyggð. Auk þess að skapa svigrúm fyrir ýmsa aðra starfsemi sem geti þróast á landbúnaðarsvæðum með eðlilegum hætti.

\*\*\*

Eftir orðalagi skipulagsreglugerðar er hægt að skilgreina allt land jarða eða lögbýla sem landbúnaðarsvæði, en í aðalskipulögum er hins vegar algengt að greina milli landbúnaðarsvæðis og óbyggðs svæðis óháð eignarhaldi lands.

Tilgangurinn er að marka stefnu um hvar hið eiginlega landbúnaðarland (með mannvirkjum og ræktun) er eða verður til framtíðar, og mælir Skipulagsstofnun eindregið með þeirri aðferð.

#### 4.8.1 Afmörkun landbúnaðarsvæðis

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 eru aðalmörkin milli landbúnaðarsvæðis og óbyggðs svæðis að mestu dregin eftir hæðarlínu 300 m.y.s – en þó hærrí innst í Bárðardal þar sem nokkrir bæir standa ofar en 300 m.y.s. hæst stendur Svartárkot, rúmlega 400 m.y. sjávarmáli.

Neðan þessarar línu er aðallega landbúnaðarsvæði að undanskildum söndum meðfram Skjálfanda og landgræðslusvæðum sem eru skilgreind sem óbyggð svæði. Einnig eru minni svæði skilgreind með annarri landnotkun sem greint er frá í öðrum köflum greinargerðarinnar.

Með þessari skilgreiningu verður landbúnaðarsvæðið tæplega 1.000 km<sup>2</sup> og þekur það væntanlega ríflega allt það land á jörðum þar sem hugsanleg mannvirki og ræktun gæti komið, þar með talin nytjaskógrækt.

#### 4.8.2 Starfsemi á landbúnaðarsvæði

Gert er ráð fyrir því að helsti atvinnuvegur í sveitinni verði áfram hefðbundinn landbúnaður.

Það er hins vegar eitt meginmarkmið aðalskipulagsins að skapa góð skilyrði til þess að ýmiss konar starfsemi geti þróast á landbúnaðarsvæðum, án þess að nauðsynlegt verði að skilgreina aðra landnotkunarflokka. Um er að ræða starfsemi sem nýta auðlindir og kosti svæðisins m.a. í afþreyingu og ferðaþjónustu, og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir:

##### Verslun og þjónusta / ferðaþjónusta:

Samkvæmt aðalskipulagi þessu er heimilt að stunda starfsemi í verslun og þjónustu á landbúnaðarsvæðum, sé hún með eðlilegum hætti tengd búrekstri og / eða ferðaþjónustu, s.s. bændagistingu, smásölu á bú- og handverksvörum, etv. bæjarsöfn o.fl. Heimilt er að reisa mannvirki fyrir þess konar starfsemi, þ.e. hús allt að 100 m<sup>2</sup>, sé það staðsett við heimahús. Einnig er heimilt að koma upp tjaldstæðum fyrir 5-10 tjöld.

(Verslun og þjónusta umfram það sem er getið hér fyrir ofan skal aðeins komið fyrir á skilgreindum svæðum fyrir verslun og þjónustu. Tjaldstæðum umfram það sem er getið hér fyrir ofan skal aðeins komið fyrir á svæðum sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota).

##### Verktakastarfsemi:

Samkvæmt aðalskipulagi þessu er heimilt að stunda verktakastarfsemi á landbúnaðarsvæðum, með þeim skilyrðum að mannvirki, umferð, hávaði og aðrir umhverfisþættir sem stafa af henni séu hliðstæðir því sem algengt er í venjulegum landbúnaðarrektstri / á landbúnaðarsvæðum.

(Verktakastarfsemi sem samræmist ekki ofangreindum skilyrðum skal aðeins vera á skilgreindum athafnasvæðum).

##### Frístundahús:

Samkvæmt aðalskipulagi þessu er heimilt að afmarka lóðir og reisa frístundahús á landbúnaðarsvæðum, þar sem aðstæður leyfa. Allt að þrjú frístundahús á hverju núverandi lögbýli. (Fleiri frístundahús en þrjú skulu aðeins vera á svæðum sem skilgreind eru sérstaklega fyrir frístundabyggð).

##### Íbúðarhús:

Samkvæmt aðalskipulagi þessu er heimilt að afmarka lóðir og reisa íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum þó að þau tengist ekki búrekstri, þar sem aðstæður leyfa. Allt að þrjú íbúðarhús á hverju núverandi lögbýli.

(Íbúðarbyggð með fleiri en þremur íbúðahúsum skal aðeins vera á skilgreindum íbúðarsvæðum).

##### Virkiun:

Samkvæmt aðalskipulagi þessu er heimilt að reisa smávirkiun á landbúnaðarsvæðum, þ.e. vatnsorkuver með allt að 200 kW uppsett rafafli og varmaorkuver sem nýta jarðhita á lághitasvæðum. Borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni er þó tilkynningarskyld skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (sjá bls.108).

(Vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira falla undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Einnig þarf samkvæmt orkulögum leyfi iðnaðarráðherra til að reisa og reka slík

orkuver. Virkjanir með uppsett rafafli 200 kW eða meira skulu aðeins vera á skilgreindum iðnaðarsvæðum).

#### Fiskeldi:

Samkvæmt aðalskipulagi þessu er minniháttar fiskeldi heimilt á landbúnaðarsvæðum, þ.e. fiskeldisstöð með ársframleiðslu minni en 20 tonn og fráveitu í ferskvatn, eða með ársframleiðslu minni en 200 tonn og fráveitu til sjávar.

(Fiskeldisstöð með meiri ársframleiðslu en greint er frá hér fyrir ofan fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og skulu slíkar fiskeldisstöðvar aðeins vera á skilgreindum iðnaðarsvæðum).

---

### 4.8.3 Skógrækt á landbúnaðarsvæði

---

Í aðalskipulagi þessu eru ekki skilgreind sérstök svæði fyrir skógrækt. Skógrækt er heimil á skilgreindum landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum upp að 400 m.y.s. þar sem ekki liggja fyrir neinar sérstakar ástæður til að hafna eða takmarka skógrækt.

Hér á eftir er gert grein fyrir því hvar skógrækt er með öllu óheimill eða háð sérstökum takmörkum: \*)

#### 1) Svæði sem ekki koma til greina til skógræktar:

Friðlýst náttúruverndarsvæði, friðlýstar fornleifar og brunnsvæði vatnsbóla. Einnig svæði þar sem skilyrði til skógræktar henta ekki, þ.e. svæði ofan 400 m.y.s. (Þó með undantekningum þar sem byggð stendur hæst, t.d. í innanverðum Bárðardal og á Hólsfjöllum eða á öðrum stöðum þar sem skilyrði eru góð þrátt fyrir mikla hæð).

#### 2) Svæði þar sem skógrækt er háð sérstökum takmörkunum

skv. lögum, þ.e. svæði háð málsmeðferð vegna verndarsjónarmiða, stærðar og svæði þar sem leita þarf umsagnar eftirlits- og fagaðila en krefjast ekki meðferðar:

- svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd,
- svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, t.d. Mývatns- og Laxárvæðið, \*\*)
- svæði innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum,
- svæði sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.
- svæði sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamþykktin (um verndun votlendis) og Bernarsamningurinn (um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu), Válistar falla hér undir enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum, og
- hverfisverndarsvæði samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. gr. 4.22 í skipulagsreglugerð.

Skógrækt á þessum svæðum er háð leyfi/umsagnar viðkomandi fagstofnunar / umsagnaraðila, tilkynningu til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar um hvort framkvæmd skuli fara í mat

á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélags.

Umsagnar Umhverfisstofnunar skal leita sé skógrækt fyrirhuguð á svæðum á Náttúruinjasrá sem ekki eru friðlýst og ekki eru vernduð skv. sérstökum lögum.

Sé skógrækt fyrirhuguð á 200 ha svæði eða stærri er hún háð tilkynningu til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar um hvort framkvæmd skuli fara í mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélags.

Þá er rétt að benda á að skv. 10.gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum og á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar.

3) Svæði sem falla ekki undir þessa tvo fyrrnefndu flokka er skógrækt ekki háð sérstökum takmörkunum.

Skógrækt er þó ekki höfð innan helgunarsvæðis háspennulína, almennt er gert ráð fyrir 25 m helgunarsvæði við 66 kV-línur, 35-45 m við 132 kV-línur og 65-85 m við 220 kV-línur.

\* \* \*

Það er stefna aðalskipulags þessa að skógrækt geti þróast á lögbýlum og er hvatt til að landeigendur kanni möguleika sína í skógrækt - m.a. í samvinnu við Norðurlandsskóga og fleiri aðila. Við skipulagningu skógræktarsvæða skal tekið tillit til þess að spilla ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetumínum.

Ath: Öll áform um skóg- og skjólbeltarékt skal merkja inn á kort (t.d. 1:5000) og kynna sveitarstjórn til að ganga úr skugga um að skógræktin samrýmist annarri landnýtingu og markmiðum aðalskipulags.

\* \* \*

\*) Við ákvarðanir skipulagsins um það hvar skógrækt er háð sérstökum takmörkunum eða er algjörlega bönnuð er stuðst við lýsingu Norðurlandsskóga eins og hún kemur fram í óstaðfestri tillögu að svæðisskipulagi Norðurlandsskóga 2006.

\*\*) Mikill hluti þess lands í Þingeyjarsveit, þar sem hægt er að stunda skógrækt, er á vatnasviði Mývatns og Laxár og þar með á verndarsvæði (sjá nánar kafla 4.17.2) og áætlanir um skógrækt eru því tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskóg-rækt á bújörðum og landgræðslusvæði.

(Skipulagsreglugerð 4.13.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að skilgreina þau svæði sem eru og eiga áfram að vera óbyggð og nýtast með hefðbundnum hætti, sem afréttir og veiðilönd og til útivistar. Einnig að gera grein fyrir landgræðslu, helstu starfsemi á óbyggðum svæðum.

#### 4.9.1 Umfang óbyggðs svæðis

Í aðalskipulagi er mest allt land ofan 300 m hæðarlínu – að undanskildum iðnaðarsvæðum / orkuvinnslusvæðum á Þeistareykjum og í Gjástykki – skilgreint sem óbyggt svæði. Sama á við um sanda meðfram Skjálfanda og landgræðslusvæði. Samtals eru rúmlega 5.000 km<sup>2</sup> eða um 85% Þingeyjarsveitar skilgreind sem óbyggt svæði.

#### 4.9.2 Landgræðsla

Stefna aðalskipulagsins í landgræðslu er að halda áfram samstarfi við Landgræðslu ríkisins og landeigendur til að hefta rof og klæða landið gróðri á ný. Bæði landgræðslu og skógrækt á að skipuleggja með þeim hætti að áburðargjöf hafi ekki í för með sér mengun grunnvatns o.fl.

\*\*\*

Helstu landgræðslusvæði í Þingeyjarsveit eru á Hólasandi, í Aðaldalshrauni og í Bárðardal.

Á Hólasandi er eitt stærsta landgræðslusvæði landsins, samtals um 125 km<sup>2</sup>. Stærri hlutinn, um 70 km<sup>2</sup>, er innan marka Þingeyjarsveitar en afgangurinn er í Skútustaðahreppi. Landgræðsla á sandinum er að hluta til mjög gömul (Bóndhólsgirðing frá 1960-70). Á árunum 1994-97 var Hólasandur meginviðfangsefni Landgræðslu ríkisins, girðingin var stækkuð og innan hennar fór bæði fram uppgræðsla og friðun. Í lok tímabilsins var búið að sá lúpínu og harðgerðum gras-tegundum í um 4.500 ha lands, einnig var búið að planta birki og löðviði og í minni mæli lerki.

Uppgræðslan gengur nokkuð vel, vöxturinn er frekar hægur en lífun góð. Búið er að endursá á sumum svæðum sem mistókst í fyrstu.

Allra nyrst í Aðaldalshrauni (Mýraselshrauni) er afgirt landgræðslusvæði, um 7,5 km<sup>2</sup> að stærð. Tæpir 4 km<sup>2</sup> eru innan marka Þingeyjarsveitar en afgangurinn er í Norðurþingi.

Mikið sandfok var áður upp frá ströndinni fyrir botni Skjálfaflóa og ákveðið var að bregðast við þessu með friðun. Sandsvæðin meðfram ströndinni voru girt og friðuð fyrir beit árið 1953 en síðar var girðingin endurnýjuð að hluta til. Búið er að sá melgresi á vesturluta svæðisins og aðalverkefnið er nú áburðargjöf á viðkvæmum svæðum innan girðingarinnar.

Í Bárðardal eru fjögur landgræðslusvæði:

Við Jarlsstaði er um 10 km<sup>2</sup> landgræðslusvæði. Liggur ofan túns á Jarlsstöðum upp fyrir brekkubrunir, þar á örfoka ásum. Um svæðið gildir samningur frá 1996 milli landeiganda, Landgræðslunnar og Skógræktar ríkisins. Svæðið hefur verið grætt upp með lúpínu.

Annað svæði er heimaland Stóru-Tungu suður að afréttargirðingu og er það tæpir 24 km<sup>2</sup> að stærð. Svæðið var illa farið af uppblæstri en hefur verið að gróa mikið síðustu ár. Þriðja svæðið er lítið sandsvæði syðst í landi Stóru-Tungu. Það er í suðurjaðri Suðurárhrauns og liggur að Sandá, alls girt 0,5 km<sup>2</sup> árið 2005.

Fjórdða svæðið er við Mýri. Tungan milli Mjóadalsár og Skjálfafláa og nær suður að afréttargirðingu. Alls um 7 km<sup>2</sup>, grætt upp með lúpínu og áburði

\*\*\*

Í þingsályktun um landgræðsluáætlun 2003-2014, sem samþykkt var í Alþingi þann 30. apríl 2002, segir um helstu verkefni innan núverandi Þingeyjarsveitar (bls. 12):

„Í Bárðdælahreppi er mikið jarðvegsrof á ásunum beggja vegna dalsins. Unnin verður heildaráætlun um landnýtingu og uppgræðslustörf bænda styrkt.

Í Aðaldal eru tæplega 1.000 ha sandfokssvæði frá Skjálfafláa og austur að Laxá. Landið er friðuð en sandur sækir á gróid land. Landgræðslugirðing verði stækkuð til suðvesturs til að friða birkiskóg fyrir sandágangi.

Hólasandur er stórt sandsvæði með miklu jarðvegsrofi á jöðrum svæðisins. Landið er friðuð en mikið land ógrætt. Unnið verður að alhliða landgræðslu samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun.“

\*\*\*

> Varðandi staðsetningu landgræðslusvæða sjá viðauka VII: Skýringaruppdrátt S-03.

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skruðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglinga- aðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallybrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

(Skipulagsreglugerð 4.12.1)

Mörg svæði í Þingeyjarsveit hafa útvistargildi en einkum hluta þeirra má skilgreina sem opin svæði til sérstakra nota (aðallega vegna mannvirkja í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð). Um er að ræða tjaldsvæði, íþrótt- golf- og reiðvelli og kirkjugarða sem eru ekki beint við kirkju:

#### > Tjaldsvæði:

**O-01:** Jónasarvöllur í Aðaldal er tjaldsvæði rétt vestan við Þjóðveg 845, um kílómetra sunnan við Ýdali. Eigandi er Ungmennafélagið Geisli. Tjaldsvæðið er um 1 ha að stærð með lítilli 17 m<sup>2</sup> snyrtingu.

> Í aðalskipulagi er skilgreint um 1,0 ha stórt svæði sem „opið svæði til sérstakra nota / tjaldsvæði“.

- Ekki er gert ráð fyrir breytingu á svæðinu nema að hér gæti komið nýtt / stærra þjónustuhús, verði þörf á því.

**O-02:** Í Vaglaskógi í Fnjóskadal eru rekin tjaldsvæði og kjósa margir að eiga tjaldhýsi eða hjólhýsi sumarlangt á föstum svæðum í skóginum. Þar er heitt og kalt vatn, hægt að komast í rafmagn, salernis- og sturtuadstaða og losunaraðstaða fyrir ferðasalerni. Lítil verzlun er á staðnum þar sem helstu nauðsynjavörur eru seldar yfir sumartímann.

> Í aðalskipulagi er samtals um 4 ha í Vaglaskógi skilgreint sem „opið svæði til sérstakra nota / tjaldsvæði“.

- Ekki er gert ráð fyrir breytingu á svæðinu nema að hér geti komið auka þjónustuhús, verði þörf á því.

**O-03:** Tjaldsvæðið Systragil í Fnjóskadal er við bæinn Hróarsstaði, beint á móti verzluninni Vaglaskógi og er í göngufæri þaðan. Tjaldsvæðið er nýtt og með aðgengi að rafmagn, salernis- og sturtuadstöðu og losunaraðstöðu fyrir ferðasalerni.

> Í aðalskipulagi er skilgreint um 3,0 ha stórt svæði sem „opið svæði til sérstakra nota / tjaldsvæði“.

- Ekki er gert ráð fyrir breytingu á svæðinu nema að hér geti komið þjónustuhús, verði þörf á því.

**O-04:** Tjaldsvæði er á Sigríðarstöðum í Ljósavatnsskarði, norðan við Þjóðveg 1, tjaldsvæðið er með snyrtiaðstöðu.

> Í aðalskipulagi er skilgreint um 2,0 ha stórt svæði sem „opið svæði til sérstakra nota / tjaldsvæði“.

- Ekki er gert ráð fyrir breytingu á svæðinu nema að hér geti komið auka-þjónustuhús, verði þörf á því.

#### > Íþrótt-, golf- og reiðvöllir:

**O-05:** Bjarmavöllur er íþróttavöllur, staðsettur austan Fnjóskár rétt sunnan við Hringveginn, í landi Háls. Völlurinn er í eigu Ungmennafélagsins Bjarma. Í fasteignaskrá er hann skilgreindur sem „annað land 9,2 ha“. Við völlinn er 84 m<sup>2</sup> aðstöðuhús. Svæðið er notað sem tjaldsvæði á sumrin fyrir ættamót o.fl.

> Í aðalskipulagi er skilgreint um 9,2 ha stórt svæði sem „opið svæði til sérstakra nota / íþróttavöllur“.

- Ekki er gert ráð fyrir breytingu á svæðinu nema að hér geti komið auka þjónustuhús, verði þörf á því.

**O-06:** Reiðvöllur er á Einarstöðum, þar eru einnig snyrtingar í eigu Hestmannafélagsins Þjálfá.

> Í aðalskipulagi er skilgreint um 1,5 ha stórt svæði sem „opið svæði til sérstakra nota / reiðvöllur“.

- Ekki er gert ráð fyrir breytingu á svæðinu nema að hér geti komið þjónustuhús, verði þörf á því.

**O-07:** Golfvöllur er rétt norðan við skipulagða frístundahúsa- svæðið Stekkjarbyggð í landi Lunds. Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir 9 holu golfvelli og æfingavelli á svæði sem er um 25 ha að stærð. Golfskáli er utan svæðisins, á frístundahúsa- svæðinu Stekkjarbyggð.

> Í aðalskipulagi er um 25 ha stórt svæði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota / golfvöllur.

#### > Kirkjugarðar:

**O-08:** Kirkjugarður er um 150 m vestan við Grenjaðarstaðarkirkju í Aðaldal, hann er um 1.000 m<sup>2</sup> að stærð.

> Í aðalskipulagi er skilgreint „opið svæði til sérstakra nota / kirkjugarður“. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á svæðinu.

**O-09:** Kirkjugarður er við Brettingsstaði nyrst á Flateyjardal, hann er girtur. (Kirkjan á Brettingsstöðum var flutt út í Flatey og vígð að nýju árið 1960).

> Í aðalskipulagi er skilgreint „opið svæði til sérstakra nota / kirkjugarður“. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á svæðinu.

**O-10:** Kirkjugarður er við Helgastaði í Reykjadal (Kirkja var á Helgastöðum til 1872 og prestssetur til 1907).

> Í aðalskipulagi er skilgreint „opið svæði til sérstakra nota / kirkjugarður“. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á svæðinu.

[ Eins og segir í kafla 4.4.2 eru kirkjugarðar umhverfis eða rétt við kirkjur skilgreindir með kirkjunum sem svæði fyrir þjónustustofnanir, en ekki sem opin svæði til sérstakra nota ]

[ Þá eru ýmsir heimagrafreitir í Þingeyjarsveit en í aðalskipulagi er ekki skilgreind sérstök landnotkun vegna þeirra, þeir eru á landbúnaðarsvæði, á eftirfarandi jörðum: Lyngholt og Bjarnastaðir í Bárðardal. Auðnir og Halldórsstaðir í Laxárdal. Böðvarsnes, Lundur, Tungunes og Þverá í Fnjóskadal, Stóru-

tjarnir við Ljósavatn og Gvendarstaðir, Halldórsstaðir og Garðshorn (nú Kvíaból) í Kaldakinn ].

> Önnur opin svæði til sérstakra nota:

O-11: Végeirsstaðir í Fnjóskadal er skógræktarjörð án búsetu, girt svæði um 40 ha að stærð. Eigandi jarðar er Háskólinn á Akureyri. Í fasteignaskrá skilgreint sem „nyttjað til landgræðslu“, með 4 sumarbústöðum.

> Í aðalskipulagi þessu skilgreint sem svæði til sérstakra nota / trjáræktarsvæði.

Ofangreind opin svæði til sérstakra nota í dreifbýli (tölusett) eru merkt á sveitarfélagsupprætti mkv. 1:100.000 með dökkgrænum lit, annaðhvort í kvarða eða með hringtákni (fer eftir stærð svæðis).

Opin svæði til sérstakra nota í þéttbýli eru sýnd á þéttbýlisupprættum mkv. 1:5.000.

Varðandi staðsetningu opinna svæða til sérstakra nota, sjá einnig viðauka VII, skýringarupprætt S-07.

> Útivistarskógar:

Helstu Þjóðskógar – skógar í umsjón Skógræktar ríkisins – eru í aðalskipulagi þessu skilgreindir sem „opin svæði til sérstakra nota / útivistarskógar“. Þó að ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir mannvirkjum á þeim svæðum er útivistargildi þeirra og aðsókn það mikil að rétt virðist að skilgreina sérstaka landnotkun þar.

Sagt er nánar frá þjóðskógum í Þingeyjarsveit í kafla 3.1.5 (bls.20). Um er að ræða eftirfarandi:

Í Dalsmynni og Fnjóskadal:

Mela- og Skuggabjargaskógur

Þórðarstaðar-, Belgsár- og Bakkaselsskógar (einnig fríst.b.)

Lundsskógur (einnig frístundabyggð)

Vaglaskógur (einnig frístundabyggð og tjaldstæði)

Hálsskógur

Í Kinn og Ljósavatnsskarði:

Fellsskógur

Sigríðarstaðaskógur

Í Bárðardal:

Sandhaugaskógur

Þá er Fossselsskógur einnig skilgreindur sem útivistarskógur, hann er ríkiseign í umsjón Skógræktarfélags Þingeyinga.

Útivistarskógar eru sýndar með dökkgrænum lit á sveitarfélagsupprætti og á skýringarupprætti S-07

> Flatey á Skjálfanda:

Eins og fram kemur í kafla 4.6 (bls. 60) er öll Flatey – að undanskildu hafnarsvæðinu – skilgreind með sameiginlegri landnotkun, þ.e. blönduðu svæði fyrir frístundabyggð og opnu svæði til sérstakra nota / útivistarsvæði.

Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Íbúðir eru ekki heimilaðar á efnistökusvæðum. Um efnistöku í almenningum /þjóðlendum gilda ákvæði laga um náttúruvernd.

(Skipulagsreglugerð. 4.9.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að grjót- og malarnám fari aðeins fram á fáum skipulögðum svæðum þannig að efnisþörf til bygginga, vegagerðar og annarra framkvæmda í sveitarfélaginu sé fullnægt án þess að spilla umhverfinu að óþörfu. Lögð verði áhersla á góða umgengni og að fullnýttum svæðum verði lokað með uppgræðslu.

(Heimilt er þó að bændur geti áfram tekið mól o.fl. í landi sínu til eigin nota, án þess að um sérstök efnistökusvæði sé að ræða).

#### 4.11.1 Leyfi til efnistöku

Um leyfi til efnistöku segja lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, m.a.:

" Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar ... " (47.gr. 2.mgr.)

" Þrátt fyrir ákvæði 2.mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37 gr. " (47.gr. 3. mgr.)

" Áður en leyfi er veitt til náms jarðefna ... skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði (að vinnslu lokinni) " (48.gr.)

Um hugsanlega skyldu á umhverfismati við efnistöku segir í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, 1. og 2. viðauka:

" Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri " eru ávallt háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 1. viðauka, tölulíð 21.

" Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri – og efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m<sup>2</sup> " eru tilkynningaskyldar, samkvæmt 2. viðauka, tölulíð 2a, þ.e.a.s. að framkvæmdaraðila ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Þau svæði þar sem efnistaka var hafin fyrir 1.júlí 1999 krefjast framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar ef:

- áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m<sup>2</sup> og/eða
- áætluð efnistaka eftir 1.júlí 2008 er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira.

Eftir 1. júlí 2012 skal samt afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 (nema þó að áfram er eiganda heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota).

#### 4.11.2 Efnistökusvæði

> Í Aðaldal, Skriðuhverfi og Kinn:

E-01: Í landi Kjalar er lítið efnistökusvæði rétt sunnan við Árbótarveg, á móti afleggjara að Kili. Svæðið er tæp 1,0 ha að stærð. Náman er frágengin.

E-02: Í landi Knútsstaða er lítið efnistökusvæði rétt sunnan við afleggjara að Knútsstöðum. Svæðið er rúmlega 0,9 ha að stærð. Þetta er hraun/gjallnáma sem hefur verið lokað.

E-03: Í landi Miðhvamms er efnistökusvæði rétt vestan við Hvammaveg, um 400 m suður frá bænum. Svæðið er rúmlega 2,0 ha að stærð. Hér var malað efni og hefur efnistöku verið hætt. Náman er frágengin með haugum.

E-04: Í landi Presthvamms er efnistökusvæði rétt austan Hvammavegar, norðan við afleggjarann að bænum. Svæðið er rúmlega 5,4 ha að stærð. Hefur mikið efni verið tekið úr námunni á liðnum árum, m.a. af Vegagerðinni, en nú er unnið að frágangi námunnar. Hún mun þó áfram verða í einhverri notkun að hluta.

E-05: Í landi Brúa / Brúargerðis er efnistökusvæði báðum megin Staðarbrautar, um 250 m vestan við bæinn Brúar. Svæðið er rúmlega 1,5 ha að stærð (um 0,8 ha norðan og 0,7 ha sunnan vegar. Náman var nýtt áður en þar hefur verið lítil efnistaka síðustu ár, þó er talið að þar sé til staðar allnokkuð magn af nýtanlegu malarefni.

E-06: Í landi Klömbur er efnistökusvæði rétt austan Kísilveg, vestan við Langavatn. Svæðið er tæplega 3,9 ha að stærð. Náman er opin og hefur verið nýtt m.a. af Vegagerðinni.

E-07: Í landi Geitafells er efnistökusvæði rétt suðvestan við Kísilveg, um 400 m vestan við bæinn. Svæðið er tæp 1,3 ha að stærð. Náman er ekki í notkun og frágengin.

E-08: Í landi Garðs er efnistökusvæði á Langasandi í Aðaldalshrauni. Svæðið er um 2,0 ha að stærð.

E-09: Í landi Húsabakka er lítið efnistökusvæði við Skjálfandafljót, um 1 km suðvestan við bæinn. Svæðið er rúmlega 0,2 ha

að stærð. Hér er tekin sandur og mól úr árfarvegi og bakka Skjálfaðaflljóts, náman er nýtt af landeiganda.

E-10: Í löndum Rauðuskriðu og Bergsstaða er efnistökusvæði nokkru sunnan við brúna yfir Skjálfaðaflljót. Hér er tekið töluvert magn af sandi og mól upp úr árfarveginum.

E-11: í landi Syðri-Leikskálaár, í Skálaráskriðu. Í notkun / hálffrágengin.

E-12: Í landi Ófeigsstaða og Rangár: Ófeigsstaðaeysi norðan Skjálfaðaflljótsbrúar

> Í Reykjadal / Laxárdal og á Hólalandi:

E-13: Í landi Helgastaða: Í notkun / hálffrágengin.

E-14: Á Hólalandi: Í notkun / ófrágengin.

E-15: Í landi Hólkots: Frágengin að mestu leyti en hefur verið opnuð aftur að hluta.

> Í Fnjóskadal og Ljósavatnsskarði:

E-16: Í landi Viðivalla: Í notkun / ófrágengin.

E-17: Í landi Ljósstaða / Tunguness, ármót við Fnjóská: Í notkun / ófrágengin.

E-18: Í landi Kamsstaða, Kamsáreyrar: Í notkun / hálf-frágengin.

E-19: Í landi Littutjarna, norðan vegar: Í notkun / hálffrág.

E-20: Í landi Stórutjarna, Stapanámur: Í notkun / frágengin, haugar.

E-21: Norðan við Lundsskóg: Í notkun / ófrágengin. (Notað fyrir sumarhús og slóða.)

E-22: Suður í Lundsskógi: Í notkun / ófrágengin. (Notað fyrir sumarhús og slóða.)

> Í Bárðardal:

E-23: Í landi Sunnuhvals, Sandvíkurnámur: Í notkun / frágengin / haugar.

E-24: Í landi Halldórsstaða, Hrauntungusporður: Í notkun / frágengin, haugar.

E-25: Í landi Mýrar: Í notkun / frágengin, haugar.

E-26: Í landi Viðikers: Í notkun / ófrágengin.

E-27: Öxará: Ófrágengin.

E-28: Eyjadalsá: Frágengin. (Verður líklegast notuð þegar kemur að endurbyggingu Bárðardalsvegar. Efni verður líklegast tekið bæði ofan og neðan við brú.)

E-29: Sexhólagil: Frágengin.

Ekki er gert ráð fyrir að nein svæðanna E-01 – E-29 muni stækka um 25.000 m<sup>2</sup> eða að efnistaka eftir 1. júlí 2008 muni verða 50.000 m<sup>3</sup> eða meira.

> í aðalskipulagi þessu eru öll núverandi svæði skilgreind sem efnistökusvæði þó að sum þeirra séu lokuð eins og er. Það er samt álit Þingeyjarsveitar að frá 1. júlí 2012 – þar sem afla skal framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku – muni efnistökusvæðunum fækka töluvert.

> á Þeistareykjum o.fl:

Efnistökusvæði í norðausturhluta sveitarfélagsins miðar að því að fullnægja þörf fyrir efnistöku vegna fyrirhugaðrar nýtingar háhita.

Talið er að svæðin geymi meira efni en áætlað er að þurfi fyrir áformaðar virkjanaframkvæmdir, háspennulínur og virkjana-veg og að ekki muni koma til þess að öll svæðin verði nýtt. Tekin verður ákvörðun um hvaða svæði verða nýtt og þau afmörkuð nákvæmar við veitingu framkvæmdaleyfa sem byggjast á frekari upplýsingum í efnistökuáætlunum.

Áformað er að efnistökusvæði við línustæði verði í flestum tilfellum tekin af skipulagi eftir að framkvæmdum og frágangi náma er lokið. Áformað er að aðrar námur verði áfram á skipulagi og geti nýst við frekari uppbyggingu í sveitarfélaginu í samræmi við viðkomandi efnistökuáætlanir.

Efnistökusvæðin eru 11:

E-30: (RH-07) Grasflatir / 14 ha / 150.000 m<sup>3</sup>

E-31: (LH-02) Spjátrugil / 9 ha / 200.000 m<sup>3</sup>

E-32: (LH-04) Þverárhorn / 4 ha / 150.000 m<sup>3</sup>

E-33: (LH-05) Langav.heiði-möl / 9 ha / 120.000 m<sup>3</sup>

E-34: (LH-06) Langav.heiði-berg / 11 ha / 600.000 m<sup>3</sup>

E-35: (LH-07) Langav.heiði-j.ruðn / 7 ha / 210.000 m<sup>3</sup>

E-36: (HS-10) Alda / 28 ha / 250.000 m<sup>3</sup>

E-37: (RHN-10) Austan Jónsnípu / 17 ha / 1.000.000 m<sup>3</sup>

E-38: (RHN-11) Austan Jónsnípu / 11 ha / 20.000 m<sup>3</sup>

E-39: (PRN-1) Vestan í Bæjarfjall / 5 ha / frágangur

E-40: (PRN-2) Kvihólar / 20 ha / 1.000.000 m<sup>3</sup>

Umhverfisáhrif allra efnistökusvæðanna E-30 – E-40 voru metin samfara mati á umhverfisáhrifum háspennulína og virkjana.

Ofangreind efnistökusvæði eru merkt á sveitarfélagsuppdrætti mkv. 1:100.000 með brúnum lit / hringtákn.

Varðandi staðsetningu efnistökusvæða, sjá einnig viðauka VII, skýringaruppdrátt S-08, Efnistökusvæði og vatnsból.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum stofnkerfum vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu.

Með stofnkerfi er í reglugerð þessari átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

(Skipulagsreglugerð 4.17.2)

#### 4.12.1 Rafveita

##### > Núverandi stofnkerfi:

Samkvæmt Landsneti eru fjórar háspennulínur í Þingeyjar- sveit sem teljast til stofnkerfis:

Laxarlína (LA1, 66 KV), sem liggur frá Laxárvirkjun til suðvesturs yfir Múlaheiði og Fljótshéiði, þá eftir Ljósavatnsskarði og upp Vaðlaheiði að sveitarfélagamörkum og til Akureyrar. Kópaskerslína (KS1, 66 KV), sem liggur frá Laxárvirkjun til norðausturs yfir Langavatnsheiði að sveitarfélagamörkum, og þaðan að Kópaskeri.

Húsavíkurlína (HU1, 33 KV), sem liggur frá Laxárvirkjun til norðurs meðfram Kísilvegi að sveitarfélagamörkum, og þaðan að Húsavík.

Króflulína 1 (KR1, 132 KV) sem gengur þvert yfir sveitarfélagið. Hún liggur frá Kröflu í Skútustaðahreppi, vestur yfir Fljótshéiði og Bárðardal um Hellugnúpskarð niður í Fnjóskadal, eftir honum til norðvesturs og um Bíldsárskarð yfir í Eyjarfjarðarsveit.

##### > Háspennulínur frá virkjunarsvæðum jarðhita:

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar eru þar að auki skilgreind svæði fyrir nýjar háspennulínur frá virkjunarsvæðum jarðhita að væntanlegri stóriðju við Húsavík, og eru þau sömu og í svæðisskipulagi háhitasvæða.

Í svæðisskipulagi háhitasvæða segir m.a. (bls. 102-105):

„ Afmarkað er svæði sem ætlað er fyrir flutningslínur raforku milli virkjanarsvæða og að Húsavík, auk tenginga til austurs og vesturs. [ ... ] Svæðin eru dregin í grófum dráttum og sýna legu milli áfangastaða eða tengipunkta í meginatriðum. Þau eru að jafnaði sýnd um 500 m breið, markalínur yfirleitt dregnar 250 m sitt hvorum megin við línuleiðir skv. fyrstu drögum [ ... ] Norðan Þeistareykja eru svæðin breiðari þar sem þörf er fyrir meira svigrúm vegna fyrrséðra útfærslukosta sem ekki er tímabært að fjalla um á þessu stigi. Á Þeistareykjum og í nánd við Kröflu eru svæðin þrengri vegna staðhátta og nálægðar við sérstök náttúruyfyrirbrigði og minjar. Við verkhönnun og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verða skipulagslínur dregnar með meiri nákvæmni.


Á lægri skipulagsstigum verður lega háspennulína útfærð nánar og í samræmi við nákvæmari greiningu á staðhættum, hönnun og framkvæmdaáætlanir. Ekki þarf að breyta svæðisskipulaginu þótt minni háttar breytingar verði gerðar á markalínunum svæða ef þær verða í samræmi við megindrætti og markmið svæðisskipulagsins. ”

„ RB1 Hólasandur–Húsavík, vestan Lambafjalla: Ein 245 kV lína. Mælst er til að við útfærslu flutningslína á þessari leið verði m.a. hugað að þeim kosti að notuð verði trémóstur til þess að draga úr áhrifum á landslagsheildir og víðerni.

RA1a Hólasandur–Þeistareykir: Ein 245 kV lína frá greinipunkti á Hólasandi að Kvihólafjöllum. Frá Kvihólafjöllum norður að Þeistareykjum, ein 245 kV lína, nema í valkosti RD2, þá tvær 245 kV línur.

RA1d Þeistareykir–Húsavík: Ein 245 kV lína.

RD2/5 Tenging við Gjástykki: Skv. valkosti RD2, ein 245 kV lína að valkosti RA1a hjá Kvihólafjöllum (og síðan áfram samsíða RA1a norður að Þeistareykjum). Skv. valkosti RD5, tvær 245 kV línur (eða ein tvírása lína) að valkosti RA1a hjá Kvihólafjöllum, þar sem tengt yrði inn á RA1a. Til að draga úr áhrifum á landslagsheildir og víðerni er mælst til að við útfærslu verði m.a. hugað að því að flytja raforku um Gjástykki með jarðstreng eða um eina tvírása línu. ”



Þeistareykir, Gjástykki o.fl. – Svæði fyrir flutningslínur raforku eins og þau koma fram í Svæðisskipulagi háhitasvæða. (orkuvinnslusvæði / iðnaðarsvæði sýnt með punktalínu). Mkv. 1 : 300.000

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er staðsetning fyrirhugaðra háspennulína sýnd á sveitarfélagssupprætti og á skýringarupprætti S-09 – eins nákvæmt og hægt er út frá þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi við gerð skipulagsins.

Almennt skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði háspennulína (byggingarbann): Breidd 25 m við 66 kV-línur, 35-45 m við 132 kV og 65-85 m við 220 kV-línur.

Fyrirhugað er á uppbyggingartíma Þeistareykjavirkjunar að leiða vinnurafmagn með jarðstreng frá Kópaskerslínu, norðan Höfuðreiðarmúla í Norðurþingi, meðfram virkjunarvegi og/eða línuslóða til Þeistareykja.

Unnt er að heimila lagningu háspennustrengja í jörðu meðfram vegum án breytinga á aðalskipulagi.

#### > Háspennulína Akureyri – Hólasandur/Krafla:

Uppbygging á nýrri háspennulínu Akureyri-Hólasandur (eða Akureyri-Krafla) er liður í því að byggja upp 220 kV orkuflutningskerfi sem nær til meginhluta landsins. Núverandi byggðalína, Kröflulína 1 (132 kV), hefur takmarkaða flutningsgetu en hún mun þó standa áfram af öryggisástæðum.

Akureyri-Hólasandur (220 kV) mun fylgja Kröflulínu 1 nánast alla leiðina. (Ef til kemur gerð tengivirkis á Hólasandi kemur til álita að tengja Kröflulínu 1 þar inn í staðinn fyrir tengingu að Kröflu).

Á þessu stigi er ekki að fullu ljóst hvorum megin við gömlu línuna nýja línan verður. Á aðalskipulagsupprætti er miðað við núverandi línuleið Kröflulínu 1, og má nýja línan liggja innan við 300 m frá henni báðum megin.

Línan fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum, og er framkvæmdaleyfisskyld að hálfu Þingeyjarsveitar.

Ath: Það er álit Þingeyjarsveitar að komi Akureyri-Hólasandslína skuli athugað hvort hægt væri að tengja Laxárvirkjun við væntanlegt tengivirki á Hólasandi og losna við núverandi Laxárlínu 1 um Fljótsheiði og Ljósavatnsskarð.

#### > Fyrirhugaðar háspennulínur á Miðhálandinu og víðar:

Í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 segir m.a.:

„Í S.-Þingeyjarsýslu eru til ótímasettar hugmyndir um orkuvinnslu á vatnasviði Skjálfafljóts og byggingu Fljótsdalslínu og Sprengisandslínu [...]:

Sprengisandslína (Búrfellslína 4), 220/400 kV. Fyrirhugað er að leggja háspennulínu frá tengivirki við Svartárvatn suður yfir Sprengisand að virkjunum á Tungnaársvæðinu. Fyrirvari er gerður um legu línunnar austan Kvislavatna vegna almennra náttúruverndarhagsmuna og er gert ráð fyrir að línuleiðin verði endurskoðuð á þeim kafla. Lega 220 kV háspennulínu var heimiluð fyrir 1. 5. 1994, hugsanlegar breytingar á línunni, s.s. í 400 kV, eru matsskyldar. [...]

Fljótsdalslína, Svartárvatn að Veggjafelli að Jökulsá að Fjöllum, stærð 220 kV. Heimiluð fyrir 1. 5. 1994.

Tengivirki í Svartárvatni. Reiknað er með tengivirki í sérstöku húsi. Framkvæmd heimiluð fyrir 1. 5. 1994.

Framhald Sprengisandslínu / Búrfellslínu 4 (sjá hér að ofan), frá hugsanlegu tengivirki við Svartárvatn norður heiðar, vestan við Kálfborgararfell, og síðan vestur um Vallafjall upp í Hellugnúpskarð að Kröflulínu 1, er utan Svæðisskipulag Miðhálandis, en er samt á sérstöku svæðisskipulagi Fljótsdalslínu 1, sem staðfest var af umhverfisráðherra 20. apríl 1994.

Á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags Þingeyjarsveitar eru þessar háspennulínur o.fl. sýndar til samræmis við Svæðisskipulag Miðhálandis og sérstöku svæðisskipulagi Fljótsdalslínu 1, og eru þær merktar „Háspennulínur, fyrirhugaðar“

Ath: Í svæðisskipulaginu er fyrirvari varðandi Sprengisandslínu (Búrfellslínu 4), þar sem gert er ráð fyrir að línuleiðin verði endurskoðuð.

Það er álit Þingeyjarsveitar að þegar og ef sýnt verður fram á nauðsyn þess að leggja þessar línur, Sprengisandslínu (Búrfellslínu 4) og Fljótsdalslínu 1, skuli lega þeirra og hönnun endurmetin frá því sem gert er ráð fyrir í Svæðisskipulagi Miðhálandis: Sprengisandslína (Búrfellslína 4) færð verulega til vesturs og tengd Kröflulínu 1 með tengivirki á Vallnafalli í Hellugnúpskarði. Tengivirki við Svartárvatn svo og Fljótsdalslína 1 víki því alfarið og fyrirhugað lína Kárahnjúkar - Krafla komi í hennar stað með tengivirki á Hólasandi og þaðan til vesturs.

---

#### 4.12.2 Hitaveita

---

##### > Aðaldalur og Kinn:

Eftirfarandi hitaveituæðar í Aðaldal og Kinn munu teljast til stofnkerfis (skv. Orkuveitu Húsavíkur):

1) Aðalæð liggur frá Norðurþingi að Hvammavegi við Heiðargarð, þaðan skiptist hún í tvennt: 2) Frá Heiðargarði til suðurs meðfram Hvammavegi, Staðarbraut og Fagranesvegi að Fagranesi. 3) Frá Heiðargarði til vesturs meðfram Hvammavegi að Aðaldalsvegi þar sem hún skiptist aftur í tvennt: 4) Frá Hvammavegi til norðurs meðfram Aðaldalsvegi að þéttbýlissvæði og borholu við Haftralæk. 5) Frá Hvammavegi til suðurs meðfram Aðaldalsvegi að Lindahlíð, yfir Fljótsheiði niður í Skriðuhverfi og þaðan meðfram Þjóðvegi 85 yfir í Kinn.

##### > Fnjóskadalur og Ljósavatnsskarð:

Eftirfarandi hitaveituæðar í Fnjóskadal og víðar munu teljast til stofnkerfis (skv. Norðurorku): Liggur frá Reykjum I í Fnjóskadal norður eftir Fnjóskadalnum og norðvestur eftir Dalsmynni.

Þá mun hitaveituæð frá Stórutjörnum að Melgötu teljast til stofnkerfis.

##### > Reykjadalur:

Eftirfarandi hitaveituæðar í Reykjadal munu teljast til stofnkerfis: Frá Laugum suður Reykjadal að Narfastöðum og norður Reykjadal að Pálmholti.

##### > Frá Þeistareykjum:

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er þar að auki gert ráð fyrir að hitaveitulögn geti komið frá virkjunarsvæðum á Þeistareykjum að Húsavík – eins og í svæðisskipulagi háhitasvæða.

Í svæðisskipulagi háhitasvæða segir m.a. (bls. 102-105):

„Hugsanlegt er að með virkjun háhitasvæðisins á Þeistareykjum gefist kostur á hitaveitu þaðan til Húsavíkur þannig að

heitt affallsvatn frá virkjuninni nýttist til húshitunar og iðnaðarstarfsemi þar. Ekki liggja á þessu stigi fyrir nein mótuð framkvæmaáform að þessu leyti.

Í svæðisskipulaginu felst heimild til þess að leggja hitaveitulögn frá Þeistareykjum að Húsavík. Miðað er við að lögnin fylgi aðalvegi í meginatriðum.

Lega hugsanlegrar hitaveitulagnar er sýnd á svæðisskipulagsupprætti meðfram vegi til norðurs frá Þeistareykjum. Lega lagnar innan orkuvinnslusvæðis er ekki sýnd. Nákvæm lega verður skilgreind nánar í aðalskipulagi og í deiliskipulagi orkuvinnslusvæðisins. Ekki þarf að breyta svæðisskipulaginu þótt breytingar verði gerðar á legu hitaveitulagnarinnar í samræmi við hönnun vegar sbr. ákvæði um virkjanaveg.

Hitaveitulögnin kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. ákvæði 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (106/2000). Tilkynna ber framkvæmdina til Skipulagstofnunar sem metur hvort áhrif hennar beri að meta sérstaklega. "

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er staðsetning fyrirhugaðra hitaveitulagnar sýnd á sveitarfélagsupprætti og á skýringarupprætti S-09 – eins nákvæmt og hægt er út frá þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi við gerð skipulagsins.

---

#### 4.12.3 Vatnsveita

---

Þingeyjarsveit annast kaldvatnsveitur á þéttbýlissvæði kringum Laugar í Reykjadal, við Stórutjarnir í Ljósavatnsskarði og Garðsveitu í Aðaldal að hluta. Þá er sameiginleg vatnsveita í Vaglaskógi og í Lundi.

Að öðru leyti sjá landeigendur um vatnsveitur í dreifbýlinu, aðallega frá einkaveitum. Miðað við það hvað byggðin er dreifð og miðað við landslag og vatnafar í Þingeyjarsveit eru þær aðstæður metnar fullnægjandi.

---

#### 4.12.4 Fráveita og förgun sorps

---

Í Þingeyjarsveit er ekki til fráveitukerfi sem mun teljast til stofnkerfi veitna, fráveita er aðallega með hefðbundnum hætti, rotþró og siturlögn / síubeð. Á þéttbýlissvæðunum eru þó staðbundin sameiginleg fráveitukerfi.

Árið 2005 hófu sveitarfélögin átaksverkefni í samvinnu við heilbrigðiseftirlit og ráðuneyti til þess að öll heimili, fyrirtæki og sumarhús í hreppnum uppfylli ákvæði laga og reglugerða um hreinsun skólps. Það verkefni er langt komið og er það stefna Þingeyjarsveitar að ljúka þessari vinnu innan tveggja ára frá staðfestingu aðalskipulagsins.

Sorpgámar / móttökustaðir fyrir flokkun sorps eru staðsettir víða í sveitarfélaginu, aðallega við þjóðvegi. Þingeyjarsveit á aðild að Sorpsamlagi Þingeyinga og sér samlagið um losun gáma og förgun sorps utan sveitarfélagsins.

Í aðalskipulagi þessu er ekki skilgreind sérstök landnotkun undir sorpgámum. Gert er ráð fyrir að minni gámastaðir samrýmist landnotkun á landbúnaðarsvæðum, svæðum fyrir frístundabyggð og opnum svæðum til sérstakra nota.

\*\*\*

Samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs eiga sveitarfélögin að semja og staðfesta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs.

Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og hefur Sorpsamlag Þingeyinga gert sameiginlega svæðisáætlun fyrir sveitarfélögin sem aðild eiga að samlaginu og þar með Þingeyjarsveit. Sú áætlun er nú í endurskoðun.

\*\*\*

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands hefur hvatt Þingeyjarsveit til að afla upplýsinga um miltisbrandsgrafir, riðugryfjur og þess háttar í sveitarfélaginu og ef vitneskja faist um staðsetningu þeirra þá að merkja þær inn á aðalskipulagsupprætti. Ekki hefur verið hægt að afla upplýsinga um staðsetningu miltisbrandsgrafa o.fl. eins og er, en upplýsingum verður safnað saman / kortlagðar á skrifstofu Þingeyjarsveitar og riðugryfjur og etv. miltisbrandsgrafir merktar með skilti samkvæmt fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits N-E.

---

#### 4.12.5 Fjarskipti

---

Ljósleiðari hefur verið lagður yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð og Fljótshéið að Laugum og þaðan annarsvegar í norður eftir Reykja- og Aðaldal og hinsvegar í suðaustur eftir Reykjadal að Mývatni. Annar leggur liggur frá Laxárstöðvum í suðaustur yfir Hólasand að Kröflustöð.

Gert er ráð fyrir að í tengslum við byggingu flutningsmannvirkja verði lagður ljósleiðari með öllum tengingum, bæði loftlínur og jarðstrengjum. Ljósleiðarinn verði lagður í nágrenni við háspennulínur, þ.e. í línuslóða eða nálæga vegi, en í tilvikum jarðstrengja í sama skurð og jarðstrengurinn.

Helstu fjarskiptamöstur eru á Háamel skammt frá Skollahnjúk á Fljótshéiði, á Geitafellshnjúk í Aðaldal og á Hrútey í nágrenni Goðafoss.

Í aðalskipulagi þessu er ekki mörkuð sérstök stefna um legu fjarskiptamannvirkja. Gert er ráð fyrir að minni tæknimannvirki s.s. fjarskiptamöstur samrýmist landnotkun á landbúnaðarsvæðum, svæðum fyrir frístundabyggð og opnum svæðum til sérstakra nota.

*Varðandi staðsetningu veitna, sjá viðauka VII, skýringarupprátt S-09, Veitur, stofnkerfi.*

*Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólréiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki. ....*

(úr skipulagsreglugerð 4.16.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins í samgöngum er að umferð á þjóðvegum geti farið fram með öruggum hætti allt árið – og að helstu gönguleiðir, reiðleiðir og slóðir í óbyggðum séu skýrt merktar þannig að aukin umferð þar spilli ekki náttúru og landslagi.

\*\*\*

Í kafla 3.5.1 og á skýringarupprætti S-04 (Viðauki VII) er gerð grein fyrir öllum stofn- og tengivegum í Þingeyjarsveit.\* Einnig er gerð grein fyrir helstu göngu- og reiðleiðum á skýringaruppráttum S-05 A og B.

> Almenn er gert ráð fyrir að helstu tengi- og héraðsvegir verði malbikaðir á skipulagstímabilinu og að helstu göngu- og reiðleiðir verði merktar.

> Þá er gert ráð fyrir tveim mikilvægum breytingum á samgöngukerfinu í byggð: Ný brú yfir Skjálfandafljót milli Kaldakinnar og Aðaldals er á samgönguáætlun 2003-2014. Einnig er stefnt að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði á skipulagstímabilinu. Sagt er frá þeim áætlunum hér að neðan.

\*) Tekið skal fram að í aðalskipulaginu er aðeins mörkuð stefna um núverandi og nýja stofn- og tengivegi í þéttbýli og dreifbýli. Aðrir vegir eru aðeins sýndir til skýringar.

#### 4.13.1 Brú yfir Skjálfandafljót

Núverandi brú yfir Skjálfandafljót í Kaldakinn (á þjóðvegi 85) er einbreið, breidd hennar er aðeins 2,83 m en hún er um 200 m löng. Rétt vestan við er önnur einbreið brú yfir Rangá hjá Ófeigsstöðum.

Á samgönguáætlun 2003-2014 er lagt til að brúin verði endurbýggð ásamt vegi á þriðja tímabili áætlunar, þ.e. 2011-2014.

Núverandi brúarstæði uppfyllir varla kröfur dagsins til öryggis o.fl. og væntanlega þurfi að finna nýtt brúarstæði og nýja veglínu þegar brúin verður endurnýjuð. Málið hefur verið rætt ítarlega m.a. í tengslum við gerð aðalskipulagsins, en athugasemdir hjá Vegagerðinni eru ekki það langt komnar að hægt sé að ákveða um nýja staðsetningu.

Í aðalskipulagi þessu er brúarstæði og veglína þjóðveg 85 því óbreytt miðað við núverandi staðsetningu. Verði seinna tekin ákvörðun um nýtt brúarstæði og veglínu þarf að breyta aðal-skipulagi.

Hér á eftir er til fróðleiks sagt frá helstu hugleiðingum sem hafa verið uppi um mögulega breytingu á brúarstæði og legu þjóðveg 85. Ath. að um útdúr er að ræða og ekki hluti af aðalskipulagi:

Ýmsir valkostir á staðsetningu nýrrar brúar og veglínu hafa verið skoðaðir, þá helst tveir kostir sem á skýringarmynd hér að neðan eru auðkenndir sem ytri og innri leið. Veglína valkostanna tveggja er mismunandi á um 6 km kafla frá Ófeigsstöðum/Rangá. Megin munurinn á valkostunum er staðsetning brúarstæðis og að sú ytri fer yfir óraskað birki gróð nútímahraun á um 1 km kafla áður en þær mætast. Innri leiðin fer yfir eyjuna Staðarbakka í Skjálfandafljóti sem er að hluta gróin náttúrulegum birkiskógi. Eftir að leiðirnar mætast fara þær yfir nútímahraun að vegamótum við Aðaldalsveg (845).



Hugmyndir til bráðabirgða um ný brú yfir Skjálfandafljót og breyting á þjóðvegi 85 (mkv. 1 : 100.000)

Við etv. ákvörðun um að færa brú og veglínu á sérstaklega að taka tillit til að raska sem minnst svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd (s.s. nútímahraun og náttúrulegum birkiskógi) og einnig skal þess gætt að ekki myndist flóðahætta eða hugsanleg uppistaða í Skjálfandafljóti, sem gæti skapað hættu fyrir mannvirki / land á Húsabakka.

#### 4.13.2 Vaðlaheiðargöng

Veggöng undir Vaðlaheiði eru sérstakt forgangsmál (Samgönguáætlun 2007-2010).


Félagið Greið leið ehf. var stofnað árið 2003 og var tilgangur félagsins að undirbúa gerð jarðganga undir Vaðlaheiði, fjármagna gerð ganganna og reka þau með innheimtu veggjalds. Aðilar félagsins eru öll sveitarfélög á Norðurlandi eystra og 10 fyrirtæki. Í kynningarskýrslu sem Greið leið gerði árið 2006 segir m.a. um verkefnið:

„ Núverandi Hringvegur liggur um Svalbarðsströnd, yfir Víkurskarð og yfir Fnjóská norðan við bæinn Nes og þaðan austur um Ljósavatnsskarð. Ársdagsumferð (ÁDU) um Víkurskarð er um 1000 bílar á dag. Vegurinn um Víkurskarð liggur í 325 m hæð og allbrattar og langar brekkur bæði austan og vestan megin, en þó einkum vestan megin [allt að 8% halli]. Þar verður oft mjög hált og gerir slæm veður að vetrarlagi þó færð og veður í byggð sé góð. Færð er því oft erfið þó vegurinn lokist sjaldan heila daga. Með gerð jarðganga undir Vaðlaheiði fæst því mikil samgöngubót.“

„ Með tilkomu Vaðlaheiðarganga mun Hringvegurinn stytta um 16 km. Vegalengdin milli Akureyrar og Húsavíkur mun því stytta um 91 km í 75 km [ ... ] Þá mun vegalengdin milli Akureyrar og orlofshúsabygðarinnar að Illugastöðum stytta um rúma 18 km.“

„ Eftir að gerð Vaðlaheiðarganga verður lokið er gert ráð fyrir að Hringvegurinn liggi þar um. Göngin verða gerð í einkaframkvæmd og verður tekið gjald fyrir umferð um þau. Vegur mun áfram liggja um Víkurskarð og honum viðhaldið þannig að vegfarendur munu áfram eiga þess kost að aka þar um kjósi þeir það frekar en að aka um göngin.“

Heildarlengd ganganna verður um 7,4 km og mesti lengdarhalli verður 3,5 %.



Vaðlaheiðagöng. / Mynd úr kynningarskýrslu júní 2006, eftir Pétur Þór Jónasson, Greið leið ehf. Akureyri

Í lögnum um umhverfismat er hvergi minnst sérstaklega á jarðgöng. Vaðlaheiðargöngin voru hins vegar talin til kynningarskyld skv. 13. tl.a í 2. viðauka laga nr. 106/2000, þar sem um væri að ræða breytingu á legu Þjóðvegur 1, auk þess sem við framkvæmdina fellur til mjög mikið efni, um 620.000 m<sup>3</sup> (efnistöku og haugsetningar).

Skipulagsstofnun hefur þegar ákvarðað að göngin séu ekki matsskyld.

Vaðlaheiðargöng og breyting á Þjóðvegi 1 er sýnt á sveitarfélagsuppdrætti og skýringaruppdrætti S-04.

### 4.13.3 Virkjanavegur

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er þar að auki skilgreind stefna um virkjanavegi meðfram háspennulínunum á háhitasvæðinu og víðar, og er hún sú sama og í svæðisskipulagi háhitasvæða. \*)

Í svæðisskipulagi háhitasvæða segir m.a. (bls. 103-104):

„ Í svæðisskipulaginu er ákvörðuð meginveglinna vegar frá Þjóðvegi á Hólasandi um Þeistareyki áleiðis til Húsavíkur auk vegar frá honum austur að Gjástykki.

Vegurinn verður í upphafi hvorki Þjóðvegur né sveitarfélagsvegur sbr. skilgreiningar í III. kafla vegalaga (80/2007) heldur telst vera einkavegur skv. 11. gr. sömu laga. Vegurinn er í svæðisskipulaginu nefndur virkjanavegur. Virkjanavegur verður lagður af framkvæmdaaðilum sem aðkomuleið að framkvæmdasvæðum en nýttist síðan vegna samrekstrar virkjananna. Einnig mun vegurinn gegna mikilvægu hlutverki sem aðkomuleið ferðamanna og útivistarfólks að áhugaverðum stöðum sem nú eru illaðgengilegir. Miðað er við að þegar framkvæmdum ljúki og hlutverk vegarins breytist geti hann orðið hluti vegakerfis Vegagerðarinnar (landsvegur). Miðað skal hönnun virkjanavegarins við að hann muni fullgerður í fyllingu tímans uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til sambærilegra vega í vegakerfi Vegagerðarinnar.

Virkjanavegir liggja meðfram eða í námunda við háspennulínur sbr. markmið um samþættingu mannvirkja. Vegurinn liggur að hluta eftir núverandi slóðum en að hluta fjarri þeim. Virkjanavegur verður ekki lagður í gamla vegstæðinu á Þeistareykjum heldur nokkru vestar eftir girðingavegi og áfram norður fyrir hverasvæðið og bæjarstæðið.

Á lægri skipulagsstigum verður lega og gerð vegarins útfærð nánar og í samræmi við þarfir, staðhætti, hönnun og framkvæmdaaætlanir. Ekki þarf að breyta svæðisskipulaginu þótt breytingar verði gerðar á veglinu ef þær verða í samræmi við megindrætti og markmið svæðisskipulagsins.

Mælst er til að við hönnun vega verði tekið tillit til stefnu sveitarfélaganna og þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið við umhverfismat áætlunarinnar. Einnig að uppbygging og umfang virkjanavega taki tillit til annarrar landnotkunar og uppbyggingar orkuvinnslu.“

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er staðsetning fyrirhugaðs virkjanarvegs sýnd á sveitarfélagsuppdrætti og á skýringaruppdrætti S-04 – eins nákvæmt og hægt er út frá þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi við gerð skipulagsins.

\*) Þrátt fyrir almennu ákvörðunina, að í aðalskipulaginu sé aðeins mörkuð stefna um stofn- og tengivegi og að aðrir vegir séu aðeins sýndir til skýringar, er gerð undantekning varðandi virkjanaveg þennan: Þó einkavegur / landsvegur er hann skilgreindur í aðalskipulaginu vegna nána tengsla hans við raflínu- og hitaveitulögn.

---

#### 4.13.4 Hálandisvegir


---

Vegir á miðhálandinu eru sýndir á sveitarfélagsuppdrætti eins og þeir koma fram á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Helsta breyting miðað við núverandi aðstæður er breyting á legu Sprengisandsleiðar F-26 frá Kiðagili og suður úr.

Í svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 segir m.a. (kafli 9.4.2, Aðalfjallvegir, bls 126):

*„Sprengisandsvegur (F26): Núverandi lega er frá Nýjadal [Jökuldal] að vegamótum Austurleiðar (F910) þaðan að Skagafjarðarleið (F752). Að Dragaleið (F881) samtals um 37 km. Gert er ráð fyrir að þessi hluti Sprengisandsvegur verði endurbýggður með væntanlegri Sprengisandslínu þegar hún færir til vesturs frá núverandi legu, að Háumýrum norður að Kiðagilsdrögum. Leiðin hefur ekki verið skoðuð nákvæmlega og staðsetning því ónákvæm. Lega Sprengisandsvegur er lítið breytt frá Kiðagilsdrögum, Dragaleið (F881), að Mýri í Bárðardal (59 km).“*

Breyting á núverandi legu Sprengisandsleiðar er háð því hvort og hvernig hugsanleg ný háspennulína yfir Sprengisand verði lögð og mun þar með geta haft breytingar á öðrum fjallvegum í för með sér, sem ekki er gerð grein fyrir í texta svæðisskipulagsins.



Drög úr svæðisskipulagi, kort 04, Samgöngur og ferðamál

---

#### 4.13.5 Göngu- og reiðleiðir

---

Í kafla 3.5.1, Vegakerfið, er sagt frá gömlum þjóðleiðum yfir fjöll og heiðar, en auk þeirra eru fjöldi af öðrum göngu- og reiðleiðum í Þingeyjarsveit. Sagt er frá þeim í viðauka V og eru þær helstu sýndar á skýringaruppdrætti S-05A og S-05B í viðauki VII.

> Göngu- og reiðleiðir sem sýndar eru á sveitarfélagsuppdrætti (einnig sýndar á skýringaruppdráttum S-05 A og B) eru hluti af aðalskipulagi þessu. Það er stefna Þingeyjarsveitar að vinna áfram að uppbyggingu göngu- og reiðleiða í sveitarfélaginu, kortleggja og merkja þær og kynna fyrir almenningi. Ekki er gert ráð fyrir umferð vélknúinna faratækja á göngu- og reiðleiðum.

---

#### 4.13.6 Flugvöllur

---

Í kafla 3.5.1 er sagt frá Húsavíkurflugvelli í Aðaldal. Áætlunarflug lagðist niður árið 2000 og í samgönguáætlun 2003-2014 er ekki gert ráð fyrir því að flugvöllurinn verði aftur hluti af almenna umferðakerfinu.

> Það er hins vegar stefna og markmið Þingeyjarsveitar og aðila í ferðapjónustu í Þingeyjarsýslum að Húsavíkurflugvöllur skuli aftur gegna lykilhlutverki í samgöngum héraðsins og verða tenging svæðisins út á við, bæði við önnur svæði innanlands og við útlönd. Ekki síst hvað varðar hlutverk flugvallarins í uppbyggingu ferðapjónustu sem er einn af megin atvinnuþáttum svæðisins.

Í aðalskipulagi 201009-2022 er ekki gert ráð fyrir breytingu á flugvallarsvæðinu, og er það skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

---

#### 4.13.7 Flateyjarhöfn

---

Í kafla 3.5.1 er sagt frá höfninni í Flatey á Skjálfanda. Ekki er búið í Flatey og er hlutverk hafnarinnar einkum tengd sumar-dvöl og útvist eins og er.

> Í aðalskipulagi þessu er skilgreint hafnarsvæði sem nær yfir smábátahöfn, bátabyggju og svæði innan við 100 m frá bryggjunni.

Það er stefna Þingeyjarsveitar að varðveita skuli höfnina og gömlu bryggjuna. Á hafnarsvæðinu skuli koma upp snyrti-aðstöðu fyrir ferðamenn, einnig er leyfilegt að koma upp að nýju smá fiskverkun, t.d. sóltun grásleppuhroga.

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum. (Skipulagsreglugerð 4.20.1)

Skyllt er að fram fara fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi [...] Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið með og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

(Skipulagsreglugerð 4.20.2)

" Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. .... Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafríðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa." (Úr lögum um húsafríðun, nr.104 / 2001, 6.gr.)

\*\*\*

Í kafla 3.2.2 er fjallað nánar um friðuð hús og friðlýstar fornleifar í Þingeyjarsveit. Einnig er sagt frá þekktum fornleifum og staðsetningu þeirra í þeim tilfellum þar sem gert hefur verið ýtarleg fornleifaskráning, og sagt er frá þeim miklu fornu garðlögum sem eru í Þingeyjarsveit.

Hér að neðan er stutt yfirlit yfir þær þjóðminjar sem sýndar eru á skipulagsupprætti / skýringarupprætti S-09.

#### > Friðuð hús:

Eins og fram kemur í kafla 3.2.2 eru átta kirkjur og eitt hús í Þingeyjarsveit friðuð skv. lögum um húsafríðun:

Átta kirkjur (kirkjur reistar fyrir 1918), þ.e.:

Hálskirkja (1860),  
Illugastaðakirkja (1861),  
Einarsstaðarkirkja (1862),  
Grenjaðarstaðarkirkja (1865),  
Þverárkirkja (1878),  
Lundarbrennukirkja (1881),  
Ljósavatnskirkja (1892),  
Neskirkja (1903).

Eitt hús (hús reist fyrir 1850):

Gamli bærinn á Þverá í Laxárdal. Torfhús reist 1849-1870 og fjárhús og hlaða reist 1845-1850.

#### > Friðlýstar fornleifar:

Eins og fram kemur í kafla 3.2.2 eru 22 friðlýstar fornleifar í Þingeyjarsveit (skv. friðlýsingaskrá Fornleifaverndar ríkisins):

Eyri, Flateyjarðal (Fornar girðinga- og tóftarleifar í Eyra-urð).  
Hof, Flateyjarðal (Hoftóft og aðrar fornar tóftir).  
Háls. Fnjóskadal (Allar fornar leifar á Leiðarness-þingstað).  
Þórðarstaðir, Fnjóskadal (Leifar Fjósatunguþingstaðar).

Flausturbalar, Bleiksmýradal (Fornar rústir á þrem stöðum).  
Reykir, Bleiksmýradal (Fardísartóftir, Kárasel, Gamlar réttir).  
Tunga, Bleiksmýradal (Rúst Klauvakots, Grænutóftir).  
Steinagerði, Hjaltadal (Rúst eyðibylisins Steinagerði).  
Sörlastaðir, Timburvalladal (Rústir Timburvalla og Tungufells).  
Fornastaðir, Ljósavatnsskarði (Forn rúst er Finnastaðir heitir).  
Ljósavatn, Ljósavatnsskarði (Hoftóft, aðrar gamlar bæjartóftir).  
Hlíðarendi (Geitagerði), Bárðardal (Gamlar girðingar og tóftir).  
Stóru-Vellir, Bárðardal (Fornleifar Söxólfsstaða).  
Viðiker við Svartá (Fornar rústir Litla-Viðikers og Viðigerðis).  
Afréttarland, við Íshólsvatn (Hrauntunga, Hofgarðar, o.fl.)  
Helgastaðir, Króksdal (Mannvirki á forna þingstað Leiðarhóli).  
Rauðaskriða, Skriðuhverfi (Kirkjugarður) \*  
Bergsstaðir, Skriðuhverfi (Mánagerði, tungirðing og bæjarrúst)  
Fljótsbakkir, Þingey (mannvirki á Þingey og Skuldabingsey).  
Halldórsstaðir, Laxárdal (Steinþró í kjallara undir íbúðarhúsi).  
Þverá, Laxárdal (Fornar tóftir tvær)  
Stóru-Laugar ("Valhöll" er svo heitir, forn hringur eða stór tóft).

\*) Nýjustu rannsóknir á Rauðaskriðu sýna þó að hér er ekki um kirkjugarð að ræða.

Ofangreindar friðlýstar fornleifar eru færðar á skipulagsupprætti / skýringarupprætti S-10. (Viðauki VII).

- Í aðalskipulagi þessu er ekki kveðið á um fornleifar umfram ákvæði þjóðminjalaga, að ekki megi raska svæði 20 m umhverfis þær. \*\*

\*\*) Í 11.gr. Þjóðminjalaga (nr.107/2001) segir m.a.:  
„Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 m friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað.“

#### > Fornleifaskráning:

Eins og fram kemur í kafla 3.2.2 er aðeins hægt að merkja minjastaði inn á skipulagsupprætti / þemaupprætti í þeim tilfellum þar sem ýtarleg fornleifaskráning liggur fyrir, þ.e. á Narfastöðum, Rauðuskriðu, Þeistareykjum, í Þegjandadal og að hluta til á Miðhálandinu. Helstu minjastaðir á þessum svæðum eru upptaldir hér að neðan:

#### Rauðaskriða:

258-001	Rauðaskriða, bæjarhóll	[ Sp-258 Rauðaskriði ]
258-009	Skálholt, bæjarstæði	[ Sp-258 Rauðaskriði ]
258.010	Steinsstaðir, bæjarstæði	[ Sp-258 Rauðaskriði ]
258-017	Þorsteinsstaðir, bæjarstæði	[ Sp-258 Rauðaskriði ]
258b-001	Skriðusel, bæjarhóll	[ Sp-358b Skriðusel ]
259-001	Skriðuland, bæjarhóll	[ Sp-259 Skriðuland ]

#### Þegjandadalur

224b-001	Bjarnastaðir / Gislstaðir	[ Sp-224 Grenjaðarst. ]
224c-001	Hrisakot, bæjarstæði	[ Sp-224 Grenjaðarst. ]
250b-001	Skárastaðir, bæjarstæði	[ Sp-250 Múli ]
250c-001	Hólkot	[ Sp-250 Múli ]
250d-001	Bjarkarstaðir	[ Sp-250 Múli ]

250e-001 Ingiriðarstaðir [ SP-250 Múli ]  
250f-001 Einarstaðir [ SP-250 Múli ]

Þeistareykir:

250b-001 Þeistareykir, bæjarstæði \*\*\* [ SP-250b Múli/Þeist.]  
250b-002 Þeistareykjanámur, brennist. [ SP-250b Múli/Þeist.]  
250b-042 Mælifell, bæjarstæði [ SP-250b Múli/Þeist.]

Narfastaðir:

SP-282:001 Narfastaðir  
SP-283:001 Narfastaðasel

Í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 er nefnd eftirfarandi bæjarstæði í Mjóadal, Króksdal o.fl:

SP-171:001 Mjóidalur í Mjóadal  
SP-171:002 Hólkot í Mjóadal  
SP-171:006 Engimyri í Mjóadal  
SP-172:001 Íshóll í Íshólsdal  
SP-159b:001 Helgastaðir í Króksdal  
SP-159b:002 Smiðjuskógur  
SP-644.003 Hafurstaðir  
SP-644:004 Undir Sandmúla  
SP-644:011 Öxnadalur  
SP-644:015 Grafarlönd

\*\*\*) Samkvæmt Fornleifastofnun / Orra Vésteinssyni (2006) er bæjarstæði Þeistareykja einstakur minjastaður og er nauðsynlegt að gera áætlánir til að tryggja varðveislu hans.

Í aðalskipulagi þessu – sem og í svæðisskipulagi háhitasvæða – er því skilgreint sérstakt hverfisverndarsvæði sem tekur yfir bæjarstæði Þeistareykja. Það bæði styður lögboðna minjavernd og getur verið undanfari formlegrar friðlýsingar. (sjá kafla 4.16.3)

Ofangreindar fornleifar eru færðar á skipulagsupprátt / skýringarupprátt S-10, en hafa ber í huga að hér er aðeins um brot / ögn fornleifa að ræða. Heimildir um fornleifar í Þingeyjarsveit skipta þúsundum, og samkvæmt lögum \*\*\*\* eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar.

\*\*\*\*) Í 10.gr. Þjóðminjalaga (nr.107/2001) segir m.a:  
*"Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins."*

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlögum um verndun einstakra svæða.

(Skipulagsreglugerð 4.19.1)

Þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum skal gera grein fyrir henni í deliskipulagi.

(Skipulagsreglugerð 4.19.2)

ATH: Samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr.44/ 1999, 38 gr.) þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði fríðlýstum náttúruminum, en leita skal um sagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

\* \* \*

Eins og fram kemur í kafla 3.2.1 er 21 náttúruverndarsvæði í Þingeyjarsveit. Þrjú svæði eru friðuð, 18 svæði eru skilgreind sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá og er eitt þeirra einnig á náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Á skipulagsupprætti og á þemaupprætti S-03, Náttúruvernd og friðun, eru svæðin afmörkuð í samræmi við kort Umhverfisstofnunar. Hér að neðan er yfirlit yfir svæðin, en nánari lýsing á svæðunum og verndarákvörðunum er í kafla 3.2.1.

#### > Friðuð svæði:

Laxá og 200 m breiður bakki meðfram ánni báðum megin er friðaður skv. sérstökum lögum (nr.97/2004). Stærð innan sveitarfélagsmarka 25,4 km<sup>2</sup>

Í lögum er einnig skilgreint „verndarsvæði vatnasviðs Mývatns og Laxár“. Stærð innan sveitarfélagsmarka 572,5 km<sup>2</sup>

Vatnajökull er friðlýstur með sérstökum lögum (nr. 60/2007), friðlýsing Vatnajökulsþjóðgarðs tók gildi við setningu reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð (nr. 608/2008) Stærð innan sveitarfélagsmarka er um 1.100 km<sup>2</sup>

Vestmannsvatn er lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B (nr. 30/1977). 600 ha að stærð.

#### > Náttúruverndaráætlun:

Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda, tillaga að friðlýsingu sem friðland.

Stærð innan sveitarfélagsmarka 310,4 km<sup>2</sup>

#### > Önnur svæði á náttúruminjaskrá:

Melar við Illugastaði í Fnjóskadal (4,7 km<sup>2</sup>)  
 Bleiksmýrardalur suður úr Fnjóskadal (51,7 km<sup>2</sup>)  
 Ingvararfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss (3,5 km<sup>2</sup>)  
 Ljósavatn og umhverfi í Ljósavatnsskarði (30,0 km<sup>2</sup>)  
 Goðafoss í Skjálfandaflljóti (1,4 km<sup>2</sup>)  
 Þingey og umhverfi hennar (22,5 km<sup>2</sup>)  
 Varastaðaskógur í Laxárdal (1,8 km<sup>2</sup>)  
 Jörðin Halldórsstaðir í Laxárdal (8,6 km<sup>2</sup>)  
 Gervigigar við Knútsstaði í Aðaldal (1,3 km<sup>2</sup>)  
 Gervigigabyrpingar í miðjum Aðaldal (14,3 km<sup>2</sup> + 6,6 km<sup>2</sup>)  
 Votlendi á Sandi og Sílalæk í Aðaldal (6,8 km<sup>2</sup>)  
 Flatey á Skjálfanda (3,4 km<sup>2</sup>)  
 Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda (310 km<sup>2</sup>) \*  
 Tungnafellsjökull, Nyídalur (Jökuldalur) á miðhálandi (210km<sup>2</sup>)  
 Gæsavötn við Gæsahekk á miðhálandi (6,6 km<sup>2</sup>)  
 Laufrönd og Neðribotnar á miðhálandi (22,4 km<sup>2</sup>)  
 Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum (3,5 km<sup>2</sup>)  
 Stóra- og Litla-Víti á Reykjaheiði (2,3 km<sup>2</sup>)

\*) Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda / Flateyjar-  
 dalur og Náttfaravíkur er einnig á Náttúruverndar-  
 áætlun 2004-08.

#### > Sérstök verndarsvæði á miðhálandinu:

Í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 er gert grein fyrir tvenns konar verndarsvæði. Annað er nefnt „náttúruverndarsvæði“ en hitt „almennt verndarsvæði“.

Sagt er nánar frá þeim svæðum í kafla 3.2.1 og eru svæðin sýnd á sveitarfélagsupprætti og á skýringarupprætti S-03.

#### > Vernd jarðmyndana og vistkerfa:

Í 37.gr. laga um náttúruvernd (nr. 44/1999) segir:

“ Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- eldvörp, gervigigar og eldhraun,
- stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> og stærri,
- mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> eða stærri,
- sjávarfiljar og leirur. ... ”

Má segja að helstu jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum þessum séu nú þegar annaðhvort friðuð eða á náttúruminjaskrá:

a) Helstu gervigigar, gjallgigar og hraunborgir í Aðaldal eru á náttúruminjaskrá.

b) Helstu stöðuvötn, Vestmannsvatn, Fagranestjörn, Sýrnesvatn, Mýlaugsstaðavatn og Múlavatn eru á friðunarsvæði, á meðan Miklavatn og Ljósavatn eru á náttúruminjaskrá

c) Vottlendi meðfram Laxá (innan við 200 m frá vatnsbakknum) eru friðuð samkvæmt lögum og helstu vottlendi / mýrlendi umhverfis Miklavatn og Ljósavatn eru innan svæðis á náttúruminjaskrá

d) Helstu fossar í Þingeyjarsveit, Ingvararfoss, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafoss og Goðafoss eru á náttúruminjaskrá – Hverir o.fl. við Þeistareyki eru með hverfisvernd samkvæmt svæðisskipulagi háhitasvæða og samkvæmt aðalskipulagi þessu \*\*).

e) Merkilegar sjávarfítjar og leirur eru ekki til í Þingeyjarsveit.

\*\*) Í næsta kafla 4.16 (Hverfisverndarsvæði) er sagt frá hverfisverndarákvæði á helstu jarðmyndunum háhitasvæðanna – hvort sem þær eru á náttúruminjaskrá (Þeistareykir) eða njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. laga um náttúruvernd (aðallega eldhraun, hverir o.fl.).

> Þörf á hverfisvernd til viðbótar:

Þó að svæði séu á náttúruminjaskrá er verndun þeirra tiltölulega veikburða því í lögum um náttúruvernd segir aðeins:

*„Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá“.*

Það er því stefna Þingeyjarsveitar að vernda viðkvæm svæði á náttúruminjaskrá enn frekar með hverfisvernd, sé raunveruleg hættu á því að aukinn ferðamannastraumur eða annað álag muni alvarlega ógna sérkenni svæðanna.

> Í aðalskipulagi þessu verður sett hverfisvernd á eftirfarandi þrjú svæði:

Flateyjardalsheiði, Flateyjardalur og Náttfaravíkur (310,4 km<sup>2</sup>)

Þingey og umhverfi í Skjálfandaflljóti (22,5 km<sup>2</sup>)

Flatey á Skjálfanda (3,4 km<sup>2</sup>)

Varðandi hverfisvernd: Sjá næsta kafla 4.16.

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggða eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

(Skipulagsreglugerð 4.22.1)

Öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um skv. aðalskipulagi skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

(Skipulagsreglugerð 4.22.2)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er vernda enn frekar náttúru og sögu- og menningarminjar á sérstökum svæðum sem eru nú þegar skilgreind sem „önnur svæði á náttúruminjaskrá“ með því að setja hverfisvernd á svæðin.

Einnig að vernda sérstakar jarðmyndanir o.fl. á þeistareykjum og í Gjástykki í samræmi við svæðisskipulag háhitasvæða.

#### Verndarákvæði:

- Viðhalda skal Flateyjardalsvegi sem jeppavegi, má lagfæra hann en ekki brúa (ræsi) ár umfram það sem er þegar gert.
- Leyfilegt er að lagfæra göngustiga, merkja þá og búa til göngubrýr eftir þörfum. Einnig að merkja helstu fornminjar og náttúrufrýrbæri með upplýsingaspjöldum.
- Leyfilegt er að viðhalda núverandi húsum og etv. að bæta við minniháttar útihúsum við núverandi hús, fer eftir ákvörðun Þingeyjarsveitar. Einnig er leyfilegt að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk við núverandi tjaldsvæði á Hofi, verði þörf á því.
- Hugsanlegt er að leyft verði að byggja eitt hús á hverja þá jörð í einkaeign sem er óhýst eins og er.
- Fram yfir það er óheimilt að koma upp mannvirkjum eða breyta landslagi, vatnafari eða gróðurfari á svæðinu, t.d. plöntun erlendra trjá- og plöntutegunda.
- Með hverfisverndarákvæðum þessum verði ekki gengið á réttindi jarðeigenda til hefðbundinnar notkunar s.s. afréttarheit og veiði.

[ Landnotkun svæðisins er samkvæmt almennri skilgreiningu aðalskipulagsins, þ.e. landbúnaðarsvæði (< 300 m.y.s.) og óbyggt svæði (> 300 m.y.s.) ]

#### 4.16.1 Hverfisvernd / svæði á náttúruminjaskrá

##### > Flateyjardalsheiði, Flateyjardalur og Náttfaravíkur:

#### Lýsing svæðis:

Svæðið er nyrst í Þingeyjarsveit, á skaganum milli Eyjafjarðar og Skjálfanda, og er það um 310 km<sup>2</sup> að stærð. Á svæðinu er mjög fjölbreytilegt landslag og ríkulegur gróður, og er það í auknum mæli vinsæll áfangastaður heimamanna og ferðamanna sökum náttúrufergurðar og menningarlandslags.

Yst í Flateyjardal eru þrjú hús á Brettingsstöðum og Jökulsá, sem fór í eyði um 1950 en eru áfram nýtt sem sumarhús. Við Brettingsstaði er gamall kirkjugarður. Einnig er tjaldsvæði með snyrtiaðstöðu yst á Flateyjardal. Þá eru tvö gangnamannahús: Heiðarhús á Flateyjardalsheiði og Urðarkot á Flateyjardal. Friðlýstar fornleifar eru á Eyri og Hofi á Flateyjardal. Fjallvegur (F-899) liggur frá Þverá í Dalsmynni og norður á Flateyjardal, góður jeppavegur en aðeins fær að sumri til.


Í Náttfaravíkum er eitt hús, Naustavík. Jörðin fór í eyði 1941 en húsið stendur áfram og hefur verið gert upp. Í Náttfaravík kemst maður aðeins sjóleiðis eða á tveimur jafnfljótum úr Kaldakinn eða Flateyjardal.

Svæðið er skilgreint sem „önnur svæði á náttúruminjaskrá“ og er þar að auki á Náttúruverndaráætlun 2004-08.

#### Markmið hverfisverndar:

Meginmarkmiðið er að varðveita svæðið að mestu eins og það er núna: Nokkuð afskekkt landslagsheild sem nýtt er sem afréttarland og tiltölulega fámennt útivistarsvæði.

Þó kemur til greina að breyta byggð lítillaga, sé það ekki í andstöðu við meginmarkmið.



Hverfisverndarsvæði: Flateyjardalur o.fl. ásamt Flatey  
Mkv. 1 : 25.000

> Þingey í Skjálfafljóti og umhverfi / Þingdalur:


Lýsing svæðis:

Svæðið er um 22,5 km<sup>2</sup> að stærð og tekur til Þingeyjar og nálægra eyja í Skjálfafljóti, eyra og bakka fljótsins norður að Vaðsvaði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótshéiðar við Þingey sem og votlendis umhverfis.

Svæðið er skógi vaxinn dalur, að mestu óbyggður. Náttúrulegir birkiskógur eru bæði vestan fljóts, Fellsskógur og Fremstafellsskógur austan í Kinnarfelli, og austan fljóts, Fosselskógur og Glaumbæjarskógur vestan í Fljótshéiði. Tveir fossar eru á svæðinu, Barnafoss og Ullarfoss. Þá eru friðlýstar fornleifar á Þingey og Skuldaþingsey.

Tveir bæir eru nyrst á svæðinu, Vað I og Vað II og tilheyrir þeim ræktarland. Þá eru stök sumarhús í Fosselskógi. Vegslóðar eru m.a. í Fellsskógi og í Fosselskógi.

Svæðið er skilgreint sem „önnur svæði á náttúruminjaskrá“.



Hverfisverndarsvæði: Þingey og umhverfi  
Mkv 1 : 10.000

Markmið hverfisverndar:

Meginmarkmiðið er að varðveita svæðið eins og það er núna: Sérstakur árfarvegur með eyjum, hólum, kvíslum og fossum, og með náttúrulegum birkiskógum báðum megin fljótsins.

Verndarákvæði:

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi búrekstri á Vaðsbæjum með eðlilegum hætti miðað við hefðbundinn búrekstur.
- Viðhalda má núverandi sumarhúsum í Fosselskógi en ekki má fjölga húsum eða byggja við; ef sumarhús hverfa verður ekki leyft að byggja nýtt í staðinn.
- Hugsanlegt er að leyft verði að byggja eitt hús á hverja þá jörð í einkaeign sem er óhýst eins og er.

- Leyfilegt er að lagfæra vegslóða og göngustíga, merkja þá og búa til göngubrýr eftir þörfum. Einnig að merkja helstu fornminjar og náttúrufríbærni með upplýsingaspjöldum.

- Fram yfir það er óheimilt að koma upp mannvirkjum eða breyta landslagi, vatnafari eða gróurfari á svæðinu.

- Við þróun skóga á svæðinu (Fellsskógs, Fosselskógs o.fl.) skal varðveita sérkenni þeirra sem náttúrulegir birkiskógur.

- Með hverfisverndarákvæðum þessum verði ekki gengið á réttindi eigenda Vaðsbæja til hefðbundinnar notkunar jarða þeirra.

[ Landnotkun svæðisins er samkvæmt almennri skilgreiningu aðalskipulagsins, þ.e. landbúnaðarsvæði (< 300 m.y.s.), en þjóðskógur er skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota / útivistarskógur ]

> Flatey á Skjálfaflóa:

Lýsing svæðis:

Flatey á Skjálfaflóa er um 1,5 sjómílu (2.8 km) út af Flateyjardal og er hún tæplega 3 km<sup>2</sup> að stærð. Frá Húsavík til Flateyjar eru um 13 sjómílu (24 km).

Flatey er einstakur staður sögu og menningar. Hér var áður blómleg byggð og útgerð, en fólk hætti að hafa vetursetu í eyjinni árið 1967. Hún er þó áfram vinsæll sumardvalarstaður, ekki síst meðal brotfluttra Flateyinga og afkomenda þeirra.

Í Flatey eru samkvæmt fasteignamati ríkisins fjórar jarðir, Krosshús, Uppibær, Útibær og Neðribær, einnig Flateyjarkirkja (fmr: annað land), Félagsheimili (fmr: viðskipta- og þjónustulóð) og skólalóð (fmr: íbúðarhúsalóð). Þar að auki eru 13 íbúðarhúsalóðir og ein lóð skilgreind sem sumarbústaðaland. Flatey er ríkiseign (Ríkissjóður Íslands) en langflest hús eru í einkaeign.

Flatey er skilgreint sem „önnur svæði á náttúruminjaskrá“ (vegna fjölbreytts fuglalífs og söguminja, sjá bls. 26).

Markmið hverfisverndar:

Meginmarkmiðið er að varðveita landslag og náttúru eyjunnar og reyna jafnframt að laða fram byggðarmynd fyrri tíma hvað varðar m.a. hús, vegi, höfn og bryggju.

Þó kemur til greina að breyta byggð lítillega, m.a. til að geta þjónað ferðamönnum sem koma í eyjunar til skammtíma-dvalar, sé það ekki í andstöðu við meginmarkmið.



Flatey á Skjálfaflóa

#### Verndarákvæði:

- Núverandi húsum má laga, breyta og viðhalda þannig að útlit þeirra sé sem líkast fyrra horfi. Leyfilegt er að koma upp húsum á gömlum húsgrunnum, í þeim tilfellum skal húsagerð miða við húsinn sem voru og/eða við nágrennahúsinn. Fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

- Varðveita skal höfnina og gömlu bryggjuna ásamt vegslóða um byggðina eins og kostur er. Við höfnina er leyfilegt að koma upp að nýju smá fiskverkun, t.d. söltun grásleppu-hrogna. Umferð okutækja skal halda í algjöru lágmarki.

- Þó að Flatey verði áfram að mestu ætluð sumardvöl hús-eigenda er leyfilegt að koma upp gistiaðstöðu og tjaldsvæði fyrir skammtíamavist ferðamanna á einum stað, t.d. við skóla-húsið/samkomuhúsið. Einnig skal koma upp snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn við höfn. Slíkrí aðstöðu skal að mestu koma fyrir í núverandi húsum, en lítilsháttar nýbyggingar geta bæst við, fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

- Umfram það er óheimilt að koma upp varanlegum mannvirkjum í Flatey, einnig er óheimilt að breyta landslagi, vatnafari eða gróðurfari utan byggðar. Etv. komi þó til greina að koma upp stökum fuglaskoðunarskýlum tímabundið yfir sumartímanum, fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

- Mikilvægt er að húseigendur í Flatey tileinki sér verndarákvæði eyjunnar. Mikilvægt er að sveitarstjórn vinni með landeiganda og hagsmunaaðilum \*) í þeim málum.

[ Öll Flatey er – að undanskildu hafnarsvæðinu – skilgreind sem blandað svæði fyrir fristundabyggð og opin svæði til sérstakra nota / útivist ]

\*) „Hagsmunafélag húseigenda í Flatey á Skjálfa- anda“ var stofnað árið 2005 í þeim tilgangi að vera málsvari þinglýstra eigenda húsa í Flatey útávið, og er m.a. Samkomuhúsið í Flatey í umsjón félagsins.

---

#### 4.16.2 Hverfisvernd / Þeistareykir o.fl. (náttúruyfyrirbæri)

---

Sértök hverfisverndarsvæði á Þeistareykjum og í Gjástykki eru skilgreind í “Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025”, og eru þau einnig sýnd á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags þessa. Um er að ræða tvö konar hverfisverndarsvæði:

Hverfisvernd I er svæði þar sem mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil eða háð ströngum skilyrðum og takmörkunum (skilgreint með ljósgrænum lit og láréttum hvítum línunum á skipulagsupprætti og á skýringarupprætti S-09).

Hverfisvernd II er svæði með ákveðnum landslagsgerðum eða náttúruminum þar sem gæta skal sérstakrar varúðar við alla mannvirkjagerð og taka tillit til þeirra náttúruyfyrirbrigða sem njóta eiga sérstakrar verndar (skilgreint með láréttum ljósgrænum línunum á skipulagsupprætti og á skýringarupprætti S-09).

Eftirfarandi greiningar og ákvarðanir úr svæðisskipulagi (bls. 94-95 og 97-98) eru endurtekna hér sem hluti af aðalskipulagi Þingeyjarsveitar [ hornklofar tákna niðurfellingar eða viðbætur miðað við upphaflegan texta svæðisskipulags ].

#### ÞEISTAREYKIR:

HP1 Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. Afmörkun svæðis er m.a. unnin út frá greiningu á jarðfræðikortum og loftmyndum. Í samræmi við 37. grein náttúruverndarlaga nýtur hverasvæðið sérstakrar verndar. Svæðið er á náttúruminjasrá en afmörkun HP1 er nákvæmari og þrengri en þar. Ástæða þótti til að afmarka hverfisverndarsvæði HP1 með meiri nákvæmni en skipulagsstigið gefur að jafnaði tilefni til vegna stöðu rannsóknna og undirbúnings fyrir framkvæmdir á svæðinu. Að vissu marki er tekið mið af afmörkun orkuvinnslusvæða, sem miðast við frumáætlanir um orkuvinnslu á svæðinu, og eru náttúru-farsþættir þar vegnir á móti framkvæmdahugmyndum. Innan svæðisins eru fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gufu- og leirhverir ásamt útfellingum. [ ... ]

Innan HP1 verða hvorki heimiluð mannvirki af neinu tagi né annað jarðrask. Undanþágu er hægt að veita vegna upp- hitunar skálans á Þeistareykjum en í hverasvæðinu sunnan við skálann er grafinn hitaspíral sem er hluti af hitakerfi skálans. Gerð er sú krafa að hitaspíralinn verði aðeins hafður á þeim stað sem hann er á í dag auk þess sem gengið verði frá svæðinu þannig að ummerki séu ekki sjáanleg á yfirborði. Stranglega verður bannað að raska hverasvæðinu á neinn hátt, t.d. með óþrifnaði. Lagt er til að rekstraraðilar á svæðinu (skáli, virkjun) sjái um umhirdu þess og viðhald.

Almenn umferð fólks um HP1 verður bönnuð utan merktra leiða. Hverasvæðið er viðkvæmt og gera má ráð fyrir aukinni umferð samfara bættu aðgengi að Þeistareykjum. Því verður að gera ráð fyrir að stýra umferð gangandi fólks um svæðið. Mun Aðaldælahreppur [nú Þingeyjarsveit] sjá um slíkar merkingar og rekstraraðilar skálans um upplýsingagjöf.

HP2 Hluti Þeistareykjahrauns. Afmarkað er apalhraun á austurjaðri hraunsins. Verndarsvæðið er tvískipt um girðingar-veg sem ruddur hefur verið þvert í gegn um hraunið þar sem það er hvað mjóst. Apalhraunið, yfirbragð þess og einkenni er verndað. Mannvirkjagerð verður heimil á og við girðingar-vegin, þ.e. mannvirkjabelti með vegi og lögnum (pípum) þvert yfir hraunið sbr. afmörkun orkuvinnslusvæðis. Önnur mannvirkjagerð er óheimil svo og allt annað jarðrask.


HP3 Gígar, hrauntröð og hellar í Þeistareykjahrauni skulu njóta sérstakrar verndar. Hverfisverndarsvæði er afmarkað innan orkuvinnslusvæðis og felur þannig í sér ákveðna takmörkun á ráðstöfun lands innan þess. Mannvirki, vegslóðar og lagnir geta verið innan eða í grennd við HP3. Við undirbúning framkvæmda, hönnun og deiliskipulagsgerð skal þess sér- staklega gætt að ekki verði raskað þeim jarðmyndunum sem njóta verndar. Mannvirkjum skal þannig komið fyrir að þau rýri sem minnst heildaryfirbragð svæðisins, þ.e. hraunbunu með gíg efst og áberandi hrauntröð til norðurs auk fleira gíga og hrauntraða sem á svæðinu eru. Æskilegt er að mannvirki verði í nokkurri fjarlægð frá HP3 og mannvirkjum (t.d. vegum og lögnum) verði komið fyrir með sérstakri aðgát þannig að heildaryfirbragði svæðisins verði sem minnst raskað. Hellarnir norðantil á svæðinu munu að öllum líkindum verða einn helsti áfangastaður ferðamanna og útivistarfólks þegar svæðið verður gert aðgengilegt og skal taka tillit til þess við deili- skipulag svæðisins og hönnun virkjanamannvirkja. Vegna sérstöðu svæðisins er lögð sérstök áhersla á samráð við Umhverfisstofnun um skipulag og útfærslu mannvirkja á Þeistareykjahrauni.

HP4 Sprungur og misgengi eru eitt af helstu einkennum svæðisins. Afmarkaðar eru gróflega helstu sprungur og misgengi á svæðinu skv. loftmyndum og jarðfræðikorti. Mannvirkjagerð er heimil inni á HP4 en vanda skal sérstaklega til allra mannvirkja þar sem nauðsynlegt verður að fara um svæðin, fella þau vel að landi og virða megindrætti landslagsins.

GJÁSTYKKI:

HG1 Lerihnjúkshraun. Nýtt eldhraun. Hvorki verður heimiluð mannvirkjagerð né jarðrask af neinu tagi innan hverfisverndarsvæða HG1, þ.e. utan afmarkaðra orkuvinnslusvæða.

HG2 Misgengi og sprungur, gróf afmörkun. Misgengi og sprungur/veggir eru eitt megineinkenni svæðisins og skulu njóta sérstakrar verndar innan hverfisverndarsvæðis HG2. Heimilt er að leggja vegi, pípur og reisa önnur mannvirki innan hverfisverndarsvæðis HG2. Innan HG2 skal gæta sérstaklega að því að fella mannvirki vel að landi og þeim megindrættum landslagsins sem njóta verndar.



Hverfisvernd á Peistareykjum (HP1, HP2, HP3 og HP4),  
Hverfisvernd í Gjástykki (HG1 og HG2),  
Minjaverndarsvæði á Peistareykjum (MP1)  
Orkuvinnslusvæði / iðnaðarsvæði sýnt með punktalínu.  
Mkv. 1 : 200.000)

#### 4.16.3 Hverfisvernd / Þeistareykir o.fl. (söguminjar)

Minjastaðir eru merktir með tvenns konar hætti á skipulagsuppráttum. Annars vegar er afmarkað ákveðið verndarsvæði á Þeistareykjum þar sem fjöldi minja er á litlu svæði en hins vegar eru stakir minjastaðir merktir með tákni. Ekki verður gerð grein fyrir einstökum minjastöðum [ ... ] heldur vísað í minjaskrár Fornleifastofnunar Íslands FS152-01161 og FS326-06311.

ÞEISTAREYKIR:

Í kafla [ ... ] er greint frá helstu niðurstöðum minjaskráningar. Þar eru Þeistareykir taldir „án efa með merkari minjastöðum á Íslandi. - Frá minjaverndarsjónarmiði eru allar forsendur fyrir hendi til að friðlýsa Þeistareyki sem þjóðminjar“. Á þessu stigi er afmarkað minjaverndarsvæði skv. ákvæðum skipulagslaga og reglugerðar um hverfisvernd, þ.e. verndun ákveðin af sveitarfélögunum, sem bæði styður lögboðna minjavernd og getur verið undanfari formlegrar friðlýsingar.

MP1 Þeistareykir, bæjarhóll og byli. Afmarkað er verndarsvæði utan um bæjarhól, tóftir, garða og sæluhús á Þeistareykjum. Innan svæðisins er á fjórða tug skráðra minjastaða. Vegslóði liggur um minjasvæðið og hefur skemmt bæjarhólinn og nokkrar tóftir. Því er gert ráð fyrir að vegstæðið verði ekki nýtt fyrir aðalveg um svæðið heldur verði hann lagður utan minjaverndarsvæðisins. Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum vegna orkuvinnslu innan minjaverndarsvæðisins og engum nýjum mannvirkjum. Einungis er heimilt að lagfæra umhverfið, t.d. núv. vegslóða þannig að betur verði tekið tillit til fornminja og aðgengi auðveldað t.d. með merkingum og upp lýsingaskiltum. Gangnamannakofar verða áfram innan svæðis og lagfæring og endurbygging þeirra heimil.

Aðrir skráðir minjastaðir, þ.e. þeir sem eru utan minjaverndarsvæðisins, eru merktir með einföldu tákni á skipulagsupprátt þannig að taka megji tillit til þeirra við deiliskipulag og undirbúning framkvæmda á þann hátt að markmiðum og ákvæðum þjóðminjalaga verði fylgt.

GJÁSTYKKI:

Draugagrundir er örnefni skráð í fornleifaskrá norður undan Gæsafjöllum austanverðum, ummerki um forna leið milli Kröflunáma og Þeistareykja. Draugagrundir eru nokkuð utan áhrifsvæða hugsanlegra framkvæmda í Gjástykki. Merkt með tákni á upprætti.

## 4.17.1 Verndarsvæði vegna neysluvatns:

Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/ 1999 m.s.br.) eru verndarsvæði vegna verndunar neysluvatns almennt flokkuð sem hér segir (gr. 13.1):

*I. flokkur. Brunnsvæði:*

*Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.*

*II. flokkur. Grannsvæði:*

*Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eitrefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.*

*III. flokkur. Fjarsvæði:*

*Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.*

\* \* \*

Helstu vatnsból í Þingeyjarsveit eru á þéttbýlissvæðum og við mikilvægustu frístunda- og ferðamannastaði:

V-01: Garðsveita í Aðaldal annar Hafralækjarskóla með öllum tilheyrandi íbúðum, Ýdolum, leikskólanum og íbúðarhúsum að Víðigerði 1, Hraun-gerði, Byrgisholti, Álftanesi, Hjarðarhaga, Jarlsstöðum, Tjörn, Hlégarði, Hjarðarbóli og Garði. Vatnsból Garðsveitu er í svokölluðum Berjastalli í Garðsnúp um það bil 30 m ofan við byggð. Virkjuð er lind þar sem hún kemur út úr berginu og vatnið leitt í lokaðan geymslutank. Þá er borhola við Hafralækjarskóla og dælt er úr henni þegar lindarvatnið nægir ekki til.

V-02: Vatnsveita á Laugum í Reykjadal sem þjónar íbúðar- og þjónustuhúsum í Kjarna og Laugafiski. Vatnsból er í hliðinni fyrir ofan byggðina.

V-03: Vatnsveita á Laugum í Reykjadal sem þjónar Framhaldsskólanum á Laugum, Litlulaugaskóla og húsum í kringum skólann. Vatnsból er í hliðinni ofan við skólann.

V-04: Vatnsból við Narfastaði í Reykjadal.

V-05: Vatnsveita við Stórutjarnir þjónar Stórutjarnaskóla, íbúðarhúsum við Melgötu og byggð þar í grennd.

V-06: Vatnsból við Háls í Ljósavatnsskarði.

V-07: Vatnsból Fosshóls í landi Rauðár.

V-08: Vatnsveita við Kiðagil í Bárðardal: Kiðagil, Stóruvellir og Lækjavellir eru með vatnsból í um 300 m hæð í hliðum Valafjalls, rétt norðan við svokallaðan Horngrýtlæk.

V-09: Vatnsból við Draflastaði í Fnjóskadal.

V-10: Vatnsból við Skóga og Hróarsstaði í Fnjóskadal.

V-11: Vatnsból við Vaglir í Fnjóskadal: Vatnsból Vaglaskógar er lindasvæði skammt fyrir norðan Kisárdal, upb. 360 m.y.s. (Grannsvæði er um 0,75 km<sup>2</sup> og fjarsvæði um 2,25 m<sup>2</sup>).

V-12: Vatnsból í Lundi í Fnjóskadal: Vatnsból orlofshúsanna í Lundskógi er ofarlega í svonefndum Selhöfða, upb 220 m.y.s. (Grannsvæði er um 0,75 km<sup>2</sup> og fjarsvæði um 2,00 km<sup>2</sup>).

V-13: Vatnsból við Þórðarstaði í Fnjóskadal: Vatnsból orlofshúsanna í Þórðarstaðaskógi er í svonefndu Botnagili, upb 540 m.y.s. (Grannsvæði um 0,12 km<sup>2</sup> og fjarsvæði um 0,45 km<sup>2</sup>).

V-14: Vatnsból á Illugastöðum í Fnjóskadal: Vatnsból Illugastaða er rétt fyrir ofan orlofsbúðirnar, upb 280 m.y.s. (Grannsvæði er um 0,25 km<sup>2</sup> og fjarsvæði um 2,00 km<sup>2</sup>).

V-15: Vatnsból Rauðuskriðu í Skriðhverfi (sveitarhótel)

Ofangreind vatnsból eru skilgreind sem vatnsverndarsvæði / brunnsvæði í aðalskipulagi þessu og eru þau sýnd á sveitarfélagsupprætti og á skýringarupprætti S-08, (Viðauki VII).

Ekki hafa verið skilgreind grannsvæði eða fjarsvæði vegna þessara vatnsbóla (nema syðst í Fnjóskadal), en samkvæmt Heilbrigðiseftirlit NE má til bráðabirgða hafa sem viðmiðun að grannsvæði sé 250 m radius umhverfis brunnsvæði. Það er stefna Þingeyjarsveitar – í samvinnu við Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra – að skilgreina vatnsverndarsvæði

(grann- og fjarsvæði) þar sem það á við - innan tveggja ára frá staðfestingu aðalskipulagsins.

\*\*\*

Auk ofangreindra eru um 50 vatnsból með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra vegna matvælaframleiðslu (kúabændur / mjólkurframleiðandi). Brunnsvæðin eru afgirt til varnar búfé, en álitid er að ekki sé þörf á að skilgreina sérstök vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi vegna þeirra.

Þau vatnsból eru nefnd hér að neðan, til upplýsingar:

Í Aðaldal: Ytra-Fjall, Hvammaveita (fyrir Prest-, Mið- og Ysta-Hvamm), Hraunkot 1, Grímshús (fyrir Grímshús, Múla 1 og Helluland), Búvellir og Fagranes.

Í Reykjadal og á Fljótshéiði: Helgastaðir, Glaumbær, Vallakot, Breiðamýri 4, Hólar, Daðastaðir, Lyngbrekka, Brún, Fellshlíð, Fljótshéiði og Ingjaldsstaðir. Vatnsból ofarlega í Fljótshéiði þjónar Einarstöðum, Jaðri, Hlíðarholti o.fl.

Í Kinn: Björg, Nípá, Engihlíð, Háls, Kvíaból, Hrafnstaðir, Fellssel, Hjaltastaðir, Fremstafell 1 og Lækjarmót.

Í Ljósavatnsskarði: Fornhólar, Kambsstæðir, Stórutjarnir (= V-05), Arnstapi, Kross, Ljósavatn, Öxará og Hrifla.

Í Bárðardal: Úlfsbær, Arndísarstaðir, Kálfborgaraá, Halldórsstaðir og Bjarnarstaðir.

Í Fnjóskadal: Böðvarnes, Veisa, Dæli, Sólvangur og Steinkirkja.

Að öðru leyti eru vatnsból við nánast hvern bæ í dreifbýli, hvort sem þeir eru með matvöruframleiðslu eða ekki. Miðað við landslag og vatnafar í sveitinni eru þær aðstæður metnar fullnægjandi og ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim eða fyrir skilgreiningu á sérstökum verndarsvæðum vegna þeirra.

\*\*\*

Tvö vatnsverndarsvæði eru skilgreind á mörkum Þingeyjar-sveitar og Eyjafjarðarsveitar / Grýtubakkahrepps. (Svæðin eru staðsett í fyrrum Hálsahreppi og voru þau inni á eldra svæðisskipulagi Eyjafjarðar sem fallið er úr gildi).

Á Vaðlaheiði er skilgreint 4,05 km<sup>2</sup> stórt vatnsverndarsvæði (fjarsvæði). Brunnsvæði og grannsvæði eru í Eyjafjarðarsveit

Á Draflastaðafjalli er skilgreint 2,74 km<sup>2</sup> vatnsverndarsvæði (0,43 km<sup>2</sup> grannsvæði og 2,31 km<sup>2</sup> fjarsvæði). Brunnsvæðið og hinir hlutar grann- og fjarsvæða eru í Grýtubakkahreppi.

Svæðin eru skilgreind sem vatnsverndarsvæði / grannsvæði eða fjarsvæði í aðalskipulagi þessu og eru þau sýnd á sveitarfélagsupprætti.

\*\*\*

Í Svæðisskipulagi Miðhálandis segir frá gjöfulem lindarsvæðum í óbyggðum:

„Í S.-Þingeyjarsýslu eru víða vatnsmikil lindarsvæði. Gjöfulustu lindirnar spretta undan hraunum í jöðrum vestra gosbeltisins, víða nálægt jöðrum Miðhálandisins. [...] Þessi svæði hafa mikla samsvörun við vatnsbólarsvæði í byggð sem jafnan njóta ströngustu vatnsverndar. [...]

Þverár Skjálfafljóts í Krökadal, 6 svæði, Bárðdælahr. 680-800 m.y.s. 3-4 m<sup>3</sup>/s. Lindir spretta sumar a.m.k. undan hraun-tungum en eru þó hugsanlega tengdar sprungum.


Krossá, 2 svæði, Bárðdælahr. Lindir við Krossár, vatnsmagn hátt í 1 m<sup>3</sup>/s.

Svartá og Suðurá í Bárðardal, 3 svæði, Bárðdælahr., Skúta-staðahr. 360-460 m.y.s. Samtals líklega 15-17 m<sup>3</sup>/s í Svartá.“

Lindarsvæðin eru ekki afmörkuð sérstaklega sem vatnsverndarsvæði á aðalskipulagsupprætti, vísað er til svæðisskipulags, Landnotkunarkort 1:100.000 / kort 2. Á þessum svæðum skal farið sem á grannsvæði vatnsbóls.

#### 4.17.2 Verndun á vatnasviði Mývatns og Laxár:

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (nr. 97/2004) taka m.a. til verndar á vatnasviði Mývatns og Laxár, og er verndarsvæðið sýnt í fylgiskjali II með lögum:



Vatnasvið Mývatns og Laxá

Verndarsvæðið nær yfir upp. 570 km<sup>2</sup> eða tæp 10% heildarsvæðis Þingeyjarsveitar, en þar er samt meginhluti allrar byggðar í sveitarfélaginu: Nánast öll byggð í Aðaldal utan við ystu bæi í Aðaldalshrauni og í Skriðuhverfi, öll byggð í Laxárdal og í Reykjadal, þar með þéttbýlissvæðið á Laugum.

Sagt er frá 2. og 3. gr. laganna í kafla 4.14.3, Náttúruverndarsvæði. Í 4. gr. laganna segir m.a. um verndun á vatnasviði Mývatns og Laxár:

*" Forðast skal að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinna samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.*

*Umhverfissráðherra setur í reglugerð, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórna, nánari ákvæði um varnir gegn hvers konar mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár, þar á meðal á grunnvatnskerfi. Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu." \*)*

Landnotkun á verndarsvæðinu er mest landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði. Einnig er þó ýmis önnur starfsemi, skilgreind íbúðarsvæði, svæði fyrir frístundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðar- og athafnasvæði svo og Húsavíkurflugvöllur í Aðaldal.

Ekki er gert ráð fyrir að starfsemi á svæðinu breytist verulega miðað við núverandi aðstæður, en mikilvægt er að gæta vel að hún valdi ekki mengun, sérstaklega á grunnvatnskerfinu.

\*) Sú reglugerð sem boðuð er í lögum nr. 97/2004 hefur ekki enn verið gefin út, og því gilda ekki sérstök ákvæði um t.d. kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu.

---

#### 4.17.3 Skilgreining vatnsgæða & flokkun vatns:

---

Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999 m.s.br.) segir m.a. um skyldu sveitarstjórna og gerð aðalskipulaga (gr. 8.1 og 8.2):

*" Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr." \*)*

*" Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu. Á skipulagsupprætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið, sbr. 1. mgr."*

\*) Í 9.gr. er sagt frá flokkun vatns í fimm flokkum, A – E, þar sem flokkur A er ósnortið vatn en flokkur B lítið snortið vatn.

Flokkun vatna í Þingeyjarsveit er aðeins gerð með tilliti til helstu fallvatna. Greint er frá ástandi þeirra í greinargerðinni „Flokkun vatna á Norðurlandi eystra, Fnjóská, Skjálfafljót

og Laxá í Þingeyjarsýslu“, sem Háskólaasetrið í Hveragerði vann fyrir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra í mars 2006.

Langtímamarkmið er að Laxá, Skjálfafljót og Fnjóská verði í mengunarflokki A (ósnortið vatn). Í skýrslunni kemur fram að Skjálfafljót og Fnjóská uppfylla nú þegar allar kröfur til vatns í flokki A og að Laxá uppfyllir allar kröfur nema eina: Fosfatinnihaldið í Laxá er aðeins of hátt (PO<sub>4</sub>-P er 21,9 mg/l en mörkin fyrir vatn í flokki A er 20 mg/l).

Það er markmið Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra að fosfatinnihald í Laxá fari niður fyrir 20 mg/l, en þegar lítið er til kafla greinargerðarinnar um vatnasvið Laxár er ljóst að Þingeyjarsveit getur aðeins lítið gert í því máli.

Í greinargerðinni segir um vatnasvið Laxár (bls. 24):

*„Við Mývatn eru þéttbýliskjarnar (Reykjahliðarþorpið, Vogahverfi, Skútustaðir), ferðaþjónusta (Náttúruböðin ehf., Sundlaug Mývatnssveit, Hótel Reykjahlið, Hótel Reynihlið, Lykil Hótel Mývatn, Mývatn ehf Skútustöðum, ferðaþjónusta Hafnalæk, Laugar, Heiðarbær), iðnaður (Kísiliðjan, nýlega aflögð), Landsvirkjun í Kröflu, Bjarnarlagi og Laxárvirkjun, Léttsteypan ehf, Sniðill hf, Laugafiskur ehf, Norðurlax ehf á Laxamyri) og hefðbundinn búskapur, þ.e. kúa- og sauðfjárbúskapur. Til skamms tíma var unnin kísilgur úr botni Mývatns. Laxá er virkjuð í Laxárgljúfrum. Í Kröflu er gufuvirkjun. Í Reynihlið og við Skútustaði og við Laugar eru bensinstöðvar. Við Kísiliðju er gamall urðunarstaður fyrir brotajárn. Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi er um 440, í Aðaldælahreppi um 260, í fyrrum Reykdælahreppi um 270, í fyrrum Reykjahreppi (Reykjahverfi) um 100, alls um 1.070 íbúar.*

*Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra telur líklegt að Laxá verði fyrir nokkru mengunarálagi vegna búsetu og atvinnurekstrar í Mývatnssveit, Aðaldal, Reykjadal og Reykjahverfi.*

*Við þetta má bæta að afrennsli frá íbúðarhúsum og öðrum dvalar- og íverustöðum fólks [ ... ] er leitt um rotþrær. Skólpi frá þéttbýliskjarna í Reykjahlið við Mývatn er veitt um fráveitu í rotþrær og siturlögn með afrennsli til grunnvatnsins og næringarefni úr því munu því nokkuð líklega berast með því í Mývatn. Áburðarnotkun og búfjárbætur veldur dreifðri mengun og sama er að segja um síubeð rotþróa frá einstökum húsum.“*

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Um landnotkun á svæðum þar sem hætta er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættu-svæða.

(Skipulagsreglugerð 4.18.1)

\*\*\*

Í kafla 3.1.9 er fjallað um náttúruvá í Þingeyjarsveit, sem tengist einna helst jarðskjálftavirkni á norðurhluta svæðisins og snjóflóðahættu, ásamt virkum eldstöðvum utan marka sveitarfélagsins.


Ekki er talin hætta á náttúruvá á sérstökum svæðum í Þingeyjarsveit sem skuli skilgreina sem svæði undir náttúruvá.

#### > Jarðskjálftahætta:

Við skipulag og mannvirkjagerð í Þingeyjarsveit skal taka tillit til jarðskjálftahættu þar sem við á, og skal hanna mannvirki í samræmi við hana.

Í gildi er evrópskur forstaðall Eurocode 8: Design provisions for earthquake resistance of structures, ásamt tilheyrandi þjóðarskjólum.

Í þjóðarskjalinu FS ENV 1998-1-1:1994 er mynd 1 sem sýnir skiptingu Íslands í hönnunarhröðunarvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma og tafla 1 sem tilgreinir við hvaða hönnunarhröðun skal miða í þéttbýliskjörnum.



Samkvæmt skjalinu sem tók gildi 2003 eru Laugar á svæði þar sem lárétt hönnunarhröðun skal miðast við 0,20 g (sýnt með gulu á korti hér að ofan).

#### > Snjóflóðahætta / ofanflóðahætta:

Mat á ofanflóðahættu í einstökum húsum eða byggingarreitum utan þéttbýlis hefur ekki farið fram á vegum Veðurstofunnar. Þar sem staðfest hættumat liggur ekki fyrir er gert ráð fyrir staðbundnu hættumati samkvæmt leiðbeiningum Veðurstofunnar.

Reynt verður að koma í veg fyrir að nýbyggingar séu reistar þar sem hætta er talin á ofanflóðum, til þess að minnka líkur á slysum. Áður en nýjar byggingar eru reistar á svæðum þar sem hætta kann að vera á ofanflóðum og staðfest hættumat liggur ekki fyrir, er því gert staðbundið hættumat. Ef þörf er á slíku hættumati sér Veðurstofa Íslands um gerð þess.

Þegar byggingarreitur er nálægt fjallshlíð getur oft verið álitamál hvort þörf sé á staðbundnu hættumati. Veðurstofan mælir með því að nota eftirfarandi viðmið í þessu sambandi:

**1: Ofanflóðasaga.** Þörf er á staðbundnu hættumati ef a.m.k. annað eftirfarandi atriða á við:

- Sagnir eða heimildir eru um að ofanflóð hafi fallið á byggingarreit eða nærri honum
- Jarðfræðileg ummerki eru um að ofanflóð hafi fallið á byggingarreit eða nærri honum

**2: Farvegur.** Þörf er á staðbundnu hættumati ef a.m.k. eitt eftirfarandi atriða á við:

- Byggingarreitur er fyrir framan gljúfur eða vel afmarkað gil
- Byggingarreitur er í eða neðan farvegur vatnsfalls í bröttu landi eða á aurkeilu
- Ummerki eru um að vatnsfall hafi runnið yfir byggingarreitinn

**3: Fjallshlíð.** Þörf er á staðbundnu hættumati ef bæði eftirfarandi atriði eiga við:

- Sjónarhorn frá byggingarreit miðað við lárétt að fjallsbrún er hærra en 15°
- Landhalli fjallshlíðar ofan við byggingarreit á a.m.k. 25 m löngum kafla er meiri en 25°

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er gert ráð fyrir miklum breytingum allra austast í sveitarfélaginu, virkjun háhitasvæða o.fl. í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, en umfram það er aðeins gert ráð fyrir takmörkuðum breytingum hvað varðar landnotkun o.fl.

#### 4.19.1 Breytingar á byggðum svæðum

Á láglandi – þar sem búið er – er gert ráð fyrir nokkrum breytingum, en áhrif þeirra á umhverfið verði lítil miðað við núverandi aðstæður:

- > Gert er ráð fyrir verulegri fjölsfjölgun, en aukin búseta verði að mestu á þegar skipulögðum þéttbýlissvæðum.
- > Verslun, þjónusta og stofnanir fái svigrúm til að þróast og aukast samkvæmt þörfum þeirra, aðallega á þegar skilgreindum svæðum.
- > Á landbúnaðarsvæði þróist margvísleg starfsemi tengd búrekstri og ferðaþjónustu sem nýtir auðlindir og kosti svæðisins. Einnig ýmis verktakastarfsemi, með þeim skilyrðum að umhverfisþættir sem stafa af henni séu hliðstæðir því sem algengt er í venjulegum landbúnaðarrekstri / á landbúnaðarsvæðum.
- > Vegakerfið verður að mestu óbreytt. Helstu breytingar sem áætlaðar eru á skipulagstímabilinu er gerð jarðganga undir Vaðlaheiði (Þjóðvegur 1 / Hringvegurinn) og ný brú yfir Skjálfafljótið í Kaldakinn. (Þjóðvegur 85 / Norðausturvegur).
- > Friðun og verndun verður óbreytt, nema að hverfisvernd verður sett á þrjú svæði sem eru nú þegar á Náttúruinjasrá.

#### 4.19.2 Breytingar á Miðhálandinu

Á þeim hluta Miðhálandis sem er innan sveitarfélagsmarka Þingeyjarsveitar er ekki gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum og væntanlega verða áhrif þeirra á umhverfið nánast engin:

- > Vegir á svæðinu verða áfram skilgreindir sem fjallvegir og viðhald þeirra verður samkvæmt því. Ferðamannastraumurinn mun aukast nokkuð að sumri til og hugsanlega kemur einn og einn nýr skáli á svæðið, en svæðið verður áfram nokkuð strjálnýtt.
- Helsta breyting sem íhuguð hefur verið á svæðinu er virkjun Skjálfafljóts (Hrafnabjargavirkjun) og í svæðisskipulagi miðhálandis er skilgreint orkuvinnslusvæði samkvæmt því.

Það er hins vegar ákvörðun Þingeyjarsveitar að í aðalskipulagi þessu skuli ekki gera ráð fyrir virkjun Skjálfafljóts við Hrafnabjörg og því verður engin breyting miðað við núverandi aðstæður.

#### 4.19.3 Breytingar á háhitasvæðum o.fl.

Austast í sveitarfélaginu, á háhitasvæðum og víðar er gert ráð fyrir miklum breytingum, þ.e. virkjun jarðhita á Þeistareykjum og hugsanlega í Gjástykki – með borholum, orkuveri, vegum, háspennulínunum og öðrum lögnum. Samkvæmt eðli málsins má hér búast við einhverjum áhrifum á umhverfið. Vegna viðkvæmni svæðanna er þörf á ítarlegri skráningu og verndunarákvæðum á helstu náttúru- og sögumínum svæðanna.

- > Jarðvarmavirkjanir og vinnsluholur verða á orkuvinnslusvæðunum við Þeistareyki og mögulega í Gjástykki. Borholur verða á svonefndum sameiginlegum borteigum þannig að lágmarkað verði það land sem fer undir vinnsluholur o.fl.
- > Háspennulínur og virkjanavegir koma í austurhluta hreppsins. Tekið er tillit til að samþætta lagnir og vegi þannig að lagnaleiðir fylgja vegum og vegslóðum eins og kostur er.
- > Efnistaka vegna virkjunarmannvirkja, háspennulína og vega-gerðar fer fram með skipulögðum hætti í samræmi við efnistökuáætlun framkvæmdanna.
- > Helstu náttúruyfyrirbæri og sögumíningar á svæðinu verða vernduð með hverfisverndarákvæðum.

Samhliða vinnslu aðalskipulags var unnið að svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. (sjá kafla 1.3, bls.6). Með svæðisskipulaginu fylgdi umfangsmikið umhverfismat skipulagsáætlana. Svæðisskipulagið var samþykkt af umhverfisráðherra þann 16. janúar 2008.

\* \* \*

Umhverfisskýrsla með aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 fylgir hér á eftir, en samantekt hennar er í kafla 1.5.

BLS. 92 INNGANGUR

BLS. 95 MAT OG NIÐURSTAÐA

Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar ásamt teymi frá verkfræðistofunni Mannvit hf. unnu umhverfismat samhliða stefnumótun. Unnið var í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

### 5.1.1 Umfang áætlunar og líkleg þróun án framfylgdar áætlunar

Umfang aðalskipulagsins miðast við sveitarfélagamörk.

Um er að ræða fyrsta aðalskipulagið fyrir allt sveitarfélagið Þingeyjarsveit. Einn helsti vandi sveitarfélagsins er sú fólksfækkun sem hefur átt sér stað undanfarin ár. Meginmarkmið við gerð aðalskipulagsins var að skapa aðstæður til að snúa við þeirri þróun og fjölga atvinnutækifærum.

Ef áætlunin tekur ekki gildi mun ekki vera til staðar samþykkt stefnumörkun til leiðbeiningar um þróun landnotkunar í sveitarfélaginu. Slíkt gæti leitt til þess að verðmæti sem felast í ræktuðu landi og sérstæðri náttúru gætu ryrnað.

### 5.1.2 Helstu stefnumið

Í kafla 4 er gerð grein fyrir framtíðarsýn og meginmarkmiðum skipulagsins. Þar kemur m.a. fram að með áætluninni er stefnt að því að landbúnaður verði áfram kjölfesta byggðar í sveitarfélaginu en atvinnutækifærum fjölgað. Jafnframt er lögð áhersla á að við skipulagningu landsvæða verði tekið tillit til varðveislu náttúruvænna, menningarverðmæta og góðs landbúnaðarlands.

### 5.1.3 Tengsl við aðrar áætlanir

#### Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum

Í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 er gert ráð fyrir orkuvinnslusvæðum á Þeistareykjum og í Gjástykki. Mörkuð er stefna um forgangsroðun og útfærslu uppbyggingar. Staðsetning línuleiða og virkjanavegar er ákvörðuð auk hverfisverndarsvæða við orkuvinnslusvæði. Aðalskipulagið er í samræmi við svæðisskipulagið, sjá kafla 4.1, 4.7 og 4.16.

#### Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015

Í svæðisskipulaginu eru skilgreind verndarsvæði sem taka til náttúruvænna, þjóðvænna og mikilvægustu lindasvæða. Enn fremur svæði með mikið útivistargildi, þar á meðal jaðarsvæði að byggð. Einnig er gert ráð fyrir hugsanlegri vatnsaflsvirkjun í Skjálfandaflljóti.

Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir Hrafnabjargavirkjun. Því kallar aðalskipulagið á breytingu á svæðisskipulaginu.

#### Samgönguáætlun

Í samgönguáætlun 2007-2010 er gert ráð fyrir Vaðlaheiðargöngum. Á samgönguáætlun 2003-2014 voru tvær framkvæmdir sem gætu haft áhrif á útfærslu skipulagsins ef veglínu verður breitt. Þetta er breikkun brúa yfir Skjálfandaflljót við Fosshól og Kaldakinn.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir nýrri brú við Kaldakinn og Vaðlaheiðargöngum.

#### Náttúruverndaráætlun

Eitt svæða á náttúruverndaráætlun 2004-2008 er að hluta innan sveitarfélagsins Látraströnd – Náttfaravíkur. Einnig er þar kveðið á um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, sem er að hluta innan Þingeyjarsveitar. Þjóðgarðurinn hefur verið stofnaður með reglugerð nr. 608/2008. Tekið er tillit til náttúruverndaráætlunar, sjá kafla 4.15 og 4.16.

Í tillögu að náttúruverndaráætlun 2009-2013 eru engin áform sem hafa áhrif á útfærslu aðalskipulagsins.

#### Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs

Hluti Þingeyjarsveitar liggur innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs frá september 2010 eru engin áform sem hafa áhrif á útfærslu aðalskipulagsins.

#### Kerfisáætlun Landsnets 2010-2014

Í kerfisáætlun Landsnets er fjallað um uppbyggingu háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir þessum línunum.

#### Áætlanir aðliggjandi sveitarfélaga

Stefna um landnotkun Þingeyjarsveitar og aðliggjandi sveitarfélaga hefur að nokkru verið samræmd með Vatnajökulsþjóðgarði og svæðisskipulagsáætlunum, auk þeirra sem nú eru í gildi náði svæðisskipulag Eyjafjarðar inn á vesturhluta Þingeyjarsveitar, en það var fellt úr gildi árið 2007.

Sveitarfélagamörk aðliggjandi sveitarfélaga; Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grytubakkahrepps, Norðurþings, Skútustaðahrepps, Skaffárhrepps og Ásahrepps eru að mestu leyti í óbyggðum. Og því aðallega vegir og veitur sem huga þarf að samræmingu við.

Deila er um sveitarfélagamörk við Norðurþing, sjá umfjöllun í kafla 1.3.

Aðalskipulagsáætlanir liggja fyrir í öllum aðliggjandi sveitarfélögum nema Grytubakkahreppi. Ekki er þörf á sérstakri samræmingu landnotkunarflokka eða skipulagsákvæða við gildandi aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

#### 5.1.4 Svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi

Fjallað er um verndarsvæði og önnur svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi í köflum 3.2, 4.15-4.17.

#### 5.1.5 Umhverfisverndarmarkmið

Við stefnumótun var tekið tillit til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda sem sett eru fram með friðlýsingum, lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999) og náttúruverndaráætlun ásamt því sem litið var til stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi og náttúrminjaskrár. Sjá umfjöllun um landnotkun í kafla 4 og kafla 5.2.

Stefna um varðveislu góðs landbúnaðarlands er jafnframt í samræmi við markmið jarðalaga (nr. 81/1994).

Í töflunni hér að neðan eru þau viðmið sem horft var til við matið. Í matskafla (kafla 5.2) er á viðeigandi stöðum tilvísun í þau markmið sem hér koma fram.

<b>Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, m s.br.</b>	
	Að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.
	Að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.
	Að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.
<b>Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, m s.br.</b>	
	Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
<b>Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006</b>	
	Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
<b>Þjóðminjalög nr. 107/2000</b>	
	Að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.
	Að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.
<b>Jarðalög nr. 81/2004</b>	
	Stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
<b>Velferð til framtíðar</b>	
	Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.
	Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins.
	Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra.
	Öll nýting hinnar lífandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt.
<b>Náttúruverndaráætlun 2004-2008</b>	
	Látraströnd-Náttfaravíkur: Sérstætt og óvenju fjölbreytt gróðurfar. Mikilfenglegt landslag með mikið útivistar- og fræðslugildi vegna náttúrufars og sögu.
<b>Svæðisskipulag miðhálandis Íslands</b>	
<b>Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum</b>	

---

## 5.1.6 Vinnulag og val á valkostum

---

Í nóvember 2008 var haldinn vinnufundur í skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar varðandi næstu skref í vinnu við mótun aðalskipulagsins. M.a. var rætt um umfang umhverfismatsins og vinnulag.

Haft var samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu í desember 2008.

Ákveðið var að nýta vinnulag umhverfismats áætlana til stefnumótunar um landnotkun á völdum svæðum sem hafa að geyma náttúruauðlindir, sem ekki hefur verið mótuð stefna um með friðlýsingu eða annarri vernd. Þar sem hugsanlega væri tilefni til að takmarka landnotkun eða skilgreina vernd í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 til að draga úr líkum á að verðmæti sem felast í auðlindum sveitarfélagsins ryrni. Eftirfarandi svæði voru valin: Gott landbúnaðarland (ræktað land), Flatey, Skjálfandafliót og Náttfaravíkur-Flateyjaralur.

Árið 2006 ákvarðaði Skipulagsstofnun að jarðgöng undir Vaðlaheiði séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Metin voru líkleg áhrif af tilkomu þeirra m.t.t. nákvæmni skipulagsins. Í umhverfisskýrslu er greint frá líklegum áhrifum byggt á ákvörðun Skipulagsstofnunar og mati skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar.

Lagt hefur verið mat á áhrif stefnu um nýtingu jarðhita og var ekki talinn ávinningur á að endurtaka það við gerð aðalskipulagsins þar sem frekari forsendur útfærslu framkvæmda liggja ekki fyrir frá samþykkt svæðisskipulags háhitasvæða, sjá kafla 4.7 og 4.16. Nánari útfærsla á orkuvinnslusvæðum verður skilgreind í deiliskipulagi í kjölfar mats á umhverfisáhrifum framkvæmda auk þess sem umhverfisráðherra hefur ákvarðað að virkjun á Þeistareykjum, stækkun Kröflustöðvar, háspennulínur frá þeim að Bakka og fyrirhugað álver á Bakka skuli í sameiginlegt mat. Greint er frá niðurstöðu umhverfismats svæðisskipulagsins í umhverfisskýrslu og forsendum ákvörðunar um efnistökusvæði vegna stefnu um nýtingu jarðhita.

Teymi frá Mannvit forvann gögn og tölur sem farið var yfir á vinnufundi skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar í janúar 2009 og metin áhrif mismunandi valkosta á eftirfarandi umhverfisþætti, sem talið var að gætu orðið fyrir áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar byggt á fyrirbyggjandi forsendum.

Auðlindir: Þar sem afkoma sveitarfélagsins og íbúa byggir að stórum hluta á nýtingu landgæða þarf að huga að áhrifum stefnu um landnotkun á auðlindir innan sveitarfélagsins. Má þar nefna landbúnaðarland, jarðhita og fallvötn. Einnig eru í sveitarfélaginu sérstök náttúruvirkirbrigði sem talin eru hafa verndargildi.

Byggðapróun: Þar sem stefnt er að fjölgun íbúa og aukinni fjölbreytni í atvinnuuppbyggingu.

Heilnæmt umhverfi: Þar sem stefnt er að því að bæta lífskjör íbúa þarf að huga að því að sú framþróun sem stefnt er að stuðli jafnframt að heilnæmu umhverfi íbúa og öryggi.

Metið var hvort áhrif verði jákvæð, neikvæð, óveruleg, háð nánari útfærslu í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum eða óvissa um áhrif.

Við mat á áhrifum var litið til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda, tillögu að aðalskipulagi fyrrum Aðaldælahrepps og samþykkt drög að stefnumiðum aðalskipulags fyrir fyrrum Þingeyjarsveit.

Byggt á niðurstöðum matsins var gerð tillaga að stefnu um landnotkun á svæðunum sem um ræðir, sjá nánari umfjöllun í kafla 5.2.

Umhverfisskýrsla var send umsagnaraðilum og kynnt almenningi samhliða aðalskipulagsáætlun, sjá umfjöllun um málsmeðferð í kafla 1.4 og viðbrögð við umsögnum og athugasemdum í viðauka I.

## 5.2 MAT OG NIÐURSTAÐA

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim svæðum sem valin voru til umfjöllunar í umhverfismati og forsendum fyrir þeirri ákvörðun. Greint er frá niðurstöðu skipulags- og umhverfisnefndar um líkleg umhverfisáhrif og tillögu að landnotkun. Einnig verður fjallað um líkleg áhrif Vaðlaheiðarganga, stefnu um nýtingu jarðhita á Þeistareykjum og í Gjástykki og líkleg áhrif heildarstefnu skipulagsins.

Eftirfarandi eru þeir umhverfisþættir sem lagðir eru til grundvallar í mati á áhrifum stefnunnar:

**Auðlindir:** Þar sem afkoma sveitarfélagsins og íbúa byggir að stórum hluta á nýtingu landgæða þarf að huga að áhrifum stefnu um landnotkun á auðlindir innan sveitarfélagsins. Má þar nefna landbúnaðarland, jarðhita og fallvötn. Einnig eru í sveitarfélaginu sérstök náttúrufrýrbrigði sem talin eru hafa verndargildi.

**Byggðapróun:** Þar sem stefnt er að fjölgun íbúa og aukinni fjölbreytni í atvinnuuppbyggingu.

**Heilnæmt umhverfi:** Þar sem stefnt er að því að bæta lífskjör íbúa þarf að huga að því að sú framþróun sem stefnt er að stuðli jafnframt að heilnæmu umhverfi íbúa og öryggi.

Tafla 2. Umhverfisþættir.

Auðlindir	Byggðapróun	Heilnæmt umhverfi
Jarðvegur/ræktunarland	Atvinnumál	Mengun Vatn
Náttúrufar	Íbúafjöldi	Loft
Jarðhiti	Samgöngur	Jarðvegur
Fallvötn		Öryggi

### 5.2.1 Flatey

Flatey á Skjálfanda er á náttúruminjaskrá. Þar kemur fram að eyjan sé grösug með fjölbreyttu fuglalífi og söguminjum (Náttúruverndarráð, 1996).

Íslenska ríkið á eyjuna og er hjá landbúnaðarráðherra tillaga um að eyjan verði þjóðjörð, þ.e. verði áfram í þjóðareign, vegna sérstöðu m.t.t. fyrrum byggðar þar, ferðamennsku og fleiri atriða (Landbúnaðarráðuneytið, 2005).

Fyrirliggjandi hús eru nýtt til frístundadvalar og er talsvert um að ferðafólk komi til eyjarinnar, aðallega yfir sumartímann. Æðavarp er í eyjunni. Bornir voru saman tveir kostir, sjá töflu.

#### > Niðurstaða:

Það er tillaga nefndarinnar að stefnt skuli að því að viðhalda því menningarlandslagi sem ríkir í Flatey með því að viðhalda núverandi mannvirkjum og leiðum um eyjuna.

Til að skapa möguleika til aukinnar nýtingar til ferðaþjónustu þarf að vera svigrúm til að bjóða upp á aðstöðu og þjónustu fyrir ferðafólk m.a. snyrtiaðstöðu og veitingasölu. Æskilegt er að ef reisa þarf nýjar byggingar til þess skuli þær vera staðsettar við höfnina eða byggðar á gömlum grunnum og útlit þeirra samræmt fyrirliggjandi byggingum. Gerð er grein fyrir útfærslu í skipulaginu í kafla 4.16.

Stefnt að viðhaldi núverandi mannvirkja; höfn, vita, kirkju og annarra sögulegra minja. Óheimilt að byggja nýjar byggingar nema í tengslum við þjónustu við ferðamenn, við höfnina.		Stefnt að uppbyggingu nýrra mannvirkja og frekari slóðagerðar.	
<b>Auðlindir</b>			
+	Söguminjum viðhaldið. Samræmist þjóðminjalögum og stefnu skipulagsins. Styður markmið um menningartengda ferðamennsku.	-	Nýjar byggingar og slóðar geta haft áhrif á minjar og heildarásýnd eyjarinnar.
+	Lágmarks röskun á náttúru. Samræmist stefnu um náttúruvernd.	-	Náttúrufar, röskun ef uppbygging.
Ú	Huga að menningarlandslagi ef nýjar byggingar rísa við höfnina.		
<b>Byggðapróun</b>			
+	Hægt að nýta til ferðaþjónustu, dagsferðir.	+	Nýsköpun í ferðaþjónustu, gístaðstaða fyrir ferðamenn.
+	Æðavarps hlunnindi, lágmarks uppbygging talin jákvæð fyrir æðavarp.	-	Hugsanleg neikvæð áhrif á æðavarp með tilkomu nýrra bygginga/slóða og aukinnar umferðar.
<b>Heilnæmt umhverfi</b>			
Ú	Ef aukin umferð um höfn þarf að huga að mengunarhættu. Hefur ekki áhrif á útfærslu skipulagsins.	Ú	Við uppbyggingu og aukna umferð um höfn þarf að huga að mengunarvörnum. Hefur ekki áhrif á útfærslu skipulagsins.

Vægi áhrifa: + jákvæð, 0 óveruleg, - neikvæð, Ú háð útfærslu.

## 5.2.2 Stefna um landnotkun á landbúnaðarsvæðum

Jarðvegur er dýrmæt auðlind í sveitarfélagi sem byggir afkomu að mestu leiti á framleiðslu landbúnaðarafurða. Því var talið mikilvægt að móta stefnu um þróun annarrar uppbyggingar á landbúnaðarsvæðum til að ný starfssemi til atvinnusköpunar dragi ekki úr gæðum eða takmarki nýtingu ræktaðs lands.

Í ljósi þess að fyrirhugað er að stefna að því að skapa aðstæður til að auka fjölbreytni til atvinnusköpunar á landbúnaðarsvæðum voru bornir saman tveir valkostir með tilliti til líklegra áhrifa á umhverfi.

### > Niðurstaða:

Það er tillaga nefndarinnar að nýta skuli ræktað land áfram til landbúnaðarframleiðslu. Það samræmist markmiðum jarðalaga og styður við markmið sveitarfélagsins um að landbúnaður verði ein af kjölfestum byggðar í sveitarfélaginu.

Hafa ber í huga að eingöngu hluti þess landsvæðis sem skilgreint er sem landbúnaðarland er nýtt til ræktunar. Til viðbótar við landbúnað ætti því að vera hægt að stuðla að þróun annarra atvinnutækifæra, t.d. ferðaþjónustu og skógræktar, án þess að ganga á ræktunarland. Til að fjölbreytt landnotkun á landbúnaðarsvæðum þróist án þess að ganga á gæði landsins eru settar takmarkanir á uppbyggingu annarrar starfssemi og íbúðarhúsa. Jafnframt er lagt til að sett verði skilyrði um að skógræktaráætlanir skuli yfirfarnar og samþykktar af sveitarstjórn. Í kafla 4.8 er gerð grein fyrir stefnu Þingeyjarsveitar um þróun landnotkunar á landbúnaðarsvæðum.

Ræktað land varðveitt til landbúnaðarnota, óbreytt landnotkun.		Möguleikar á annarri landnotkun t.d. skógrækt, frístundabyggð.	
<b>Auðlindir</b>			
+	Styður markmið jarðalaga um varðveislu landbúnaðarlands til búvöruframleiðslu.	-	Gengið er á núverandi auðlind, ræktunarland. Samræmist hvorki áherslu um að leita leiða til styrkingar hefðbundins landbúnaðar né markmiðum um varðveislu landbúnaðarlands, áherslu um að nýta áfram landbúnaðarjarðir til landbúnaðar. Getur leitt til þess að gengið sé á rétt komandi kynslóða til landnýtingar.
+	Samræmist markmiði um að standa vörð um þá landnýtingu sem nú er til staðar. Það á ekki síst við um landbúnaðarland en landbúnaður skal vera ein af kjölfestum byggðar í sveitarfélaginu.	-	Almennt þarf að gæta þess að uppbygging á landbúnaðarsvæðum sé í góðu samræmi við heildaryfirbragð byggðar. En skógrækt og nýjar byggingar/slóðar breyta ásýnd. Æskilegt að uppbygging nytjaskóga falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins (VTF og LSI).
0	Áhrif á náttúfar óbreytt, sbr. engin breyting á landnotkun.	Ú	
Ú	Áhrif vegna áburðarnotkunar á vatn og lífríki vatna. Hafa gætur á að áburðarnotkun mengi ekki vatn. Forðast að bera búfjáráburð á frosna jörð.	Ú	
		-	Skógrækt hefur áhrif á samsetningu jarðvegs. Getur haft áhrif á gæði jarðvegs og möguleika til ræktunar í framtíðinni.
		+	Möguleiki á sölu á koldíoxíð kvóta í framtíðinni. Hægt að stunda skógrækt á öðru landi en ræktuðu, heppilegra í halla en á flatlendi.
<b>Byggðabróun</b>			
+	Viðheldur og veitir áfram möguleika á atvinnu í hefðbundnum landbúnaði. Veitir möguleika á aukinni atvinnusköpun í framleiðslu með því að landið er til staðar sem ræktunarland.	+	Veitir möguleika á fjölbreyttari störfum, getur aukið möguleika á fjárhagslegum ávinningi landeiganda sem er í samræmi við stefnu um fjölbreyttari atvinnustarfsemi innan sveitarfélagsins. En gæta þarf þess að núverandi gæði sveitarfélagsins raskist ekki.
+	Innlend framleiðsla matvæla. Viðmið um sjálfbærni.	+	
<b>Heilnæmt umhverfi</b>			
0	Óbreytt, sjá áhrif vegna áburðarnotkunar á auðlindir.	+	Aukin skógrækt eykur bindingu koldíoxíðs. Hægt að stunda skógrækt á öðrum landsvæðum innan sveitarfélagsins en ræktunarlandi.

Vægi áhrifa: + jákvæð, 0 óveruleg, - neikvæð, Ú háð útfærslu.

### 5.2.3 Náttfaravíkur - Flateyjardalur

Hluti svæðisins Látraströnd-Náttfaravíkur sem er á náttúruverndaráætlun 2004-2008 er innan Þingeyjarsveitar. Tilgreindar forsendur verndunar eru sérstætt og óvenju fjölbreytt gróðurfar auk mikilfenglegs landslags með mikið útivistar- og fræðslugildi vegna náttúrufars og sögu.

Svæðið er nýtt til beitar, útivistar og fyrirliggjandi hús eru nýtt til frístundadvalar. Vegagerðin þjónustar fjallveg yfir Flateyjardalsheiði. Tjaldsvæði er yst á Flateyjardal.

Í ljósi þess að fyrirhugað er að annars vegar auka fjölbreytni í atvinnusköpum m.a. með ferðaþjónustu og hins vegar vernda náttúrverðmæti voru bornir saman tveir valkostir um

hugsanlega þróun landnotkunar og líkleg áhrif þeirra á umhverfi.

#### > Niðurstaða:

Það er tillaga nefndarinnar að viðhalda skuli landslagi og náttúrufari á svæðinu í samræmi við meginmarkmið skipulagsins og stefnu stjórnvalda um náttúruvernd. Til að stuðla að því skal ekki stefnt að gerð nýrra slóða né annarra vegaframkvæmda en að viðhalda núverandi vegi yfir í Flateyjardal sem fjallvegi.

Yst á Flateyjardal er tjaldsvæði með snyrtiaðstöðu fyrir ferðafólk og er talið æskilegt að viðhalda slíkri þjónustu fyrir gesti sem fara um svæðið. Núverandi hús verði áfram nýtt til frístundadvalar, en ekki skal gert ráð fyrir uppbyggingu frekari frístundabyggðar. Sjá umfjöllun um heimila landnotkun í kafla 4.8, 4.9 og 4.16.

Óbreytt landnotkun. Ekki stefnt að frekari uppbyggingu en lagfæringu núverandi slóða og viðhaldi núverandi bygginga.		Möguleiki á uppbyggingu heilsársvega, nýrra slóða og fleiri byggingar. Skógrækt.	
<b>Auðlindir</b>			
+	Samræmist náttúruverndaráætlun 2004-2008.	-	Uppbygging mannvirkja eða skógrækt samræmist ekki viðmiðum um náttúruvernd. Vegna hugsanlegra neikvæðara áhrifa á náttúrufar vegna aukins rasks vegna uppbyggingar og aukinnar umferðar um svæðið.
+	Samræmist drögum að stefnu skipulagsins um að tryggja verndun mikilvægra náttúrusvæða.	-	
+	Samræmist markmiðum laga um náttúruvernd að tryggja eftir fongum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.	-	Skógrækt breytir tegunda samsetningu. Samræmist því ekki stefnu stjórnvalda um að tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið. En á svæðinu er óvenju fjölbreytt gróðurfar. Samkvæmt leiðbeiningum Skógræktarfélags Íslands er mikilvægt að spilla ekki að óþörfu svæðum með sérstaklega fjölbreyttu lífríki.
+	Samræmist stefnu stjórnvalda um að tryggt verði að stór samfelld viðerni verði áfram að finna í óbyggðum landsins.	-	
+	Samræmist drögum að stefnu skipulagsins um að frístundabyggð verði ekki heimiluð á svæðum sem eru verðmæt sökum sögu, menningar og náttúrufars eða almenns útivistargildis.	-	Breytingar leiða til breytinga á landslagi og ásynd. Neikvæð áhrif sbr. viðmið um náttúruvernd.
-		-	Frístundabyggð, samræmist ekki stefnu skipulagsins.
<b>Byggðapróun</b>			
+	Gefur möguleika á útivistarsvæði þar sem hægt er að njóta fjölbreyttrar náttúru í fámenni. Tækifæri til atvinnusköpunar í ferðaþjónustu við ferðamenn sem sækjast eftir slíkri upplifun.	+	Uppbygging vega fyrir fólksbíla, frístundabyggð og/eða skógrækt gæti aukið atvinnumöguleika sem samræmist markmiðum skipulagsins.
<b>Heilnæmt umhverfi</b>			
0	Óbreytt, gangnamannaskálar, opið hús á heiðinni og í Náttfaravíkum. Neyðarskýli. Aðstaða fyrir ferðamenn (snyrting), sveitarfélagið sér um tæmingu rotþróar.	-	Hætta á mengun eykst með aukinni umferð manna um svæðið.

Vægi áhrifa: + jákvæð, 0 óveruleg, - neikvæð, Ú háð útfærslu.

## 5.2.4 Skjálfandaflljót

Fjögur svæði í fljótinu eru á náttúruminjasrá, innan þeirra eru; Goðafoss, Ingvarsfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargarfoss, Þingey og votlendi á Sandi og Sílalæk. Auk þess er Ljósavatn á vatnasviði fljótsins. Í svæðisskipulagi miðhálandis koma fram ótímasett áform, um virkjun Skjálfandaflljóts. Gert er ráð fyrir miðlunarlóni við Íshólfsvatn og í farvegi Skjálfandaflljóts, ofan Hrafnabjarga, sem gæti haft áhrif á fossa í fljótinu og nágrenni þess. Lögð hefur verið fram þingsályktun um friðun fljótsins og alls vatnasvið þess. Sveitarstjórn lagðist gegn því að allt vatnasviðið yrði friðlýst í desember 2008.

Í ljósi ofangreindra forsenda var farið yfir líkleg umhverfisáhrif þriggja mismunandi valkosta fyrir þróun landnotkunar við fljótið.

### > Niðurstaða:

Lagt er til að ekki verði stefnt að virkjun Skjálfandaflljóts og hugað verði að hverfisvernd við sérstæð svæði þar sem hættu er talin á að verðmæti gætu annars raskast. Það er talið samræmast stefnu skipulagsins og stjórnvalda um að vernda sérstakar náttúru- og menningarmínjar. Jafnframt styðji það við uppbyggingu ferðaþjónustu og útivistar sem byggir á upplifun sérstæðrar náttúru og styrki tengingu við Vatnajökulsþjóðgarð. Ekki var talið nauðsynlegt að takmarka landnotkun á öðrum svæðum við fljótið umfram þau ákvæði sem sett eru fram í aðalskipulaginu með hverfisvernd, sjá umfjöllun í kafla 4.16.

Óbreytt landnotkun				Röskun á farvegi og landnotkun takmörkunum háð (farvegur, bakki, eyjar)	
Stefnt að Hrafnabjargavirkjun		Engin virkjun í Skjálfandaflljóti			
<b>Auðlindir</b>					
+	Gefur möguleika á að nýta vatnsföll til raforkuframleiðslu. Samræmist svæðisskipulagi miðhálandis.	+	Fossar áfram í Skjálfandaflljóti. Samræmist stefnu um náttúruvernd.	+	Verndar náttúrulegan farveg fljótsins og stuðlar á áframhaldandi þróun náttúru á sinn hátt. Samræmist stefnu um náttúruvernd
+	Virkjun dregur úr hættu á flóðum yfir ræktunarland.	+	Áframhaldandi möguleikar á nýtingu aðlægra svæða til landbúnaðar og viðhaldi til varna gegn landbroti. Samræmist stefnu skipulags um landbúnað.	+	Söguminjar í Þingey, styður við viðmið um verndun menningarmínja.
ó	Óvissa um áhrif á náttúrfar vegna breytinga í setburði fljótsins.			+	
-	Virkjun vatnsfalla hefur áhrif á náttúrulegan farveg fljótsins og umhverfi þess. Samræmist ekki stefnu um náttúruvernd.			-	Hefur áhrif á viðhald ræktunarlands, sbr. framræsla og landbrot.
<b>Byggðaðróun</b>					
+	Nýting vatnsfalla til raforkuframleiðslu, getur stuðlað að auknum atvinnutækifærum. Tímabundið á uppbyggingartíma og varanlega ef leiðir til atvinnustarfssemi sem nýtir orkuna á atvinnusvæði íbúa hreppsins.	+	Möguleiki á virkjunum þveráa áfram til staðar. Samræmist stefnu um aukna fjölbreytni í atvinnusköpun og varðveislu landbúnaðarlands. Styður einnig markmið um sjálfbæra nýtingu.	+	Möguleiki á virkjunum þveráa áfram til staðar. Samræmist stefnu um aukna fjölbreytni í atvinnusköpun og varðveislu landbúnaðarlands. Styður einni markmið um sjálfbæra nýtingu.
+	Bætt aðgengi á aðkomuleið virkjunar. Auknir ferðamöguleikar.	+	Jákvætt fyrir ferðaþjónustu og útivist; ef byggja á upp í kringum sérstæða náttúru.. Tenging við þjóðgarðinn syðst.	+	Jákvætt fyrir ferðaþjónustu og útivist; ef byggja á upp í kringum sérstæða náttúru. Tenging við þjóðgarðinn syðst.
-	Neikvætt, fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu/útivist tengt sérstakri náttúru.				
<b>Heilnæmt umhverfi</b>					
0	Engin breyting	0	Engin breyting	0	Engin breyting

Vægi áhrifa: + jákvæð, 0 óveruleg, - neikvæð, Ú háð útfærslu, ó óvissa um áhrif.

## 5.2.5 Vaðlaheiðargöng

Gert er ráð fyrir Vaðlaheiðargöngum í aðalskipulaginu. Það samræmist stefnu samgönguáætlunar 2007-2010 og Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020.

Í september árið 2006 ákvarðaði Skipulagsstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að framkvæmdaraðili hafi samráð við ýmsa aðila vegna uppbyggingar ganganna til að fylgjast með og draga úr líklegum áhrifum. Má þar nefna Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra til að fylgjast með hvort áhrifa muni gæta á vatnsgæfni vatnsbóla.

Mat á áhrifum í töflu hér neðar byggir á ákvörðun skipulagsstofnunar um matsskyldu, sem er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar, og mati skipulags- og umhverfisnefndar.

### > Niðurstaða:

Jarðgöngin eru samgöngubót sem bætir umferðaröryggi vegfarenda, sérstaklega að vetrarlagi, og vegasamband við Akureyri þar sem íbúar sækja ýmsa þjónustu og atvinnu. Auk þess sem stytting vegalengda dregur úr mengun frá umferð.

Það er mat nefndarinnar að tilkoma jarðganga undir Vaðlaheiði sé líkleg til að hafa jákvæð áhrif á eftirspurn eftir búsetu í Þingeyjarsveit en gæti haft þau neikvæðu áhrif að þjónusta myndi flytjast yfir til Akureyrar.

Göngin munu breyta ásynd í nágrenni gangnamunans til fram-búðar. Framkvæmdaraðili kynnti mótvægisáðgerðir í fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Þess má jafnframt vænta að framkvæmdir séu líklegar til að hafa í för með sér tímabundin neikvæð áhrif á framkvæmdatíma vegna ónæðis í grennd við framkvæmdasvæðið vegna hávaða og ryks.

Göng		Engin göng	
<b>Auðlindir</b>			
-	Rask vegna framkvæmda á gróðri og jarðvegi.	0	Óbreytt notkun, engin breyting á áhrifum.
Ú	Gæti leitt af sér röskun á vatnsgæfni vatnsbóla við Hallland og Skóga. Framkvæmdaaðili kynnti mótvægisáðgerðir í fyrirspurn um matsskyldu.		
-	Breytir ásynd og landslagi. Framkvæmdaaðili mun ganga frá vegstæði þannig að falli vel að landi.		
Ú	Þörf er á frekari könnun á menningarminjum.		
<b>Byggðabróun</b>			
+	Bætt vegasamband og styttri vegalengdir við atvinnu og þjónustu í Eyjafirði.	-	Aðgengi að þjónustu. Aka þarf um Víkurskarð til komast í þjónustu í Eyjafirði.
-	Gjaldtaka fyrir akstur um göngin.	+	Engin gjaldtaka fyrir að aka Víkurskarð.
+	Vænta má aukinnar eftirspurnar um búsetu vegna nálægðar við Akureyri.	-	Óbreytt þróun í byggðamálum hvað varðar eftirspurn um búsetu og þjónustu, tengt samgöngum milli Fnjóskadals og Eyjafjarðar.
-	Þjónusta gæti færst frá sveitarfélagi til Akureyrar.		
<b>Heilnæmt umhverfi</b>			
+	Aukið umferðaröryggi og samgöngubót einkum að vetri til.	-	Hætta. Fara þarf um fjallveg til að komast í þjónustu á Akureyri.
+	Styttir hringveg um 16 km, dregur úr mengun frá umferð sem því nemur.		
-	Framkvæmdum fylgja tímabundin hávaði og ryk í næsta nágrenni.		

Vægi áhrifa: + jákvæð, 0 óveruleg, - neikvæð, Ú háð útfærslu.

## 5.2.6 Nýting jarðhita

Með Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 var mótuð sameiginleg stefna viðkomandi sveitarfélaga um nýtingu jarðhitasvæða, legu háspennulína og virkjanavega auk verndarsvæða við orkuvinnslusvæði. Innan Þingeyjar-sveitar eru orkuvinnslusvæði bæði á Þeistareykjum og í Gjástykki. Í stefnu skipulagsins kemur fram að Gjástykki verði aftast í framkvæmdaröð virkjana á skipulagssvæðinu.

Í umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins er gerð grein fyrir líklegum áhrifum og vali á legu háspennulína og virkjanavega. Eins og kemur fram í kafla 5.1. var ekki talinn ávinningur á því að meta aftur áhrif vegna stefunnar þar sem hún er tekin óbreytt upp í aðalskipulaginu. Yfirlit fyrir helstu niðurstöður vegna áhrifa í Þingeyjarsveit er töflunni hér neðar. Sjá jafnframt umfjöllun í formála og köflum 1,3, 4.1, 4.7 og 4.16.

Efnistaka er nauðsynleg til að framfylgja stefnu um nýtingu jarðhita. Fyrirliggjandi námur munu ekki duga fyrir komandi framkvæmdir en samkvæmt stefnu aðalskipulagsins skal nýta eftir fongum þær námur sem þegar eru opnar þar sem aðstæður leyfa.

Vegna uppbyggingar Þeistareykjavirkjunar, háspennulína, virkjanavegar og fyrirhugaðra rannsókna borana í Gjástykki hafa framkvæmdaaðilar kortlagt fyrirhuguð efnistökusvæði. Við val á efnistökusvæðum var litið til efnisgæða, flutningsvegalengdar, verndargildis og sýnileika. Sú aðferðafræði samræmist stefnu sveitarfélagsins um að efnisþörf sé fullnægt án þess að spilla umhverfinu að öþörfu.

Valin hafa verið þrettán svæði sem talið er að muni fullnægja efnisþörf ofangreindra framkvæmdanna. Samkvæmt verndar-flokkum Vegagerðarinnar hafa 5 svæðanna mjög lágt verndargildi, 5 lágt verndargildi og 3 meðal verndargildi (Mannvit, 2008a, b og c). Ákveðið var að taka öll svæðin inn á aðalskipulag. Með því er tryggt að nægt úrval efnistökusvæða sé til staðar til að framfylgja stefnumörkun um nýtingu jarðhita á afmörkuðum orkuvinnslusvæðum.

Á síðari stigum sækja framkvæmdaaðilar um framkvæmdaleyfi fyrir þeim námum sem nýttar verða. Auk þess sem efnistaka sem raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Efnistökuáætlun fylgir umsókn um framkvæmdaleyfi þar sem gerð er grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Sveitarstjórn mun því byggja ákvörðun um hvaða svæði munu verða nýtt á síðari stigum þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

Áhrif	Umhverfispáttur	Lýsing
Jákvæð	Samfélag: atvinnuframboð	Er liður í áformum um atvinnuuppbyggingu á Norðausturlandi.
	Samfélag: samgöngur	Bætir aðgengi að útivistarsvæðum, náttúru- og menningarminjum.
Óveruleg	Menningarminjar	Hverfisvernd skilgreind fyrir minjaverndarsvæði á Þeistareykjum. Engar þekktar minjar við Gjástykki.
	Samfélag: landnotkun	Beitiland skerðist um það gróna svæði sem fer undir mannvirki, en það er ekki hátt hlutfall beitilands.
Neikvæð	Samfélag: ásýnd/landslag	Náttúrulegt yfirbragð. Mannvirki og efnistaka breytir ásýnd.
	Samfélag: landnotkun	Tímabundin áhrif á uppbyggingartíma vegna ónæðis af aukinni umferð og mannvirkjagerð.
	Náttúrufar: land	Röskun vegna nýrra mannvirkja og efnistöku. Hverfisverndarsvæði afmörkuð við orkuvinnslusvæði
	Náttúruvernd	Áhrif á jarðmyndanir og víðerni vegna mannvirkja. Hverfisverndarsvæði afmörkuð við orkuvinnslusvæði
Háð útfærslu	Náttúrufar og vernd	Umfang og einkenni áhrifa er háð útfærslu framkvæmda sem gerð eru skil á síðari stigum.
	Menningarminjar	Áhrif á áhrifasvæði háspennulína og virkjanavegar eru háð útfærslu á síðari stigum.

---

## 5.2.7 Heildaráhrif

---

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að stuðla að fjölgun íbúa og fjölga atvinnutækifærum án þess að núverandi gæði sveitarfélagsins raskist.

Með þeirri stefnumörkun sem sett er fram í skipulaginu er vonast til að jákvæðra áhrifa muni gæta á byggðaðþróun og lífsgæði íbúa. En mörkuð er stefna um landnotkun þar sem tækifæri eru til fjölbreyttra atvinnutækifæra fyrir íbúa sem styrkir byggð í sveitarfélaginu. Auk þess sem lífsgæði batni með öflugri þjónustu sveitarfélagsins og Vaðlaheidargöngum.

Til að draga úr líkum á neikvæðum áhrifum á auðlindir sveitarfélagsins er mörkuð stefna um heimila uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum, sem er ríkjandi landnotkun í sveitarfélaginu. Einnig eru skilgreind hverfisverndarsvæði við Skjálfandaflljót, Flatey, á svæðinu Náttfaravíkur-Flateyrdalur og orkuvinnslusvæði á Þeistareykjum og í Gjástykki. Stefnu-mörkunin samræmist stefnu stjórnvalda og markmiðum skipulagsins um vernd og varðveislu góðs landbúnaðarlands.

Stefna um orkuvinnslu á Þeistareykjum og Gjástykki hefur verið samþykkt af sveitarstjórn með svæðisskipulagi háhitasvæða. Búast má við neikvæðum áhrifum á landslag, náttúrfar og upplifun ferðafólks verði af uppbyggingu virkjana og tengdum framkvæmdum.

---

## 5.2.8 Mótvægisáðgerðir

---

Ekki er talin þörf á sérstökum mótvægisáðgerðum vegna framfylgdar áætlunarinnar sjálfrar.

Þar sem talið var æskilegt eru sett fram í stefnu um landnotkun, sjá kafla 4, ákvæði um takmarkanir á landnotkun til að draga úr líkum á neikvæðum áhrifum á náttúru og að verðmæti sem í henni felast glattist. Má þar nefna takmarkanir uppbyggingar á landbúnaðarsvæðum, hverfisvernd og ákvæði um að sveitarstjórn skuli yfirfara og samþykkja skógræktar-áætlanir.

Ef grípa þarf til mótvægisáðgerða vegna einstakra framkvæmda verður það ákveðið á síðari stigum þegar fyrir liggur mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum þeirra.

---

## 5.2.9 Vöktun

---

Ekki er talin þörf á sérstakri vöktun vegna framfylgdar aðalskipulagsins nema á háhitasvæðunum á Þeistareykjum og í Gjástykki. Vöktun og eftirlit skal haft með jarðhitasvæðunum, breytingum á landi við vinnslu, lífríki, grunnvatni, frárennsli og útstreymi jarðhitalofttegunda. Jafnframt skal fylgjast með hljóðvist á svæðinu. Þessir þættir verða útfærðir nánar í deiliskipulagi.

Ýmis vöktun umhverfisáhrifa í sveitarfélaginu er í lögbundnum farvegi óháð stöðu skipulagsins.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur umsjón með vöktun vatnsbólga og áhrifa á vatnsgæði í ám og vötnum. Metið hefur verið náttúrulegt og raunverulegt ástand Fnjóskár, Laxár og Skjálfandaflljóts. Árnar voru flokkaðar í mengunar flokka og settar fram tillögur að langtímamarkmiðum og vöktun þeirra (Háskólasetrið í Hveragerði, 2006). Heilbrigðiseftirlitið hefur einnig eftirlit með fráveitumálum og hefur tekið út fráveitur í sveitarfélaginu.

Eftirlit með atvinnurekstri sem er starfsleyfis skyldur vegna hættu á mengun og matvælaframleiðslu t.d. mjólkurbúum, er á hendi heilbrigðiseftirlitsins.

Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart.

Í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 eru sett fram áform um vöktun áhrifa á samfélag verði af þeim framkvæmdum sem þar er mörkuð stefna um.

Vöktun áhrifa vegna einstakra framkvæmda og/eða reksturs er háð áhrifamati í hverju tilfelli.

---

## 5.2.10 Samantekt umhverfisráðgjafar

---

Sjá kafla 1.5



## 6: VIÐAUKAR

BLS. 104	I:	MÁLSMEDFERÐ
BLS. 129	II:	HEIMILDASKRÁ
BLS. 132	III:	VIÐAUKI LAGA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
BLS. 135	IV:	DRÖG ÚR SVÆÐISSKIPULAGI HÁHITASVÆÐA, LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ
BLS. 137	V:	HELSTU GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR
BLS. 149	VI:	JARÐIR, LÓÐIR OG MANNVIRKI EFTIR FASTEIGNASKRÁ
BLS. 150	VII:	SKÝRINGARUPPDRÆTTIR O.FL.

VIÐAUKI I:

MÁLSMEDFERÐ

ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR UMSAGNAADILA APRÍL-MAÍ 2010  
 VIÐ TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022 ( GREINARGERÐ Í VINNSLU / DRÖG 11 / MARS 2010 )  
 SEM VAR SEND UMSAGNAADILUM 30.03.2010.  
 OG VIÐBRÖGÐ SVEITARSTJÓRNAR ÞINGEYJARSVEITAR

Umsagnaadild / dags. svars / efni athugasemda:	Viðbrögð:
<u>Skipulagsstofnun</u> [ 30.04.2010 ] Telur ekki tilefni til að fara yfir skipulagsdrögin á þessu stigi en mun taka aðalskipulagstillögunu til athugunar þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögunu.	Ath: Sjá athugasemdir frá Skipulagsstofnun dags. 30.07.2010 >>>
<u>Umhverfisstofnun</u> [ ekkert svar > 22.10.2010 ]	Ath: Afgreitt sem athugasemdir við auglýsta aðalskipulagstillögu >>>
<u>Fornleifavernd ríkisins</u> [ 07.05.2101 ] Bendir á að: a) leggja þarf fram áætlun um fornleifaskráningu b) þarf að forgangsráða við gerð skráningu c) ekki sé hægt að samþykja deiliskipulag án fornleifaskráningar d) Helgastaðir (fríðlýst) er í Reykjadal, ekki í Króksdal	a) b) c) Viðbót ( greinargerð bls. 30 ) Það er stefna sveitarfélagsins að formleg fornleifaskráning fari fram hið fyrsta þó ekki verði af því samhliða þessari aðalskipulagsvinnu. Markmiðið hér fellst hinsvegar fyrst og fremst í því að sjá til þess að gerð verði áætlun um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu, þar sem skráning á þéttbýlis- kjörnum og öðrum þeim svæðum sem skipulag gerir ráð fyrir framkvæmdum á, verði sett í forgang. <b>Stefnt er að því að <u>áætlun</u> um skráningu verði unnin innan árs frá staðfestingu aðalskipulagsins og mun forgangsröðun hennar byggja á ofangreindu.</b> <b><u>Skráning</u> / aðalskráning mun þá fara fram í samræmi við forgangsröðun áætlunar, en framgangur hennar er háður efnahag sveitarfélagsins.</b> <b>Rétt er að benda á að ekki verður hægt að samþykka deiliskipulagstillögur nema að lögbundin fornleifaskráning hafi farið fram á svæði deiliskipulagsins.</b> d) Leiðrétting ( greinargerð bls.28 ) <b><u>Helgastaðir, Reykjadal</u></b> : Öll mannvirki á hinum forna þingstað, Leiðarhóli; hann er uppi undir fjallinu vestur frá bænum.
<u>Heilbrigðiseftirlit N-E</u> [ 26.04.2010 ] a) upplýsir að meðan ekki er búið að skilgreina grannsvæði vatnsbóla skal hafa sem viðmiðun: 250 m ríðis umhverfis brunnsvæði b) hvetur til þess að tímasetja frest til að ljúka fráveituverkefni. c) bendir á svæðisáætlun úrgangs sem er í endurskoðun d) óskir eftir að í aðalskipulagi verði gerð grein fyrir eldri urðunarstöðum, riðugryfjum o.fl.	a) Viðbót ( greinargerð bls. 86 ) Ekki hafa verið skilgreind grannsvæði eða fjarsvæði vegna þessara vatnsbóla, <b>en skv. Heilbrigðiseftirlit NE má til bráðabirgða hafa sem viðmiðun að grannsvæði sé 250 m ríðis umhverfis brunnsvæði.</b> <b>Það er stefna þingeyjarsveitar – í samvinnu við Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra – að skilgreina vatnsverndarsvæði (grann- og fjarsvæði) þar sem það á við - innan tveggja ára frá staðfestingu aðalskipulagsins.</b> b) Viðbót ( greinargerð bls. 74 ) Árið 2005 hófu sveitarfélögin átaksverkefni í samvinnu við heilbrigðiseftirlit og ráðuneyti til þess að öll heimili, fyrirtæki og sumarhús í hreppnum uppfylli ákvæði laga og reglugerða um hreinsun skólps. Það verkefni er

	<p>langt komið og er það stefna Þingeyjarsveitar að ljúka þessari vinnu innan tveggja ára frá staðfestingu aðalskipulagsins.</p> <p>c) Viðbót ( greinargerð bls. 74 ) Samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs eiga sveitarfélögin að semja og staðfesta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsam- laga og hefur Sorpsamlag Þingeyinga gert sameiginlega svæðisáætlun fyrir sveitarfélögin sem aðild eiga að samlaginu og þar með Þingeyjarsveit. Sú áætlun er nú í endurskoðun.</p> <p>d) &lt; Stendur eftir &gt; Ath: Sjá athugasemd Heilbrigðiseftirlits N-E dags. 08.12.2010 við auglýstu tillögu að aðalskipulagi &gt;&gt;&gt;</p>
<u>Sj. og landbúnaðarráðuneytið</u> [ 26.04.2010 ]	Gerir ekki athugasemdir við tillöguna
<p><u>Landgræðsla ríkisins</u> [ 27.04.2010 ] Leggur til textabreytingar um að:</p> <p>a) hvetja bændur til að gera landnýtingaráætlanir b) bæta umhverfisásýnd með uppgræðslu rofsvæða o.fl.</p>	<p>a) Viðbót ( greinargerð bls. 46 ) Bændur og aðrir landeigendur verði hvattir til að gera landnýtingaráætlanir fyrir jarðir sínar.</p> <p>b) Viðbót ( greinargerð bls. 47 ) Stefna skal að því að bæta umhverfisásýnd með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands, m.a. til að auka frjósemi og viðnám jarðvegs, bæta vatnsmiðlun lands og fyrirbyggja frekara rof.</p>
<u>Norðurlandsskógur</u> [ ekkert svar ]	
<p><u>Vegagerðin</u> [ 30.04.2010 ] Bendir á að:</p> <p>a) umferðatölur eru frá 2007, nýrri tölur eru nú til b) það er of snemmt að breyta veglínu Þjóðveg 85 í aðalskipulagi. Vegagerðin leggur til að á uppdrætti aðalskipulagsins verði sýnd núverandi veglína en fjallað um nýjar veglínur sem eru til skoðunar í dag í texta, jafnvel með skýringamynd</p>	<p>a) Leiðrétting ( greinargerð bls. 38-39 ) Umferðatölur uppfærðar til 2009.</p> <p>b) Breyting ( greinargerð bls 75 ) Ýmsir valkostir á staðsetningu nýrrar brúar og veglínu hafa verið skoðaðir, þá helst tveir kostir sem á skýringarmynd hér til hægri eru auðkenndar sem ytri og innri leið. Veglína valkostanna tveggja er mismunandi á um 6 km kafla frá Ófeigsstöðum/Rangá. Megin munurinn á valkostunum er staðsetning brúarstæðis og að sú ytri fer yfir óraskað birki gróð nútímahraun á um 1 km kafla áður en þær mætast. Innri leiðin fer yfir eyjuna Staðarbakka í Skjálfafljóti sem er að hluta gróin náttúrulegum birkiskógi. Eftir að leiðirnar mætast fara þær yfir nútímahraun að vegamótum við Aðaldalsveg (845).</p> <p>Við ákvörðun um staðsetningu nýrrar brúar og veglínu á sér staklega að taka tillit til að raska sem minnst svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd (s.s. nútímahraun og náttúrulegum birkiskógi) og einnig skal þess gætt að ekki myndist flóðahætta eða hugsanleg uppistaða í Skjálfafljóti, sem gæti skapað hættu fyrir mannvirki / land á Húsabakka.</p> <p>Málið er áfram til skoðunar en rannsóknir eru ekki það langt komnar að hægt se að festa staðsetningu nýrrar brúar og veglínu í aðalskipulagi þessu. Brúarstæði og veglína eru því sýnd óbreytt miðað við núverandi staðsetningu og þarf því að breyta aðalskipulaginu áður en ný brú og vegur geta komið til framkvæmdar.</p>
<u>Skógrækt ríkisins</u> [ 19.05.2010 ]	Gerir ekki athugasemdir
<p><u>Norðurþing (skipulagsnefnd)</u> [ 04.05.2010 ] Gerir athugasemdir við:</p> <p>a) röng sveitarfélagsmörk við flugv. í Aðaldal b) röng mörk Þverár við Árbót og Núpa c) röng mörk við Jónsnipu og Höfuðreiðamúla d) röng mörk á Gjástykki (Ás)</p>	<p>a) Engin breyting b) Leiðrétt c) Engin breyting d) Engin breyting</p> <p>[ Ath: a) og c) seinna breytt í „skipulagi frestað“ vegna athugasemda frá Skipulagsstofnun &gt;&gt;&gt; bls. 107 ]</p>

Norðurþing (sveitarstjórn) [ 04.05.2010 ] Óskar eftir breytingum um að: a) stækka athafnasvæði við Flugvöll og b) færa Þjóðveg 85 til vesturs	Enginn breyting: Rökstuðningur: Flugvöllurinn er á sveitarfélagsmörkum (að hluta til í Norðurþingi). Stækkun athafnasvæðis og færslu á vegi er <u>ekki</u> inni í aðalskipulagstillögu Norðurþings sem er í kynningarferli.
Ásahreppur [ ekkert svar ]	
Eyjafjarðarsveit [ ekkert svar ]	[ Ath: 10.12.2010 ath. við auglýsta aðalskipulagstillögu >>> bls. 120 ]
Grytubakkahreppur [ ekkert svar ]	
Skaftárhreppur [ ekkert svar ]	
Skútustaðahreppur [ ekkert svar ]	
Svalbarðsstrandahr. [ ekkert svar ]	[ Ath: 09.12.2010 ath. við auglýsta aðalskipulagstillögu >>> bls. 120 ]

#### ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR ÍBÚA O.FL. APRÍL-MAÍ 2010

VIÐ TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022 ( GREINARGERÐ Í VINNSLU / DRÖG 11 / MARS 2010 )

SEM VAR KYNNT Á OPINBERUM FUNDI Í STÓRUTJARNASKÓLA 14.04.2010.

- OG VIÐBRÖGD SVEITARSTJÓRNAR:

Aðild / dags. athugasemda / efni athugasemda:	Viðbrögð:
<u>Bergsteinn Helgi Helgason &amp; Árni Garðar Helgason</u> / Húsabakka [29.04.2010] Gera athugasemdir varðandi brúarstæði við Skjálfandaflljót og nýjan veg við Húsabakka	Breyting ( greinargerð bls. 75 o.fl. og á kortum ) Brúarstæði og veglína er nú óbreytt miðað við núverandi staðsetningu.
<u>Oddur Örvar Magnússon</u> [29.04.2010] Leggur til breytingar (varðandi Flatey): a) tilgreina sérstaklega að „fyrirhugað er að koma upp gistiaðstöðu fyrir skammtíamvist ferðamanna í skólahúsinu“. b) gefa möguleika á að koma upp litlum kofum fyrir fuglaskóðara .	a) breyting ( greinargerð bls. 84 ) „ ... er leyfilegt að koma upp gistiaðstöðu og tjaldsvæði fyrir skammtíamvist ferðamanna á einum stað, t.d. við <b>skólahúsið/samkomuhúsið.</b> “ b) breyting ( greinargerð bls. 84 ) „ ... óheimilt að koma upp <b>varanlegum</b> mannvirkjum [...] <b>Etv. komi þó til greina að koma upp stökum fuglaskoðunarskýlum tímabundið yfir sumartímanum, fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar.</b>
<u>Guðrún Emilía Höskuldsdóttir &amp; Kristján Guðmundsson</u> / Öndólfssstöðum [13.07.2009 ?] Gera athugasemdir við reiðleið í gegnum tún Öndólfssstaða, er ekki þjóðleið, út úr aðalskipulagi.	Breyting ( á kortum ) Reiðleiðin við Öndólfssstaði breytt á korti þannig að hún fylgir nú hefðbundnu leiðinni. [ Ath: <b>Einnig breytt eftir auglýsingu (ath. frá Öndólfssst.) &gt;&gt;&gt; bls. 128 ]</b>
<u>Skafti Benediktsson &amp; Elsa Magnúsdóttir</u> [17.04.2010 ] Mótmæla gönguleið um land Hellnasels	Breyting ( á kortum ) Hellnaselsleið (leið 13) sleppt.

<p><u>Sigurður Hálfðanarson / Hjarðarbóli</u> [24.04.2010]  a) spyr um rök fyrir <u>vatnsverndarsvæði</u> Laxár – og hvaða skorður það setji?  b) bendir á villur varðandi „<u>forn garðlög</u>“  c) vill að skilgreint verði <u>efnistökusvæði</u> á Langasandi).  d) vill að gönguleið um <u>Hellnasel</u> verði sleppt.  e) mótmælir breytingu á veglinu þjóðvegur 85</p>	p>a) engin breyting rök: Svæðið er skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns & Laxár. b) engin breyting rök: Visað til fyrirvara Fornleifastofnunar um garðlögin almennt á bls.30. c) viðbót ( greinargerð bls. 70 ) <u>E-08: Í landi <u>Garðs</u> er efnistökusvæði á Langasandi í Aðaldalshrauni. Svæðið er um 2,0 ha að stærð.</u> d) breyting ( á kortum ) Hellnaselsleið (leið 13) sleppt. e) breyting ( greinargerð bls. 75 o.fl. og á kortum ) Brúarstæði og veglina er nú óbreytt miðað við núverandi staðsetningu
<p><u>Hlöðver Pétur Höðversson</u> [30.04.2010]  Skorar á sveitarstjórn að:  a) setja ekki Sprengisandslínu inn á skipulag  b) margfalda ekki Kröflulínu á skipulag  Fresta skipulagi á háspennulínunum.</p>	p>a) engin breyting rök: <u>Sprengisandslína</u> er nú þegar á Svæðisskipulagi miðhálandis (1999) og á sérstöku svæðisskipulagi Fljótsdalslínu 1 (1994). Þess vegna einnig á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar – en með athugasemdum í texta. b) engin breyting rök: <u>Tvöföld Kröflulína</u> kemur á aðalskipulag skv. ósk skipulagsnefndar/ sveitarstjórnar – en með athugasemdum í texta.
<p><u>Guðrún Tryggvadóttir / Svartárkoti</u> [01.05.2010 ]  Gerir athugasemdir vegna hámastralína sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi. Fresta skipulagi á háspennulínunum.</p>	Engin breyting: [ Sjá athugasemdir frá Höðveri Pétri ]
<p><u>Indriði Ketilsson / Ytra-Fjalli</u> [29.04.2010]  a) Sýna endurvarpsstöð RUV á Háamel /Skollahnjúk  b) Leiðréttu örnefni o.fl.</p>	Engin breyting: a) rok: Fjarskiptamöstur eru aðeins sýnd á skýringaruppdrætti S-09 b) rök: Örnefni er hluti af grunnkort frá Landmælingum.
<p><u>Stóra-Tunga</u>  Ósk um að bæta við svæði fyrir frístundabyggð í landi Stórutungu.</p>	Viðbót ( greinargerð bls. 58 ) <u>F-12: Í landi <u>Stórutungu</u>, rétt austan við bæinn, eru tvö frístundahús og ein óbyggð frístundahúsalöð. Lóðarstærð er um 2.000 m<sup>2</sup>.</u> > Í aðalskipulagi er um 3,5 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“. - Gert er ráð fyrir að hámarki þremur sumarhúsum (tveim lóðum) til viðbótar.

#### ATHUGASEMDIR SKIPULAGSSTOFNUNAR JÚLÍ 2010

VIÐ TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022

( GREINARGERÐ DRÖG 12 / JÚNÍ 2010, SAMÞYKKT TIL KYNNINGAR ) SEM VAR SEND SKIPULAGSSTOFNUN 09.07.2010

- OG VIÐBRÖGÐ SVEITARSTJÓRNAR.

<p>Athugasemdir Skipulagsstofnunar 30.07.2010  ( athugasemdir við 1 – 4 kafla )</p>	Viðbrögð: ( Breytingar í greinargerð kafla 1 – 4 vegna athugasemda )
<p>„ Vegna umfjöllunar um sveitarfélagamörk í kafla 1.3 og athugasemdar Norðurþings bendir Skipulagsstofnun á að Þingeyjarsveit getur ekki auglýst tillögu að landnotkunarstefnu á þeim svæðum þar sem ágreiningur er um lögsögu og/eða þar sem þegar er í gildi staðfest landnotkun samkvæmt aðalskipulagi aðliggjandi sveitarfélags, sbr. Aðalskipulag Húsvíkurbæjar 2005-2025. Koma þarf fram á sveitarfélagsuppdrætti hvar sveitarfélagamörk eru óviss.</p>	<u>Umdeild svæði:</u> breyting á bls. 6 og 7: Umdeild svæði eru nú skilgreind sem „skipulagi frestað“ í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar. Einnig breyting á korti.

<p>Í aðalskipulagstillögunni er ekki gert ráð fyrir Hrafnabjargavirkjun og er tillagan því í ósamræmi við gildandi Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015, þar sem gert er ráð fyrir virkjun með fyrirvörum (skilgreint blandað svæði orkuvinnsla/almennt verndarsvæði). Þingeyjarsveit þarf að sýna svæðið sem iðnaðarsvæði á uppdrætti en í greinargerð getur sveitarfélagið rökstutt að ekki verði virkjað á svæðinu og að stefnt sé að því að óska eftir breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis, sem feli í sér að iðnaðarsvæðið verði fellt burt og að samhliða verði auglýst breyting á aðalskipulaginu.</p> <p>Til þess að hægt sé að auglýsa aðalskipulagstillöguna án virkjunar þarf sveitarstjórn að óska eftir því við samvinnunefnd miðhálandis að áður eða samtímis verði auglýst breyting á svæðisskipulaginu þess eðlis að fallið sé frá Hrafnabjargavirkjun. Að öðrum kosti getur sveitarstjórn rökstutt tillögu um frestun skipulags á því svæði sem virkjunin tekur til, sbr. 20. gr. skipulags- og byggingarlaga. Sama virðist eiga við um fyrirhugaða legu Sprengisandsleiðar F-26 og Sprengisandslínu í svæðisskipulaginu, sbr. kafla 4.13.4."</p>	<p><b>Hrafnabjargavirkjun:</b> breyting á bls. 6 og 64: Orkuvinnslusvæði svæðisskipulags við Hrafnabjörg (virkjun og miðlunarlón) er nú í aðalskipulagi skilgreint sem „skipulagi frestað“. Einnig breyting á korti.</p> <p><b>Sprengisandsleið:</b> breyting á bls. 87: Sprengisandsleið er nú synd til samræmis við svæðisskipulag Miðhálandis. Einnig breyting á korti.</p> <p><b>Sprengisandslína:</b> engin breyting &gt; Rökstuðningur: Sprengisandslína er þegar synd til samræmis við svæðisskipulag. En í texta er gert grein fyrir því að Þingeyjarsveit er á móti staðsetningu línanna.</p>
<p>„<b>Þéttbýli:</b> Þrjú svæði eru skilgreind sem "þéttbýli" í sveitarfélaginu þ.e. Laugar, Stórutjarnir og Iðjugerði (Hafralækjarskóli/Ýdalir). Heiti þéttbýlis í Aðaldal virðist vera á reiki, þar sem það gengur undir mismunandi nöfnum á uppdrætti og í ýmsum köflum greinargerðar. Þetta þarf að samræma. Skipulagsstofnun telur að sveitarstjórn þurfi í greinargerð að rökstyðja betur nauðsyn þess að skilgreina þrjú svæði sem þéttbýli í sveitarfélagi þar sem búa innan við þúsund manns. Skynsamlegra væri e.t.v. að skilgreina þar einstök svæði þjónustustofnana og íbúðarbyggðar. Í kafla 4.2 segir að gert sé ráð fyrir að íbúafjölgun í sveitarfélaginu verði einkum á þéttbýlisstöðum en í kafla 4.8.2 er stefna um að reisa megi 3 stök íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum á öllum núverandi lögbýlum. Skipulagsstofnun telur að sveitarstjórn þurfi að rökstyðja hvort/hvernig þessi tvö stefnumið eru samrýmanleg.“</p>	<p><b>Þrjú þéttbýlissvæði:</b> engin breyting: &gt; Rökstuðningur: Í greinargerð segir nú þegar (bls. 50): „Meginmarkmið aðalskipulagsins er að skapa forsendur fyrir því að þéttbýlissvæði geti þróast á þrem stöðum í Þingeyjarsveit, þ.e. á Laugum í Reykjadal, við Iðjugerði/Viðigerði í Aðaldal og við Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði, þar sem þjónusta sveitarfélagsins s.s. skóli o.fl. ásamt flestum vinnustöðum utan landbúnaðargeirans eru í nágrenninu.“</p> <p>Skv. skipul.reglugerð skal skilgreina 50-manna húsaþyrping sem þéttbýli.</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1) <b>Laugar:</b> Ljóst er þar að um þéttbýli er að ræða.</li> <li>2) <b>Aðaldal:</b> Í núverandi (aðal)skipulagi þéttbýliskjarna er gert ráð fyrir 20-24 íbúðum nyrst á svæðinu, samsvarandi 50-60 manns miðað við meðal fjölskyldustærð 2,5. Þar að auki Hlégarður og sjö íbúðir við skólann. Á þeim forsendum – sem sveitarstjórn óskar ekki að breyta – skal skilgreina þéttbýli.</li> <li>3) <b>Stórutjarnaskóli:</b> Hér eru nú þegar 7 íbúðir. Ósk landeigenda um möguleika á upb. 15 íbúðum til viðbótar hefur stuðning í sveitarstjórn. Samtals 22 íbúðir samsvarandi 55 manns. Þar að auki eru íbúðir við skólann. Kallar á skilgreiningu svæðisins sem þéttbýli.</li> </ol> <p><b>3 íbúðarhús á núverandi lögbýlum:</b> orðabreyting á bls 52: Þar að auki <b>leyfir</b> aðalskipulag þetta allt að þrjár íbúðir á hverju lögbýli /á landbúnaðarsvæði</p> <p>&gt; Rökstuðningur: Í greinargerð segir um þéttbýli og íbúðarsvæði á bls. 50: „Á þéttbýlissvæðum þessum skal gera ráð fyrir íbúðarhúsalóðum sem mæta megninu af þeirri fjölsfjölgun sem búast má við á skipulagstímabilinu.“ Og á bls. 52: „Við staðsetningu venjulegs íbúðarsvæðis á að leggja áherslu á nálægð við þjónustu, sameiginlega nýtingu á veitum, samgöngum o.fl. Ber að hafa í huga að fólk á öllum aldri sem þarf að ferðast gangandi þarf greiðan og auðveldan aðgang að ýmis konar þjónustu sem er fyrir hendi í sveitarfélaginu.“</p> <p>Hér kemur skýrt fram að það er stefna sveitarfélagsins að <b> tryggja</b> að á þéttbýlissvæðum geta komið nóg af venjulegum íbúðarhúsalóðum til að mæta megninu af þörfinni fyrir nýjum íbúðum á skipulagstímabilinu. Það er hins vegar ekki stefna sveitarfélagsins að <b>þvinga</b> nýja íbúa þangað: Auk venjulegra íbúðarhúsalóða í þéttbýli eru skilgreind tvö litil íbúðarsvæði með stærrri lóðum, í Brekkutúni og við Nes, sem henta fyrir fólk sem metur m.a. lóðarstærð fram yfir nálægð við þjónustu / skóla o.fl. Þar að auki leyfir</p>

	<p>aðalskipulagið allt að þrjár íbúðir á hverju lögbyli – á landbúnaðarsvæði – þó að þær tengist ekki búrekstri. Með þeirri ákvörðun (sem er afar algeng í aðalskipulögum) er hægt að koma til móts við óskir einstakra landeigenda, en ekki er gert ráð fyrir að þrjú hús komi á hverju lögbyli.</p> <p>Aðalskipulagið <u>ber ábyrgð</u> á því að nýir íbúar <u>geta</u> sest að / komið sér fyrir / á þéttbýlissvæðum, en gefur samtímis <u>svigrúm</u> fyrir öðruvísi búsetu.</p>
<p>„<i>Stefna sveitarfélagsins innan marka svæðis-skipulags miðhálandis</i>: Í aðalskipulagi skal útfæra nánar þá stefnu sem mörkuð er í svæðisskipulagi Miðhálandis. Hálandið er í aðalskipulagstillögunni skilgreint sem landnotkunarflokkurinn "óbyggð svæði" en fær að auki víða yfirstríkunina "náttúru-verndarsvæði" eða "almenn verndarsvæði" skv. svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Ef sveitarstjórn er sammála stefnu svæðisskipulagsins um að þau svæði sem skilgreind voru sem "náttúruverndarsvæði" eða "almenn verndarsvæði" í svæðisskipulagi miðhálandis hafi tiltekið verndargildi getur hún ákveðið að setja á þau hverfisvernd í aðalskipulaginu. Ef sú leið er valin þarf jafnframt að tilgreina hvaða reglur skuli gilda um verndun, umgengni og mannvirkjagerð á svæðunum, sbr. kafla 4.22 í skipulagsreglugerð og "Leiðbeiningar um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á miðhálandinu", sem finna má á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Annars ætti aðeins að sýna miðhálandið með landnotkuninni "óbyggð svæði" en án yfirstríkunar. Bent er á að það er hins vegar valkvætt og ekkert við það að athuga hvernig sveitarstjórn kys að sýna þessi svæði á skýringarupprættinum S-03, þar sem sá upprættur er ekki til staðfestingar. Á bls. 47 segir að hugmyndir séu um "geo-park" á hálandinu. Skýrt þarf að vera hvort aðalskipulagið markar stefnu um geo-park, hvað í því fellst, hvar hann á að vera, hvernig hann samræmist svæðisskipulagi Miðhálandisins og hver áhrif hans eru metin á umhverfi og samfélag, þ.e. í umhverfisskýrslu."</p>	<p><b>Skilgreining svæðis á miðhálandinu:</b> breyting á korti: Skygging á miðhálandinu sleppt á sveitarfélagsupprætti, aðeins skilgreind landnotkun „óbyggð svæði“. Engin breyting á skýringarkorti S-03.</p> <p><b>Geo-park:</b> orðabreyting á bls 47: Það er stefna sveitarfélagsins að <b>á skipulagstímabilinu verði kannaðir möguleikar</b> á að setja á fót jarðfræðigarð (geo-park) á hálandissvæði sveitarfélagsins.</p> <p>&gt; Rökstuðningur: Með því eigi að vera skýrt að þetta er verkefni til framtíðar.</p>
<p>„<i>Stefna sveitarfélagsins á þeim svæðum sem svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum tekur til</i>: Minnt er á að í aðalskipulaginu skal útfæra nánar þá stefnu sem mörkuð er í svæðisskipulagi háhitasvæða, sem staðfest var 16. janúar 2008, sbr. kafla 1.4 og 6. kafla í svæðisskipulagsgreinargerð. Í þessu sambandi er t.d. bent á texta svæðisskipulags um að í aðalskipulagi megi afmarka svæði fyrir ferðaþjónustu innan orkuvinnslusvæðis á Þeistareykjum og að afmörkun orkuvinnslusvæða og lega háspennulína verði nánar útfærð í aðalskipulagi, sbr. kafla 4.7.2 og 4.12 í aðalskipulagstillögunni, eins og gert er með legu háspennulína vegna jarðhitanýtingar á Þeistareykjum. Skipulagsstofnun fellst ekki á þá fullyrðingu, sem fram kemur t.d. á bls. 3 og 7, að aðalskipulagstillagan hafi verið unnin nokkurn vegin samhlíða svæðisskipulagi háhitasvæða og því hafi skipulagsforsendur ekki breyst eða þróast frá staðfestingu svæðisskipulagsins. Svæðisskipulagið var staðfest fyrir tveimur og hálfu ári síðan og unnið hefur verið áfram að mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda. Skipulagsstofnun bendir á</p>	<p><b>Almennt:</b> breyting á bls. 3: Samsíða úrvinnslu aðalskipulagstillögu <b>þáverandi Þingeyjarsveitar og Aðaldælahrepps</b> var unnið að svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum</p> <p><b>Almennt:</b> breyting á bls. 6 (áður bls. 7): <b>Aðalskipulag Þingeyjarsveitar er í samræmi við svæðisskipulag Háhitasvæða með þeim hætti, að í aðalskipulagi er vitnað beint til ákvarðana svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 hvað varðar iðnaðarsvæði / orkuvinnslusvæði, háspennulínur, vegi, verndarsvæði o.fl. í austurhluta hreppsins, og eru þær ákvarðanir einnig hluti aðalskipulagsins. (Almennt á aðalskipulag að kveða nánar á um en gert er á svæðisskipulagsstigi, en þó að unnið hafi verið að mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda eftir staðfestingu svæðisskipulagsins hafa skipulagsforsendur á aðalskipulagsstigi varðandi orkunýtingu, afmörkun orkuvinnslusvæðis o.fl. ekki breyst miðað við forsöndur svæðisskipulagsins. Kveðið verður nánar á í deiliskipulagi)</b></p> <p>&gt; Rökstuðningur: Fullyrðing að „aðalskipulagstillagan hafi verið unnin nokkurn vegin samhlíða svæðisskipulagi háhitasvæða“ er auðvitað ekki rétt lengur. Samt sem áður hafa skipulagsforsendur á aðalskipulagsstigi ekki breyst miðað við Svæðisskipulag háhitasvæða.</p>

að útfæra þarf nánar alla stefnu aðalskipulags- tillögunnar um landnotkun og takmarkanir á henni á Þeistareykjum og í Gjástykki, þ.e. á því svæði sem svæðisskipulag háhitasvæða tekur til, hvað þýðir t.d. "orkuvinnslusvæði inni á hrauninu er frávik frá almennum ákvæðum 37. gr. náttúruverndarlaga" (neðst á bls. 63). Aðlaga þarf skýringar/skilgreiningar, sem koma úr texta svæðisskipulags, þannig að þær eigi við framsetningu aðalskipulags og taka þarf víða út úr greinargerð texta sem ætlaður er úr svæðisskipulaginu, þar sem segir að "ekki þurfi að breyta svæðisskipulagi (aðalskipulagi) þótt minniháttar breytingar verða gerðar á markalínum svæða ef þær verða í samræmi við megindrætti og markmið svæðisskipulagsins (aðalskipulagsins)". Bent er á að breytt afmörkun svæða eða breytt lega lína/vega kallar á breytingu á aðalskipulagi ef frávik á legu er sýnlegt í mælikvarða uppdráttar."

**Íðnaðarsvæði / Þeistareykir og Gjástykki:** breyting á bls. 62-63:  
Kafli 4.7.2 Þeistareykir og Gjástykki er **töluvert umorðað**. Í kaflanum er nú aðallega vitnað beint til svæðisskipulags háhitasvæða, og þar á eftir kemur ný neðanmálgrein til rökstuðnings.  
Hún er eins og hér segir:

*\*) í aðalskipulagi þessu er afmörkun orkuvinnslusvæða óbreytt miðað við afmörkun þeirra í svæðisskipulagi háhitasvæða.*

Í svæðisskipulagi háhitasvæða segir **almenn** um afmörkun orkuvinnslusvæðanna (bls. 100):

*"Þótt orkuvinnslusvæðin við Kröflu og á Þeistareykjum séu umfangsmikil verður stór hluti þeirra að öllum líkindum ósnert land. Frekari rannsóknir á svæðunum eru forsenda framkvæmdaáætlana og deiliskipulags en í deiliskipulagi verða orkuvinnslusvæðin afmörkuð nánar og hugsanlega þrengra í samræmi við niðurstöður rannsókna og framkvæmdaáætlanir. Þar verður einnig gerð grein fyrir stöðvarhúsum, borteigum, vegum og lagnaleiðum en utan þeirra verður landið óhreyft opið óbyggt land sem nýttist til almennrar útivistar."*

Rétt á eftir segir hins vegar **sérstaklega** um afmörkun orkuvinnslusvæðis á Þeistareykjum:

*"Ytri mörk orkuvinnslusvæðisins taka mið af líklegri stærð jarðhitasvæðisins út frá þeim yfirborðsrannsóknum, sem gerðar hafa verið. Þegar nákvæmari niðurstöður liggja fyrir, byggðar m.a. á niðurstöðum rannsóknarborana, skal endurskoða afmörkun orkuvinnslusvæðisins í aðalskipulagi með hliðsjón af þeim með það að markmiði að takmarka umfang mannvirkja. Skal þá sérstaklega litið til þess hvort unnt verði að minnka orkuvinnslusvæði austan Ketilfjalls og á Þeistareykjahrauni."*

Óljóst er hvort svæðisskipulag háhitasvæða gerir ráð fyrir að orkuvinnslusvæðin verði afmörkuð nánar í aðalskipulagi eða í deiliskipulagi, en samt segir skýrt að nánari afmörkun er háð frekari rannsóknum / nákvæmari niðurstöðum miðað við forsendur svæðisskipulagsins.  
Þó að unnið hafi verið að umhverfismati framkvæmda o.fl. eftir að svæðisskipulagið var staðfest 2008 eru rannsóknir á svæðinu ekki það langt komnar að hægt sé að ákveða um þrengri / öðruvísi afmörkun – og orkuvinnslusvæðin því skilgreind óbreytt miðað við svæðisskipulagið.  
Etv. munu svæðin seinna afmarkast þrengri á deiliskipulagsstigi og þá gæti komið til greina að breyta aðalskipulagi þessu til samræmis við það.

**Rafveita / Háspennulínur frá virkjunarsvæðum:** breyting á bls. 72:

Texti **áðeins umorðaður**: Nú er aðallega vitnað beint til svæðisskipulags háhitasvæða, og þar á eftir kemur viðbót:

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er staðsetning fyrirhugaðra háspennulína sýnd á sveitarfélagsuppdrætti og á skýringaruppdrætti S-09 – eins nákvæmt og hægt er út frá þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi við gerð skipulagsins.

**Hitaveita / Frá Þeistareykjum:** breyting á bls. 73-74:

Texti **áðeins umorðaður**: Nú er aðallega vitnað beint til svæðisskipulags háhitasvæða, og þar á eftir kemur viðbót:

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er staðsetning fyrirhugaðra hitaveitulagna sýnd á sveitarfélagsuppdrætti og á skýringaruppdrætti S-09 – eins nákvæmt og hægt er út frá þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi við gerð skipulagsins.

**Virkjanavegur:** breyting á bls. 76:

Texti **áðeins umorðaður**: Nú er aðallega vitnað beint til svæðisskipulags háhitasvæða, og þar á eftir kemur viðbót:

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er staðsetning fyrirhugaðs virkjanavegs sýnd á sveitarfélagsuppdrætti og á skýringaruppdrætti S-04 – eins nákvæmt og hægt er út frá þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi við gerð

	<p>skipulagsins. Þá er nýrri neðanmálgrein bætt við: *) Þrátt fyrir almennu ákvörðunina, að í aðalskipulaginu sé aðeins mörkuð stefna um stofn- og tengivegi og að aðrir vegir séu aðeins sýndir til skýringar, er gerð undantekning varðandi virkjanaveg þennan: Þó einkavegur / landsvegur er hann skilgreindur í aðalskipulaginu vegna nána tengsla hans við rafliðu- og hitaveitulögn.</p>
<p>„<i>Iðnaðarsvæði - jarðhiti</i>: Eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins er "að gefa svigrúm fyrir atvinnusköpun með nýtingu háhita og orkuvinnslu á Þeistareykjasvæðinu og víðar...", sbr. bls. 11, 48 og kafla 4.7.2. Skýrt þarf að vera hvað átt er við með "víðar (ofl.)". Á bls. 65 segir að varmaorkuver sem nýta jarðhita á lághitasvæðum séu heimil á landbúnaðarsvæðum. Skipulagsstofnun bendir á að í greinargerð þarf að koma fram að borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni er tilkynningarskyld framkvæmd skv. 2. viðauka lið 2.c.ii í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000."</p>	<p>„<i>orkuvinnslu á Þeistareykjasv. og víðar / o.fl.</i>“: engin breyting. &gt; Rökstuðningur: Á bls. 11 er aðeins sagt almennt frá meginmarkmiðum skipulagsins. Á bls. 48 (og í kafla 4.7.2) kemur hins vegar skýrt fram um hvað er að ræða: „Stefna sveitarfélagsins er að nýta / virkja háhitasvæðin á Þeistareykjum og etv. í Gjástykki, í samræmi við stefnu Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.“ <b>Nýting jarðhita á lághitasvæðum</b>: viðbót á bls. 65: Borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni er þó tilkynningarskyld skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (sjá bls.108).</p>
<p>„<i>Iðnaðarsvæði – vatnsafl</i>: Á bls. 49 segir að sveitarstjórn telji eftirsóknarvert að kanna möguleika á byggingu fleiri virkjana en sé á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandaflljót. Í kafla 5.2.4 í umhverfisskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir að virkja megi þverár fljótsins. Í kafla 4.7.4 segir hins vegar að stefna sveitarfélagsins sé að nýta vatnsafl en undirstrikað er að það sé á móti hugmyndum um virkjun Skjálfandaflljóts við Hrafnabjörg (bls. 64). Skýrt þarf að vera í texta hvort sveitarstjórn er alfarið á móti virkjun fljótsins eða einungis virkjun þess við Hrafnabjörg.“</p>	<p><b>Virkjun Skjálfandaflljóts</b>: breyting á bls 64: Nú stendur : „... sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandaflljót.“</p>
<p>„<i>Iðnaðarsvæði - gagnaver</i>: Skipulagsstofnun telur að sveitarstjórn þurfi að rökstyðja staðarval fyrir gagnaverslóð inn undir hálendinu langt frá helstu íbúðarsvæðum í sveitarfélaginu. Jafnframt þarf í umhverfisskýrslu að meta áhrif þessarar stefnu á umhverfi og samfélag. s.s. vegna veitingar á kælivatni í eða milli áa, tvöfaldrá rafliðulagna (sbr. einnig stefnu um rafveitur í kafia 4.12.1), fjarskipta og samgangna við svæðið. Í kafla 4.12.1 er nefnt væntanlegt tengivirki á Hólasandi, í Svartárkoti og í Hellugnúpsskarði. Skipulagsstofnun bendir á að tengivirki skulu standa á iðnaðarsvæði.“</p>	<p><b>Gagnaver</b>: breyting á bls. 63: Kafli 4.7.3 um gagnaver fellur niður. Einnig breyting á sveitarfélagsuppdrætti og skýringarkorti S-08 <b>Iðnaðarsvæði fyrir tengivirki</b>: viðbót á bls. 63: Nýr kafli 4.7.3 um iðnaðarsvæði fyrir tengivirki kemur til. Tekur til <u>lið 05</u> í Hellugnúpsskarði á Vallnafalli og <u>lið 06</u> í Suðurráhrauni í landi Svartárkots. Einnig breyting á sveitarfélagsuppdrætti og á skýringarkorti S-08.  (Ath: Hugsanlegt tengivirki á Hólasandi er ekki í Þingeyjarsveit, er í Skútustaðahreppi)</p>
<p>„<i>Landbúnaðarsvæði</i>: Víða kemur fram að sveitarstjórn hyggst varðveita gott landbúnaðarland t.d. bls. 10 og 46. Skipulagsstofnun telur að setja þurfi fram nánari viðmið um hvað telst gott landbúnaðarland og hvar það er helst að finna og jafnframt þyrfti að setja fram ákvæði um hvernig stuðlað verður að varðveislu þess. Á bls. 65 segir að heimilt sé að stunda verkatakastarfsemi á landbúnaðarsvæðum með þeim skilyrðum að mannvirki, umferð, hávaði sé hliðstæður því sem gerist í venjulegum landbúnaðarrekkstri. Skipulagsstofnun bendir á að á skilgreindum land-</p>	<p><b>Varðveisla góðs landbúnaðarlands</b>: engin breyting: &gt; Rökstuðningur: Á bls. 46, í kafla „Framtíðarsýn og meginmarkmið, segir nú þegar: „<i>Við skipulagningu landsvæða svo sem vegna hugsanlegs þéttbýlis, frístundabyggða, skógræktar og annarrar landnýtingar verði tekið tillit til varðveislu [...] góðs landbúnaðarlands en landbúnaður skal vera ein af kjölfestum byggðar í sveitarfélaginu.</i>“ - og aðeins seinna á bls 46: „<i>Sveitarfélagið leggur áherslu á að landbúnaðarjarðir verði áfram nýttar til landbúnaðar. [...] Haft skal í huga að varðveita ræktanlegt land til matvælaframleiðslu.</i>“ Hér er sagt frá almennri stefnu sveitarfélagsins í því máli: Að við skipulagningu landsvæða – s.s. við gerð aðalskipulags, við ákvörðun um</p>

<p>búnaðarsvæðum kemur einungis til greina að heimila minniháttar starfsemi sem að jafnaði fellur undir aðra landnotkunaflokka og tengist búrekstrinum og því eðlilegt að verktakastarfsemi á landbúnaðarsvæðum sé skilgreind nánar. Á bls. 66 eru tekin upp ákvæði tillögu að svæðisskipulagi Norðurlandsskóga vegna takmarkana á skógrækt. Skipulagsstofnun telur að Þingeyjarsveit þurfi að lagfæra textann m.t.t. að um aðalskipulag Þingeyjarsveitar er að ræða, þannig að ljóst sé hvaða takmörkunarákvæði gilda í aðal-skipulaginu. Skipulagsstofnun telur ástæðu til að sveitarstjórn rökstyðji hvernig ákvæðið um 3 stök íbúðarhús á hverri jörð getur samræmst stefnu sveitarfélagsins um að 200 manna fjölgun íbúa sem stefnt er að á skipulagstímanum eigi fyrst og fremst að verða á þéttbýlissvæðunum, sbr. athugasemd hér að ofan."</p>	<p>deiliskipulög til framtíðar og við ákvörðun um ýmsar framkvæmdir – er það stefna sveitarfélagsins að tillit skal taka til þess að varðveita gott landbúnaðarland.</p> <p>Það er hins vegar ekki stefna sveitarfélagsins fyrir fram að skilgreina sérstök svæði eða landslagsgerðir sem „gott landbúnaðarland“. Það er álit Þingeyjarsveitar að hugtakið „gott landbúnaðarland“ er það skýrt að skipulagsnefnd og sveitarstjórn – sem fer með skipulagsvaldið – séu alveg færar um að framfylgja stefnu aðalskipulagsins út frá þeirri orðun sem er nú þegar í aðalskipulagstillögunni.</p> <p><b>Verktakastarfsemi á landbúnaðarsvæði:</b> engin breyting</p> <p>&gt; Rökstuðningur: Um er að ræða t.d. minni handverks- og smíðafyrirtæki þar sem starfsemin fer aðallega fram í útihúsum (fyrrum) bóndabýla, athafnasvæði fyrir jarðvinnuvélar sem eru að mestu svipaðar og vinnuvélar landbúnaðarins o.s.fr.</p> <p><u>Meginmarkmið</u> aðalskipulagsins á landbúnaðarsvæði er: 1) að skilgreina þau svæði þar sem eiginlegur landbúnaðarrektur fer fram og 2) að skapa svigrúm fyrir ýmsa aðra starfsemi sem geti þróast á landbúnaðarsvæðum með eðlilegum hætti.</p> <p>Með núverandi orðun að „heimilt er að stunda verktakastarfsemi á landbúnaðarsvæðum, með þeim skilyrðum að mannvirki, umferð, hávaði og aðrir umhverfisþættir sem stafa af henni séu hlíðstæðir því sem algengt er í venjulegum landbúnaðarrektstri / á landbúnaðarsvæðum“ er einmitt reynt að skilgreina hvers konar verktakastarfsemi sem geti þróast á landbúnaðarsvæðum með eðlilegum hætti, þeas án þess að <u>einkenni svæðisins</u> sem landbúnaðarsvæði breytist .</p> <p><b>Skógrækt á landbúnaðarsvæði:</b> breyting á bls. 66: Að mestu <u>ritstjórn / texti færður</u>. Visun til Norðurlandsskóga aðallega sleppt, sjá ný bls. 66.</p> <p>&gt; <u>3 íbúðarhús á landbúnaðarsvæði:</u> Sjá 03 (b).</p>
<p>„<u>Efnistökusvæði:</u> Skipulagsstofnun bendir á að fjalla þarf um stefnumörkun um efnistöku og hugsanleg umhverfisáhrif hennar í umhverfisskýrslu. Í kafla 4.11 er fjallað um 41 efnistökusvæði í sveitarfélaginu. Í texta segir að nokkrum þeirra hafi verið lokað, þau séu frágengin eða hálffrágengin. Skýrt þarf að vera hvort "frágengnar/lokaðar námur" eru hluti skipulags-tillögunnar, þ.e. hvort gert sé ráð fyrir að úr þeim verði tekið efni á skipulagstímabilinu. Sé ekki gert ráð fyrir frekari efnistöku úr þessum námum skal ekki fjalla um þær í stefnumörkunarluta aðalskipulags-tillögunnar og skal fella þær út úr textanum og af uppdraetti. Minnt er á ákvæði 49. gr. laga um náttúru-vernd þess efnis að efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Umhverfis-stofnun getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal bæði gera grein fyrir stærð (m<sup>2</sup>) efnistökusvæða og áætluðu efnismagni/umfangi (m<sup>3</sup>) efnistöku á hverjum stað s.s. árlegri efnisvinnslu eða fyrirhugaðri heildar vinnslu, til að unnt sé að meta hvort svæðin falli undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Í texta ætti að koma fram að eftir 1. júlí 2008 er efnis-taka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar á þeim svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistöku: a. áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m<sup>2</sup> eða meira,</p>	<p><b>Efnistökusvæði:</b> breyting á bls. 71: Efnistökusvæðin á Þeistareykjum o.fl. endurskoðuð – og áætluðu efnismagni bætt við.</p> <p>[ Ath: einnig breytt talsvert eftir auglýsingu (vegna athugasemda frá Umhverfisstofnun og skipulagsstofnun) &gt;&gt;&gt; bls. 124 &amp; 125 ]</p>

<p>b. áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri, c. áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökuastaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m<sup>2</sup> eða meira, d. Efnistakan fer fram á verndarsvæði eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999“</p>	
<p>„ <i>Samgöngur:</i> Lagfæra þarf texta í inngangi kafla 4.13 og kafla 4.19.1 þannig að skýrt verði að aðalskipulagstillagan gerir ekki ráð fyrir nýrri brú yfir Skjálfandafliót í Kinn. Vegna umfjöllunar í greinargerð um nýja legukosti brúar á þessu svæði væri eðlilegt að meta áhrif mismunandi kosta í umhverfisskýrslunni. Koma þarf fram að stefna aðalskipulagsins er í ósamræmi við samgönguáætlun 2003-2014.“</p>	<p><b>Ný brú yfir Skjálfandafliót:</b> breyting á bls. 75: Orðabreyting, tvímælalaust í samræmi við samgönguáætlun: <b>Í aðalskipulagi þessu er gengið út frá því að ný brú komi á núverandi stað og á skipulagsupprætti er þjóðvegur 85 því sýndur óbreyttur miðað við núverandi staðsetningu. Verði seinna ákveðið að færa brúarstæði og veglinu þarf að breyta aðalskipulagi.</b> Ath: Úturdúr í greinargerð um etv. hugsanleg breytingu á brúarstæði og veglinu er ekki hluti af aðalskipulagi og því skal ekki fjalla um hana í umhverfisskýrslu. Einnig <b>smá textabreyting</b> í greinargerð kafla 4.19.1 – og breyting á kortum.  <i>[ Ath: einnig breytt eftir auglýsingu (ath. frá Vegagerðinni) &gt;&gt;&gt; bls. 119 ]</i></p>
<p>„ <i>Verslun- og þjónusta og þjónustustofnanir:</i> Samgönguminjasafnið á Ystafelli og félagsheimili eru í tillögunni skilgreind sem þjónustustofnanir. Skipulagsstofnun telur að sú starfsemi sem þarna fer fram samræmist betur skilgreiningu verslunar- og þjónustusvæða sbr. skipulagsreglugerð. Um kirkjumíðstöðina á Vestmannsvatni og gistihúsið á Narfastöðum segir að ekki sé gert ráð fyrir verulegum breytingum á næstunni en hugsanlega þegar til lengri tíma er lítið. Skipulagsstofnun bendir á að skýrt þarf að vera hvort aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir stækkun/aukinni nýtingu á þessum svæðum.“</p>	<p><b>Ystafell og félagsheimili:</b> engin breyting &gt; Rökstuðningur: Í núverandi texta greinargerðar segir: „<i>Eins og greint er frá í kafla 3.3.2 eru helstu þjónustustofnanir í dreifbýli félagsheimili, kirkjur og söfn</i>“. Það virðist eðlilegt að skilgreina þessa hluta – að minnsta kosti í sveit – sem þjónustustofnanir þar sem aðalhlutverk þeirra er sem menningarstofnanir í sveitarfélaginu.  <b>Kirkjumíðstöðin á Vestmannsvatni:</b> breyting á bls. 55: <b>Íhugað er að bæta við starfseminna þannig að svæðið verði ekki eingöngu nýtt yfir hásumarið“</b>  <b>Gistihúsið á Narfastöðum:</b> breyting á bls. 55: <b>Ekki er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á svæðinu.</b> (Þessi orðun er einnig notuð á öðrum svæðum í kafla 4.5.2).</p>
<p>„ <i>Opin svæði til sérstakra nota:</i> Á bls. 68 segir um 9 holu golfvöll í landi Lundar í Fnjóskadal (25 ha) að "stækka" megi völinn í 18 holar. Skýrt þarf að vera hvort fjölgun hola rúmast innan núverandi svæðis og ef ekki þá þarf að greina frá fyrirhugaðri stærð golfvallarins.“</p>	<p><b>Golfvöllur:</b> breyting á bls. 68: Málsgrein um hugsanlega stækkun á golfvöllum felld niður.</p>
<p>„ <i>Veitur:</i> Í kafla 4.12.2 segir um hitaveitulögn frá Þeistareykjum að hún sé sýnd á svæðisskipulagsupprætti (aðalskipulagsupprætti) meðfram vegi til norðurs frá Þeistareykjum. Skipulagsstofnun bendir á að hér er átt við virkjanaveg sem sýndur er í svæðisskipulaginu en sá vegur er ekki sýndur á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags. Ætla má skv. kafla 4.13.1 að ætlunin sé að marka stefnu um virkjanavegi á Þeistareykjasvæðinu í aðalskipulagstillögunni. Bent er á að þar sem um er að ræða einkaveg samræmist stefnumörkun um hann ekki texta á bls. 75 þar sem segir að aðalskipulagið marki einungis stefnu um stofn- og tengivegi. Bent er á að lýsing á legu hitaveitulagnarinnar þarf að vera í samræmi við</p>	<p><b>Virkjanavegur:</b> viðbót á bls. 76 / neðanmálsgrein: <b>*) Þrátt fyrir almennu ákvörðunina, að í aðalskipulaginu sé aðeins mörkuð stefna um stofn- og tengivegi og að aðrir vegir séu aðeins sýndir til skýringar, er gerð undantekning varðandi virkjanaveg þennan: Þó einkavegur / landsvegur er hann skilgreindur í aðalskipulaginu vegna nána tengsla hans við rafliðu- og hitaveitulögn.</b> Einnig breyting á sveitarfélagsupprætti og á skýringarkorti S-04.</p>

<p>landnotkun á svæðinu í kring skv. aðalskipulags- tillögunni. Skýrt þarf að vera um hvaða atriði er mörkuð stefna í aðalskipulaginu."</p>	
<p>„<i>Helstu göngu- og reiðleiðir:</i> Í kafla 4.13.5 segir að gamlar þjóðleiðir og helstu göngu- og reiðleiðir séu sýndar á skýringaruppdrætti og taldar upp í viðauka V. Skipulagsstofnun bendir á að "helstu göngu- og reiðleiðir" eru sýndar á sveitarfélagsuppdrætti og því er væntanlega mörkuð stefna um þær í þessu aðal- skipulagi. Í kaflanum þarf að koma fram hvaða leiðir af þeim sem tilgreindar eru í kafla 3.5.1 og/eða við- aukanum eru til staðfestingar enda ber sveitarstjórn að setja fram stefnu um meginleiðir í aðalskipulagi."</p>	<p><b>Göngu- og reiðleiðir:</b> viðbót á bls. 77: Göngu- og reiðleiðir sem sýndar eru á sveitarfélagsuppdrætti (einnig sýndar á skýringaruppdráttum S-05 A og B) eru hluti af aðalskipulagi þessu.</p>
<p>„<i>Flugvöllurinn:</i> Í kafla 4.13.6 segir að Húsavíkur- flugvöllur sé skilgreindur sem svæði fyrir þjónustu- stofnun. Framsetning flugvallarins á sveitarfélags- uppdrætti þarf að vera í samræmi við Viðauka 1 með skipulagsreglugerð, þ.e. tákn fyrir flugbraut / lendingarstað á því landsvæði þar sem ekki er deilt um sveitarfélagamörk. Ef flugstöðin, tækjageymsla og hugsanlega flugskýli eru innan skipulagssvæðis skal merkja þau sérstaklega. Æskilegt er að gerð sé grein fyrir hindrunarflötum og öryggissvæðum vallarins í aðalskipulaginu. Í kafla 3.5.1 segir að höfn sé skilgreind í Flatey skv. skrám Siglingastofnunar Íslands. Bent er á að athuga þarf hvort ástæða er til að skilgreina hana sem hafnarsvæði í aðalskipulaginu, fremur en opið svæði til sérstakra nota."</p>	<p><b>Flugvöllur:</b> breyting á korti: Flugbraut sett inn á sveitarfélagsuppdrátt – en ekki byggingar, þær eru á svæðinu þar sem skipulagi er frestað.</p> <p><b>Höfn í Flatey:</b> viðbót á bls. 77 / nýr kafli: <b>4.13.7 Flateyjarhöfn</b> Í kafla 3.5.1 er sagt frá höfninni í Flatey á Skjálfanda. Ekki er búið í Flatey og er hlutverk hafnarinnar einkum tengd sumardvöl og útvist eins og er. &gt; Í aðalskipulagi þessu er skilgreint hafnarsvæði sem nær yfir smábáta- höfn, bátabryggju og svæði innan við 100 m frá bryggjunni. Það er stefna Þingeyjarsveitar að varðveita skal höfnina og gömlu bryggjuna. Á hafnar- svæðinu skal koma upp snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn, einnig er leyfilegt að koma upp að nýju smá fiskverkun, t.d. sóltun grásleppuhrogna. Einnig smávegis umorðun í kafla 3.5.1 (vegakerfið) og á bls. 60 (frístundabyggð), bls. 69 (opin svæði), og bls. 84 (hverfisverndarsvæði), þar sem nú er talað um „Flatey - að undanskildu hafnarsvæðinu“</p>
<p>„<i>Náttúruvá:</i> Í forsendum kemur fram að snjóflóða- og skriðuhætta er í sveitarfélaginu (bls. 23). Skipulags- stofnun bendir á að í kafla 4.18 í tillöguhluta greinargerðar þarf að fjalla um þetta og geta þess að staðbundið hættumat Veðurstofu Íslands þarf að liggja fyrir áður en deiliskipulag eða byggingarleyfi er samþykkt á viðkomandi svæðum."</p>	<p><b>Snjóflóðahætta:</b> viðbót á bls. 89: &gt; <b>Snjóflóðahætta / ofanflóðahætta:</b> Mat á ofanflóðahættu í einstökum húsum eða byggingarreitum utan þéttbýlis hefur ekki farið fram á vegum Veðurstofunnar. Þar sem staðfest hættumat liggur ekki fyrir er gert ráð fyrir staðbundnu hættumati samkvæmt leiðbeiningum Veðurstofunnar. Reynt verður að koma í veg fyrir að nýbyggingar séu reistar þar sem hætta er talin á ofanflóðum, til þess að minnka líkur á slysum. Áður en nýjar byggingar eru reistar á svæðum þar sem hætta kann að vera á ofanflóðum og staðfest hættumat liggur ekki fyrir, er því gert staðbundið hættumat. Ef þörf er á slíku hættumati sér Veðurstofa Íslands um gerð þess.</p> <p>Þegar byggingarreitur er nálægt fjallshlíð getur oft verið álitamál hvort þörf sé á staðbundnu hættumati. Veðurstofan mælir með því að nota eftir- farandi viðmið í þessu sambandi:</p> <p><b>1: Ofanflóðasaga.</b> Þörf er á staðbundnu hættumati ef a.m.k. annað eftir- farandi atriði á við: - Sagnir eða heimildir eru um að ofanflóð hafi fallið á byggingarreit eða nærri honum - Jarðfræðileg ummerki eru um að ofanflóð hafi fallið á byggingarreit eða nærri honum</p> <p><b>2: Farvegur.</b> Þörf er á staðb. hættumati ef amk. eitt eftirfarandi atriði á við: - Byggingarreitur er fyrir framan gljúfur eða vel afmarkað gil - Byggingarreitur er í eða neðan farvegur vatnsfalls í bröttu landi eða á aurkeilu - Ummerki eru um að vatnsfall hafi runnið yfir byggingarreitinn</p> <p><b>3: Fjallshlíð.</b> Þörf er á staðb. hættumati ef bæði eftirfarandi atriði eiga við:</p>

	<p>- Sjónarhorn frá byggingarreit miðað við lárétt að fjallsbrún er hærra en 15°  - Landhali fjallshlíðar ofan við byggingarreit á a.m.k. 25 m löngum kafla er meiri en 25°</p>
<p>„Annað: Minnt er á að skilgreina þarf grann- og fjar-svæði vatnsbóla og uppfylla ákvæði laga og reglugerða um hreinsun skólps og því er ástæða til að sveitarstjórn setji sér tímasett makmið í þessum málaflokkum, sbr. umsógn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra dags. 26. apríl 2010. Jafnframt er bent á að sveitarstjórn þarf að setja fram áætlun um hvernig komið verði í veg fyrir mengun af völdum núverandi starfsemi á grunnvatnskerfi Mývatns- og Laxár, sbr. umfjöllun í kafla 4.17.2.“</p>	<p><b>Skilgreina grann- og fjar-svæði:</b> viðbót á bls. 86:  <i>Það er stefna Þingeyjarsveitar að – í samvinnu við Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra – skilgreina vatnsverndarsvæði (grann- og fjar-svæði) þar sem það á við - innan tveggja ára frá staðfestingu aðalskipulagsins.</i></p> <p><b>Hreinsun skólps:</b> Engin breyting  &gt; Rökstuðningur: Hér segir nú þegar: „Það er stefna Þingeyjarsveitar að ljúka þessari vinnu innan tveggja ára frá staðfestingu aðalskipulagsins.“</p> <p><b>Hvernig vernda grunnvatnskerfi Mývatns og Laxár:</b> breyting á bls. 88:  1) Aðeins umorðað á bls 87 þannig að nú segir:  <i>Ekki er gert ráð fyrir að starfsemi á svæðinu breytist verulega miðað við núverandi aðstæður, en mikilvægt er að gæta vel að hún valdi ekki mengun, sérstaklega á grunnvatnskerfinu.</i>  2) Ný neðanmálsgrein er bætt við á bls. 87 (með vísun til laga nr. 97/2004 / um að umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um varnir ...), hún er eins og hér segir:  <i>*) Sú reglugerð sem boðað er í lögum nr 97/2004 hefur ekki enn verið gefin út, og því gilda ekki sérstök ákvæði um t.d. kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu.</i></p>
<p>„Í köflum 4.14 til 4.17 er m.a. fjallað um mögulega uppbyggingu á ýmsum verndarsvæðum og segir að hún sé háð "ákvörðun sveitarstjórnar". Skipulagsstofnun bendir á að taka þarf fram að framkvæmdir á verndarsvæðum kalla alltaf á deiliskipulagsgerð, sbr. 4. kafla skipulagsreglugerðar.“</p>	<p>Fullyrðing Skipulagsstofnunar að „framkvæmdir á verndarsvæðum kalla alltaf á deiliskipulagsgerð, sbr. 4. kafla skipulagsreglugerðar“ – með almennri vísun til kaflanna 4.14 til 4.17 í greinargerð aðalskipulagsins – er ekki rétt:</p> <p>Í greinargerð aðalskipulagsins er fjallað um fjórar tegundir af verndarsvæðum: 4.14 Þjóðminjaverndarsvæði, 4.15 Náttúruverndarsvæði, 4.16 Hverfisverndarsvæði og 4.17 Vatnsverndarsvæði o.fl.</p> <p>Í skipulagsreglugerð segir um deiliskipulagsskyldu á Náttúruverndarsvæðum og á Hverfisverndarsvæðum – en ekkert er sagt um deiliskipulagsskyldu á Þjóðminjaverndarsvæðum og á vatnsverndarsvæðum.</p> <p>Greinargerðin er því breytt sem hér segir:</p> <p><b>4.15 Náttúruverndarsvæði:</b> viðbót á bls. 80:  <i>Þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum skal gera grein fyrir henni í deiliskipulagi. (Skipulagsreglugerð 4.19.2)</i></p> <p><b>4.16 Hverfisverndarsvæði:</b> viðbót á bls. 82:  <i>Öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um skv. aðalskipulagi skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar. (Skipulagsreglugerð 4.22.2)</i></p> <p><b>4.14 Þjóðminjaverndarsvæði:</b> engin breyting  &gt; Rökstuðningur: Í Skipulagsreglugerð segir ekkert um að framkvæmdir á þjóðminjaverndarsvæði kalli á deiliskipulagsgerð.</p> <p><b>4.17 Vatnsverndarsvæði o.fl:</b> engin breyting  &gt; Rökstuðningur: Í Skipulagsreglugerð segir ekkert um að framkvæmdir á vatnsverndarsvæði / verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum / kalli á deiliskipulagsgerð.  Þetta er mikilvægt, því eins og segir í aðalskipulagstillögu Þingeyjarsveitar (bls . 87) taka vatnasvið Mývatns og Laxár yfir meginhluta allrar byggðar í Þingeyjarsveit eða „Nánast öll byggð í Aðaldal utan við ystu bæi í Aðaldals-hrauni og í Skriðuhverfi, öll byggð í Laxárdal og í Reykjadal, þar með þéttbýlissvæðið á Laugum.“  Það væri óásættanlegt ef Þingeyjarsveit skuli setja inn ákvæði í aðal-</p>

	skipulagi um að allar framkvæmdir á þessu svæði væri háð deiliskipulagsgerð – án þess að kröfur um það sé í lögum og reglugerðum.
<b>Athugasemdir Skipulagsstofnunar 30.07.2010 (við 5. kafla, umhverfisskýrslu)</b>	<b>Viðbrögð:</b> (Breytingar í kafla 5, umhverfisskýrslu, vegna athugasemda)
<i>" Tengsl við aðrar áætlanir: Gera þarf grein fyrir tengslum/samræmi aðalskipulagstillögunnar við aðalskipulag „Þéttbýliskjarna í Aðaldælahreppi“, sem staðfest var af umhverfisráðherra 25. nóvember 1991, skipulag Fljótsdalslínu 1 frá 1994, Verndar-áætlun Vatnajökulsþjóðgarðs (í vinnslu) og Kerfis-áætlun Landsnets. Auk þess þarf að koma fram að aðalskipulagstillagan er ekki í samræmi við Samgönguáætlun og að fleiri þættir en Hrafna-bjargarvirkjun virðast ekki vera í samræmi við svæðisskipulag Miðhálandis."</i>	<b>Viðbrögð:</b> Umfjöllun um tengsl og samræmi við ofangreindar áætlanir hefur verið bætt við umfjöllun í kafla 5.1.3. Í umfjöllun um samgönguáætlun í kafla 5.1.3 er þess getið sérstaklega að tvær framkvæmdir gætu haft áhrif á útfærslu skipulagsins ef veglinu verður breitt. Er þar átt við breikkun brúa yfir Skjálfafljótið við Fosshól og Kaldakinn.
<i>" Umhverfisverndarmarkmið/viðmið: Skýrt þarf að vera í kafla 5.1.5 hvaða umhverfisverndarmarkmið eða viðmið úr tilgreindum stefnuskjölum voru notuð og greina þarf frá hvernig tillagan samræmist þessum viðmiðum, sbr. lið e í 6. Gr. laga um umhverfismat áætlana. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þeir sem koma að matinu og/eða vilja rýna matsniðurstöður hafi þekkingu á efni viðkomandi stefnuskjala og því þarf í umhverfisskýrslu að koma skýrar fram hvaða viðmið voru lögð til grundvallar matinu. Í niðurstöðum matsins þarf jafnframt að gera grein fyrir því hvernig tekið var tillit til þessara markmiða og hvort þau hafi haft áhrif á niðurstöðuna."</i>	<b>Viðbrögð:</b> Bætt hefur verið við töflu með umhverfisverndarmarkmiðum í kafla 5.1.5. Í kafla 5.2 er tilvísun í þessum markmiðum.
<i>" Umhverfisþættir: Í umhverfisskýrslu eru tilteknir umhverfisþættirnir: Auðlindir, byggðapróun og heilnæmt umhverfi. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í skýrslunni komi fram hvað hver umhverfisþáttur inniber, sbr. sundurliðun í 5. Kafla matslýsingar dags. desember 2008. Skipulagsstofnun ítrekar að í umhverfisskýrslu þarf að greina líklegar breytingar á völdum umhverfisþáttum með tilkomu áætlunarinnar og leggja mat á hvort þessar breytingar eru jákvæðar eða neikvæðar, vari í langan eða skamman tíma eða séu afturkræfar eða óafturkræfar svo dæmi séu tekin sbr. 10. gr. laga um umhverfismat áætlana."</i>	<b>Viðbrögð:</b> Bætt hefur verið við nánari útskýringu á þeim umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar umhverfismati í upphafi kafla 5.2. Mat á vægi áhrifa er í viðeigandi töflum í niðurstöðuköflum.
<i>" Umhverfismatið: Í kafla 5.1.1 segir „ef áætlunin tekur ekki gildi mun ekki vera til staðar samþykkt stefnumörkun til leiðbeiningar um þróun landnotkunar í sveitarfélaginu. Slíkt gæti leitt til þess að verðmæti sem felast í ræktuðu landi og sérstæðri náttúru gætu rýrnað“. Skipulagsstofnun telur að þar sem deiliskipulag er í gildi á einhverjum hlutum sveitarfélagsins þurfi í umhverfisskýrslu að fjalla nánar um þróun umhverfisins án framfylgdar áætlunarinnar, þ.e. óbreytta landnotkun miðað við gildandi skipulagsáætlanir. Skipulagsstofnun telur ekki nægilega skýrt hvaða þættir eru taldir vera áhrifaþættir og hverjir eru umhverfisþættirnir sem</i>	<b>Viðbrögð:</b> Eins og fram kemur í kafla 5.1.6 og 5.2 voru þau svæði sem fjallað er um í kafla 5.2 valin sérstaklega af sveitarstjórn til umfjöllunar í umhverfismati. Ástæða þess var einkum sú að sveitarfélagið vildi beita aðferð umhverfismats þ.e. samanburð á kostum til þess að aðstoða við stefnumörkunina á þessum svæðum. Ekki var talin þörf á að nýta umhverfismatið á þennan hátt fyrir önnur svæði þ.á.m. þau sem Skipulagsstofnun nefnir hér að ofan.

<p>taldir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum. Lykilatriði í umhverfismatinu er að greina líklegar breytingar á völdum umhverfisþáttum með tilkomu áætlunarinnar og leggja mat á hvort þær breytingar eru jákvæðar eða neikvæðar. Í umhverfisskýrslu þarf að gera nákvæmari grein fyrir áhrifum heildarstefnunnar í kafla 5.2.8, þ.e. setja fram heildarniðurstöðu um áhrif stefnunnar, sbr. niðurstöðu úr töflum í kafla 5.2. Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að meta þarf áhrif stefnu um gagnaver í Stórutungu, stefnu um þrjá þéttbýlisstaði í sveitarfélaginu, stefnu um efnistöku og fleiri atriði sem nefnd eru í athugasemdum við 4. Kafla hér að ofan. Minnt er á að í greinargerð þarf að setja fram samantekt staflíða a til í 6.gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006."</p>	
<p>" <i>Vöktunaráætlun</i>: Í kafla 5.2.9 segir „Ekki er talin þörf á sérstökum mótvægisáðgerðum vegna framfylgdar áætlunarinnar sjálftrar". Minnt er á að ef tillagan eða einhverjir hlutar hennar eru talin valda neikvæðum áhrifum þarf að setja fram vöktunaráætlun, t.d. vegna jarðhitanytingar á Þeistareykjum. Bent er á að gildandi svæðisskipulag felur ekki í sér vöktunaráætlun heldur vísar vöktun verulegra áhrifa á neðri skipulagsstig."</p>	<p>Viðbrögð: Eins og fram kemur í kafla 5.2.10 er í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum sett fram áform um vöktun áhrifa á samfélag verði af þeim framkvæmdum sem þar er mörkuð stefna um. Einnig er bent á að vöktun áhrifa vegna einstakra framkvæmda og/eða reksturs sé háð áhrifamati í hverju tilfelli þ.á.m. á Þeistareykjum.</p>
<p>" <i>Ferli, kynning og samráð</i>: Í kafla 5.1.6 segir „Umhverfisskýrsla verður send umsagnaraðilum og kynnt almenningi samhliða aðalskipulagsáætlun, sjá umfjöllun um málsmeðferð í viðauka 1". Bent er á að sá viðauki er óskrifaður. Skipulagsstofnun minnir á að í umhverfisskýrslu þarf að koma fram hvernig staðið var að kynningu og samráði s.s. við hverja var haft samráð og eftir atvikum hver afrakstur samráðs hafi verið. Auk þeirra aðila sem nefndir voru í matslýsingu telur stofnunin ástæðu til að samráð sé haft við samvinnunefnd miðhálandis, stjórn Vatnajökulspjóðgarðs og Landsnet."</p>	<p>Viðbrögð: Eins og fram kemur í viðauka I kemur þar texti þegar aðalskipulagstillagan hefur verið auglýst og athugasemdir afgreiddar. Þar á meðal verður umfjöllun um samráð.</p>
<p>Ábendingar Skipulagsstofnunar í minnisblaði dags. 30.07.2010</p>	<p>Viðbrögð: ( Breytingar í greinargerð kafla 0 – 5 vegna minnisblaðs )</p>
<p>„ Í kafla 1.2 er fjallað um aðalskipulagsgerð. Æskilegt er að þar sé greint frá lögum um umhverfismat áætlana þar sem m.a. kemur fram að skylt er að birta tillöguna ásamt umhverfisskýrslu á netinu á auglýsingartíma auk þess sem hún þarf að hanga uppi hjá Skipulagsstofnun, sbr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga."</p>	<p><b>Umhverfismat áætlana:</b> viðbót á bls. 5: <b>Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana, nr. 105/2006, skal við gerð aðalskipulags vinna umhverfisskýrslu þar sem gerð er grein fyrir mati á áhrifum skipulagsáætlunar á umhverfið. Umhverfisskýrslu skal kynna með tillögu að aðalskipulagi og skulu þær á auglýsingartíma aðalskipulagstillögunar (sjá kafla 1.2 hér á eftir) vera aðgengilegar á netinu og hjá skipulagsstofnun.</b></p>
<p>„ Í kafla 4.2.1 er notað hugtakið "miðsvæði" um svæðið milli skólasvæðis og íbúðarsvæðið í þéttbýli í Aðaldal. Skipulagsstofnun telur óheppilegt að þetta hugtak sé notað þar sem það hefur ákveðna skilgreiningu sem landnotkunarflokkur í skipulagsreglugerð, en sú skilgreining á ekki við á þessu svæði."</p>	<p><b>Hugtakið miðsvæði:</b> breyting á bls. 50: Breytt í „svæðið þar á milli"</p>

<p>„Bent er á að ósamræmi virðist milli kafla 4.2.2 og 4.3.1 varðandi fyrirhugaðan fjölda nýrra íbúða á Stórutjörnum.“</p>	<p><b>Íbúðir á Stórutjörnum:</b> engin breyting</p> <p>&gt; Rökstuðningur:</p> <p>1) Í kafla 4.2.2 er greint almennt frá þéttbýlissvæðunum. Þar segir um þéttbýlið við Stórutjarnaskóla: „gert er ráð fyrir íbúðasvæðum með samtals 20-25 íbúðum“ og að nú þegar séu 7 íbúðir á svæðinu. (Sem þýðir þá að gert er ráð fyrir 13-18 nýjum íbúðum). Þetta er orðað „Gert er ráð fyrir upb. 15 íbúðum til viðbótar“.</p> <p>2) Í kafla 4.3.1 er greint sérstaklega frá íbúðasvæðum. Þar segir með meiri nákvæmni: „Á þéttbýlissvæði við Stórutjarnaskóla er gert ráð fyrir 13-18 nýjum íbúðum“.</p> <p>&gt; Ekki er ósamræmi milli þess að segja <u>upb. 15 íbúðir til viðbótar</u> og <u>13-18 nýjar íbúðir</u>.</p>
<p>„Óljóst er í kafla 4.7.4 hver er stærð iðnaðarsvæðis austan Þjóðvegjar á Laugum. Í kaflanum segir að 2,5 ha iðnaðar- og athafnasvæði sé austan vegar þar sem séu Laugafiskur og ýmis iðnaðarhús, lóð Laugafisks er einnig sögð afmörkuð sem 1,4 ha iðnaðarsvæði. Jafnframt segir að skilgreint athafnasvæði sé 2,1 ha. Skýrt þarf að vera hvað við er átt.“</p>	<p><b>Iðnaðar- og athafnasvæði á Laugum:</b> engin breyting</p> <p>&gt; Rökstuðningur:</p> <p>1) <u>Fyrst</u> segir frá <u>núverandi aðstöðu</u>: „Á þéttbýlissvæði á Laugum er nú – eins og fram kemur í kafla 3.4.3 – lítið samfellt iðnaðar- og athafnasvæði rétt austan við Þjóðveg, sem er um 2,5 ha að stærð. Þar er verksmiðja Laugafisks og ýmis iðnaðarhús o.fl.“</p> <p>- Í þessari lýsingu á núverandi aðstöðu er ekki greint milli iðnaðarsvæðis og athafnasvæðis, notað er eitt hugtak, „iðnaðar- og athafnasvæði“, sem samsvarar hugtakinu „iðnaðar- og athafnalóð“ í fasteignaskrá ríkisins og í kafla 3.4.3 greinargerðar).</p> <p>2) <u>Þar næst</u> segir frá <u>ákvörðun aðalskipulagsins</u>: „&gt; Í aðalskipulagi er aðeins lóðin undir Laugafisk, um 1,4 ha að stærð, skilgreind sem iðnaðarsvæði. &gt; Þá er í aðalskipulagi um 2,1 ha stórt svæði rétt austan við Þjóðveg skilgreint sem athafnasvæði.“</p> <p>- Hér er greint milli iðnaðarsvæðis og athafnasvæðis til samræmis við skipulagsreglugerð og er stærð þessara svæða lýst eins og þau eru skv. tillögu að aðalskipulagi.</p> <p>&gt; Í <u>aðalskipulagi</u> er skilgreint 1,4 ha iðnaðarsvæði og 2,1 ha athafnasvæði, samtals 3,5 ha. Þetta er 1 ha meira en stærð <u>núverandi</u> iðnaðar- og athafnarlóða. Ekkert óljóst í því.</p>

ATHUGASEMDIR STOFNANNA VIÐ AUGLÝSINGU TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022 (GREINARGERÐ TIL AUGLÝSINGAR / OKTÓBER 2010) SEM VAR SEND STOFNUNUM 27.10.2010

- OG VIÐBRÖGD SVEITARSTJÓRNAR.

<p>Umsagnaáðild / dags. ath.semnda / efni ath.semnda</p>	<p>Viðbrögð:</p>
<p><u>Fornleifavernd ríkisins</u> [engin ath.]</p>	
<p><u>Heilbrigðiseftirlit N-E</u> [08.12.2010] Ítrekar að gera þarf grein fyrir og merkja eldri urðunarstaði, riðugryfjur og þess háttar, svo ekki sé talað um grafir sem miltisbruni getur leynst í.</p>	<p><b>Viðbót (greinargerð bls. 74)</b> Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra hefur hvatt Þingeyjarsveit til að afla upplýsinga um miltibrandsgrafir, riðugryfjur og þess háttar í sveitarfélaginu og ef vitneskja fáiast um staðsetningu þeirra þá að merkja þær inn á aðalskipulagsupprætti. Ekki hefur verið hægt að afla upplýsinga um staðsetningu miltisbrandsgrafa o.fl. eins og er, en upplýsingum verður safnað saman / kortlagðar á skrifstofu Þingeyjarsveitar og riðugryfjur og etv. miltisbrandsgrafir merktar með skilti samkvæmt fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits N-E.</p>
<p><u>Landgræðsla ríkisins</u> [engin ath.]</p>	

<p><u>Landsnet</u> [17.10.2010] Tillaga að ýmsum textabreytingum. Texta er í aðalatriðum breytt til samræmis við þær.</p>	<p>Viðbót ( greinargerð bls. 60, sumarhúsasvæði ) Virða skal helgunarsvæði háspennulína og tryggja að byggingarreitir verði ekki skipulagðir innan þess, einnig að greiður aðgangur verði að línunum vegna eftirlits og viðgerða. Ennfremur skal helgunarsvæði sýnt á deili-skipulagsuppráttum (skv. Skipulagsreglugerð gr. 5.17.2). Viðbót ( greinargerð bls. 66, skógrækt ) Skógrækt er þó ekki höfð innan helgunarsvæðis háspennulína, almennt er gert ráð fyrir 25 m helgunarsvæði við 66 kV-línur, 35-45 m við 132 kV-línur og 65-85 m við 220 kV-línur" Viðbót ( greinargerð bls. 72, veitur ) Almennt skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði háspennulína (byggingarbann): Breidd 25 m við 66 kV-línur, 35-45 m við 132 kV og 65-85 m við 220 kV-línur. + ýmsar smábreytingar á bls. 40, einnig á bls. 92</p>
<p><u>Norðurlandsskógur</u> [ engin ath.]</p>	
<p><u>Samvinnunefnd um miðhálandið</u> [ 05.01.2011 ] Segir að meginstefnumörkun sveitarfélagsins [ í tillögu að aðalskipulagi ] er talsvert önnur en gert er ráð fyrir í svæðisskipulagi miðhálandis og kallar á breytingu á skipulagi: a) ekki virkjun Skjálfandaflljóts b) endurmeta staðsetningu Fljótsdalslínu 1 og endurmeta staðsetningu Sprengisandslínu c) færa Sprengisandsleið til vesturs  * * *  Upplýsir að Skipulagsstofnun tekur yfir starfsemi samvinnunefndarinnar [...] og því þarf sveitarfélagið að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til breytinga á Svæðisskipulagi miðhálandis</p>	<p>Engin breyting Rök: <u>ákvarðanir</u> í aðalskipulagstillögu eru ekki í <u>andstöðu</u> við ákvarðanir svæðisskipulagsins og því má staðfesta aðalskipulagið án þess að breyta svæðisskipulaginu: a) Virkjun Skjálfandaflljóts: Í aðalskipulagstillögu er svæði svæðisskipulagsins fyrir virkjun Skjálfandaflljóts merkt „skipulagi frestað“ þeas að í aðalskipulagstillögu er ekki kveðið á um aðra landnotkun en gert er í svæðisskipulagi. b) Háspennulínur: Í aðalskipulagstillögu, þ.e. á sveitarfélagsupprætti sem vísað er til í texta greinargerðar, er staðsetning Fljótsdalslínu 1 og Sprengisandslínu nákvæmlega <u>eins og í svæðisskipulagi</u>. (Í texta er þá bætt við „Það er álit Þingeyjarsveitar að þegar og ef sýnt verður fram á nauðsyn þess að leggja þessar línur, Sprengisandslínu (Búrfellslínu 4) og Fljótsdalslínu 1, skuli lega þeirra og hönnun endurmetin frá því sem gert er ráð fyrir í Svæðisskipulagi Miðhálandis. ...“ – þetta er til upplýsingar um <u>álit</u> sveitarfélagsins í því máli en breytir engan veginn þeirri staðreynd að <u>ákvörðun</u> aðalskipulagstillögunnar um staðsetningu línanna er eins og í svæðisskipulagi. Með öðrum orðum þarf að breyta bæði svæðisskipulagi og aðalskipulagi til að öðruvísi línuleiðir geti komið til framkvæmda. c) Sprengisandsleið: Í aðalskipulagstillögu, þ.e. á sveitarfélagsupprætti og í greinargerð, er staðsetning Sprengisandsleiðar nákvæmlega <u>eins og í svæðisskipulagi</u>.</p>
<p><u>Sjáv. og landbúnaðarráðuneytið</u> [ 18.11.2010 ]</p>	<p>Gerir ekki athugasemdir</p>
<p><u>Skógrækt ríkisins</u> [ 11.11.2010 ]</p>	<p>Gerir ekki athugasemdir</p>
<p><u>Vatnajökulspjóðgarður</u> [ engin ath.]</p>	
<p><u>Vegagerðin</u> [ 09.12.2010 ] Núverandi brúarstæði og veglínur að henni [þjóðvegur 85 / Skjálfandaflljót] uppfylla ekki kröfur í dag. Það sé því rétt að finna nýtt brúarstæði og nýja veglínu. ... Athuganir eru enn á frumstigi og ekki er því hægt að bera saman mismunandi veglínur ... Vegagerðin leggur til að textanum verði breytt þannig að ekki sé talað um nýja brú á núverandi stað.</p>	<p>Breyting ( greinargerð bls. 75 ) Á samgönguáætlun 2003-2014 er <u>lagt til að brúin verði endurbyggð ásamt vegi</u> á þriðja tímabili áætlunar, þ.e. 2011-2014. Núverandi brúarstæði uppfyllir varla kröfur dagsins til öryggis o.fl. og væntanlega þurfi að finna nýtt brúarstæði og nýja veglínu þegar brúin verður endurnýjuð. Málið hefur verið rætt ítarlega m.a. í tengslum við gerð aðalskipulagsins, en athuganir hjá Vegagerðinni eru ekki það langt komnar að hægt sé að <u>ákveða um nýja staðsetningu</u>. Í aðalskipulagi þessu er <u>brúarstæði og veglína þjóðvegur 85 því óbreytt</u> miðað við núverandi</p>

	staðsetningu. Verði seinna ákveðið <b>um nýtt</b> brúarstæði og veglínu þarf að breyta aðalskipulagi.
<u>Eyjafjarðarsveit</u> [10.12.2010] Vatnsverndarsvæði vantar á Vaðlaheiði / á mörkum Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar.	Viðbót (greinargerð bls. 87) <b>Tvö vatnsverndarsvæði eru skilgreind á mörkum Þingeyjarsveitar og Eyjafjarðarsveitar / Grýtubakkahrepps. (Svæðin eru staðsett í fyrrum Hálshreppi og voru þau inni á eldra svæðisskipulagi Eyjafjarðar sem fallið er úr gildi).</b>  <b>Á Vaðlaheiði er skilgreint 4,05 km<sup>2</sup> stórt vatnsverndarsvæði (fjarsvæði). Brunnsvæði og grannsvæði eru í Eyjafjarðarsveit</b>
<u>Svalbarðsstrandahreppur</u> [09.12.2010] Vatnsverndarsvæði vantar á Draflastaðafjalli / á mörkum Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar.	Viðbót (greinargerð bls. 87, frh.) <b>Á Draflastaðafjalli er skilgreint 2,74 km<sup>2</sup> vatnsverndarsvæði (0,43 km<sup>2</sup> grannsvæði og 2,31 km<sup>2</sup> fjarsvæði). Brunnsvæðið og hinir hlutar grann- og fjarsvæða eru í Grýtubakkahreppi.</b>  <b>Svæðin eru skilgreind sem vatnsverndarsvæði / grannsvæði eða fjarsvæði í aðalskipulagi þessu og eru þau sýnd á sveitarfélagsupprætti og á skýringarupprætti S-08, (Viðauki VII).</b>

**ATHUGASEMDIR UMHVERFISSTOFNUNAR VIÐ TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022 \***  
- OG VIÐBRÖGD SVEITARSTJÓRNAR

\*) Ath: Athugasemdirnar eiga **ekki** við aðalskipulagstillögu til auglýsingar / okt. 2010, sem var send Umhverfisstofnun 27. okt. 2010. Um er að ræða athugasemdir við greinargerð í vinnslu **drög 11 / mars 2010**, sem var send Umhverfisstofnun og öðrum umsagnaadilum þann 30. mars 2010 (með leiðréttingu 15. apríl) og óskað var eftir athugasemdum eða ábendingum ef einhverjar væru, fyrir 30. apríl 2010.  
Svör Umhverfisstofnunar bárust þann 25. október 2010 – eftir tæpa 7 mánuði. Þá var Umhverfisstofnun tilkynnt að svör hennar kæmu of seint til að hægt væri að taka tillit til þeirra við úrvinnslu aðalskipulagstillögu til auglýsingar, sem væri þegar tilbúið. Aðalskipulagstillaga til auglýsingar var send Umhverfisstofnun, eins og öðrum umsagnaadilum, og var frestur til að gera athugasemdir til 9. desember 2010. Engin svör bárust.  
Hér að neðan er samt farið yfir athugasemdir Umhverfisstofnunar við eldri útgáfu aðalskipulagstillögunnar eins og um væri að ræða formlegar athugasemdir umsagnaadila við auglýstu skipulagstillögu.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar	Viðbrögð:
„ Skógrækt Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um aðalskipulagstillögu bent á mikilvægi þess að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem áætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgæðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði séu sýnd á sérstöku þemakorti með aðalskipulaginu. Þannig fæst yfirsýn yfir stöðu skógræktar í sveitarfélaginu.“	<b>Engin breyting</b> <u>Rökstuðningur:</u> Ekki sammála Umhverfisstofnun þegar hún – með vísun til skipulagsreglugerðar kafla 4.12.2 segir að „ <u>nauðsynlegt [er] að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði séu sýnd á [...] korti með aðalskipulaginu</u> “ Í greinargerð bls. 19 og 20 (forsendakafla / Gróðurfar) er í texta gerð grein fyrir helstu núverandi skógræktarsvæðum, bæði í eigu Skógræktar ríkisins og á einstökum bújörðum. Og í greinargerð bls. 66 (aðalskipulagið sjálft / Skógrækt á landbúnaðarsvæði) er beint tekið fram að stefna sveitarfélagsins er að stjórnun skógræktar til framtíðar gerist með því að ákveða almennt hvar skógrækt sé bönnuð eða háð sérstökum takmörkum, og að öðru leyti hvetja landeigendur til samvinnu við Norðurlandsskóga og fleiri aðila – og <b>ekki</b> með þeim hætti að fyrirfram í skipulaginu skilgreina sérstök svæði fyrir skógrækt. Þetta er ekki óalgeng aðferð í aðalskipulögum og uppfyllir sennilega kröfur skipulagsreglugerðar. Varla sé rétt þegar Umhverfisstofnun fullyrðir að <u>nauðsynlegt</u> sé að meðhöndla málið öðruvísi.
„ Í Þingeyjarsveit er mikið um náttúrulegan birkiskóg og stunduð skógrækt á fjölda bæja. Umhverfis-	<b>Viðbót (greinargerð bls. 66)</b> Eftir núverandi texta „Það er stefna aðalskipulags þessa að skógrækt geti

<p>stofnun telur mikilvægt að sett verði sértæk markmið eða skilyrði varðandi skógrækt, s.s. að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminjum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða; a.m.k. 30 - 50 m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt."</p>	<p>þróast á lögbylum og er hvatt til að landeigendur kanni möguleika sína í skógrækt m.a. í samvinnu við Norðurlandsskóga og fleiri aðila" bætist eftirfarandi við:  <b>Við skipulagningu skógræktarsvæða skal tekið tillit til þess að spilla ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminjum.</b></p>
<p>„ Nauðsynlegt er að fram komi í greinargerð með aðalskipulaginu að skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér í landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó."</p>	<p><b>Engin breyting</b>  <b>Rökstuðningur:</b> Athugasemd Umhverfisstofnunar er óþörf, því í greinargerð segir nú þegar á bls. 66:  <i>„Þá er rétt að benda á að skv. 10.gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum og á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar.“</i>  Og einnig á bls. 66:  <i>Skógrækt kemur ekki til greina [...] „ofan 400 m.y.s. (Þó með undantekningum þar sem byggð stendur hæst, t.d. í innanverðum Bárðardal og á Hólsfjöllum eða á öðrum stöðum þar sem skilyrði eru góð þrátt fyrir mikla hæð).“</i></p>
<p>“ Veitur - fjarskipti  Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ljósleiðarar séu lagðir í nágrenni við háspennulínur, þ.e. í línuslóða eða nálæga vegi, en í tilvikum jarðstrengja í sama skurð og jarðstrengurinn.”</p>	<p><b>Engin breyting</b>  <b>Rökstuðningur:</b> Ábending Umhverfisstofnunar er óþörf, því í greinargerð segir nú þegar á bls. 74:  <i>„Gert er ráð fyrir að í tengslum við byggingu flutningsmannvirkja verði lagður ljósleiðari með öllum tengingum, bæði loftlínur og jarðstrengjum. Ljósleiðarinn verði lagður í nágrenni við háspennulínur, þ.e. í línuslóða eða nálæga vegi, en í tilvikum jarðstrengja í sama skurð og jarðstrengurinn.“</i></p>
<p>„ Frístundabyggð  Í umfjöllun um frístundahús sem áætluð eru í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu kemur fram að stór hluti fyrirhugaðra frístundahúsa verður staðsettur innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sem er verndað með sérstökum lögum nr. 97/2004.  Umhverfisstofnun bendir á að skv. ofangreindum lögum ber að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Einnig eiga lögin að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Einnig kemur fram í ofangreindum lögum að: "Umhverfisráðherra setur í reglugerð, að fenginni umsógn Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórna, nánari ákvæði um varnir gegn hvers konar mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár, þar á meðal á grunnvatnskerfi. Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu."  Umhverfisstofnun bendir á að þegar sú reglugerð er fram komin gætu fylgt hömlur á mengandi starfsemi á svæðinu."</p>	<p><b>Engin breyting</b>  <b>Rökstuðningur:</b> Ábending Umhverfisstofnunar er að mestu bein tilvitnun til laganna. Í greinargerð bls. 24 (forsendakafla / Náttúruvernd, friðun o.fl.) og bls. 87 (aðalskipulagið sjálf / Verndun á vatnasviði Mývatns og Laxár) er nú þegar gerð grein fyrir lögnum í þeim mæli sem við á, og í texta segir <i>„Ekki er gert ráð fyrir að starfsemi á svæðinu breytist verulega miðað við núverandi aðstæður, en mikilvægt er að gæta vel að hún valdi ekki mengun, sérstaklega á grunnvatnskerfinu.“</i>  Hvað varðar upplýsingar Umhverfisstofnunar um að „þegar sú reglugerð er fram komin gætu fylgt hömlur á mengandi starfsemi á svæðinu“, slær greinargerðin einfaldlega föstu (í neðanmálsgrein bls 87): <i>„Sú reglugerð sem boduð er í lögum nr. 97/2004 hefur ekki enn verið gefin út, og því gilda ekki sérstök ákvæði um t.d. kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu.“</i></p>

<p>„ Í umfjöllun um fráveitu í kafla um framtíðarsýn og meginmarkmið kemur fram að í sveitarfélaginu er ekki til fráveitukerfi sem mun teljast til stofnkerfi veitna, fráveita er aðallega með hefðbundnum hætti, rotþró og siturlögn í bed. Í sama kafla kemur fram að í nýjum frístundabyggðum sem átætlaðar eru, kemur til með að vera fjöldi frístundahúsa.</p> <p>Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 789/1999 m.s.br. um fráveitir og skólp skal í hverfi íbúðarhúsa, frístundahúsa, atvinnuhúsnæðis og þar sem fram fer umfangsmikið tómstundastarf komið á sameiginlegu fráveitukerfi, sbr. þó 3.mgr. 18.gr. reglugerðarinnar en þar segir: <i>„Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur annaðhvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbætandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel.“</i></p>	<p>Engin breyting</p> <p><b>Rökstuðningur:</b> Í greinargerð bls. 74 (aðalskipulagið sjálf / Fráveita og förgun sorps) – en ekki í kafla um framtíðarsýn og meginmarkmið sem Umhverfisstofnun ranglega vísar til – segir að <i>„Í Þingeyjarsveit er ekki til fráveitukerfi sem mun teljast til stofnkerfi veitna.“</i> Þetta er tekið fram á bls. 74 af því að í aðalskipulagi skal aðeins gera grein fyrir stofnkerfi veitna (Skipulagsreglugerð 4.17.2)</p> <p>Í kafla um framtíðarsýn og meginmarkmið (bls. 48) er hins vegar fjallað meira almennt um stefnu sveitarfélagsins í fráveitumálum og hér segir: <i>„Stefnt er að því að fráveitumálum verði þannig fyrir komið að ekki valdi skaða á umhverfinu og í samræmi við ákvæði mengunarvarnarrglugerðar. Stefnt skal að því að samnýta rotþrær eftir því sem við verður komið.“</i></p> <p>Ákvarðanir um fráveitir í íbúðahúsa- og frístundahúsaahverfum eiga ekki við á aðalskipulagsstigi en í deiliskipulagi.</p>
<p>„ Umhverfisstofnun vill benda á að í landi Hjalla þar sem er tjaldstæði og ferðaþjónusta, eru áform um að byggja allt að 50 smáhýsi. Þegar svo mörg smáhýsi eru áætluð innan sömu jarðar er mikilvægara en ella að vel sé vandað til skipulags, að smáhýsi séu felld vel að náttúrulegu yfirbragði landsins.“</p>	<p>Engin breyting</p> <p><b>Rökstuðningur:</b> Ábending Umhverfisstofnunar er alveg rétt en á varla heima í stuttri umfjöllun um sérstakt sumarhúsa svæði.</p> <p>Í kafla um Framtíðarsýn og meginmarkmið / Ferðaþjónusta (bls. 47) segir nú þegar almennt um málið: <i>„Áfram verður horft til eflingar frístundarbyggðar. Þess verður hins vegar sérstaklega gætt að hún sé afmörkuð og falli sem best að yfirbragði sveitarinnar.“</i></p>
<p>„ Í umfjöllun um frístundahús er taldir upp ýmsir gangnamannakofar o.fl. í óbyggðum. Umhverfisstofnun bendir á að skálans í Gæsavötnum er ekki getið.</p>	<p>Breyting / Viðbót ( greinargerð bls. 59 og á skýringarkorti S-07 )</p> <p><b>S-14: Gæsavatnaskáli við Gæsavötn</b></p>
<p>„ Gjástykki</p> <p>Fram kemur í skipulagstillögunni að orkuvinnslusvæðið í Gjástykki sé 2,7 km<sup>2</sup> og að þar af sé 0,9 km<sup>2</sup> inni á Leirhnjúkshrauni. Að mati Umhverfisstofnunar er Kröflueldahraunið einstakt á heimsvísu og mikilvægt að rannsóknaboranir fari ekki fram í Kröflueldahrauni.</p> <p>Umhverfisstofnun óskaði eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 9. janúar sl. á verndargildi jarðmyndana á umræddu framkvæmdasvæði í Gjástykki. Í mati Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur m.a. fram að Gjástykki er einstakt frá jarðfræðilegu sjónarmiði, bæði á landsvísu og heimsvísu. Að mati stofnunarinnar er Gjástykki eitt fárra svæða á Íslandi þar sem glögglega má sjá hvernig landið hefur gliðnað með tilheyrandi sigdæld, sprungum og misgengjum og þar megi jafnframt skoða hvernig hraun frá Kröflueldum hefur komið upp á svæðinu og runnið um það, hulið sprungur og jafnvel runnið í þær. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í september 2009 óskaði umhverfisráðherra eftir álitni Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar á tillögum Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi um friðlýsingu Gjástykkis, og var niðurstaðan að Gjástykki sé einstakt frá jarðfræðilegu sjónarmiði, bæði á landsvísu og heimsvísu, og að Gjástykki verði að vernda fyrir hvers konar raski enda er, um að ræða einstakt svæði með hátt verndargildi.</p>	<p>Engin breyting</p> <p><b>Rökstuðningur:</b> Mat Umhverfisstofnunar er almennt þekkt, einnig að stofnunin hefur ætíð lagst gegn orkuvinnslu í Gjástykki eins og hún segir hér.</p> <p>Hins vegar staðfesti umhverfisráðherra þann 16. janúar 2008 Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 sem gerir ráð fyrir orkuvinnslusvæði, hverfisverndarsvæði o.fl, og er tillaga að aðalskipulagi Þingeyjarsveitar í nákvæmu samræmi við ákvarðanir svæðisskipulagsins eins og krafist er samkvæmt lögum.</p> <p>Rétt er að benda á að ekki er gert ráð fyrir nýtingu orkunar í Gjástykki faist næg orka á hinum orkuvinnslusvæðunum, þ.e. Kröflu, Þeistareykjum og Bjarnaflagi.</p>

<p>Það er mat Umhverfisstofnunar að með borun rannsóknarholna og gerð borteigs á sama stað og kjarnahola var boruð, eru mestar líkur á verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmdinni. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir því í umfjöllunum sínum um rannsóknir í Gjástykki, að fjallað yrði um aðra valkosti varðandi staðsetningu borteigs og þá utan við hraun frá Kröflueldum til að forðast rask á því hrauni eins og kostur væri, t.d. með því að skoða staðsetningu á yfirborði gróinna hrauna utan þeirra sem runnu í Kröflueldum. Að mati Umhverfisstofnunar hefur framkvæmdaraðili einungis fjallað um þann möguleika að staðsetja borteig á vesturbarmi Gjástykkis. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hnika borstað út fyrir hraunfláka þá sem runnu í Kröflueldum. Einnig eru umræddir hraunflákar órjúfanlega heild sem ekki ætti að skerða vegna jarðfræðilegs gildis þeirra og áhrifa á landslag að mati stofnunarinnar. Í umfjöllun um Hverfisverndarsvæði í Gjástykki kemur fram að í Gjástykki eru hverfisverndarsvæði HG1 og HG2, og að mannvirkjagerð og rask verði ekki leyft innan HG1, en: „<i>Heimilt er að leggja vegi, pípur og reisa önnur mannvirki innan hverfisverndarsvæðis HG2.</i>“ Umhverfisstofnun leggst alfarið gegn ofangreindum framkvæmdum enda hefur stofnunin ætíð lagst gegn orkuvinnslu í Gjástykkis vegna einstakra náttúru-minja og þess að svæðið er einstakt frá jarðfræðilegu sjónarmiði. Í umfjöllun um sérstök útivistarsvæði í kaflanum um helstu forsendur vekur athygli, að í upptalningu um alveg sérstök náttúruyrirbrigði er Gjástykkis ekki getið.“</p>	
<p>„ Orkuvinnslusvæði í Þeistareykjum Fram kemur í umfjöllun um orkuvinnslusvæði á Þeistareykjum að þar séu hverfisverndarsvæði HP3 og HP4 og að þessi svæði ná inn á orkuvinnslusvæðið og skal þar gætt varúðar við mannvirkjagerð. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að geta þess um leið að hverasvæðið á Þeistareykjum er á náttúru-minjaskrá nr. 533 en í skránni segir: „<i>Þeistareykir, Reykjahreppi, S-Pingeyjarsýslu. Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. Fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gufu og leirhverir, útfellingar í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við Bóndhól. Jarðhitaplöntur.</i>“</p>	<p>Engin breyting <u>Rökstuðningur:</u> Athugasemd Umhverfisstofnunar er óþörf, því í greinargerð bls. 26 (forsendakafli / Önnur svæði á náttúruminjaskrá) segir nú þegar: „ 533. Þeistareykir, [Aðaldælahreppi], S-Pingeyjarsýslu.* (1) Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. (2) Fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gufu og leirhverir, útfellingar í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við Bóndhól. Jarðhitaplöntur.“ Þar að auki er meðanmálgreini bætt við: „*“ Í Náttúruminjaskrá eru Þeistareykir og Viti ranglega skráð í Reykjahreppi, leiðrétt hér að ofan í hornklofa.“</p>
<p>„ Auk þessa bendir Umhverfisstofnun á að í 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 kemur fram að eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: a. eldvörp, gervigigar og eldhraun, b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri, c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðubreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri og e. sjávarfítjar og leirur. Eitt af stefnumiðum sveitarfélagsins Þingeyjarsveit er að: „<i>Ekki skal ganga á náttúrugæði sem kunna að hafa mikið gildi fyrir komandi kynslóðir.</i>“ Umhverfisstofnun tekur undir stefnumiðið og telur það afar mikilvægt þegar unnið er að háhitavirkjun á Þeistareykjum, sem og á öðrum svæðum eins og að</p>	<p>Engin breyting <u>Rökstuðningur:</u> Ábending Umhverfisstofnunar er óþörf, því í greinargerð bls. 26 (forsendakafli / Sérstök vernd jarðmyndana og vistkerfa) segir nú þegar. „ Í 37.gr. laga um náttúruvernd (nr. 44/1999) segir: Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: a) eldvörp, gervigigar og eldhraun, b) stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> og stærri, c) mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, d) fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðubreiður, 100 m<sup>2</sup> eða stærri, e) sjávarfítjar og leirur. ... “ Og þar á eftir er heill dalkur sem segir nánar frá þess konar svæðum á Þeistareykjum og í Gjástykki.</p>

<p>framan er getið.“</p>	
<p>„ Hverfisvernd Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er hverfisvernd skilgreind sem: „ákvæði í svæðis-, aðal-, eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.“ Í umfjöllun um náttúruverndarsvæði kemur fram að hverir við Þeistareyki eru með hverfisvernd. Umhverfisstofnun bendir á að jarðhitasvæðið á Þeistareykjum er á náttúruminjaskrá, en sett hefur verið hverfisvernd á minni svæði innan svæðis á náttúruminjaskrá vegna orkunýtingar. Umhverfisstofnun telur miður að náttúruminjasvæði verði skert og telur hverfisvernduðu svæðin lítinn hluta af því svæði sem sett var á náttúruminjaskrá vegna sérstöðu. Fram kemur í tillögnum að hverasvæðið sé afmarkað nákvæmar og þrengra með hverfisvernd, sem þýðir að gert er ráð fyrir orkuvinnslu nær hverunum og þrengir því að ferðamennsku og náttúruskoðun.“</p>	<p>Engin breyting <u>Rökstuðningur:</u> Hverfisverndarsvæðin á Þeistareykjum eru þau sömu og í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 16. Janúar 2008.</p>
<p>„ Umhverfisstofnun tekur undir það að sett verði hverfisvernd á þau svæði sem talin eru upp á bls. 81, en bendir um leið á að fjöldi svæða í sveitarfélaginu fellur í þann flokk að þyrfti að hverfisvernda svo sem Daufhylur og Aðaldalshraunið.“</p>	<p>Engin breyting <u>Rökstuðningur:</u> Skipulagsnefnd og sveitarstjórn hafa ákveðið að aðeins þurfi að setja hverfisvernd á þau þrjú svæði í sveitarfélaginu.</p>
<p>„ Efnistökusvæði Í umfjöllun um efnistökusvæði er listi yfir námur á svæðinu, sem ýmist eru sagðar í notkun eða frágengar. Að mati Umhverfisstofnunar á í aðalskipulagstillögu einungis að vera umfjöllun um námur sem áætlað er að taka efni úr á skipulagstímabilinu. Námur sem búið er að ganga frá eru ekki til efnistöku og því eiga þær ekki erindi inn á lista yfir efnistökusvæði. Varðandi þau efnistökusvæði sem áætlað er að nýta á skipulagstímabilinu ætti að koma fram það magn af efni sem áætlað er að vinna úr viðkomandi námu á skipulagstímabilinu. Fram kemur að náma E-25 í landi Myrar sé bæði frágengin og í notkun. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir að frágengin náma verði í notkun, stofnunin telur því að skýringa sé þörf við umfjöllun um ofangreinda námi.“</p>	<p>Viðbót ( greinargerð bls. 70, leyfi til efnistöku ) Á þeim svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1.júlí 1999 krefjast framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar ef: - áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m<sup>2</sup> og/eða - áætluð efnistaka eftir 1.júlí 2008 er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira. Eftir 1. júlí 2012 skal samt afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1.júlí 1999 (nema þó að áfram er eiganda heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota). Viðbót ( greinargerð bls. 71, efnistökusvæði ) Ekki er gert ráð fyrir að nokkuð af svæðunum E-01 – E-29 mun stækka um 25.000 m<sup>2</sup> eða að efnistaka eftir 1. júlí 2008 muni verða 50.000 m<sup>3</sup> eða meira. &gt; í aðalskipulagi þessu eru öll núverandi svæði skilgreind sem efnistökusvæði þó að sum þeirra séu lokuð eins og er. Það er samt álit Þingeyjarsveitar að frá 1. júlí 2012 – þar sem afla skal framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku – muni efnistökusvæðunum fækka töluvert. Einnig viðbót á bls.71 Umhverfisáhrif allra efnistökusvæðanna, E-30 – E-40, voru metin samfara mati á umhverfisáhrifum háspennulína og virkjana.</p>
<p>„ Háspennulínur Fjallað er um núverandi stofnkerfi og þær línur sem verða lagðar um sveitarfélagið á skipulagstímabilinu. Að mati Umhverfisstofnunar mun lagning háspennulína frá Kröflu um Hólasand og Þeistareyki valda talsvert neikvæðu og óafturkræfu raski á Leirhnjúkshrauni og einnig talsvert neikvæð sjónræn áhrif á Þeistareyki og Hlíðarfjall. Einnig telur stofnunin mikilvægt að hverasvæðinu Hitur verði ekki raskað.“</p>	<p>Engin breyting <u>Rökstuðningur:</u> Háspennulínur aðalskipulagsins eru þær sömu og í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 16. janúar 2008.  (Að öðru leyti eiga Krafla-Hólasandur, Leirhnjúkshraun, Hlíðarfjall o.fl. ekki við aðalskipulag Þingeyjarsveitar, þau eru í Skútustaðahreppi).</p>

<p>„ Samgöngur Í umfjöllun um samgöngur kemur fram að varðandi tillögur um nýja brú yfir Skjálfandafliót sem er á Samgönguáætlun 2003 - 2014 hafa komið fram tveir kostir fyrir breytta legu norðausturvegar og brúarinnar. Valkostirnir gera ráð fyrir mismunandi staðsetningu brúarinnar og vegum að henni, en báðir kostirnir gera ráð fyrir að veglinur fari um náttúrulegan birkiskóg og gróið nútímahraun. Umhverfisstofnun bendir á að auk þess að njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd er það stefna íslenskra stjórnvalda að forðast: „eins og kostur er að skerða votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands“ (Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi að). Umhverfisstofnun tekur undir að báðir kostir eru slæmir hvað röskun á náttúruminum varðar, en stofnunin telur þó innri kost valda minni röskun.“</p>	<p>Engin breyting <b>Rökstuðningur:</b> Athugasemdir Umhverfisstofnunar miða við greinargerð í vinnslu, drög 11 / mars 2010. Í tillögu til auglýsingar / okt. 2010 eru bæði brúarstæði og veglinur óbreytt miðað við núverandi staðsetningu, aðeins er fjallað um aðra kosti til fróðleiks / til upplýsingar.</p>
<p>„ Göngu- og reiðleiðir Í umfjöllun um göngu- og reiðleiðir kemur fram að unnið sé að uppbyggingu göngu- og reiðleiða í sveitarfélaginu og einnig eru gamlar þjóðleiðir yfir fjöll og heiðar nýttar. Í viðauka V er greinargóð yfirferð yfir leiðirnar í sveitarfélaginu. Nú er þekkt að mótorkjól o.þ.h. farartæki eru að nýta göngu- og reiðleiðir sveitarfélagsins sem akstursleiðir. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að marka í skipulagstillögunni skýra stefnu um heimilar akstursleiðir vélknúinna ökutækja.“</p>	<p>Viðbót ( greinargerð bls. 77, Göngu- og reiðleiðir) <b>Ekki er gert ráð fyrir umferð vélknúinna faratækja á göngu- og reiðleiðum.</b></p>

UMSÖGN SKIPULAGSSTOFNUNAR UM UMHVERFISSKÝRSLU VEGNA TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010 – 2022  
( GREINARGERÐ TIL AUGLÝSINGAR / OKTÓBER 2010 ) SEM VAR SEND STOFNUNUM 27.10.2010  
- OG VIÐBRÖGÐ SVEITARSTJÓRNAR.

<p>„ Skipulagsstofnun hefur aðeins farið yfir umhverfisskýrslu (5. kafla greinargerðar) en mun fara yfir skipulagsgögnin að öðru leyti þegar málsmeðferð í héraði er lokið og skipulagið hefur borist stofnuninni með ósk um afgreiðslu til staðfestingar. Við endanlega samþykkt skipulagsáætlunarinnar þarf að liggja fyrir greinargerð sveitarstjórnar um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hlíðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningar tíma, sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana.“</p>	<p>Viðbót við viðauka I : „ Samantekt sbr. 9 gr. laga um umhverfismat áætlana .....“ &gt;&gt;&gt; sjá neðst bls. 128.</p>
<p>„ Umhverfismatið: Skipulagsstofnun ítrekar að í umhverfisskýrslu hefði átt að gera grein fyrir áhrifum stefnu um efnistöku á 41 svæði í sveitarfélaginu auk þess sem fram ætti að koma hvert áætlað efnismagn /umfang (m<sup>3</sup>) efnistöku á hverjum stað, s.s. árleg efnisvinnsla eða fyrirhuguð heildar vinnsla, til að unnt sé að meta hvort svæðin falli undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum.“</p>	<p>Þau málefni sem fjallað er um í umhverfisskýrslu eru þau sem sveitarstjórn valdi sérstaklega til umfjöllunar í umhverfismati. Eins og fram kemur í texta hafa svæði E-30 – E-40 nú þegar undirgengist mat á umhverfisáhrifum. Viðbót ( greinargerð bls. 70 - 71, efnistökusvæði ) <b>Breyting á texta – vegna eldri athugasemda Skipulagsstofnunar dags. 30. júlí 2010 og athugasemda Umhverfisstofnunar dags. 22 október 2010 – &gt;&gt;&gt; sjá bls. 124.</b></p>

<p>"<i>Vöktunaráætlun</i>: Í kafla 5.2.9 segir "Ekki er talin þörf á sérstökum mótvægisáðgerðum vegna framfylgdar aðalskipulagsins". En í kafla 5.2.7 segir að búast megi við neikvæðum áhrifum á landslag, náttúrufar og upplifun ferðafólks vegna stefnu um orkuvinnslu á Þeistareykjum og Gjástykki. Minnt er á að þegar einhverjir hlutar tillögu eru talin valda neikvæðum áhrifum þarf að setja fram vöktunaráætlun, s.s. vegna framkvæmda sem tengjast jarðhitanytingu á Þeistareykjum. Bent er á að gildandi svæðisskipulag háhitasvæðanna felur ekki í sér vöktunaráætlun heldur er vöktun verulegra áhrifa þar vísað til nánari útfærslu í aðalskipulagi."</p>	<p>Engin breyting &gt; Rökstuðningur: Í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 30.07.2010 sem stofnunin vísar til, segir: „... <u>gildandi svæðisskipulag</u> ... vísar vöktun verulegra áhrifa á <u>neðri skipulagsstig</u>.“ - Nú segir Skipulagsstofnun að í svæðisskipulaginu er: „... vöktun verulegra áhrifa þar vísað til nánari útfærslu í <u>aðalskipulagi</u>.“ Í svæðisskipulagi háhitasvæða segir hins vegar ekkert um að vöktun sé vísað til nánari útfærslu í aðalskipulagi. Ákvörðun um vöktun er vísað til nánari útfærslu á <u>siðari stigum</u> og hvað varðar vöktun vegna náttúrufars er vísað til vöktunar í mati á umhverfisáhrifum <u>framkvæmda</u>. Í svæðisskipulagi bls. 90 segir: „<u>Samkvæmt niðurstöðu umhverfismats er það háð útfærslu hver áhrif ætlunarinnar verða á náttúrufar, verði af framkvæmdum. Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda á siðari stigum mun verða greint frá hugsanlegum áhrifum framkvæmda á náttúrufar, hvort þörf verði á vöktun og hvað þá beri að vakta.</u>“ Í matsskýrslu um virkjun á Þeistareykjum er áformum um vöktun og eftirlit lýst. Þar stefnir framkvæmdaraðili að eftirliti með eftirfarandi þáttum: Eftirlit með jarðhitasvæðinu. / Eftirlit með breytingum á landi með vinnslu. / Eftirlit með lífríki. / Eftirlit með grunnvatni. / Eftirlit með frarénnslu. / Eftirlit með útstreymi jarðhitaloftegunda. / Eftirlit með hljóðstigi og fjölda ferðamanna.</p>
<p>"<i>Ferli, kynning og samráð</i>: Í kafla 5.1.6 segir "Umhverfisskýrsla verður send umsagnaraðilum og kynnt almenningi samhliða aðalskipulagsáætlun, sjá umfjöllun um málsmeðferð í viðauka 1". Viðauki 1 er óskrifður, en fram kemur að hann verði skrifður að loknum auglýsingartíma. Skipulagsstofnun ítrekar að upplýsingar um kynningu og samráð við lögbundnar samráðsaðila hefði átt að liggja fyrir áður en tillaga með umhverfisskýrslu var auglýst, enda eiga þeir sem kynna sér tillöguna á auglýsingartíma heimtingu á að fá að vita hvaða samráð hefur þegar farið fram."</p>	<p>Í texta aðalskipulagstillaganna / umhverfisskýrslunnar er ranglega vísað til viðauka 1 hvað varðar <u>kynning og samráð</u>. Um kynningu og samráð er grein í kafla 1.4, bls 9. Hér segir nú: <u>30. mars 2010 var tillaga að aðalskipulagi drög 11, með umhverfisskýrslu, kynnt nágrannasveitarfélögum* og send lögbodnum umsagnaraðilum** og Skipulagsstofnun til athugunar og umsagnar – og 14. apríl 2010 var haldinn almennur kynningarfundur í Stórutjarnaskóla þar sem tillagan var kynnt íbúum.</u> <u>*) Nágrannasveitarfélög: Ásahreppur, Eyjafjarðarsveit, Grytu-bakkahreppur, Norðurþing, Skaftárhreppur, Skútustaðahreppur og Svalbarðsstrandahreppur.</u> <u>** ) Umsagnaaðilar: Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit N-E, Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Náttúruverndarnefnd Þingeyinga, Norðurlandsskógur, Umhverfisstofnun, Vegagerðin og Skógrækt ríkisins.</u> <u>Svör bárust í apríl / maí frá Norðurþingi og frá öllum umsagnaaðilum nema Norðurlandsskógi og Umhverfisstofnun. (svör Umhverfisstofnunar bárust þó seinna, 22. október 2010).</u> <u>Umsagnir og athugasemdir gáfu tilefni til nokkurra breytinga og leiðréttinga, og var unnið að þeim breytingum í maí 2010.</u> [ Viðauki 1 var upphaflega ætlaður lokaafgreiðslu <u>eftir auglýsingu</u> en þar er nú gerð grein fyrir öllum athugasemdum frá almenningi og umsagnaaðilum – og afgreiðslu þeirra í sveitarstjórn.]</p>
<p>Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að sveitarstjórn þarf í greinargerð að rökstyðja stefnu sína um frestun skipulags á svæði svonefndrar Hrafnabjarga-virkjunar.</p>	<p>Viðbót (greinargerð bls. 64) Í kafla 4.7, iðnaðar- og athafnasvæði (bls. 64) segir nú m.a: „Eins og fram kemur í kafla 4.1, Framtíðarsyn og meginmarkmið, er það almenn stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enn frekar, en sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandaflljót. [ ... ] Í aðalskipulagi þessu er ekki skilgreint iðnaðarsvæði / orkuvinnslusvæði við Hrafnabjörg – eða svæði með blandaðri landnotkun (orkuvinnsla / almennt verndarsvæði) eins og gert er í svæðisskipulagi. Svæðið er skilgreint sem „skipulagi frestað“. Það er stefna sveitarfélagsins að óska eftir breytingu á svæðisskipulaginu sem feli í sér að iðnaðar-svæðið verði fellt burt. <u>Sveitarfélagið hefur lýst vilja sínum um að kanna möguleika á að þróa umrætt svæði fyrir jarðtengda ferðaþjónustu (Geo-t).</u></p>

ATHUGASEMDIR EINSTAKLINGA VIÐ AUGLÝSINGU TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022  
( GREINARGERÐ TIL AUGLÝSINGAR / OKTÓBER 2010 )  
SEM AUGLÝST VAR 27.10.2010.

Aðild / dags. athugasemda / efni athugasemda:	Viðbrögð:
<u>Aðalstein Már Þorsteinsson</u> / Hjalli [okt. 2010] Röng staðsetning Hjalla ( bæf og frístunadah.svæði )	Breyting ( á korti ) Bæf og frístunadahúsasvæði F-10 færft um 950 m til NNV
<u>Bergþóra Kristjánsdóttir</u> [10.12.2010] Vantar umfjöllun um sameiginleg beitarhólf	Engin breyting Er ekki aðalskipulagsmál: Í aðalskipulagi er fjallað um <u>landbúnaðarsvæði</u> (neðan 300 m.y.s.) „þar sem eiginlegur landbúnaðarrekstur fer fram“ og <u>óbyggð svæði</u> (ofan 300 m.y.s.) „sem eiga áfram að vera óbyggð og nýtast með hefðbundnum hætti, sem afréttur“. Beitarhólf / afgirt svæði rúmast innan þeirra svæða sem skilgreind eru í aðalskipulagi sem landbúnaðar-svæði og geta komið hvar sem er.
<u>Dagur Klemensson</u> / Ártún [05.12.2010] Fjarlægja efnistökusvæði í landi Ártúns	Breyting ( greinargerð bls. 71 og á korti ) Efnistökusvæði E-12 í landi Ártúns sleppt
<u>Gestur Helgason</u> / Fosshóll [08.12.2010] Vatnsból í landi Fosshóls – merkt V-07 á korti – er ekki til	Breyting ( greinargerð bls. 86 og á kortum ) Vatnsból í landi Fosshóls sleppt. Í staðin kemur: <u>V-07: Vatnsból Fosshóls í landi Rauðár.</u>
<u>Hólmfríður Aðalsteinsdóttir &amp; Skúli Þór Þornsteinsson</u> / Laugavellir [07.12.2010] Mótmæla því að hluti eignarlands jarðarinnar sé skilgreind sem íbúðarsvæði. (Norðan, austan og vestan við Tröð, Laugarbrekku og Norðurpóll).	Breyting ( á þéttbýlisuppdrætti ) Íbúðarsvæðið breytt aðeins þannig að mörk íbúðarsvæðis í norðri fylgja lóðarmörkum Traða, Laugarbrekku og Norðurpóls
<u>Jón Steingrímsson</u> / Laugafell [09.12.2010] a) " Laugafell er innan þess ramma sem teiknaður er sem fyrirhugað þéttbýlissvæði. Þetta er ekki í samræmi við framtíðarsýn mína á jarðnæði Laugafells. [ ... ] Óska ég eftir að þessu verði breytt þannig að land Laugafells verði áfram skilgreint sem landbún-aðar- og skógræktarsvæði en einnig sem ferða-þjónustusvæði. Mun ég leggja fram tillögu að nánara skipulagi jarðnæðisins innan tíðar." b) Athugasemd við að „sandplan“ beint niður af Littlu-Laugum er skilgreint sem íbúðarsvæði – ætti frekar að verða skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.	a) engin breyting Rök: <u>Þéttbýlissvæði</u> er samkvæmt Skipulagsreglugerð „þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra ...“ og miðað við þá skilgreiningu er Laugafell eðlilegur hluti þéttbýlissvæðisins á Laugum. En hugtakið þéttbýli á við afmörkun svæðis, innan þess er margs konar landnotkun og er lögbýlið Laugafell skilgreint sem <u>landbúnaðarsvæði</u> (þar sem skógrækt og ýmis starfsemi geta komið fyrir skv. aðalskipulaginu). Etv. afmörkun sérstaks verslunar- og þjónustusvæðis fyrir ferðaþjónustu getur farið fram seinna, en þá þarf að breyta aðalskipulaginu. b) engin breyting Það er álit skipulagsnefndar og sveitarstjórnar að halda skal svæðinu sem íbúðarsvæði.
<u>Kristján Guðmundsson &amp; Guðrún Emilía Höskuldsdóttir</u> / Öndólfssaðir [07.12.2010] Mótmæla að reiðleið sem sýnd er á skipulagsuppdrætti gegnum land Öndólfssaða verði tekin inn á aðalskipulag. Byggir ekki á neinum sögulegum rökum né hefð.	Breyting ( á kortum ) Leiðin fer aftur til suðurs eins og hún var áður sýnd á korti dags. mars 2010 / á kynningarfundum á Stórutjarnaskóla 14.04.2010. (Ekki er hægt að slíta reiðleiðakerfið í sundur).
<u>Kristján Ingvar Jóhannesson</u> / Hróarsstaðir [07.12.2010] Tillaga að textabreytingu varðandi Hróarstungu /	Leiðrétting ( greinargerð bls. 58 ) <u>F-19: Í landi Hróarsstaða eru 3-4 sumarhús á 7,0 ha stóru svæði nefnd Hróarstunga/Hafragil/Merkjagröf. Deiliskipulag er á svæðinu,</u>

frístundabyggð	
<b>Margrét Sólveig Snorradóttir</b> [08.12.2010] a) breyta ýmsum eyðibylum í lögbyli b) Hríflu 3 vantar inn á korti	a) leiðrétting á korti Breytt í lögbyli: Jarlsstaðir, Staðarfell, Fellsenda, Landamót, Finnsstaðir, Sigurðarstaðir, Víðiker og Halldórsstaðir í Reykjadal b) leiðrétting á korti Bætt við Hríflu 3 (vestan vegar).
<b>Ólafur H. Jónsson</b> , f.h. Reykjahlíðar [10.11.2010] Mótmælir heimild Þingeyjarsveitar til að taka land-svæði við Gjástykki til skipulagsmeðferðar. Það tekur til lands Reykjahlíðar, en ágreiningur er um landamerki við Gjástykki	Engin breyting Rök: Málið er að hluta til dómsmál – og sveitarfélagsmörk eru ekki háð etv. ágreiningi um landamerki.
<b>Reynir Baldur Ingvarsson</b> / Brekka [10.12.2010] Óskar eftir að ferðaþjónustusvæði við Brekku austan við íbúðarsvæðið Brekkutún komi inn á aðalskipulag. (tillaga að deiliskipulagi er til á svæðinu)	Viðbót (greinargerð bls. 55 og á korti) <b>V-04: Ferðaþjónusta við Brekku í Aðaldal:</b> Hér eru nú þrjú hús til ferðaþjónustu. Skv. deiliskipulagi í vinnslu er gert ráð fyrir sex húsum til viðbótar og þar að auki tjaldsvæði með ýmsum þjónustuhúsum. Íbúðarhúsið í Brekku og gömul útihús eru á svæðinu og verða einnig að hluta til nýtt í ferðaþjónustu. > Í aðalskipulagi er um 10,0 ha stórt svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.
<b>Sigríður Sigurðardóttir</b> , f.h. Gæsavatnafélagsins [08.12.2010] Umfjöllun um Gæsavatnaskála	Viðbót (greinargerð bls. 59 og á korti) <b>S-14 Gæsavatnaskáli við Gæsavötn</b> (einnig er fjallað um Gæsavatnaskála í ath. Umhverfisstofnunar)
<b>Sigurður Örn Haraldsson</b> / Jaðar [07.12.2010] a) sameiginlegt vatnsból er á Fljótshéið b) gangnamannakofarnir Blómsturvellir og í Sandmúladal eiga að koma á aðalskipulagi	a) viðbót (greinargerð bls. 87) <b>Vatnsból ofarlega í Fljótshéiði þjónar Einarstöðum, Jaðri, Hlíðarholti o.fl.</b> b) viðbót (greinargerð bls. 59 og á kortum) <b>S-10 Gangnamannakofi(rust) í Sandmúladal norðanverðum, og S-12 Blómsturvellir í Öxnadal,</b>
<b>Sigurður Hermansson</b> / Hróarstunga [07.12.2010] Svæði fyrir frístundabyggð í landi Hróarsstaða	Viðbót (greinargerð bls 58 samt fjarlæggt aðeins á bls 59) <b>F-20: Í landi Hróarsstaða eru einnig 3 sumarhús á 11 ha stóru svæði sunnan Systragils.</b> > Í aðalskipulagi er 11 ha stórt svæði skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Svæðinu verður skipt í fimm hluta og gert er ráð fyrir amk. einum sumarbústað á hverjum hluta. Fjöldi húsa og stærð einstakra lóða skal útfært í deiliskipulagi.

#### Samantekt sbr. 9 gr. laga um umhverfismat áætlana

Eins og fram kemur í kafla 5.1.6 var ákveðið að nýta vinnulag umhverfismats áætlana til stefnumótunar um landnotkun á völdum svæðum sem hafa að geyma náttúruauðlindir, sem ekki hafi verið mótuð stefna um með friðlýsingu eða annari vernd. Þau svæði sem tekin voru fyrir voru: Gott landbúnaðarland (ræktað land), Flatey, Skjalfandaflljót og Náttfaravíkur-Flateyjardalur. Við stefnumótun á þessum svæðum var tekið tillit til umhverfissjónarmiða eins og greint er frá í kafla 5.2. Horft var til áhrifa mismunandi stefnumörkunar á svæðinu á umhverfispættina: Auðlindir, byggðaðþróun og heilnæmt umhverfi.

Eins og greint er frá í viðaukanum hér á undan gáfu athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma ekki tilefni til lagfæringa á texta umhverfisskýrslu með tilliti til umhverfissjónarmiða nema hvað varðar kafla 5.2.9, vöktun. Þar er nánar kveðið á um vöktun og tilgreindir þeir þættir sem gert er ráð fyrir að verði vaktadír sérstaklega.

## VIÐAUKI II:

### HEIMILDASKRÁ

#### ALMENNT:

Lagasafn, Alþingi.  
( [www.althingi.is](http://www.althingi.is) )

Fasteignaskrá Íslands (áður fasteignamat ríkisins)  
( [www.fmr.is](http://www.fmr.is) )

Hagstofa Íslands: Íbúapróun Þingeyjarsveitar o.fl.  
( [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) )

Vegagerðin: Vegflokkur og umferðatöl  
( [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) )

Veðurstofa Íslands: Veðurfar og náttúruvá  
( [www.vedur.is](http://www.vedur.is) )

Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins: Jarðvegsrof  
( [www.rala.is/kvasir](http://www.rala.is/kvasir) )

#### LÖG, REGLUGERÐAR, LEIÐBEININGAR O.FL.:

Skipulags- og byggingarlög – nr. 73 / 1997

Lög um mat á umhverfisáhrifum – nr. 106 / 2000

Lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana – nr. 105 / 2006

Skipulagsreglugerð – nr. 400 / 1998.  
( Umhverfissráðuneytið, júní 1998 )

Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags.  
( Skipulagsstofnun, nóv. 2003 )

Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.  
( Skipulagsstofnun, apr. 2007 )

Lög um náttúruvernd – nr. 44 / 1999

Lög um húsafríðun – nr. 104 / 2001

Þjóðminjalög – nr. 107 / 2001

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu –  
nr. 97 / 2004

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns – nr 796 / 1999

Reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð – nr. 608 / 2008

#### SKIPULAG:

*Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.*  
( Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjar-  
sýslum, unnið af V GK-hönnun hf., Náttúrustofu Norðaustur-  
lands og Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar  
ehf., nóvember 2007 )

*Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015.*  
( Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands,  
unnið af Landmotun ehf. Umhverfissráðuneytið og Skipulags-  
stofnun, 1999 og 2005 )

*Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018.*  
Samvinnunefnd um svæðisskipulag, unnið af TBB-VST, maí  
2002. – Ath: felt úr gildi.

*Tillaga að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga.*  
( Norðurlandsskógur / Þróstur Eysteinnsson o.fl. / Akureyri,  
feb. 2005 ). Ath: ekki samþykkt.

*Aðalskipulag fyrir sveitarfélagið Húsavíkurbæ árin 2005–2025*  
( Unnið fyrir Húsavíkurbæ af Tækniþingi ehf., apríl 2006 )

*Þéttbýliskjarna í Aðaldælahreppi.*  
staðfest 25. nóv. 1991  
( skipulag unnið af Skúla Nordahl, arkitekt )

#### FORNLEIFAR OG FRÍÐUN:

*Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal.*  
*Svæðisskráning.*  
( Fornleifastofnun Íslands 2001 / Hildur Gestsdóttir & Sædis  
Gunnarsdóttir / FS129-00111 )

*Menningarminjar í Hálshreppi. Svæðisskráning*  
( Fornleifastofnun Íslands 2002 / Birna Lárusdóttir & Guðrún  
Alda Gísladóttir / FS2165-01031 )

*Þeistareykir í Suður-Þingeyjarsýslu, fornleifakönnun.*  
( Fornleifastofnun Íslands 2001 / Orri Vésteinsson /  
FS151-01161 )

*Fornleifaskráning á Narfastöðum í Reykjadal.*  
( Fornleifastofnun Íslands 2005 / Birna Lárusdóttir & Elín Ósk  
Hreiðarsdóttir / FS261-04151 )

*Fornleifaskráning í Þeistareykjalandi.*  
( Fornleifastofnun Íslands 2006 / Orri Vésteinsson /  
FS326-05211 )

*Fornleifaskráning á Rauðuskriðu og hjáleigum*  
( Fornleifastofnun Íslands 2006 / Elín Ósk Hreiðarsdóttir /  
FS332-05211 )

*Fornleifaskráning á Þegjandadal 2005-200.*  
( Fornleifastofnun Íslands 2007 / Elín Ósk Hreiðarsdóttir /  
FS344-05122 )

*Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línustæði og orkuvinnslustöðvar. Krafla Gjástykki, Þeistareykir, Bakki* ( Fornleifastofnun Íslands 2007 / Uggi Ævarsson / FS 366-07211 )

*Forn Garðlög í Suður Þingeyjarsýslu / A system of earthworks in NE Iceland* ( Fornleifastofnun Íslands 2007 / Oscar Aldred, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Birna Lárusdóttir / FS349-04263 )

*Fornleifaskráning í Þingeyjarsveit.* ( Bergsteinsson, S. / Akureyri 2006 ).

*Friðuð hús og varðveisluverð í Þingeyjarsveit* ( Húsafríðunarnefnd Ríkisins / Reykjavík 2006 )

*Náttúruminjaskrá. 7. útgáfa.* ( Náttúruverndarráð, 1996 )

*Skrá um friðlýstar fornleifar* ( Fornleifavernd ríkisins, 1990 )

*Válisti plantna* ( Náttúrufræðistofnun Íslands / Á. Ingadóttir. Reykjavík 1996 )

*Válisti fugla í Þingeyjarsveit* ( E. Ó. Þorleifsson. Reykjavík 2006 )

#### ALMENNT, SVÆÐISUPPLÝSINGAR:

*Árbók ferðafélag Íslands – 1969, 1978 o.fl.*

*Árbók Þingeyinga – árið 2000 o.fl.* ( Ritsstj: Guðni Halldórsson og Sigurjón Jóhannesson / 2001 o.fl. )

*Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985 / 2005* ( Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga, 1996 / 2006 )

*Ferðamál í Þingeyjarsýslum* ( Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga 2004 )

*Flokkun vatna á Norðurlandi eystra, Fnjóská, Skjálfafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu* ( Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra, unnið af Háskólasetrið í Hveragerði mars 2006 )

*Jarðfræðikort af Íslandi. 1:500.000. Berggrunnur.* ( Jóhannesson, H. og K. Sæmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík 1998 ).

*Landið þitt Ísland.* ( Jóseppson, O. og S. Steindórsson. Bókauktgáfan Örn og Örlygur. Reykjavík 1981 )

*Myndun og mótun lands.* ( Einarsson, O. Mál og menning. Reykjavík 1994. )

*Mývatn, Landslag.* ( Náttúrufræðistofnun Íslands við Mývatn, 2006 ).  
*Náttúra Mývatns*

( Gíslason, G. M., A. Garðarsson and Á. Einarsson. Hið íslenska náttúrufræðifélag. Reykjavík 1991 )

*Sáðmenn sandanna – Saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007* ( Friðrik Olgeirsson / Landgræðsla ríkisins 2007 )

*Vegahandbókin.* ( Hálfðánarson, Ö., J. Hálfðánarson, et al. Bókauktgáfan Örn og Örlygur. Reykjavík 1998 )

*Velkomin í Þingeyjarsveit.* ( Reynisson, J. G. og Anna M. Þórhallsdóttir / Sveitarfélagið Þingeyjarsveit 2002 ).

*Yfirlit um örnefnaskráningu í Þingeyjarsveit.* ( Örnefnastofnun / J. Hafsteinsdóttir. Kópavogur 2005 )

*Þjóðsögur við þjóðveginn.* ( Hjálmarsson, J. R. Almenna bókafélagið. Reykjavík 2000 )

*Um jarðfræði Þingeyjarsveitar.* ( Þorleifsdóttir, Á., K. Þorleifsdóttir. Reykjavík 2006 )

#### MATSÁÆTLANIR O.F.L.:

Landsnet, 2008 Háspennulínur (220kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Þingeyjarsveit og Norðurþing. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Unnið af VGK-Hönnun hf.

Mannvit, 2008. Orkuflutningsmannvirki frá Kröflu til Húsavíkur. Jarðfræði, efnistökuáætlun og verndargildi jarðmyndanna. Drög dags 08.07.2008. Unnið fyrir Landsnet.

Stapi jarðfræðistofa, 2008. Reykjaheiði – Þeistareykir. Hugsanlegar námur fyrir vegi og borplön. Greinargerð ÓBS/08-09 Drög dags. 4. júlí 2007. Unnið fyrir Þeistareyki ehf.

Þeistareykir ehf., 2008. Þeistareykjavirkjun. Allt að 150 MW<sub>e</sub> jarðhitavirkjun í Aðaldælahreppi og Norðurþingi. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Unnið af VGK-Hönnun hf.

Hönnun ehf., 2003. Laxárstöðvar. Hækkun stíflu og myndun inntakslóns ofan laxárstöðva. Mat á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun. Landsvirkjun, Hönnun ehf. Reykjavík 2006.

#### HEIMILDIR UMHVERFISSKÝRSLU:

Aðaldælahreppur, óbirt. Tillaga að Aðalskipulagi Aðaldælahrepps 2008-2028.

Háskólasetrið í Hveragerði, 2006. Flokkun vatna á Norðurlandi eystra, Fnjóská, Skjálfafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu. Unnið fyrir Heilbrigðiseftirlit norðurlands eystra.

Jarðalög nr. 81/1994.

Landbúnaðarráðuneyti 2005. Þjóðjarðir. Greinargerð og tillögur. Lagðar fyrir landbúnaðarráðherra.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Lög um vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007.

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004.

Mannvit, 2008a. Fyrirhuguð efnistökusvæði í Þingeyjarsveit vegna Þeistareykjavirkjunar og Þeistareykjavegar. Minnisblað dags. 17.11.2008. Unnið fyrir Þeistareyki ehf.

Mannvit, 2008b. Krafla/Húsavík. Orkuflutningsmannvirki, Þingeyjarsveit, fyrirhuguð efnistökusvæði. Minnisblað dags. 25.11.2008. Unnið fyrir Landsnet.

Mannvit, 2008c. Fyrirhuguð efnistökusvæði vegna rannsókna í Gjástykki. Minnisblað dags. 22.12.2008. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Náttúruverndarráð, 1997. Náttúruminjaskrá. 6. útgáfa.

Reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008.

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands. Miðhálandis Íslands, svæðisskipulag 2015.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Skipulagsstofnun (2006). Jarðgöng undir Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit.

Skógræktarfélag Íslands. Skógrækt í sátt við umhverfið. Leiðbeiningar um nýræktun skóga. Sótt af: <http://www.skog.is/leidbeiningar.htm> í janúar 2008. (LSÍ)

Skógrækt ríkisins og Skiplagsstofnun, 2008. Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga.

Stjórnartíðindi B, nr. 30/1977. Auglýsing um friðlýsingu við Vestmannsvatn, Suður-Þingeyjarsýslu.

Umhverfisráðuneytið, 2006 Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009. (VTF)

Umhverfisstofnun, 2003. Náttúruverndaráætlun 2004–2008 Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.

Þingeyjarsveit, óbirt. Drög að stefnumótun fyrir Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2008-2020. dags 30.05.

Þingsályktun um friðun alls vatnasviðs Skjálfandafliðs. Tillaga.

Þingsályktun um Náttúruverndaráætlun 2004-2008

Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Tillaga.

Þingsályktun um samgönguáætlun 2007-2010.

Þingsályktun um samgönguáætlun 2003-2014.

Þingsályktun um samgönguáætlun 2007-2018. Tillaga.

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

## VIÐAUKI III:

### 1. OG 2. GREIN VIÐAUKI LAGA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

#### 1. viðauki:

Framkvæmdir sem ávallt eru háðar  
mati á umhverfisáhrifum.

1. Oluhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurólíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.

2. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.

3. Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar (kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar öll kjarnakleyf efni og önnur geislaefni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum) eru rifin niður eða tekin úr notkun (nema rannsóknastöðvar með yfir 1 kW heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarna-kleyfum efnunum og tímgunarefnum).

4. Stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin. Stöðvar til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyfra efna, til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs, til endanlegrar geymslu á geisluðum kjarnakleyfum efnunum, eingöngu til endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi eða eingöngu til geymslu (til meira en tíu ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnunum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.

5. Verksmiðjur þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbræðsla á málum.

6. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu úr asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af fullnum vörum, fyrir núningsþolin efni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.

7. Efnaverksmiðjur sem framleiða:

- i. lífrænt hráefni,
- ii. ólífrænt hráefni,
- iii. áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur),
- iv. grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða,
- v. grunnljávjavörur með efnafræðilegum og lífræðilegum aðferðum,
- vi. sprengiefni.

8. Lagning járnbrauta um langar vegalengdir.

9. Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.

10. i. Stofnbrautir í þéttbýli.

ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.

11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærra en 1.350 tonn geta siglt um.

12. Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnunum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.

13. Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir m<sup>3</sup> eða meira.

14. Veita vatnsforða milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónir m<sup>3</sup> á ári. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.

15. Skolphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.

16. Vinnsla á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 m<sup>3</sup> af jarðgasi á dag.

17. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfaravegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km<sup>2</sup> lands eða meira fara undir vatn eða rúmtak vatns er meira en 10 milljónir m<sup>3</sup>.

18. Leiðslur sem eru 1 km eða lengri og 50 sm í þvermál eða meira til flutnings á gasi eða vökvum sem eru eldfimur eða hættulegir umhverfi.

19. Stöðvar þar sem fram fer þaueldi alifugla og svína með:

- i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,
- ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
- iii. 900 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

20. Verksmiðjur:

- i. sem framleiða pappírseig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum,
- ii. sem framleiða pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.

21. Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri.

22. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærra. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærra og eru 20 km eða lengri.

23. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með 50.000 m<sup>3</sup> geymslugetu eða meira.

24. Fiskimjols- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

25. Framkvæmdir á grunnvirkjum:

- i. Iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 50 ha.
- ii. Bygging verslunarmiðstöðva stærra en 40.000 m<sup>2</sup> og bygging bilastæðahúsa fyrir fleiri en 1.400 stæði.

## 2. viðauki.

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilvik með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, (sbr. 3. viðauka).

### 1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:

- a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
  - b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýtt landbúnað.
  - c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræslu-framkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.
  - d. Nyræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúru-legum skógi.
  - e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum. f. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:
    - i. 40.000 stæði fyrir kjúklinga eða hænur,
    - ii. 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
    - iii. 750 stæði fyrir gyltur eða fleiri.
- Stöðvar þar sem fram fer þauleldi búfjár á verndarsvæðum.
- g. Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.
  - h. Endurheimt lands frá hafi.

### 2. Námuiðnaður:

- a. Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m<sup>2</sup>.
- b. Neðanjarðarnámur.
- c. Djúpbörin, einkum:
  - i. borin á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum,
  - ii. borin eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni,
  - iii. borin fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,
  - iv. borin eftir neysluvatni miðað við 2 milljóna m<sup>3</sup> ársnotkun eða meiri,
  - v. að frátalinni borin til að kanna stöðugleika jarðvegs.
- d. Jarðvarmavirkjanir ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbikslair.

### 3. Orkuiðnaður:

- a. Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira og varmvinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.
- b. Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stökk; flutningur á raforku með loftlínunum á verndarsvæðum; og sæstrengir.
- c. Geymsla jarðgass á verndarsvæðum.
- d. Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi á verndarsvæðum.
- e. Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar á verndarsvæðum.

- f. Gerð tafna úr kolum og brúnkolum.
- g. Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi.
- h. Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira.

### 4. Framleiðsla og vinnsla málma:

- a. Stöðvar til framleiðslu á 20 tonnum á dag eða meira af steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.
  - b. Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málum:
    - i. heitvölsunarstöðvar,
    - ii. smiðjur með hömrin,
    - iii. varnarhúðun með bræddum málum.
  - c. Málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma.
  - d. Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málum öðrum en góðmálum, einnig endurheimtum vörum (hreinun, steypa í steypu-smiðjum o.s.frv.).
  - e. Stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofan jarðar með rafgreiningar- og efnaaðferð.
  - f. Framleiðsla og samsetning vélkúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.
  - g. Stálskipasmiðastöðvar.
  - h. Stöðvar sem eru 1 ha að stærð eða meira til smíða og viðgerða á loftföllum.
  - i. Framleiðsla á járnbrautabúnaði.
  - j. Málmótun með sprengiefnum.
  - k. Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.

### 5. Steinefnaíðnaður:

- a. Koxofnar (þurreiming kola).
- b. Sementsverksmiðjur.
- c. Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum.
- d. Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.
- e. Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.
- f. Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, svo sem þakflisum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísam, leirmunum eða postulíni, 75 tonn á dag eða meira eða rúmtak ofns er 4 m<sup>3</sup> eða meira.

### 6. Efnaiðnaður:

- a. Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna.
- b. Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakk, gúmmilíki og peroxíðum.
- c. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemísk efni á verndarsvæðum.

### 7. Matvælaíðnaður:

- a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum á verndarsvæðum.
- b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira á verndarsvæðum.
- c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira á verndarsvæðum.
- d. Öl- og maltgerð á verndarsvæðum.
- e. Framleiðsla á sætindum og sírópi á verndarsvæðum.
- f. Sláturhús á verndarsvæðum.
- g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu á verndarsvæðum.
- h. Fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri.
- i. Sykurverksmiðjur á verndarsvæðum.

#### 8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnaður:

- a. Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa.
- b. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna.
- c. Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinum.
- d. Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á sellulósa.

#### 9. Gúmmíiðnaður:

Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmilíki.

#### 10. Framkvæmdir á grunnvirkjum:

- a. Bygging á járnbrauta og samgöngumiðstöðva.
- b. Flugvellir með stuttri en 2.100 m langa meginflugbraut.
- c. Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Hafnir utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
- d. Byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir og gerð skipaskurða og fráveituskurða.
- e. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum.
- f. Járnbrautir, sporvagnar, lestir í lofti og neðan jarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.
- g. Leiðslur til flutnings á olíu og gasi á verndar-svæðum.
- h. Vatnsleiðslur utan þéttbýlis 10 km eða lengri og grafnar niður.
- i. Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.
- j. Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns.
- k. Mannvirki til að færa vatnslindir milli vatnasvæða.

#### 11. Aðrar framkvæmdir:

- a. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.
- b. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður.
- c. Skolphreinsistöðvar á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá.
- d. Förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum.
- e. Geymsla brotajárns, þar með taldir bílar, sem er að magni 1.500 tonn á ári eða meira.
- f. Prófunaraðstaða fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.
- g. Stöðvar sem framleiða manngerðar steinefnatrefjar.
- h. Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.
- i. Förgun sláturúrgangs.
- j. Endurvinnslustöðvar.
- k. Snjóflóðavarnargarðar til varnar þéttbýli.

#### 12. Ferðalög og tómstundir:

- a. Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum.
- b. Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.
- c. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi.
- d. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi.
- e. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða

stærri.

- f. Skemmtigarðar sem ná yfir a.m.k. 2 ha svæði.

#### 13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sbr. 1. og 2. viðauka.

- a. Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.
- b. Framkvæmdir skv. 1. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár

## VIÐAUKI IV:

### DRÖG ÚR SVÆÐISSKIPULAGI HÁHITASVÆÐA, - LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ (BLS 46-48)

## 3.2 LEIÐARLJÓS

Í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum skal lögð áhersla á sjálfbæra orkuöflun og að við virkjun og mannvirkjagerð alla verði tekið tillit til umhverfis og landslags, sjónarmiða um náttúruvernd og útivistargildi svæðisins svo og samfélagslegs ávinnings og hagkvæmni í orkuvinnslu.

## 3.3 MEGINMARKMIÐ

### 3.3.1 NÁTTÚRUVERND

- Við alla mannvirkjagerð og framkvæmdir skal taka mið af sérstöðu svæðisins og þess gætt að ekki verði raskað sérstökum jarðmyndunum eða náttúruminum, fágætum tegundum dýra og plantna og búsvæðum þeirra.
- Þess skal gætt að viðhalda landslagsheildum eins og framast er kostur.
- Í áætluninni verði afmörkuð hverfisverndarsvæði með skilgreindum ákvæðum um náttúruvernd og reglum fyrir mannvirkjagerð þar sem hún verður heimil. Einnig verði afmörkuð hverfisverndarsvæði sem ekki verður heimilt að raska með mannvirkjagerð.
- Við mat á umhverfisáhrifum einstakra þátta eða framkvæmda skal taka mið af svæðinu öllu og heildarumfangi hugsanlegra framkvæmda eftir því sem við á til þess að tryggja yfirsýn og samhengi.

### 3.3.2 MINJAVERND

- Fullt tillit skal tekið til minjastaða, fornra þjóðleiða og annarra fornleifa á svæðinu. Forðast skal eftir fongum að þeim eða næsta nágrenni þeirra verði raskað. Við undirbúning framkvæmda, sem kunna að hafa áhrif á fornleifar, skal haft samráð við Fornleifavernd ríkisins.

### 3.3.3 MANNVIRKJAGERÐ

- Taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við orkuvinnslu á svæðinu. Þess skal gætt að framkvæmdir gangi ekki á sérkenni þess.
- Stefnt er að orkuvinnslu á fjórum svæðum, við Bjarnarflag, Kröflu, á Þeistareykjum og í Gjástykki.
- Gjástykki verður aftast í framkvæmdaröð virkjana á skipulagssvæðinu. Í fyrstu verður lögð áhersla á rannsóknir þar, þ.m.t. rannsóknarboranir. Ekki verður virkjað í Gjástykki nema hin svæðin gefi ekki nægjanlega orku fyrir starfsemi og atvinnuuppbyggingu á skipulagssvæðinu.
- Leggja skal ríka áherslu á vandaða hönnun og frágang allra mannvirkja og taka mið af landslagi, náttúruferi og hagsmunum annarra atvinnugreina, m.a. hefðbundins landbúnaðar á svæðinu.

- Með undirbúningsrannsóknum verði leitað lausna sem miða að því að orkuvinnsla á svæðinu verði möguleg án þess að skerða svæði, náttúruferirbrigði, beitiönd eða landslagsheildir sem eru verðmæt út frá útivistar-, náttúruverndar- og landbúnaðarsjónarmiðum.
- Stefna skal að því að borholur verði sem mest á borteigum (tvær eða fleiri holur á sama plani) til þess að röskun lands verði í lágmarki. Vegagerð að borteigum verði hagað þannig að vegstæði nýtist sem lagnaleið.
- Gert verði ráð fyrir hitaveitulögn meðfram vegi frá Þeistareykjum að Húsavík.
- Staðsetning stöðvarhúsa og annarra mannvirkja skal taka mið af umhverfi, landslagi og annarri landnotkun. Vanda skal til útlitshönnunar bygginga og allra mannvirkja.
- Þess skal gætt að yfirborði hverasvæða verði ekki raskað með mannvirkjagerð umfram það sem orðið er. Á uppdrætti skal marka fjarlægð nýrra mannvirkja frá hverum og hverasvæðum með það að markmiði að þau hafi ekki áhrif á nánasta umhverfi þeirra.
- Við efnistöku skal gæta umhverfissjónarmiða sérstaklega. Nýta skal eftir fongum þær námur sem þegar eru opnar þar sem aðstæður leyfa.
- Með samþættingu ólíkra mannvirkja (t.d. vega og lína eða vega og lagna) verði leitast við að halda umfangi neikvæðra umhverfisáhrifa í lágmarki og takmarka þau við ákveðnar og fáar leiðir. Stefna ber að því að háspennulínur liggja í meginatriðum meðfram eða í námunda við aðalvegi.

### 3.3.4 SAMGÖNGUR

- Greið leið verði tryggð milli virkjana og áfangastaða (Krafla – Gjástykki – Þeistareykir – Húsavík) með heilsársvegi. Finna þarf hagkvæma leið á milli staða en jafnframt taka tillit til landslags, staðhátta og annarra mannvirkja (línur og lagnir). Núverandi vegir verði nýttir eftir því sem kostur er í því skyni. Skilgreindir verði þeir vegir aðrir, sem verða opnir almennri umferð.
- Huga þarf að merkingu og nýtingu fornra þjóðleiða og gamalla vega og smalaslóða m.a. fyrir reiðleiðir og gönguleiðir.

### 3.3.5 FERÐAÞJÓNUSTA OG ÚTIVIST

- Á þessu stigi er ekki stefnt að uppbyggingu meiri háttar aðstöðu fyrir ferðamenn og ferðaþjónustu inni á því skipulagssvæði sem afmarkað er sérstaklega. Miðað verði við að þjónusta verði fyrst og fremst við jaðra þess, á Húsavík, í Ásbyrgi og við Mývatn.
- Komið verði fyrir upplýsingaspjöldum og helstu áfangastaðir ferðamanna gerðir aðgengilegir með viðeigandi hætti.
- Í orkumannvirkjum verði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir þá þjónustu sem nauðsynlegt verður talið að gera ráð fyrir á svæðinu s.s. hreinlætisaðstöðu og sorphirðu. Með því verði stuðlað að því að aukin umferð í kjölfar framkvæmdanna valdi ekki skaða á umhverfi og náttúru.
- Áhersla verði lögð á sögu og menningarminjar þegar svæðið verður aðgengilegra sem útivistarland. Í því sambandi má nefna brennisteinsvinnslu og búsetu um aldir á Þeistareykjum.

### 3.3.6 HEFÐBUNDNAR NYTJAR OG LANDGRÆÐSLA

- Hefðbundnar nytjar verða áfram á svæðinu (afréttir, veiðilönd) og skal þess gætt að mannvirki takmarki þær ekki.
- Landgræðsla verður heimil innan skipulagssvæðisins þar sem hennar kann að vera þörf.

## VIÐAUKI V:

### HELSTU GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR

Nýlega var gefin út kort með göngu- og reiðleiðum í Þingeyjar- sveit (Atvinnuþróunarnefnd Þingeyinga, 2006) og byggir eftir- farandi listi á því korti, þó það sé ekki tæmandi talning:

#### Gönguleiðir

1. *Akrar – Vestmannsvatn*: Vinsælt er að ganga upp frá Ökrum í Reykjadal, gegnum skógivaxna austurhlíðina að Vestmannsvatni. Auðveld ganga.
2. *Sörlastaðir - Stóruvellir*: Farið er upp hjá Sörlastöðum í Fnjóskadal, um Hellugnúpsskarð, suðaustur um Eyjadal, komið niður við Stóruvelli í Bárðardal. Góð reiðleið 2-3 klst. Leiðin er vörðuð. Hækkun um 200m. Áður talsvert farin. Auðveld ganga.
3. *Hálshnjúkur*: 627 m há. Farið er upp úr Vaglaskógi, hjá Efri-Vöglum. Stíkuð leið. Þaðan er stórkostlegt útsýni. Auðveld ganga.
4. *Gönguskarð-ytra*: er skarð eða dalskora (hæst 486 m.y.s.) sem gengur í gegnum fjallgarðinn milli Fnjóskadals og Kinnar og norðar en Ljósavatnsskarð. Um Gönguskarð var stundum farið gangandi eða með hesta en það er nú að mestu aflagt (Jósepsson, Steindórssón et al. 1980). Gengið er upp frá Ytra-Hóli í norðanverðu Fnjóskadal og komið niður við Háls í Kinn. Hækkun 200m. Auðveld leið.
5. *Flateyjardalur – Náttfaravíkur*: Farið er upp úr Flateyjardal með Stórskríðubotnum, um skarð norðan Skálavíkurhnjúks. Stíkuð leið í Naustavík, um Vargsnes. Hækkun um 700m.
6. *Bakrangi*: Fjall yst í Kinnarfjöllum, 702m yfir sjávarmáli, við Skjálfandaflóa vestanverðan. Austurhlíð Bakranga kallast hins vegar Ógöngufjall en af sjó er það kallað Galti. Hægt er að ganga á fjallið frá Nípá, tekur u.þ.b. 2-3 klst. Frekar erfið leið en gífurlegt útsýni þegar upp er komið.
7. *Níparfossar*: Frá Nípá í Köldukinn er gönguleið að Níparfoss, fallegum smáfoss. Gengið er sunnan megin Nípar. Frekar auðveld leið, ca 1 klst gangur.
8. *Fosssel*: Eyðibýli í Fljótsheiði allan norðan vegar. Þar er mikið skóglendi nú friðað af Skógræktarfélagi Þingeyinga. Þaðan er fagurt útsýni yfir Þingey, Skipapoll, Ullarfoss og eyrar og kvíslar Skjálfandaflljóts. Hægt er að ganga frá Vaði um Fosselsskóg að Fosshóli og tekur gangan 4-5 klst. Frekar auðveld leið.
9. *Barnafell*: Hægt er að ganga eftir vegaslóða frá Fremstafelli norður í Barnafell, austan megin Kinnarfells, að Barnafossi í Skjálfandaflljóti. Auðveld leið, um 2ja klst. gangur.
10. *Ljósavatn*: Falleg gönguleið er í kringum vatnið en hægt er að ganga gamla vegarhlóða sem eru sinn hvorum megin vatnsins. Auðveld leið, um 2ja klst. gangur.
11. *Sexhólagil*: Sexhólagil er um 2-3 km sunnan við bæinn Stóruvelli í Bárðardal. Er hægt að ganga þar upp með giliu norðanverðu. Skemmtileg leið þar sem fjölbreytt gróðurfar er að finna. Gangan upp gilið tekur u.þ.b. hálf klst.
12. *Kálfborg*: Kálfborg nefnist sérkennileg klettaborg úr stuðlabergi skammt norðan við eyðibýlið Brenniás á vestanverðri Fljótsheiði. Hægt er að ganga að Kálfborginni frá Arndísarstöðum í Bárðardal, upp gamla Akureyrarveg svokallaðan, og suður eftir heiðinni. Leiðin að Kálfborg er u.þ.b. tveggja klst. gangur en ekki þarf að labba nema í tæpa klst. í viðbót til að komast að Brenniási.
13. *Halldórsstaðir – Vestmannsvatn*: Vinsælt er að ganga frá Halldórsstöðum í Reykjadal, gegnum skógivaxna austurhlíðina að Vestmannsvatni. Auðveld ganga.
14. *Hvítafell*: Hægt er að ganga á Hvítafell beint upp af Laugaskóla. Gangan tekur um eina og hálf til tvær klst. Frekar auðveld ganga en þó vel upp í móti.
15. *Hólaland*: Mjög vinsælt er að ganga meðfram Reykjadalssánni og um jarðmyndanir í Hólalandi. Auðveld ganga.
16. *Narfastaðasel*: Frá Narfastöðum í Reykjadal er fremur torfær en skemmtileg leið að rústum Narfastaðarsels.
17. *Laxárdalur*: Gönguleið er frá Hofsstöðum í Mývatnssveit að Ljótstöðum í Laxárdal. Farið er norður frá Hofsstöðum meðfram Laxá austanmegin, yfir brúna við Brettingsstaði og svo vestanmegin ár að Ljótstöðum. Mjög falleg leið meðfram ánni, fallegur gróður og hraunmyndanir. Einnig er hægt að ganga vegaslóða sem liggur frá Máskoti í Reykjadal yfir Laxárheiði að Ljótstöðum. Báðar þessar leiðir eru auðveldar yfirferðar (Þingeyjarsveit 2006).

Gönguleiðir sem sýndar eru á Svæðisskipulagi Miðhálandisins eru fyrst og fremst aðalgönguleiðir sem m.a. tengja saman byggðarlög eða merka ferðamannastaði á Miðhálandinu. Á mörgum aðalgönguleiðum eru gönguskálar en gert er ráð fyrir að þeim muni fjölga meðfram helstu gönguleiðum t.d. gönguleið úr Vonarskarði norður í Bárðardal með drögum Skjálfandaflljóts til byggða við Svartáarkot.

#### Reiðleiðir

Helstu reiðleiðir eru merktar inn á meðfylgjandi ferðaþjónustukort og samgöngukort. Helstu reiðleiðir eru einnig merktar inn á Svæðisskipulagi Miðhálandisins. Hálandi Þingeyjarsveitar er víða grýtt og illa fallið til útreiða auk þess er langt á milli vatnsbóla og bithagar nánast engir svo flytja verður hey á flesta áningastaði.

1. Sprengisandur. Um Sprengisand liggur hefðbundin reiðleið milli Norðurlands og Suðurlands.
2. Leið úr Bárðardal um Sprengisand suður í Tómasarhaga og síðan austur um og niður með drögum Skjálfandaflljóts til byggða í Svartáarkoti í Bárðardal.
3. Úr Eyjafjarðardölum á Sprengisand og niður í Bárðardal annaðhvort austan eða vestan fljóts. Augljósir ferðamannakostir.

VIÐAUKI VI:

JARÐIR, LÓÐIR OG MANNVIRKI

JARÐIR, LÓÐIR OG MANNVIRKI (DRÖG ÚR FASTEIGNASKRÁ DES. 2007)							
landnr	heiti	skilgreining	rækt ha	lóðst ha	íbúð	fríst	athugasemdir
<b>HÁLSHREPPUR</b>							
153203	Belgsá	jörð	9,3				
153204	Belgsá land	sumarbústaðaland		1,00			
153205	Belgsá lóð	sumarbústaðaland		6,00		1	
153206	Birkihlíð	jörð	29,8		1		
153208	Birkihlíð lóð	sumarbústaðaland		0,40			
153209	Birningsstaðir	jörð	46,9		1		
177018	Brekktún	íbúðarhúsalóð		1,02	1		
153214	Brettingsstaðir 1	jörð	0		1		
153215	Brettingsstaðir 2	jörð	0		1		
153216	Brúnagerði	jörð	15,2		1		
153217	Brúnagerði land	íbúðarhúsalóð		5,00	1		
195625	Brúnagerði land	annað land		1,50			
153218	Böðvarsgarður	jörð	27,3				
153219	Böðvarsgarður land	íbúðarhúsalóð		1,00	1		
153220	Böðvarsgarður land	annað land		15,32			
153221	Böðvarsnes	jörð	24,0		1		
153222	Böðvarsnes lóð	sumarbústaðaland		0,20		1	"Flúðasel" veiðihús 51m2/1980
153223	Draflastaðir	jörð	15,0		1		
193537	Draflastaðir land	annað land		0,33			
153224	Draflastaðir lóð	íbúðarhúsalóð			1		Draflastaðakirkja
211551	Draflastaðir lóð	íbúðarhúsalóð		0,46	1		
153225	Dæli	jörð	15,5		1		
153228	Fjósatunga	jörð	36,0		1		
153229	Fjósatunga lóð	sumarbústaðaland		5,40		1	
153231	Fornastaðir	jörð	13,8				
153232	Fornhólar	jörð	47,3		1		
194462	Fornhólar lóð	íbúðarhúsalóð		0,35	1		
153234	Garður	jörð	23,1				
153235	Grímsgerði	jörð	28,3		1		
153241	Hallgilsstaðir	jörð	77,0		1		+ refahús
153244	Háls	jörð	41,4		2		
174870	Háls land	annað land		9,20			aðstöðuhús 84m2, umf. Bjarmi
153386	Háls lóð	viðsk / þjónustulóð		0,20			verslun og geymsla 74 m2 / r.sj. / Þingeyjarsveit
174589	Háls lóð	viðsk / þjónustulóð					magnarahús / míla
174869	Háls lóð	annað land		6,40			
153245	Hálskirkja	lóð					Hálskirkja
153246	Heiðarhús / sæluhús	jörð					sæluhús
172864	Hjaltadalur	eyðjörð, afrétt					hesthús
153248	Hjarðarholt	jörð	14,2		1		
211552	Hjarðarholt lóð	lóð		0,18			minkahús
153250	Hrísgerði	jörð	42,5		1		+ refahús
208293	Hrísgerði II	íbúðarhúsalóð		0,30	1		
153251	Hróarsstaðir	jörð	21,2		2		
153253	Hróarsstaðir land	sumarbústaðaland		10,9		3	
153252	Hróarsstaðir lóð	sumarbústaðaland				2	
202547	Hróarsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,13		1	
203068	Hróarsstaðir lóð nr.1	sumarbústaðaland		0,35			
203069	Hróarsstaðir lóð nr.2	sumarbústaðaland		0,38			
191448	Hróarsstaðir lóð nr.3	sumarbústaðaland		0,52		1	
194055	Hróarsstaðir lóð nr.4	sumarbústaðaland		0,75			
	Höfðabyggð A01	sumarbústaðaland		0,98			
	Höfðabyggð A02	sumarbústaðaland		0,60		1	

	Höfðabyggð A03	sumarbústaðaland	0,90		1	
	Höfðabyggð A04	sumarbústaðaland	0,48		1	"Lyngbrekka"
	Höfðabyggð A05	sumarbústaðaland	0,49			
	Höfðabyggð A06	sumarbústaðaland	0,55		1	
	Höfðabyggð A07	sumarbústaðaland	0,42		1	
	Höfðabyggð A08	sumarbústaðaland	0,81			
	Höfðabyggð A09	sumarbústaðaland	0,82		1	
	Höfðabyggð A10	sumarbústaðaland	0,35		1	
	Höfðabyggð A11	sumarbústaðaland	0,70			
	Höfðabyggð A12	sumarbústaðaland	0,65		1	
	Höfðabyggð B01	sumarbústaðaland	0,59		1	
	Höfðabyggð B02	sumarbústaðaland	0,53		1	
	Höfðabyggð B03	sumarbústaðaland	0,65		1	
	Höfðabyggð B04	sumarbústaðaland	0,40			
	Höfðabyggð B05	sumarbústaðaland	0,58		1	
	Höfðabyggð B06	sumarbústaðaland	0,50		1	
	Höfðabyggð B07	sumarbústaðaland	0,50		1	
	Höfðabyggð B08	sumarbústaðaland	0,49		1	
	Höfðabyggð B09	sumarbústaðaland	0,62			
	Höfðabyggð B10	sumarbústaðaland	0,55		1	
	Höfðabyggð B11	sumarbústaðaland	0,60		1	
	Höfðabyggð B12	sumarbústaðaland	0,50		1	
	Höfðabyggð B13	sumarbústaðaland	0,50			
	Höfðabyggð B14	sumarbústaðaland	0,46			
	Höfðabyggð B15	sumarbústaðaland	0,59		1	
	Höfðabyggð B16	sumarbústaðaland	0,48		1	
	Höfðabyggð B17	sumarbústaðaland	0,63		1	
	Höfðabyggð B18	sumarbústaðaland	0,56		1	
	Höfðabyggð B19	sumarbústaðaland	0,50		1	
	Höfðabyggð B20	sumarbústaðaland	0,48		1	
	Höfðabyggð B21	sumarbústaðaland	0,56		1	
	Höfðabyggð C02	sumarbústaðaland	0,30		1	
	Höfðabyggð C04	sumarbústaðaland	0,62		1	
	Höfðabyggð C15	sumarbústaðaland	0,55		1	
	Höfðabyggð E01	sumarbústaðaland	1,17		1	
	Höfðabyggð E02	sumarbústaðaland	1,18			
	Höfðabyggð E03	sumarbústaðaland	1,12		1	
	Höfðabyggð E04	sumarbústaðaland	1,10			
	Höfðabyggð E07	sumarbústaðaland	1,00		1	
	Höfðabyggð E08	sumarbústaðaland	1,00			
	Höfðabyggð E09	sumarbústaðaland	1,13			
	Höfðabyggð E11	sumarbústaðaland	0,80		1	
	Höfðabyggð E12	sumarbústaðaland	0,80		1	
	Höfðabyggð E13	sumarbústaðaland	0,79		1	
	Höfðabyggð E14	sumarbústaðaland	0,63			
	Höfðabyggð E15	sumarbústaðaland	0,93			
	Höfðabyggð E16	sumarbústaðaland	1,09			
	Höfðabyggð E17	sumarbústaðaland	0,95		1	
	Höfðabyggð E18	sumarbústaðaland	0,92		1	
	Höfðabyggð E19	sumarbústaðaland	1,08			
	Höfðabyggð E20	sumarbústaðaland	1,16			
	Höfðabyggð E22	sumarbústaðaland	1,07			
	Höfðabyggð E23	sumarbústaðaland	1,15			
	Höfðabyggð E24	sumarbústaðaland	1,15			
	Höfðabyggð E25	sumarbústaðaland	1,24			
153254	Illugastaðir	jörð	10,3	1	31	31 orlofshús 45-50m2 / íbúð 117m2/1974 o.fl.
190230	Illugastaðir land	annað land	2,20			eig: Þingeyjarsveit
153290	Jökulsá	jörð	0	1		
153291	Kambsstaðir	jörð	41,7	1		+ rafstöð
153292	Kambsstaðir 1 land	íbúðarhúsalóð	0,12	1		
153296	Kotungsstaðir	jörð	0		4	4 x sumarbústaður
153298	Lerkihlíð	jörð	0 0,20	1		Ríkissj. Íslands / Skógrækt ríkisins Vöglum
153300	Lundur	jörð	36,3	1		
153301	Lundur 2	íbúðarhúsalóð	2,73	1		
200581	Lundur III	íbúðarhúsalóð	0,89	1		
153302	Lundur lóð	sumarbústaðaland	0,47		1	
177019	Lundur lóð	sumarbústaðaland	0,98		1	
153308	Melar	jörð	16,5			
153309	Melar lóð	sumarbústaðaland	0,50		1	
153243	Merki	íbúðarhúsalóð	1,40	1		"Merki"
153311	Mörk	jörð	21,6	1		
153313	Nes	jörð	16,2	1		
153316	Reykir	jörð	10,0	1	1	+ sumarbústaður 59m2/1995
153321	Reykir 2	jörð	32,0	1		

153323	Reykir 2 lóð	sumarbústaðaland	1,50		1	
153324	Reykir 2 lóð	sumarbústaðaland	1,50		1	
153317	Reykir land	sumarbústaðaland	2,70		1	
153318	Reykir land	sumarbústaðaland	0,50			
153319	Reykir land	sumarbústaðaland	0,50		1	
153320	Reykir land	sumarbústaðaland	1,00		1	
201239	Reykir lóð	sumarbústaðaland	1,21		1	
153325	Selland	jörð	3,6	1	2	+ 2 sumarbústaðir 46m2/1989 88m2/1990
153327	Sigríðarstaðir	jörð	33,0	1		
153328	Sigríðarstaðir lóð	sumarbústaðaland	1,15		1	
176152	Sigríðarstaðir lóð	sumarbústaðaland	0,52		1	
153331	Skógar	jörð	12,2	1		+ samkomustaður 98m2/1908 í eigu Þingeyjarsv.
153227	Skógar lóð	sumarbústaðaland	0,01		1	
153240	Skógar lóð	sumarbústaðaland	0,02		1	
153332	Skógar lóð	sumarbústaðaland			1	
153333	Skógar lóð	sumarbústaðaland			1	
153335	Skógar lóð	sumarbústaðaland	0,20		1	
153336	Skógar lóð	sumarbústaðaland	0,33		1	
153337	Skógar lóð	sumarbústaðaland	0,30		1	"Melstaður"
153338	Skógar lóð	sumarbústaðaland	0,90		1	
153339	Skógar lóð	sumarbústaðaland	0,42		1	
153340	Skógar lóð	sumarbústaðaland	0,10		1	
153341	Skógar lóð	sumarbústaðaland			1	
188686	Skógar lóð	sumarbústaðaland	0,47		1	
193550	Skógar lóð	viðsk / þjónustulóð	0,50			Míla
208238	Skógar lóð nr.1	sumarbústaðaland	0,35		1	
193083	Skógar lóð nr.2	sumarbústaðaland	0,42		1	
153322	Skógar lóð nr.20	sumarbústaðaland	0,73		1	
209143	Skógar lóð nr.3	sumarbústaðaland	0,465			
176145	Skógar lóð nr.4	sumarbústaðaland	0,40		1	
174588	Skógar lóð nr.5	sumarbústaðaland	0,33		1	
209038	Skógar lóð nr.6	sumarbústaðaland	0,52			
188687	Skógar lóð nr.7	sumarbústaðaland	0,42		1	
212141	Skógar lóð nr.8	sumarbústaðaland	0,43			
178437	Skógar lóð nr.13	sumarbústaðaland	0,43		1	
177034	Skógar lóð nr.14	sumarbústaðaland	0,42		1	
178269	Skógar lóð nr.15	sumarbústaðaland	0,39			
153342	Snæbjarnarstaðir	jörð	0,9			
153343	Snæbjarnarstaðir lóð	sumarbústaðaland	0,92		1	
202089	Snæbjarnarstaðir lóð	sumarbústaðaland	0,08		1	
205163	Sólgarður	íbúðarhúsalóð	0,70	1		
153346	Sólvangur	jörð	58,7	1	1	+ sumarbústaður 28m2/1987
153347	Sólvangur lóð	íbúðarhúsalóð	0,70	1		
153350	Steinkirkja	jörð	29,0	1		
206930	Steinkirkja lóð	íbúðarhúsalóð	0,22	1		
153326	Syðri-Hóll	jörð	17,9			
153352	Sörlastaðir	jörð	0	1		
153354	Tungunes	jörð	26,0	1		+ vélaverkstæði
174665	Urðarkot	afréttaland			1	gangnamannahús
153358	Vaglaskógur	jörð		1		+ gróðurhús, eig: R.sj. / Skógrækt ríkisins Vöglum
153348	Vaglaskógur lóð	sumarbústaðaland	0,01		1	"Skógarsel"
153359	Vaglaskógur lóð	sumarbústaðaland	0,25		1	
153363	Vaglaskógur lóð	sumarbústaðaland	0,34		1	
153365	Vaglaskógur lóð	sumarbústaðaland	1,66		1	
176147	Vaglaskógur lóð	viðsk / þjónustulóð				þjónustumiðstöð
153357	Vaglir	jörð	6,9	1		
153366	Vatnsleysa	jörð	52,5	1		
212294	Vatnsleysa lóð	íbúðarhúsalóð	2,44			
174656	Végersstaðir land	sumarbústaðaland			4	
153368	Veisa	jörð	28,5	1		
153369	Veisusel	jörð	7,2	1		
153371	Veturliðastaðir	jörð	34,8	1		
153239	Veturliðastaðir lóð	sumarbústaðaland	0,92		1	
201661	Veturliðastaðir lóð	sumarbústaðaland	0,46		1	
153372	Víðifell	jörð	11,1	1		
153373	Víðifell lóð	sumarbústaðaland	1,80		1	"Hamragill"
153374	Víðifell lóð	sumarbústaðaland	0,91		1	
153375	Víðifell lóð	sumarbústaðaland	2,00		1	
179656	Víðifell lóð	sumarbústaðaland	0,45		1	
153376	Víðivellir	jörð	37,2	1		
153289	Ytri-Hóll	jörð	27,2	1		
153378	Þórðarstaðir	jörð	11,6	1		
153380	Þórðarstaðir lóð	sumarbústaðaland	6,00		5	5 sumarhús
153381	Þórðarstaðir lóð	sumarbústaðaland	2,20		1	

153382	Þórðarstaðir lóð	sumarbústaðaland	9,20		2	"Viðigrund" og "Garðshorn"
193554	Þórðarstaðir lóð	sumarbústaðaland	1,40		1	
153384	Þverá	jörð	49,8	1		
174642	Þverá land	íbúðarhúsalóð	0,13	1		
			1161		60	142

#### L J Ó S A V A T N S H R E P P U R

153393	Árland	jörð	17,5	1		
153394	Arnstapi	jörð	16,3	2		
	Arnstapi lóð 1	sumarbústaðaland	0,56		1	
	Arnstapi lóð 2	sumarbústaðaland	0,81		1	
	Arnstapi lóð 3	sumarbústaðaland	0,62			
	Arnstapi lóð 4	sumarbústaðaland	1,02		1	
	Arnstapi lóð 5	sumarbústaðaland	0,53			
	Arnstapi lóð 6	sumarbústaðaland	1,35			
	Arnstapi lóð 7	sumarbústaðaland	0,61			
	Arnstapi lóð 8	sumarbústaðaland	0,75		1	
	Arnstapi lóð 10	sumarbústaðaland	0,98			
	Arnstapi lóð 12	sumarbústaðaland	0,98			
153396	Árteigur	jörð	10,6	1		
176210	Árteigur land	iðnaðar- og ath.lóð	0,50			bifreiðaverkstæði o.fl.
176211	Árteigur land	íbúðarhúsalóð	2,11	1		
206840	Árteigur Árteigsvirk	iðnaðar- og ath.lóð	12,13			
200622	Árteigur/stöðvarh.lóð	iðnaðar- og ath.lóð	0,14			stöðvarhús
153397	Ártún	jörð	17,7	1		
153398	Barnafell	jörð	0		1	"Grund" sumarbúst.
208939	Barnafell lóð	sumarbústaðaland	0,46		1	
153399	Björg	jörð	37,5	2		
153400	Björg II	íbúðarhúsalóð	0,20	1		+ vélageymsla
180335	Björg land	íbúðarhúsalóð	0,20	1		
153401	Borgartún	jörð	16,1	1		
212504	Brekka	sumarbústaðaland	0,44			
153402	Engihlíð	jörð	14,0	1		
153408	Fellsendi	jörð	12,2	1		
211566	Fellsendi land	ræktunarland	11,12			
211567	Fellsendi skurðstykki	ræktunarland	20,4			
153404	Fellssel	jörð	18,4	1		
153405	Finnsstaðir	jörð	11,5			
211562	Finnsstaðir lóð	sumarbústaðaland	1,10		1	
176207	Fitjar	íbúðarhúsalóð	2,00	1		
153406	Fosshóll	jörð	17,2	1		gistiheimili og sumarbústaður
153407	Fosshóll lóð	lóð	1,00			
153408	Fremstafell 1	jörð	47,4			
153409	Fremstafell 1 lóð	sumarbústaðaland	0,62		1	
153410	Fremstafell 2	jörð	36,6			
180090	Fremstafell 2 land	íbúðarhúsalóð	1,00	1		
180091	Fremstafell 2 land	íbúðarhúsalóð	0,50	1		
194072	Fremstafell 2 land	annað land	3,20			
205493	Fremstafell 1 lóð	íbúðarhúsalóð	0,26	1		
153411	Geirbjarnarstaðir	jörð	21,8	1		
153412	Granastaðir 1	jörð	13,2			
153413	Granastaðir 2	jörð	15,0			
176209	Granastaðir 2 land	íbúðarhúsalóð	0,65	1		
153414	Gvendarstaðir	jörð	25,3	1		
153415	Halldórsstaðir	jörð	22,3			
205330	Halldórsstaðir lóð	íbúðarhúsalóð	0,25	1		
153416	Háls	jörð	35,4			
205346	Háls lóð	íbúðarhúsalóð	0,12	1		
205432	Háls lóð	íbúðarhúsalóð	0,20	1		
211550	Háls lóð	viðsk / þjónustulóð	0,02			
153417	Hjaltastaðir	jörð	38,2			
180092	Hjaltastaðir land	íbúðarhúsalóð	0,09	1		
153418	Hlíð	jörð	24,0	1		
153419	Hnjúkur	jörð	15,8	1	1	+ sumarbústaður 77m2/1941
153421	Hólsgærði	jörð	17,2	1		
153422	Holtakot	jörð	20,2	1		
153423	Hrafnstaðir	jörð	39,7	1		
153425	Hrafnstaðir lóð	sumarbústaðaland	0,29		1	
153426	Hrífla	jörð	64,3			
205331	Hrífla I	íbúðarhúsalóð	0,22	1		
205334	Hrífla II	íbúðarhúsalóð	2,12	1		

205337	Hrifla III	íbúðarhúsalóð		1,12	1		
175429	Hrifla/Ljósavatn lóð	viðsk / þjónustulóð		0,50			endurvarpsstöð, Síminn/míla
153434	Kross	jörð	18,8		1		
201748	Kross lóð	íbúðarhúsalóð		0,16	1		
153435	Kviaból	jörð	89,2		2		
153436	Kviaból land	íbúðarhúsalóð		0,42	1		
153437	Kviaból land	sumarbústaðaland				1	"Garðshorn"
153438	Landamót	jörð	13,2		1		
153439	Landamótssel	jörð	15,1		1		
153400	Litlu-Tjarnir	jörð	1,6				
153441	Litlu-Tjarnir land	annað land					
153442	Ljósavatn	jörð	36,6		2		
179635	Ljósavatn lóð	annað land		5,0	1		Þorgeirskirkja
153443	Ljósavatnskirkja	viðsk / þjónustulóð					Ljósavatnskirkja
153424	Ljósveitningabúð	lóð		21,0	1		félagsheimili (eig: Umf. Gaman og alvara)
153444	Lækjamót	jörð	29,8		1		
188270	Lækjarfell	íbúðarhúsalóð		0,10	1		
	Melgata 2	íbúðarhúsalóð		0,11			
	Melgata 4	íbúðarhúsalóð		0,11			
	Melgata 6	íbúðarhúsalóð		0,11			
	Melgata 11	iðnaðar- og ath.lóð		0,17			slökkvistöð
	Melgata 8 a-b	íbúðarhúsalóð		0,11	2		parhús
153446	Nípa	jörð	32,1		2		2 íbúðir
153448	Ófeigsstaðir	jörð	45,2		1		
153449	Rangá	jörð	29,6		1		
153450	Rauðá	jörð	49,8		3		3 íbúðir
153451	Rauðá lóð	sumarbústaðaland		0,56		1	
153452	Rauðá lóð	viðsk / þjónustulóð		0,40			verslun, Fosshóll
153453	Rauðá lóð	viðsk / þjónustulóð		0,03			
153454	Selfell	jörð	14,4				
153457	Staðarfell	jörð	3,0		1		
198412	Staðarfell land	annað land	7,5	85,0			
153459	Stóru-Tjarnir	jörð	24,4		2		
212573	Stóru-Tjarnir lóð	iðnaðar- og ath.lóð		0,74			vélaverkstæði / Jarðverk ehf.
153462	Stórutjarnarsk. Hús1	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
153463	Stórutjarnarsk. Hús2	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
153464	Stórutjarnarsk. Hús3	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
153465	Stórutjarnarsk. Hús4	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
153467	Stórutjarnarsk. Gistih	viðsk / þjónustulóð		0,18			gistihús 453m2/1992
153460	Stórutjarnaskóli	viðsk / þjónustulóð		2,79	3		skóli o.fl. + 3 íbúðir 132+113+114 m2/1969
153466	Stórutjarnir land	viðsk / þjónustulóð		2,13			slökkvistöð 321m2/1989
203079	Stórutjarnir lóð	íbúðarhúsalóð		0,46	1		"Melhús"
153455	Syðri-Leikskálaá	jörð	17,4		1		
153456	Syðri-Leikskálaá 2	íbúðarhúsalóð		0,13	1		
175430	Tjarnarland	jörð	0	0,30	1		þjónustubýli
153468	Torfunes	jörð	18,0		1		
195549	Torfunes lóð	annað land					ræktunarbúið Torfunes
153469	Vatnsendi	jörð	27,6				
173470	Vatnsendi lóð	sumarbústaðaland		1,00		1	
201356	Vatnsendi lóð	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
153427	Ytri-Leikskálaá	jörð	4,0				
153428	Yztafell 1	jörð	16,0		1		
153429	Yztafell 1 lóð	sumarbústaðaland		3,12		1	"Strympa"
201588	Yztafell 1 fjarhúsal	annað land		1,00			
153430	Yztafell 2	jörð	27,9		1		
196090	Yztafell 2 lóð	skógræktarland		2,50			
198022	Yztafell 2 lóð	sumarbústaðaland		1,00		1	"Skógarfell"
153432	Yztafell 3	jörð	11,5		1		
186103	Yztafell 3 land	viðsk / þjónustulóð		0,46			Samgönguminjasafnið Yztafelli
153471	Þóroddsstaðakirkja	viðsk / þjónustulóð					kirkja
153470	Þóroddsstaður	jörð	15,9		1		
	Þóroddsstaður land	sumarbústaðaland		6,40		1	
153473	Öxará	jörð	33,8		1		
153474	Öxará land	sumarbústaðaland		0,42		1	
201832	Öxará lóð	sumarbústaðaland		0,25		1	
			1208		77	18	
<b>B Á R Þ Ð Æ L A H R E P P U R</b>							
153475	Arnarstaðir	jörð	14,5				
194056	Arnarstaðir lóð	íbúðarhúsalóð		1,00	1		
153476	Arndísarstaðir	jörð	33,0		1		

153477	Bjarnastaðir	jörð	23,6	2		2 íbúðir
153478	Bólstaður	jörð	39,4	1		
205669	Bæli	sumarbústaðaland		20,07		
153481	Einbúi	jörð	11,2	1		
153482	Einbúi lóð	sumarbústaðaland		0,30	1	sumarhús nr. 6
153483	Einbúi lóð	sumarbústaðaland		0,47	1	sumarhús nr. 7
172658	Einbúi lóð	sumarbústaðaland		0,30	1	
153485	Engi	jörð	12,0	1		
153484	Engidalur	jörð		1	1	+ frístundahús
153480	Eyjadalsá	jörð	20,9	1		
176474	Gæsavötn lóð	óútvísað land			1	sæluhús 60m2/1996
195959	Halldórsst. I & II	viðsk / þjónustulóð	0,50			Míla
153486	Halldórsstaðir 1	jörð	5,1	1		
153487	Halldórsstaðir 2	jörð	17,6	2		
153489	Hlíðarendi	jörð	10,8	1		
153491	Hlíðarenda land	sumarbústaðaland		2,00		
153490	Hlíðarenda lóð	sumarbústaðaland			1	
153492	Hlíðarenda lóð	sumarbústaðaland		0,25		
153493	Hlíðarenda lóð	sumarbústaðaland		37,10	1	
153494	Hlíðskógar	jörð	31,2	2		
153496	Hrappsstaðir	jörð	14,5			
153497	Hrappsstaðir lóð	íbúðarhúsalóð		0,28	1	
153498	Hvarf	jörð	28,9	1		
153499	Jarlsstaðir	jörð	21,9	1		
172659	Jarlsstaðir lóð	sumarbústaðaland		1,00	1	
153500	Kálfborgará	jörð	23,7	1		
153501	Kálfborgará lóð	sumarbústaðaland		0,25	1	
153502	Kálfborgará lóð	sumarbústaðaland		0,25	1	
153503	Kálfborgará lóð	sumarbústaðaland		0,25	1	
153505	Litluvellir	jörð	18,9	1		
153506	Lundarbrekka 1	jörð	19,2			
209747	Lundarbrekka 1 lóð	íbúðarhúsalóð		0,51	1	
153508	Lundarbrekka 2	jörð	15,0	1		
153509	Lundarbrekka 3	jörð			1	sumarbústaður
153510	Lundarbrekka 4	jörð	20,0		1	sumarbústaður
153507	Lundarbrekkukirkja	lóð				Lundarbrekkukirkja
153504	Lyngholt	jörð	30,3	1		
153511	Lækjarvellir	jörð	27,0	3		3 íbúðir
153512	Mýri	jörð	36,1	2		
153513	Rauðafell	jörð	37,5	1		
176478	Réttartorfa lóð	óútvísað land			1	gangnamannaskáli
153514	Sandhaugar	jörð	43,7	2		
153516	Sandhaugar lóð	sumarbústaðaland		0,25	1	
153517	Sandvík	jörð	15,8	1		
153518	Sigurðarstaðir	jörð	9,6	1		
153519	Stóra-Tunga	jörð	39,1	2		
186801	Stóra-Tunga lóð	sumarbústaðaland		0,21	1	
186802	Stóra-Tunga lóð 3	sumarbústaðaland		0,17	1	
153521	Stóruvellir	jörð	12,8	1		
153522	Stóruvellir / barnask	lóð		10,00	1	= Kiðagil
153523	Sunnuhvoll	jörð	18,7	1		
153524	Sunnuhvoll land	sumarbústaðaland		0,70	1	
153525	Sunnuhvoll lóð	sumarbústaðaland		1,20	1	
198552	Sunnuhvoll lóð	sumarbústaðaland		3,14		
153526	Svartárkot	jörð	38,8			
196080	Svartárkot lóð	sumarbústaðaland		0,04	1	
196083	Svartárkot lóð	íbúðarhúsalóð		0,09	1	
211887	Svartárkot lóð	íbúðarhúsalóð		0,27	2	
153527	Úlfsbær	jörð	33,1	1		
188310	Úlfsbær lóð	lóð		1,00	1	einbýli
153528	Víðiker	jörð	57,6	2		
			781,5	45	20	
<b>REYKDALAHREPPUR</b>						
153707	Akrar	jörð	23,2	2		
153708	Árhólar	jörð	4,8	1		
153709	Árhvammur	jörð	10,5	2		
153787	Asparfell	íbúðarhúsalóð		0,10	1	
153711	Auðnir	jörð	19,5	1		
153712	Auðnir lóð	viðsk / þjónustulóð		0,25		frístundahús (áður samkomuhús)
176215	Auðnir lóð	viðsk / þjónustulóð		0,50		magnarahús, síminn

192470	Birkifell	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
153713	Birningsstaðir	jörð	8,0				
153714	Birningsstaðir lóð	sumarbústaðaland				1	
153715	Breiðamýri 1	jörð	39,0				
210668	Breiðamýri 1 land	sumarbústaðaland		8,17			
210663	Breiðamýri 1 lóð	íbúðarhúsalóð		0,11	2		2 íbúðir ???
153716	Breiðamýri 2	jörð	16,2				
206934	Breiðamýri 2 lóð	viðsk / þjónustulóð		0,04			símstöð
210662	Breiðamýri 2 lóð	íbúðarhúsalóð		0,66	1		
153719	Breiðamýri lóð	lóð					samkomustaður
153717	Breiðamýri læknishús	íbúðarhúsalóð		0,04	1		
153720	Breiðanes	jörð	14,0		2		
153721	Brettingsstaðir	jörð	0				
193943	Brettingsstaðir land	ræktunarlund	5,0				
193944	Brettingsstaðir land	ræktunarlund	10,0				
188283	Brettingsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,50		1	
197109	Brettingsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,50		1	
153722	Brún	jörð	54,5		2		
153724	Daðastaðir	jörð	7,0		1		
153727	Einarsstaðakirkja	viðsk / þjónustulóð					kirkja
153725	Einarsstaðir 1	jörð	33,7				
176260	Einarsstaðir 1 og 3	íbúðarhúsalóð		0,02	2		
176259	Einarsstaðir 2	jörð	33,6				
153726	Einarsstaðir 2 lóð	sumarbústaðaland		0,06	?		Einarsstaðir 3
210722	Einarsstaðir 3	íbúðarhúsalóð		0,46			
153728	Einarsstaðir lóð	sumarbústaðaland		10,00		1	Einarsstaðaskáli
153730	Einarsstaðir lóð	annað land					snyrtingar / Hestamannafélagið Þjálfí
187442	Einarsstaðir lóð	sumarbústaðaland		4,00			
187444	Einarsstaðir lóð	sumarbústaðaland		1,00			
153731	Fellshlíð	jörð	43,1		1	1	+ sumarbústaður 31m2/1987
193683	Fellshlíð lóð	íbúðarhúsalóð		0,13	1		
153732	Fljótsbakki	jörð	43,5		1		
153732	Fljótsbakki lóð	sumarbústaðaland		0,11		1	
153800	Gerði	íbúðarhúsalóð		0,08	1		
153734	Glaumbær	jörð	25,3		1		
153735	Grundargil	jörð	27,7		2		
200493	Hallbjarnarst. 1 lóð	íbúðarhúsalóð		0,85	1		
153736	Hallbjarnarstaðir 1	jörð	10,8				
153737	Hallbjarnarstaðir 2	jörð	6,9		1		
153739	Halldórsst. 2 Laxárd.	jörð	0		1		
153740	Halldórsst. 3 Laxárd.	jörð	0			1	sumarbústaður 83m2/1988
209689	Halldórsst. 3 Laxárd.	íbúðarhúsalóð		0,07	1		
153741	Halldórsst. 4 Laxárd.	jörð	0		1		íbúð, Landsvirkjun
153742	Halldórsst. Reykjadal	jörð	16,1		1		
153743	Hamraborg	íbúðarhúsalóð		0,24	1		
153745	Hamrar	jörð	34,1		1		
153746	Hamrar lóð	íbúðarhúsalóð		0,20	1		
153747	Heiðarbraut	jörð	25,8		1		
153748	Helgastaðir	jörð	27,8		1		
153749	Helgastaðir land	sumarbústaðaland		2,00		1	
153759	Hella	íbúðarhúsalóð		0,16	1		
210771	Hjalli jörð	jörð	9,0		1		
153729	Hlíðarholt	jörð	0		1		
153751	Hólabraut	íbúðarhúsalóð		0,16	1		
153752	Hólabrekka	íbúðarhúsalóð		0,16	1		
153756	Hólar II	íbúðarhúsalóð		0,04	1		
153753	Hólar Laxárdal	jörð	7,3		1		
153766	Hólar lóð / Kjarni	viðsk / þjónustulóð		0,29			sparisjóður, bæjarskrifstofa og símstöð
153754	Hólar Reykjadal	jörð	19,4		1		
153758	Hólar verslunarlóð	viðsk / þjónustulóð		0,50			veitingahús, verslun, bensinstöð
153764	Hólar / Laugafiskur	iðnaðar- og ath.lóð		1,40			Laugafiskur 2780m2/1980
	Hólavegur 1	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
	Hólavegur 2	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
	Hólavegur 3	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
	Hólavegur 4	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
	Hólavegur 5	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
	Hólavegur 6	íbúðarhúsalóð		0,11	1		
	Hólavegur 7	íbúðarhúsalóð		0,07	1		
	Hólavegur 8	íbúðarhúsalóð		0,07	1		
	Hólavegur 9	íbúðarhúsalóð		0,07	1		
	Hólavegur 10	íbúðarhúsalóð		0,07	1		
153768	Hólkot	jörð	14,9		1		
153769	Hólkot lóð	sumarbústaðaland				1	
212204	Hólkot lóð	sumarbústaðaland		0,40			

153723	Hrísar	jörð	0	1		
153785	Hvítafell	íbúðarhúsalóð		0,21	1	
153770	Höskuldsstaðir	jörð	20,7	1		
153767	Iðnbær	iðnaðar- og ath.lóð		0,30	1	iðnaðarhús 333m2/1980
153771	Ingjaldsstaðir	jörð	26,8	1		
188668	Ingjaldsstaðir land	íbúðarhúsalóð		0,10	1	
153772	Jaðar	jörð	18,6	1		
153773	Jaðar lóð	sumarbústaðaland		0,25		1
194929	Jaðar lóð	sumarbústaðaland		0,42		1
153774	Kárhóll	jörð	7,9	1		
	Kárhóll land	sumarbústaðaland		4,00		
153775	Kasthvammur	jörð	11,6	1		
153776	Kasthvammur lóð	viðsk / þjónustulóð		0,56		Rauðhólar - Veiðihús o.fl. 420m2/1977
153777	Kvígingisdalur	jörð	23,3	1		
211948	Kvígingisdalur lóð	sumarbústaðaland		0,46		
	Kvíhólmýri 1a	iðnaðar- og ath.lóð		0,14		iðnbær ehf. 392m2/2007
	Kvíhólmýri 1b	iðnaðar- og ath.lóð		0,14		enginn mannvirki
153792	Langholt	íbúðarhúsalóð		0,16	1	
153814	Laugaberg	jörð / annað land ?		8,00		sumarbúst. eig: miðpunktur ehf ?
187977	Laugaberg land	íbúðarhúsalóð		0,50	1	"Laugaberg"
153778	Laugaból	jörð	19,6	1		
153779	Laugabrekka lóð I	iðnaðar- og ath.lóð		0,16	1	trésmíðaverkstæði Norðurpóll 247m2/1957
176664	Laugabrekka lóð II	íbúðarhúsalóð		0,20	2	??? 2 íbúðir ???
176665	Laugabrekka lóð III	annað land		0,19		
153780	Laugafell	jörð	18,8	1		
153786	Laugar / Holt	íbúðarhúsalóð			1	
153781	Laugaskóli	annað land		32,00		5951m2/1924 Álf+Hús+Gam+Fja.+Dve+iþr+Þró
187473	Laugaskóli lóð	viðsk / þjónustulóð		0,19		Tröllasteinn, heimavist 1267m2/1999
153789	Laugavellir	jörð	10,0	1		
	Lautavegur 1	íbúðarhúsalóð		0,10		
	Lautavegur 6	íbúðarhúsalóð		0,13	1	
	Lautavegur 8	íbúðarhúsalóð		0,12	3	
	Lautavegur 10	íbúðarhúsalóð		0,13		
	Lautavegur 12	íbúðarhúsalóð		0,13		
	Lautavegur 14	íbúðarhúsalóð		0,13		
	Lautavegur 3-5	íbúðarhúsalóð		0,12	2	parhús
	Lautavegur 7-9	íbúðarhúsalóð		0,13	2	parhús
	Lautavegur 11-13	íbúðarhúsalóð		0,14	2	parhús
153791	Lautir	jörð	19,9			
186735	Lautir land	íbúðarhúsalóð		0,50	1	
207928	Lautir land	annað land		9,93		Laugafiskur hf
203108	Lautir veiðihúslóð	viðsk / þjónustulóð		1,00	1	veiðihús 126m2/2005
153799	Litlu-Laugar land	sumarbústaðaland		0,45		1
176263	Litlu-Laugar land	íbúðarhúsalóð		1,41	1	
153796	Litlu-Laugar skóli	viðsk / þjónustulóð		1,40	1	tón / leikskóli 257m2/1962
153798	LitluLaugarskóli lóð	lóð			1	skóli 764m2/1969
153793	Lyngbrekka	jörð	21,7	1		
153794	Lyngbrekka land	sumarbústaðaland		5,00		1
188667	Lækjarás	íbúðarhúsalóð		0,09	1	
153802	Máskot	jörð	12,5	1		
193550	Mörk	íbúðarhúsalóð		0,11	1	
153803	Narfastaðir	jörð	34,8			
153804	Narfastaðir land	sumarbústaðaland		3,00		1
188665	Narfastaðir land	annað land		10,30	xxx	Ferðaþjónustan Narfastöðum ehf. 2196m2/1907
194065	Narfastaðir land	íbúðarhúsalóð		0,40	1	
196086	Narfastaðir lóð 1	skógræktarland		0,15		
196088	Narfastaðir lóð 2	skógræktarland		0,15		
153805	Pálmholt	jörð	21,5	1		
153797	Selás	íbúðarhúsalóð		5,00	1	
208286	Selás lóð	sumarbústaðaland		1,71		
153757	Smáragrund	iðnaðar- og ath.lóð		0,50		vélaverkstæði o.fl. Norðurpóll ehf 326m2/1957
203564	Sólbakki	íbúðarhúsalóð		1,96	1	
153807	Stafn 1	jörð	28,6	1		
153808	Stafn 2	jörð	7,1			
153809	Stafn 3	jörð	8,1			
153811	Stóru-Laugar 1	jörð	29,0	1		gamla íbúðarhúsið
206836	Stóru-Laugar gistihei	viðsk / þjónustulóð		0,10		1 gistihús 311m2/1949
153812	Stóru-Laugar land	íbúðarhúsalóð		0,06	1	"Laugagerði"
199235	Stóru-Laugar lóð	sumarbústaðaland		0,26		
153813	Tröð	íbúðarhúsalóð		0,74	1	
153815	Vað 1	jörð	10,9	1		
153816	Vað 2	jörð	10,5	1		
153817	Valagil	jörð	9,9			
204603	Valagil fristh.lóð	sumarbústaðaland		0,81		1



153844	Brúnahlíð	jörð	40,0		1		
153844	Brúnahlíð lóð	lóð		0,30		1	frístundahús
153845	Búvellir	jörð	39,8		1		
153861	Byrgisholt	jörð	0	2,90	1		
153846	Fagranes	jörð	46,8		2		
153847	Fagraneskot	jörð	31,0		1		
206194	Fjallsgerði	íbúðarhúsalóð			1		
153848	Fornhagi	jörð	31,8		1		
210152	Fótaskinn	íbúðarhúsalóð		5,00			
153849	Garður	jörð	38,4		1		
175730	Garður lóð	sumarbústaðaland		1,50		1	
153850	Geitafell	jörð	27,6				
175763	Geitafell land	sumarbústaðaland		2,00		1	
175764	Geitafell land	sumarbústaðaland		1,00			
153854	Grenjaðarstaðarkirkja	viðsk / þjónustulóð					kirkja
153851	Grenjaðarstaður	jörð	11,5		1		+ safnahús 203m2/1978
153852	Grenjaðarstaður lóð	lóð					Safnhús
153853	Grenjaðarstaður lóð	íbúðarhúsalóð		0,30	1		Staðarhraun
153855	Grimshús	jörð	32,4		1		
153857	Hafralækjarskóli	lóð					skóli + parhús 94+94m2 / 1982
153859	Hafralækjarskóli lóð	íbúðarhúsalóð		0,12	1		
153856	Hafralækur	jörð	33,8		1		
175755	Hafralækur 1 land	annað land		1,00			refahús 621m2
175754	Hafralækur 1 lóð	sumarbústaðaland		0,50		1	
153860	Hafralækur II	jörð	0	0,55	1		íbúð
207347	Hafralækur lóð	íbúðarhúsalóð		0,27	1		
208162	Hafralækur lóð	sumarbústaðaland		5,81			
153863	Hagi 1	jörð	13,6		1		
153864	Hagi 1 lóð	sumarbústaðaland		0,01		1	
153865	Hagi 2	jörð	18,2		1		
174766	Hagi 2 lóð	íbúðarhúsalóð		0,03	1		vinnustofa
153964	Heiðargarður	jörð	7,4		1		
153867	Helluland	jörð	22,3		1		
153972	Hellur	jörð	0	2,00	1		íbúðarhús ???
153868	Hjarðarból	jörð	16,6		1		
153869	Hjarðarhagi	jörð	22,3		1		
153870	Hlégarður	jörð	14,4				
153871	Hlégarður land	annað land		7,23			Aðalælahreppur ?
153872	Hlégarður land	annað land		2,00			Hafralækjarskóli ?
210163	Hlégarður lóð	íbúðarhúsalóð		1,24	1		
153873	Hólmavað	jörð	22,4				
197148	Hólmavað lóð	íbúðarhúsalóð		0,07	1		
197151	Hólmavað lóð	íbúðarhúsalóð		0,20	1		
192020	Hólmavað Þinghús	viðsk / þjónustulóð		0,37			gistihús 188m2/1927
153875	Hraun	jörð	43,4		2		
153874	Hraunbær	jörð	0	0,33	1		einbýli + trésmíðaverkstæði 41m2 / 1992
153862	Hraungerði	jörð	0	1,00	1		einbýli
15377	Hraunkot 1	jörð	15,5		1		
175753	Hraunkot 1 land	íbúðarhúsalóð		0,20	1		
153878	Hraunkot 2	jörð	17,5		2		
153879	Húsabakki	jörð	20,3		1		
172728	Húsabakki lóð	íbúðarhúsalóð		0,20	1		
153880	Hvoll	jörð	25,8		1		
206595	Hvoll lóð	íbúðarhúsalóð		0,09	1		
	Iðjugerði 1	viðsk / þjónustulóð		0,30			slökkvi / björgunarstöð + skrifstofa
	Iðjugerði 2	viðsk / þjónustulóð		0,28			leikskóli
153883	Jarlsstaðir	jörð	18,9		1		
153884	Jódisarstaðir	jörð	23,0		1		
153885	Jódisarstaðir lóð 1	sumarbústaðaland		0,95		1	
153887	Jódisarstaðir lóð 2	sumarbústaðaland		1,00		1	
153886	Jódisarstaðir lóð 3	sumarbústaðaland		1,00		1	
180553	Jódisarstaðir lóð 4	sumarbústaðaland					
153888	Jódisarstaðir lóð 5	sumarbústaðaland		1,00		1	
175808	Jódisarstaðir lóð 6	sumarbústaðaland		1,00			
175809	Jódisarstaðir lóð 7	sumarbústaðaland		1,00		1	
153889	Jónasarvöllur	jörð	5,0		1		snyrtingar, tjaldstæði
153890	Kambur	sumarbústaðaland				1	
153891	Kjölur	jörð	25,6		1		
153892	Klambrasel	jörð	31,1		2		
153893	Klömbur	jörð	33,0		1		
153894	Knútsstaðir	jörð	30,7		1		
176139	Knútsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,25		1	
153895	Knútsstaðir land	sumarbústaðaland		2,00			Hraunholt, skátaskáti
153896	Knútsstaðir lóð	lóð				1	veiðihús 71m2/1956

153897	Knútsstaðir lóð	sumarbústaðaland				1	
153898	Knútsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,35		1	
176140	Knútsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,25		1	
178218	Knútsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,25		1	
196071	Knútsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,25			
153899	Kraunastaðir	jörð	29,0		1		
153900	Langavatn	jörð	13,7		1		veiðihús
153981	Laxárnes	jörð	8,3		1		
153902	Laxárvirkjun	íðnaðar- og ath.lóð				xxx	íbúðir innifalinn
153907	Laxárvirkjun	sumarbústaðaland		0,01		1	
153919	Laxárvirkjun hús 7	íbúðarhúsalóð				1	
153921	Lindahlið	jörð	22,1		1		
153922	Læhjarhvammur	jörð	13,8		1		
175941	Læhjarhvammur lóð	sumarbústaðaland		1,00		1	
153923	Miðhvammur	jörð	44,5		1		
153926	Múli 1	jörð	34,3		1		
153927	Múli 2	jörð	35,3		1		
153924	Mýlaugsstaðir	jörð	20,0				
153925	Mýlaugsstaðir land	sumarbústaðaland		4,00		1	
175825	Mýlaugsstaðir land	annað land		9,51			
186507	Mýlaugsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,25		1	
192722	Mýlaugsstaðir lóð	sumarbústaðaland		0,24			
153929	Nes	jörð	28,5		1		
202046	Nes land	annað land		3,16			
153931	Neskirkja	viðsk / þjónustulóð					kirkja
153932	Norðurhlið	jörð	20,5		1		
153933	Núpar	jörð	14,9				
153934	Núpar land	sumarbústaðaland		1,22		1	
175746	Núpar land	sumarbústaðaland		4,00		1	
153935	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,05		1	"Litli Hvammur"
153936	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	"Sælulundur"
153938	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	
153939	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	
153941	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	"Hraunborgir"
153942	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	"Múli"
153943	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	"Glaðheimar"
153946	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	
153948	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	
153950	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	
153951	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	
153952	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	"Hraunfell"
153954	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,20		1	"Sólheimar"
153955	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,10		1	nr 34
153957	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,20		1	
172660	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,20		1	
172849	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,20		1	
175962	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,25		1	
175963	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,25		1	
176751	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,20			
198191	Núpar lóð	íbúðarhúsalóð		0,09	1		
199579	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,25		1	
205317	Núpar lóð	sumarbústaðaland		0,26		1	
153949	Núpar lóð 14	sumarbústaðaland		0,19		1	
	Núpar lóð 17	sumarbústaðaland		0,21		1	
	Núpar lóð 20	sumarbústaðaland		0,26		1	
	Núpar lóð 26	sumarbústaðaland		0,25		1	
	Núpar lóð 3	sumarbústaðaland		0,23		1	
	Núpar lóð 31	sumarbústaðaland		0,24		1	
	Núpar lóð 33	sumarbústaðaland		0,22		1	
	Núpar lóð 5	sumarbústaðaland		0,22		1	
	Núpar lóð 7	sumarbústaðaland		0,26			
153958	Presthvammur	jörð	39,7		1		
193133	Presthvammur 2	íbúðarhúsalóð		0,06	1		
153959	Presthvammur lóð	sumarbústaðaland		0,15		1	
153960	Rauðaskriða 1	jörð	12,1				
197434	Rauðaskriða 1 land	íbúðarhúsalóð		0,07	1		
153961	Rauðaskriða 2	jörð	27,2		1		
153962	Rauðaskriða 3	jörð	15,1		1		+ gistihús o.fl. 401 m2/1971
153963	Reynisstaður	jörð	7,4		1		
153965	Reynisstaður land	sumarbústaðaland		0,11		1	"Fjarvera"
192665	Sandur	sumarbústaðaland		0,50		1	
153966	Sandur 1	jörð	6,0		1		
153967	Sandur 2	jörð	6,7				
153968	Sandur 3	jörð	9,1				

193642	Sandur 3 land	iðnaðar- og ath.lóð		0,23				
194074	Sandur 3 land	íbúðarhúsalóð		0,13	1			
193754	Sandur lóð	íbúðarhúsalóð		0,81	1			+ 497 m2 refahús / 1983
153971	Sílalækur	jörð	24,7					
178336	Sílalækur land	annað land		1,50				refahús o.fl
172846	Sílalækur lóð	sumarbústaðaland		1,00		1		
177152	Sílalækur lóð	íbúðarhúsalóð		1,09	1			
179592	Sílalækur lóð	sumarbústaðaland		1,00		1		
188677	Sílalækur lóð	sumarbústaðaland		0,03		1		
196219	Sílalækur lóð	sumarbústaðaland		1,00				
208269	Sílalækur lóð	íbúðarhúsalóð		1,09	1			
214627	Skriðuland	íbúðarhúsalóð		2,02	1			
153975	Staðarhóll	jörð	21,9		1	6		+ 6 gestahús o.fl. 171m2 / 1997
153976	Staðarhóll lóð	viðsk / þjónustulóð						símstöð
176722	Staðarhóll lóð	íbúðarhúsalóð		0,50	1			
153977	Straumnes	jörð	3,8	6,00	1			
153969	Syðra-Fjall 1	jörð	28,7		1			
196273	Syðra-Fjall 1og2 lóð	viðsk / þjónustulóð		0,50				síminn
153970	Syðra-Fjall 2	jörð	22,2		1			+ veiðihús 28m2 / 1983
153973	Sýrnes	jörð	32,2		2			
153978	Tjörn	jörð	15,5		1			
153980	Vestmannsvatn	annað land		4,50				Kirkjumiðstöðin
	Víðigerði 2	íbúðarhúsalóð		0,08	1			
153858	Ydalir	jörð	0					Félagsheimili
153881	Ytra-Fjall	jörð	22,5		1			
153882	Yzti-Hvammur	jörð	26,1					
193337	Yzti-Hvammur	íbúðarhúsalóð		0,02	1			
193338	Yzti-Hvammur	íbúðarhúsalóð		0,14	1			
153979	Þeistareykir	annað land				1		gangnamannaskáli
						93	73	
	<b>Þingeyjarsveit, samtals (u.þ.b):</b>			<b>íbúðir</b>	<b>401</b>	<b>271</b>		<b>frístundahús</b>

VIÐAUKI VI:  
SKÝRINGARUPPDRAETTIR

HÆÐARKORT	S-01
JARÐFRÆÐI	S-02
NÁTTÚRUVERND OG FRIDUN	S-03
VEGAKERFIÐ	S-04
HELSTU GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR	S-05(A&B)
ÞÉTTBÝLISKJARNAR, ÍBÚÐARBYGGÐ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	S-06
FRÍSTUNDAFYGGÐ OG OPIN SVÆÐI.	S-07
ÍDNADAR- OG ATHAFNASVÆÐI VATNSBÓL OG EFNISTÖKUSVÆÐI	S-08
VEITUR, STOFNKERFI	S-09
ÞJÓÐMINJEVERND OG FRIDUN	S-10